

SÓN

TÍMARIT UM ÓÐFRÆÐI

7. HEFTI

RITSTJÓRAR

KRISTJÁN EIRÍKSSON

RÓSA ÞORSTEINSDÓTTIR

ÞÓRÐUR HELGASON

REYKJAVÍK

2009

Són

er helguð óðfræði og ljóðlist

ÚTGEFENDUR OG RITSTJÓRAR

Kristján Eiríksson

Drafnarstíg 2 – 101 Reykjavík

Sími: 551 0545. Netfang: kriseir@hi.is

Rósa Þorsteinsdóttir

Bárugötu 37 – 101 Reykjavík

Sími: 562 7067. Netfang: rosat@hi.is

Þórður Helgason

Hamraborg 26 – 200 Kópavogi

Sími: 891 6133. Netfang: thhelga@hi.is

RITNEFND

Kristján Árnason og Ragnar Ingi Aðalsteinsson

YFIRLESTUR EINSTAKRA GREINA

*Kristján Árnason, Kristján Eiríksson,
Rósa Þorsteinsdóttir og Þórður Helgason*

PRENTLÖGN

Pétur Ýngvi Gunnlaugsson

PRENTUN OG BÓKBAND

Litlaprent

© *Höfundar*

MYND Á KÁPU

Harpa Björnsdóttir

ISSN 1670–3723

Efni

Sónarljóð	4
Til lesenda	5
Höfundar efnis	6
Ástráður Eysteinnsson og Eysteinn Þorvaldsson: <i>Á hnotskógi</i>	9
Hannes Pétursson: <i>Eftir hildarleikinn</i>	53
Ólafur Halldórsson: <i>Af Stefáni frá Hvítadal og kvæði hans, Erlu</i>	61
Ólafur Halldórsson: <i>Málfríður frá Munaðarnesi og Heine</i>	63
Bragi Halldórsson: <i>Ástir Hjálmars hugumstóra og Ingibjargar konungsdóttur í rínum síðari alda</i>	65
Guðrún Þórðardóttir: <i>Eftirmæli eftir Hjálmar hugumstóra</i> . . .	133
Njörður P. Njarðvík: <i>Úr hugarfari</i>	138
Helgi Skúli Kjartansson: <i>Að kenna kölska</i>	139
Njörður P. Njarðvík: <i>Staðir</i>	145
Kristján Árnason: <i>Samspil máls og brags í íslenskum kveðskap</i> . .	147
Hólmfríður Bjartmarsdóttir: <i>Fjögur ljóð</i>	161
Haukur Þorgeirsson: <i>Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages – ritdómur</i>	163
Leiðréttingar við 6. hefti Sónar	176

Sónarljóð

Skeggbolli

eftir Hjört Pálsson

Skeggbolli stendur í skáp og rykið hylur
rósaverkið
rennt er ei lengur í staup.

Hvað skaðar það fjallkóng þótt fenni og stormar næði
og fuglar hverfi á braut
úr bleiksmýrunum þar sem mosinn er mýkstur?
Hverju skiptir það fjallkóng sé fjársafnið komið til byggða
þótt sumarlækir syngi þar vetrarljóð
sem gulvíðirunnarnir sölna seinast á haustin?

Gömur spor eru grafin í fjalldrapamó
gangnaforinginn allur og hóftökin þögnuð
silfurbúin svipa fallin úr greip
hulin moldu höndin sem staupi lyfti
og hélt um bollann.

Haustgola þylur við eyra:
Hjörð hans kollheimt var komin í hús fyrir myrkur.
Hann lifir í minni landsins
en ekki þínu.

Skeggbolli stendur í skáp og rykið hylur
rósaverkið sem máðist í hendi hans
... úrfestinn löngu týnd ... og tinstaupið glatað.

Til lesenda

Són kemur nú út í sjöunda sinn og hefur að geyma fjölbreytt efni að vanda. Sónarmjöldurinn sjálfur fær ef til vill ekki eins mikið rúm og oft áður en í staðinn eiga fjölbreyttar greinar um skáldskap frá ýmsum tímum hér stóran sess. Sónarskáld er Hjörtur Pálsson en auk hans eiga þau Hólmfríður Bjartmarsdóttir og Njörður P. Njarðvík frumsamin ljóð í heftinu. Þá er Són trú þeirri ætlun sinni að prenta vandadar ljóðapýðingar og birtast hér þýðingar Hannesar Péturssonar á ljóðum þýskra skálda frá síðustu öld. Einnig kemur hér í fyrsta sinn á prenti ríma Guðrúnar Þórðardóttur um Hjálmar hugumstóra en hún fylgir ítarlegri grein Braga Halldórssonar um kveðskap sem fjallar um ástir Hjálmars og Ingibjargar konungsdóttur.

Að þessu sinni birtast í Són þrjár greinar sem tengjast fornum kveðskap. Helgi Skúli Kjartansson hugleiðir hvernig kenna megi kölska, Kristján Árnason segir frá rannsóknarverkefni um samspil máls og brags og Haukur Þorgeirsson rýnir í nýja dróttkvæðaútgáfu. Nútíminn verður ekki útundan því Ólafur Halldórsson gefur okkur innsýn í tvö atvik sem varða tilurð ljóða eða þýðinga. Annað segir af Stefáni frá Hvítadal og kvæði hans, Erlu, en hitt af þýðingu Málfríðar Einarsdóttur á ljóði eftir Heinrich Heine.

Síðast en ekki síst ber að nefna grein um Helga Hálfðanarson, kveðskap hans og þýðingar, eftir Ástráð Eysteinnsson og Eystein Þorvaldsson. Helgi Hálfðanarson lést snemma á árinu og ritstjórn vill nú heiðra minningu þessa fyrsta Sónarskálds. Það er gert með þessari ítarlegu grein sem byggist á þremur útvarpsþáttum sem þeir feðgar, Ástráður og Eysteinn, gerðu um Helga fyrir á þessu ári.

Við, sem stöndum að Són, færum höfundum og öðrum sem hafa lagt okkur lið kærar þakkir og eins og ávallt er það von okkar að sem flestir unnendur kveðskapar finni hér efni við sitt hæfi og njóti vel.

Fyrir hönd Sónarsinna,

Rósa Þorsteinsdóttir

Höfundar efnis

Sónarljóð

Hjörtur Pálsson (f. 1941) er skáld og þýðandi. Hann lauk kandiðatsprófi í íslenskum fræðum frá Háskóla Íslands 1972 og prófi í guðfræði 2007. Hann var um árabíl starfsmaður Ríkisútvarpsins.

Höfundar greina

Ástráður Eysteinnsson (f. 1957) lauk doktorsprófi í bókmenntafræði við University of Iowa 1987. Hann er nú prófessor í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands.

Eysteinn Þorvaldsson (f. 1932) er cand. mag. í bókmenntum frá Háskóla Íslands. Var prófessor við Kennaraháskóla Íslands.

Ólafur Halldórsson (f. 1920) er cand. mag. í íslenskum fræðum frá Háskóla Íslands og dr. phil. frá sama skóla. Hann hefur unnið að textafræðilegum útgáfum á íslenskum miðaldabókmenntum, lengst af sem sérfræðingur við Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.

Bragi Halldórsson (f. 1949) er M.A. í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hann er íslenskukennari við Menntaskólann í Reykjavík.

Helgi Skúli Kjartansson (f. 1949) er cand. mag. í sagnfræði frá Háskóla Íslands, nú prófessor við Háskóla Íslands (menntavísindasvið).

Kristján Árnason (f. 1946) er cand. mag. í íslenskri málfræði frá Háskóla Íslands og Ph.D. frá Edinborgarháskóla. Hann er prófessor í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands.

Haukur Þorgeirsson (f. 1980) er doktorsnemi í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands.

Höfundar og þýðendur ljóða

Hannes Pétursson (f. 1931) er skáld og rithöfundur. Hann lauk kandidateisprófi í íslenskum fræðum frá Háskóla Íslands 1959. Hann stundaði einnig nám í germönskum fræðum í Köln og Heidelberg í Þýskalandi.

Gottfried Benn (1886–1956), *Walter Bauer* (1904–1976), *Karl Krolow* (1915–1999), *Michael Guttenbrunner* (1919–2004), *Hans Bender* (f. 1919), *Gerhard Fritsch* (1924–1969), *Günter Grass* (f. 1927), *Thomas Bernhard* (1931–1989).

Guðrún Þórðardóttir (1816–1896) var fædd á Gróustöðum í Geiradal. Hún bjó ásamt manni sínum, Brynjólfi Jónssyni, á Valshamri í Geiradal. Hjónin fluttu til Vesturheims 1883 og þar lést Guðrún í Akrabyggð í Norður-Dakota.

Njörður P. Njarðvík (f. 1936) var prófessor í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands. Hann er skáld og rithöfundur og þýðandi og höfundur kennslubóka. Hann hefur skrifað fjölda rita og greina um bókmenntir og önnur efni.

Hólmfríður Bjartmarsdóttir Sandi í Aðaldal (f. 1947) er myndlistarkennari við Grunnskólann á Hafralæk í Aðaldal.

Ástráður Eysteinnsson og Eysteinn Þorvaldsson

Á hnotskógi

Skyggnst um í ljóðheimi

Helga Hálfðanarsonar

Helgi Hálfðanarson fæddist 14. ágúst árið 1911. Hann ólst upp á Sauðárkróki og kenndi sig gjarnan við þann stað. Kona hans, Lára Sigurðardóttir, var einnig frá Sauðárkróki. Helgi varð stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri 1930. Hann nam lyfjafræði á árunum 1936–1939, seinni tvö árin við framhaldsnám í Kaupmannahöfn og lauk þar cand. pharm.-prófi í október 1939. Helgi ritaði ekki endurminningar sínar en í skrifum sínum segir hann oft frá kynnum sínum af mönnum og málefnum. Á fullorðinsárum brá hann hinsvegar upp mynd af sjálfum sér á unglingsárunum í menntaskóla:¹

[...] í sjötta bekk var átján ára strákur úr norðlenzku sjávarþorpi, fádæma villiköttur. Hann var allt í senn: hortugur, heimskur og latur. Engin var sú skólaregla, sem hann braut ekki daglega, og engin sú óartar-iðja, að hann ekki stundaði hana fremur en dyggðir góðs nemanda. Ástæðan til þess, að hann skreið á prófum án þess að falla, var engin önnur en sú, að kennarar máttu ekki til þess hugsa að hafa hann í sinni návist stundinni lengur en skemmst mátti verða.

Í þessari lýsingu birtist eitt helsta skapgerðareinkenni Helga: grómlaus kímni á sjálfs hans kostnað. Vart þarf að taka fram að Helgi var gagnmenntaður, jafnt á raungreinar sem tungumál, og einhver mesti kunnáttumaður í bókmenntum á sinni tíð. Allt sem hann skrifaði, bæði frumsamið og þýtt, sýnir frábæra þekkingu hans og leikni í meðferð bókmenntaverka og tungumála.

¹ Helgi Hálfðanarson: „Matthías Jónasson“ [afmælisgrein], *Molduxi. Rabb um kveðskap og fleira*, Reykjavík: Mál og menning 1998, bls. 158–160, hér bls. 159.

Að námi loknu starfaði Helgi í 24 ár sem lyfjafræðingur, lengst af á Húsavík – í 20 ár. En árið 1963 fluttist hann ásamt fjölskyldu sinni til Reykjavíkur og tók nokkru síðar við kennslu í Kennaraskólanum og síðan í Kennaraháskólanum allt til ársins 1981 þegar hann varð sjötugur. Kenndi hann bæði eðlis- og efnafræði og einnig á bókmenntanámskeiðum Kennaraháskólans.

Bókmenntastarf Helga Hálfðanarsonar var bæði fjölbætt og vandað og hann var ótrúlega afkastamikill. Öll bókmenntaverk sín vann hann í tómstundum jafnframt skyldustörfum á sínum daglega vinnustað, og eftir starfslok hélt hann ritstörfum sínum áfram af elju nærfellt til æviloka. Helgi Hálfðanarson lést á nútugasta og áttunda aldursári, þann 20. janúar 2009.

Á Húsavíkurrárunum hófst af miklum þrótti margþættur rithöfundarferill hans, að því er virðist nokkuð skyndilega um miðja síðustu öld. Fyrsta bók Helga Hálfðanarsonar kom hinsvegar út allöngu fyrr eða árið 1939 þegar hann var 28 ára gamall – um það leyti er hann kom frá námi í Kaupmannahöfn. Það er bókin *Ferðalangar. Ævintýri handa börnum og unglingum*. Þetta er fræðslurit og jafnframt skemmtisaga. Tvö börn og uppfræðari fara í ævintýraferð út í himingeiminn um „leiðir hugans“ og síðan eftir samskonar leiðum inn á fleiri svið vísindanna, til dæmis inn í efnið og margskonar leyndardóma þess.² Börnin fræðast um raungreinar, svo sem efnafræði, eðlisfræði, stjörnufræði, líffræði og ýmislegt fleira í umhverfi mannsins. Aðferðin er hið gamalkunna fræðsluform: spurningar nemenda og fræðandi svör kunnáttumanns. Bókinni var vel tekið í skólakerfinu og hlaut meðmæli skólaráðs barnaskólanna, enda gerir hún efninu skýr og skemmtileg skil; allt hið fræðilega er sýnt og skýrt með auðskildum hætti og jafnframt með því að segja sögu.

Úr deiglu rómantíkur

Í júní 1950 birtust í 1.–2. hefti *Tímarits Máls og menningar* þrjú ljóð í þýðingu Helga Hálfðanarsonar, sem nú stígur aftur fram á ritvöllinn eftir ellefu ára hlé. Ljóst má þó vera að meðfram apótekarastörfum á Húsavík hefur Helgi verið með hugann við skáldskap, svo styrk eru tók hans á þessum ljóðum eftir þrjá af helstu forkólfum enskrar rómantíkur. Meðal þeirra er ljóðið „Til lævirkjans“ eftir William

² Helgi Hálfðanarson: *Ferðalangar. Ævintýri handa börnum og unglingum*, Reykjavík: Bókaútgáfa Heimskringlu 1939.

Wordsworth, lofsöngur til þessa boðbera ljóssins dýrðar sem sóar söngvaregni yfir jörðina.

En sé lævirkinn „himinskáld“, eins og þar segir, á það við á gagntækari hátt um ljóðmælandann í miklu kvæði eftir Shelley sem hér birtist á íslensku og stendur raunar fremst þessara þriggja ljóða. „Skýið“ heitir ljóðið og það er sjálft skýið sem hefur orðið – og það er orðmargt og mælskt, en allt ljóðskrúð er hér náttúruskrúð, og sjónarsviðið er öll heimshvelfingin, síbreytileg og full af lífsanda, þótt mannskepnan sé hvergi nefnd til sögunnar. Einar Benediktsson færði okkur „Útsæinn“, en hér er það Helgi Hálfðanarson, í umboði Shelleys, sem færir íslenskum lesendum skýið og það talar sannarlega inn í íslenskt náttúrusamhengi – svona hefst fimmta erindið:³

Með perlum ég prýði og skarlati skrýði
 ég skrúðvagna Sólar og Mána.
 En eldfjöllin skyggjast og stjörnurnar styggjast,
 er stormurinn þenur minn fána.
 Frá strandfjalla nöf yfir hvítrokin höf
 legg ég háreista brúarspöng,
 og sólgeislaheld er hvelfing mín felld
 yfir hnjúkanna súlnagöng.

Shelley verður að yrkisefni sá hverfulleiki veðrahjúpsins sem Íslendingar þekkja einkar vel. Hinn heiði himinn, sú bláa hvelfing sem skýið kallar sína „tómu gröf“, hverfur oft fyrr en varir, og þannig lýkur ljóðinu, með orðum Shelleys og Helga:

um gröf mína tóma minn hlátur skal hljóma;
 úr hellisins regnvota munna
 sem barn ég fæðist, sem bleik vofa læðist
 og brýt hana niður til grunna.

Þriðja ljóðið er „Ótti dauðans“ eftir John Keats, sem Helgi virðist hafa haft sérstakar mætur á eins og fleiri sem hafa lagt sig eftir skáldskap rómantísku stefnunnar. Helgi átti síðar eftir að þýða sum helstu ljóð þessa boðbera fegurðar og angurværðar, til dæmis „Til næturgalans“ og „Gríska skrautkerið“ („Ode on a Grecian Urn“).

³ Helgi Hálfðanarson: „Þýdd kvæði“ (P. B. Shelley: „Skýið“), *Tímarit Máls og menningar*, 11. árg., 1.–2. hefti, 1950, bls. 39.

Ljóst má vera að skáldheimur rómantísku stefnunnar hugnaðist Helga vel og má hann teljast ein helsta uppspretta hans og baksvið sem þýðanda og listasmíðs tungumálsins. Þessi heimur var að vísu ekki á eina bókina lærður. Í deiglu rómantíkurinnar mynduðust fjó tengsl hefðar og nýjunga. Og það voru rómantíkerarnir sem festu William Shakespeare endanlega í sessi sem meginskáld enskrar tungu. Ekki aðeins ensku rómantíkerarnir, heldur einnig þeir þýsku sem þýddu hann svo að rammt kvað að og gerðu hann að einu helsta skáldi þýskrar rómantíkur. Hið sama má segja um Forn-Grikkina: þeir voru innleiddir og endurnýjaðir í þýsku á þessum tíma og áttu þær þýðingar ekki lítinn hlut í þeirri mögnuðu bókmenntasköpun sem fram fór á þýsku um og eftir aldamótin 1800. Stefnunót Helga við Grikkina átti sér stað allöngu síðar, en til Þýskalands var hann kominn í andanum strax á árinu 1950. Síðla það ár birtist í *Tímariti Máls og menningar* grein eftir bandaríska fræðimanninn P.M. Mitchell um þýska skáldið Friedrich Hölderlin. Í greininni birtust í íslenskri gerð bæði hluti af kvæðinu „Patmos“ og það ljóð Hölderlins sem hvað frægast hefur orðið, „Vort hálfá líf“.⁴

Með ferskum gulum perum
og fullt af villtum rósum
svífur bárunnar land;
þið björtu svanir,
í kossa draumvímu
þið drepið höfði
í vatnsins véhelgu ró.

Vei mér! Hvar má ég
á myrkum vetri blóm lesa,
skin af sólu
og skugga við jörð?
Þöglir standa
steinmúrar kaldir,
Í gjósti vindhanar gnauða.

⁴ P.M. Mitchell: „Friedrich Hölderlin“, *Tímarit Máls og menningar*, 11. árg., 3. hefti, 1950, bls. 277–282 (þýðingarnar á bls. 277–279). „Vort hálfá líf“ er birt hér í þeirri gerð sem prentuð er í *Handan um höf*, Reykjavík: Heimskingla 1953, bls. 16–17. Í þeirri gerð sem fyrst birtist gnauða „vindfánar“, en þeir eru orðnir „vindhanar“ begar ljóðið birtist á bók.

Í tímaritinu kemur ekki fram hver þýðandinn er. Premur árum síðar birtust þessar þýðingar í fyrsta ljóðabýðingasafni Helga, *Handan um höf*, og af handbragðinu má reyndar glöggt sjá að hann hefur einnig þýtt greinina sjálfa eftir Mitchell.

Í þessu nafnleysi birtist eitt helsta einkenni Helga Hálfðanarsonar – en það má jafnframt teljast hefðbundið í heimi þýðinga, því að áður fyrr var algengt að þýðingar birtust án þess að fram kæmi hver þýddi. Helgi vildi ekki trana sér fram; hann kærði sig ekki um sviðsljósið, veitti ekki viðtöl, vildi ekki láta taka af sér myndir til birtingar á almannafæri, og hann hafnaði öllum verðlaunum og vegtyllum. En þetta var ekki eina hliðin á Helga; hann var líka kappsamur rökræðumaður sem vildi taka þátt í umræðu um samfélag, menningu og skáldskap; hann skákaði fram skýrum og stundum ögrandi skoðunum í greinum sem hann birti í dagblöðum og tímaritum, og hvað sem leið hógværd hans hafði hann augljóslega metnað til að koma þýðingum sínum á framfæri með sínum hætti og undir sínu höfundarnafni. Þær þrjár ljóðabýðingar hans sem fyrst birtust og áður var vikið að birtust undir yfirskriftinni: „Helgi Hálfðanarson: Þýdd kvæði“. Vart er hægt að nefna nokkurn mann hér á landi sem hefur rækilegar minnt okkur á að þýðandi er textahöfundur og jafnframt menningarsmiður.

Frumyrkingar

Á sama tíma og Helgi birti fyrstu kvæðabýðingarnar var hann jafnframt að yrkja frumsamin ljóð og hafði sennilega fengist við það lengi. Fyrstu þrjár ljóðabýðingar Helga birtust sem fyrr segir í *Tímariti Máls og menningar* árið 1950 og síðar sama ár (3. h.) birti tímaritið þrjú frumsamin ljóð eftir hann, öll í hefðbundnu formi.⁵ Eitt þeirra nefnist „Til séra Hallgríms Péturssonar“. Í Passíusálmunum tekur Hallgrímur gjarnan dæmi af Kristi og síðan af sjálfum sér. Í ljóði Helga er svipuð aðferð; annarsvegar siglir Hallgrímur með himneskan byr í vöðum á traustu skipi enda situr frelsarinn í skutnum. En síðan sjáum við ljóðmælandann „á hriplekum manndráps-nökkva“ með atómsprengju í skutnum. Í þessu ljóði birtist gráglettin myndvísi sem jafnan er eitt einkennið á stíl Helga í frumsömdum texta.

⁵ Helgi Hálfðanarson: „Þrjú ljóð“, *Tímarit Máls og menningar*, 11. árg., 3. hefti, 1950, bls. 167–169.

Hin ljóðin tvö eru sonnettur; önnur, „Dettifoss“, er svipmikið náttúruljóð en hin heitir „Dóttir mín“. Það er fallett, tilfinningaríkt ljóð sem endar svona:

Þú komst svo ljúf og léttstíg á minn fund
sem lítil dúfa beint af himni send,
á vanga mér þú lagðir ljósa mund, –
ég læðast fann um hugann milda kennd:

Sú perla, sem um eilífð er mér týnd,
í augna þinna djúpi var mér sýnd.

Öll eru ljóðin myndrík og vandlega kveðin og lofuðu góðu um að hér hefði stigið fram nýtt fullþroska skáld á svipuðum aldri og Snorri Hjartarson var, þegar fyrsta ljóðabók hans birtist sex árum fyrr. En það varð bið á framhaldinu. Rithöfundarferill Helga var eigi að síður rétt að hefjast. Nú tók hann að þýða heimsbókmenntir á íslensku og á því sviði vann hann einstakt stórvirki. En árið 1956 birtust enn þrjú frumsamin ljóð eftir Helga, nú í *Nýju Helgafelli*, og þar kveður við annan tón en í fyrri kvæðum hans.⁶ Þetta eru óbundin ljóð en myndvísinn er söm og fyrr. Hið fyrsta þeirra nefnist „Mansöngur“:

Komdu til mín í kvöld
þegar myrkrið flæðir af fjallseggjum
og bakvið skýjaskör
liggur máninn á gægjum
öðru auga
einsog gömul hauskúpa
undan hjarnskafli,
já komdu til mín í Kaldagil
mín ljúfa.

Annað kvæðið heitir „Ættjarðarljóð“ og er aðeins þrjár ljóðlínur:

Hvít jöklasóley
þar sem eyðingin bryður blágrýtið
undir tönn.

⁶ Helgi Hálfðanarson: „Þrjú ljóð“, *Nýtt Helgafell*, 1. árg., 3. hefti, 1950, bls. 127–129.

Þriðja ljóðið í þessari syrpu nefnist „Á ýlisóttu“. Það er langt og mælskt með ríku myndmáli og vísunum, einskona draugaljóð og mælandinn er beinagrind.

En þar með var lokið þeim ljóðum sem Helgi Hálfðanarson birti undir eigin nafni. Þau urðu ekki fleiri en þessi sex. Hann var þó ekki hættur að yrkja; hann hafði meira yndi af skáldskap en svo. En hér eftir varð allt slíkt ýmist að einkamálum til skemmtunar meðal vina og kunningja, en undir huliðshjálmi ef það birtist.

Og þegar svo var komið, var Helga ekkert um það gefið að minnst væri opinberlega á hans eigin ljóð eða vísur. Stundum þurfti hann líka að leiðrétta ranghermi í slíkum sökum. „Enda fæst ég ekki við yrkingar“ segir hann í blaðagrein 1987. Og þessu til áréttingar vitnar hann til vinar síns og sveitunga sem oft var nálægur á ögurstundu:

Kunningi minn einn, Hrólfur Sveinsson að nafni, hefur sagt, að ég telji það fyrir neðan virðingu mína að fremja slíkan nektardans á almannafæri. Reyndar veit hann eins vel og ég sjálfur, að mér er með öllu fyrirmunað að yrkja. Hafi ég nokkurn tíma reynt að berja saman vísu, þá hefur það einungis verið til að staðfesta þá sjaldgæfu fötlun að geta ekki ort.⁷

Þeir sem þekkja til ritferils Helga vita að Hrólfur Sveinsson er ekki alltaf trúverðug heimild en vel er honum trúandi til að líkja kveðskap við nektardans á almannafæri og koma með slíkum orðum á framfæri kaldhæðinni skýringu skáldsins sem stöðvaði eigin yrkingar um það leyti sem þær hófust. Tilefni þessarar sérstæðu yfirlýsingar Helga um að sér væri fyrirmunað að yrkja var staka um laxveiði sem Jón úr Vör hafði eignað Helga og birt í vísnaþætti sínum í *DV*. Síðar verður nánar minnst á vísu þessa sem er tvöföld í roðinu.

Handan um höf

Þeir listrænu hæfileikar sem einkenna fyrstu birtu þýðingar Helga Hálfðanarsonar voru rækilega staðfestir er fyrsta þýðingasafn hans, *Handan um höf*, kom út árið 1953, og bókin vitnar einnig um metnað hans og dirfsku. Í safninu er fjöldi ljóða frá nokkrum löndum. Ljóðaþýðandinn vinnur úr víðri heimsmynd, rétt eins og gert höfðu á undan honum þeir Magnús Ásgeirsson í þýðingabókum sínum og

⁷ „Vegna Jóns úr Vör“, *DV*, 3. október 1987. *Molduxi*, bls. 161.

Anonymus (Jóhannes úr Kötlum) í safninu *Annarlegar tungur* (1948). Lykilþættir í bók Helga mega þó teljast þrír: ljóð eftir þýsku og ensku rómantíkerana; sonnettur og söngljóð Shakespeares; og Rúbajatkvæðaflokkurinn eftir Ómar Kajam, og er þar lagt út af enskri þýðingu Edwards FitzGerald's eins og löngum hefur tíðkast. Fyrir voru á íslensku frægar þýðingar á Rúbajat; Einar Benediktsson hafði þýtt hann á sinni tíð en það er athyglisvert að Helgi er líka ófeiminn við að bjóða upp á samanburð og samræðu við hinn rómaða þýðanda Magnús Ásgeirsson sem þá var enn á lífi og hafði meðal annars þýtt Rúbajat. Þarna lágu saman leiðir þessara tveggja mestu þýðenda Íslendinga á 20. öld, en einungis stutta stund. Þótt ekki væri nema tíu ára aldursmunur á þeim, átti Magnús ekki nema tvö ár ólífud þegar þarna var komið, en Helgi var nýkominn fram á sjónarsviðið sem bókmenntaþýðandi og átti langan feril framundan. Ekki gefst hér tækifæri til að bera saman Rúbajat-þýðingar þeirra, þótt skemmtilegt væri, en athygli skal þess í stað vakin á Shakespeare-þættinum í *Handan um höf*. Í einni svipan var Helgi orðinn helsti sonnettupýðandi landsins. Í bókinni eru níu af sonnettum Shakespeares, þeirra á meðal sú sem þekktust má teljast og hefst svo í túlkun Helga.⁸

Skal líkja þér við ljósan sumardag?
 Þitt ljúfa fas á meira yndi og frið,
 því stormar laufi kveða kuldabrag
 og kvatt er sumar eftir skamma bið.

En eins snjallar og sonnettupýðingarnar eru, sem og þýðingarnar á Kajam, Schiller, Keats og Wordsworth, þá kann svo að fara, við nána skoðun og endurnýjuð kynni, að hæst af öllu í þessari merku bók beri lítið ljóð, átta línur alls og engin löng. Hér er formi og hrynjandi hins þýska frumtexta fylgt nákvæmlega en mátturinn í sumum lykilorðunum hjá Helga ber ekki aðeins vott um nákvæm vinnubrögð heldur einnig sjálfstæði þýðandans andspænis skáldjöfri á borð við Jóhann Wolfgang Goethe, því hér er um að ræða frægt kvöld- og skógarljóð hans, sem ýmsir höfðu áður þýtt á íslensku, en þær þýðingar standast ekki samjöfnuð við þennan texta sem Helgi gaf heitið „Kvöldljóð vegfaranda“.⁹

⁸ William Shakespeare: „Mansöngur“, *Handan um höf*, Reykjavík: Heimskringla 1953, bls. 23.

⁹ *Handan um höf*, bls. 16. Sjá um þessa þýðingu grein Ástráðs Eysteinsonar, „Tígn yfir tindum og dauðinn á kránni“, í tímaritinu *Jón á Bægisá*, nr. 13, 2009, bls. 16–28.

Tign er yfir tindum
 og ró.
 Angandi vindum
 yfir skóg
 andar svo hljótt.
 Söngfugl í birkinu blundar.
 Sjá, innan stundar
 sefur þú rótt.

Um skáldskap að fornu og nýju

Árið 1950 og fyrstu árin þar á eftir, þegar Helgi Hálfðanarson tekur að birta frumsamin ljóð og þýdd, hefur hann þegar fleiri járn í eldinum. Hann byrjar á viðamiklum leikritaþýðingum; og hann sökkvir sér niður í íslenskan kveðskap frá ýmsum tímum og fjallar um hann. Verður hér minnst á nokkur dæmi þess.

Árið eftir að fyrsta bókin með ljóðaþýðingum Helga birtist, kom út bókin *Slettireka* (1954) sem hefur undirtitilinn *Leikmannsþankar um nokkrar gamlar vísur*. Hér tekur Helgi til athugunar og skýringar tor-skildar vísur úr Íslendingasögum: Egils sögu, Gunnlaugs sögu, Bjarnar sögu Hítðalakappa, Heiðarvíga sögu, Eyrbyggju, Gísla sögu, Hallfreðar sögu og Kormáks sögu. Í „greinargerð“ fremst í bókinni segist Helgi gera sér grein fyrir því að ýmsum muni þykja það framhlepni og slettirekuskapur „að ólærðar manneskjur leggi orð í belg um svo fræðibundið efni sem vora fornu kveðskaparíþrótt, ekki sízt ef tekið er til að rázka með dvergamyð sjálfs Egils Skalla-Grímssonar, Hallfreðar vandræðaskálds og annarra snillinga gullaldarinnar.“ Til áréttingar þessari kaldhæðnu athugasemd nefndi Helgi bók sína *Slettireku*.

Helga er ljóst, eins og öðrum fræðimönnum, að varðveittir textar frá miðöldum eru margir hverjir skaddaðir og þeir hafa afbakast í endursögnum og uppskriftum í aldanna rás, auk þess sem varðveittum skinnhandritum sama texta ber ekki alltaf saman. Hann byrjar á upphafi „Sonatorreks“ eftir Egil Skallagrímsson:

Mjök erum tregt
 tungu at hræra
 eða loptvætt
 ljóðpundara;

esa nú vænligt
 of Viðurs þýfi
 né hógdrægt
 ór hugar fylgsni.

Helgi telur að orðið „ljóðpundari“ merki annað en hefðbundnar skýringar segja til um. Hann skrifar: „*Ljóðpundari* hlýtur að þýða ljóðsmekkur, því það er hann sem vegur og metur ljóðið.“¹⁰ Og þessi fyrri helmingur vísunnar merkir þá: „Mér veitist mjög örðugt að finna svo skáldleg orð að ljóðsmekkur minn meti þau að nokkru.“ Í útgáfu Fornritafélagsins á Eglu stendur hinsvegar að ljóðpundari geti „verið hvort sem er: tunga eða tákni skáldskapargáfunnar“.¹¹

Síðan rekur Helgi fleiri vísur kvæðisins til skýrara skilnings. Eftir það vikur hann að torkennilegum, stöðum í öðrum kvæðum Egils, „Arinbjarnarkviðu“ og „Höfuðlausn“, og að vísunum annarra forn-skálda. Verklag sitt við könnun og skýringar á hinum forna kveðskap orðar Helgi svo: „Aðferðin sem hér verður beitt er sú að láta *formið* annast leiðréttingarnar og láta það sem mest sjálfrátt um þær. [...] hér verður naumast mark tekið á annarri leiðsögn en einmitt leiðsögn formsins“. Hann hyggur semsagt að bragarhættinum, rími, ljóðstöfum og hrynjandi sem vissulega er nokkuð á reiki í þessum kveðskap, „en þó ekki meir en svo að leiða má af þeim mikils verðar líkur.“¹² Helgi hefur einnig stuðning af góðri þekkingu á skáldamálinu og á formgerð forn málsins. Með þessari aðferð býður Helgi lesandanum með sér í ferðalag um vísnaveröld áður nefndra átta Íslendingasagna. Þessari sömu aðferð við könnun og skýringar beitti Helgi tíu árum síðar þegar hann birti bók sína um Völuspá, en sú bók nefnist *Maddaman með kýrhausinn* og verður minnst á hana síðar.

Á sama tíma og Helgi fékkst við að kryfja kveðskap í Íslendingasögum, leiddi hann hugann einnig að yngra kveðskap, að þjóðkvæðum, að nútíundaldarskáldskap og að samtímaljóðlist og hann fjallaði um skáldskapinn bæði í ræðu og riti. Árið 1955 hélt hann erindi á Húsavík um gamlar þjóðvísur.¹³ Ein þeirra er vísa sem til er í tveimur gerðum. Önnur er þessi:

¹⁰ Helgi Hálfðanarson: *Slettireka*, 2. útg., Reykjavík: Mál og menning 2001, bls. 14.

¹¹ *Egils saga Skalla-Grimssonar*, Sigurður Nordal sá um útgáfuna, Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag 1933, bls. 246.

¹² *Slettireka*, 2. útg., bls. 51–52.

¹³ „Eggjagtrjót“, *Molduxi*, bls. 17–25.

Vatnið rennur af háum fjöllum
 eftir hvössu grjóti.
 Illt er að leggja ást við þann
 sem enga leggur á móti.

Og hin gerðin svona:

Að stöðva lax í strangri á
 og stikla á hörðu grjóti,
 eins er að binda ást við þá,
 sem enga kunna í móti.

Helga þykir einsýnt að báðar vísurnar hafi afbakast úr sömu vísu. Síðan lætur hann vísurnar báðar leiðrétta sig hvora með annari. Endurreisnina rökstyður hann með tilstyrk formkrafna og finnur þannig frumvísuna sem hann telur vera svona í fullri stærð með innrími:

Vatn af eggjum ofan rann
 eftir þunnu grjóti;
 eins var að leggja ást við þann
 sem enga kunní á móti.

Jónas Hallgrímsson hefur hrært hug og hjarta Helga með kvæðum sínum. Um þau fjallaði hann oft og gjarnan, meðal annars um hið torræða, tilfinningaríka kvæði „Alsnjóa“, kvæðið um dauðann sem „er hreinn og hvítur snjór.“ Hann dáið að „Ferðalokum“, sem hann kallar „eitthvert tærasta ástarljóð á íslenska tungu“. Hann skrifar um „töfra formsins“, „hljómfegurð orðanna“ og „þokka stuðlanna“, um mýkt og gælur bragliðanna og um skúfínn rauða í sonnettu Jónasar, „Ég bið að heilsa“. Helgi les og úr hinna óhrjálegu rithönd Jónasar betur en aðrir höfðu gert og skýrist þá sumt betur en áður.¹⁴

Meðal bókmenntaskrifa Helga frá fyrstu árum rithöfundarferilsins er ítarleg og innblásin ritgerð um fyrstu tvær ljóðabækur Snorra Hjartarsonar, sem Helgi hreifst af. Hann beinir athyglinni ekki síst að myndmáli Snorra og að hljómeigindum orða og ríms. Ljóst er að Helgi telur Snorra hafa tekist að skapa góðan íslenskan nútímaskáld-

¹⁴ Í öðrum hluta *Molduxa* eru tólf greinar um skáldskap Jónasar, bls. 84–132. Tilvitnanirnar eru úr þeim.

skap þar sem tengd er saman íslensk braghefð og alþjóðlegar nýjungar í ljóðlist. Hann orðar það svo:¹⁵

Ekki fær það dulizt, að ljóðsmekkur Snorra er sprottinn uppaf íslenzkri braghefð, en hefur þroskzt undir hollum erlendum áhrifum fram til fulls öryggis hins sjálfstæða og frumlega listamanns.

Það kvæði Snorra, sem Helgi hefur hvað mestar mætur á er „Hamlet“, þar sem „hikandi ihyglin heggur loks á hnút sinnar eigin geðflækju.“ Helgi ætlar þessu kvæði veglegan stað meðal komandi kynslóða. Hann bendir á sérstaka rímfléttu í kvæðinu, dáist að heillandi málfegurð þess, myndlist og dramatískri reisu. Síðan spyr hann: „En hver er Hamlet? Er það hinn forni Danaprins, hinn frægi Hamlet Shakespeares? Kvæðið víkur hvergi frá því móttífi. En við sem lesum það, kennum kviku þess í eigin barmi; geigur okkar og grunur taka að hvíslast á: Hver er Hamlet? Er hann ef til vill svívirt og svikið mannkyn vorrar eigin sjúku og spilltu aldar? Enn bíður hann, hikar; en þegar sorarauðar tungur svika-bálsins syngja honum kvöl og dauða, efnir hann heit sín.“¹⁶

Helgi blandaði sér ekki í deilurnar um réttmæti nýjunga í íslenskri ljóðagerð um miðja síðustu öld. Hinsvegar hugleiddi hann ítarlega álitamálin um ljóðformið sem tekist var á um. Og þegar honum þótti tímabært að fjalla um ljóðformið, gerði hann það á óvenjulegan hátt. Hugleiðingar sínar um gamlan kveðskap og nýjan setti hann fram í formi rökræðna sumarið 1976 þegar þýðingar hans á japönskum ljóðum komu út. Þá birtust í *Morgunblaðinu* nokkrar greinar með skoðanaskiptum þeirra Helga og Magnúsar Björnssonar sem Helgi kallar vin sinn og frænda af Króknum.¹⁷ Magnúsi var ofboðið þegar hann las japönsk ljóð óbundin í þýðingu Helga. Hann kallar þetta „vítaverð málsþjöll“ og telur að það sé „skylda þýðandans að velja þeim íslenzkt ljóðform við hæfi. [...] Mál er nú einusinni annaðhvort bundið eða laust; þar er ekki þriðja kostur völ“ segir Magnús. Þar með var kominn rökræðugrundvöllur og Helgi svarar að bragði og segir að svo „virðist sem formbyltingin í íslenskri ljóðagerð hafi farið fyrir ofan garð hjá Magnúsi“. Einnig bendir hann Magnúsi á að fletta upp

¹⁵ „Ég er að blaða í bók“, *Tímarit Máls og menningar*, 16. árg., 1. hefti, 1955. *Molduxi*, bls. 193–209, tilv. á bls. 205.

¹⁶ *Molduxi*, bls. 203–204.

¹⁷ Greinarnar eru einnig í *Molduxa*, bls. 402–414.

á orðinu „ljóð“ í orðabók Árna Böðvarssonar, þar standi meðal annars merkingin „ljóðrænn texti, þótt í lausu máli sé“. Magnús svarar þessu, uppvægur mjög, og fer maður þá að kannast við margt sem líkist karpinu um nýjungar í ljóðum um miðja öldina. Hann segir að mönnum gleymist að „munurinn á ljóði og lausamáli er algerlega formbundinn, ennfremur að allt ljóðform er hefðbundið [...] þegar öll bragliðaskipan er einnig horfin, er verkið ekki lengur ljóð, heldur prósa“ skrifar Magnús. Hver var svo þessi „formbylting“? spyr hann ennfremur með vanþóknun og svarar sjálfur: „Hún fólst í því að nokkrir ungir menn [...] töldu sig hlýða kalli tímans með því að afrækja og fordæma allt hefðbundið ljóðform.“ Magnús klykkir svo út með því að segja að í allri sögu íslenskra ljóðmennta finnist einungis tveir formbyltingarmenn: Egill Skallagrímsson og Jónas Hallgrímsson. Þeir frændur héldu áfram um sinn að togast á um réttmæti nýjunga í skáldskap og þarna er Helgi í eigin nafni málsvari nýjunga en hans *alter ego* er málsvari íhaldsseminnar.

Helgi hafði víðtækan áhuga á íslenskri listsköpun, hann velti því fyrir sér hversvegna Íslendingar hefðu löngum „lagt meiri rækt við bundið bragform“ en aðrar þjóðir. Það kunní að liggja í eðli tungumálsins en einnig séu ástæðurnar félagslegar. Um þetta segir hann:¹⁸

Og sennilega hefur efnahagur þjóðarinnar á liðnum öldum valdið því að nokkru, að hvers konar listhneigð hlaut einkum að fá útrás í list orðsins. Þó fleira væri stundað, var móðurmálið sá efniviður til listrænnar sköpunar, sem örsnauðum lýð var öðru fremur tiltækur.

Próun íslenskrar listsköpunar var semsagt í tengslum við félagslegan veruleika og átti þessvegna löngum erfitt uppdráttar. Um það skrifar Helgi:¹⁹

En ekki tók íslenzk þjóð fyrir að rétta úr kútnum, en fjölmenn sveit stóð upp frá því allsherjar Yggjar sumbli sem svo fast var setið að um aldir, og leitaði listgáfu þjóðarinnar nýrra viðfanga. Og fyrir en varir er ný fjölþætt list sprottin upp úr íslenzku

¹⁸ „Mál og kveðskapur“. Erindið var flutt á hagrðingamóti 1995. *Molduxi*, bls. 11–16, hér bls. 15.

¹⁹ „Vegur að heiman – vegur heim“, *Tímarit Máls og menningar*, 17. árg., 2.–3. hefti, 1956. *Molduxi*, bls. 210–214, hér bls. 210.

þjóðlífi og staðhátum, og ungir listamenn sækja henni nýtt frjó-
magn þangað sem bezt grær í umheimi. Einna umsvifamest
verður myndlistin, sem nemur landið á ný, sveitir þess, fjöll og
svanaheiðar, og skyggnist um hraun og lyngmó, bæjarhús og
hulduhamra.

Um þýðingar og ljóðform

Í ljóðaþýðingum færði Helgi Hálfðanarsonar brátt út kvíarnar og sótti
ljóð til fleiri landa en í upphafi. Í bókunum *Á hnotskógi* (1955) og *Undir
haustfjöllum* (1960) eru þýðingar á ljóðum frá 17 löndum, meðal annars
forn kveðskapur frá Grikklandi, Egyptalandi, Indlandi og Arabíu,
auk Japans og Kína. Í þessum bókum eru, sem fyrr, mörg ljóð frá
Vesturlöndum: Englandi og Þýskalandi, en líka ljóð frá Frakklandi,
Spáni, Rússlandi og Bandaríkjunum. Í þýðingasöfnum Helga eru
ennfremur allmörg ljóð frá skandinavísku löndunum, einkum eftir
skáld á fyrra hluta tuttugustu aldar. Helgi hafði meðal annars mætur
á hinum einlægu og hnitmiðuðu ljóðum danska skáldsins Piets Heins.
Eitt af mörgum þeirra sem hann þýddi er „Um sólskinið“, ljóð til
hughreystingar á þrengingatímum:²⁰

Eitt sinn var sólskinið einungis sólskinið,
indælt og gullbjart að sjá.
Nú eru alheimsins áhyggjur komnar
og eiga að dragast frá.
Fengi ég viðtal hjá veraldarstjórninni,
viki ég orðum að því
að fá okkar skuldlausa, gamla og gullna
og glöðværa sólskin á ný.

Náin kynni Helga af erlendri ljóðagerð veittu honum að sjálfsögðu
góða sýn yfir gamlan skáldskap og nýjan, þar á meðal óbundin ljóð.
Hann gaumgefði mismunandi skáldskaparaðferðir, ekki síst í sam-
bandi við eigin ljóðaþýðingar og annarra.²¹ Íslenskir þýðendur hlutu

²⁰ Piet Hein: „Um sólskinið“, *Undir haustfjöllum*, Reykjavík: Heimskringla 1960, bls. 26.

²¹ Sbr. greinarnar „Heilsaði hún mér drottningin“, *Molduxi*, bls. 84–96 (en fyrst birt 1978), „Ögn um þýðingar“, *Molduxi*, bls. 133–138 (fyrst birt 1987), og „Tvenns konar þýðing“, *Molduxi*, bls. 139–141 (fyrst birt 1995).

meðal annars að velta fyrir sér þeirri spurningu hvort tilhlýðilegt væri að þýða óbundin erlend ljóð í hefðbundið íslenskt form eins og flestir eldri þýðendur höfðu gert, meðal annarra hinn mikilvirki þýðandi Magnús Ásgeirsson, og þessu sjónarmiði vildi Magnús Björnsson halda til streitu í áðurgreindum rökræðum.

Í fyrsta safni sínu með ljóðapýðingum, *Handan um höf* (1953), þýðir Helgi flest í hefðbundið form eins og efni standa til, flest kvæðin eru eftir skáld á fyrri öldum, en japönsku miðaldaljóðin eru þó óbundin. Í næstu bók, *Á hnotskógi* (1955), eru einnig margar japanskar tönkur og nokkrar hækur frá fyrri öldum, og þar eru líka óbundnar þýðingar á ljóðum skálda á borð við Walt Whitman, Ezra Pound og danska módernistann Ole Sarvig. Frá öndverðu virðist það vera stefna Helga að láta óbundin ljóð halda formi sínu í þýðingu. Þetta má til dæmis sjá í þýðingum hans á ljóðum eftir T.S. Eliot. Þau ljóð hans, sem eru háttbundin á frummálinu, þýðir Helgi í hefðbundið íslenskt bragform en óbundin ljóð Eliots eru einnig óbundin í þýðingunni. Fyrsta þýðing Helga á ljóði eftir Eliot er „Holir menn“ („The Hollow Men“) sem er óbundið en ljóðstöfum bregður þó fyrir í þýðingunni. Hún birtist fyrst í *Helgafelli* árið 1953. Fyrsti hluti bálksins er svona:²²

Við erum holir menn
 Hamtroðnir menn
 Hallreistir saman
 Hausleður fyllt hálmi. Ó!
 Skrælnuð röddin, þó
 Að við sífrum saman
 Er hvískrandi merkingarlaus
 Einsog gola í þurrt gras
 Eða rottu-fætur um brotið glas
 Í þurrum kjallara.

Myndvana skapnaður, skuggi án litar,
 Lémagna þróttur, látbragð án hreyfings;

Hver sem fór yfir
 Beint af augum, í hitt Ríki dauðans
 Man okkur ekki – ef minning lifir –

²² T.S. Eliot: „Holir menn“, *Helgafell*, desember 1953, bls. 3–6, tilv. á bls. 3.

Sem týndar taumlausar sálir,
En sem hola menn
Hamtroðna menn.

Ári síðar birtust í þýðingu Helga tvö háttbundin ljóð Eliots: „Sweeney meðal næturgala“ og „Hljóðskraf um ódauðleika“.²³ Bæði þessi ljóð birtust svo í *Á hnotskógi* 1955. „Holir menn“ komu hinsvegar ekki á bók fyrr en í *Erlendum ljóðum frá liðnum tímum* árið 1982. Í bókinni *Undir haustfjöllum*, sem út kom 1960, eru svo tvö Eliot-ljóð í óbundnu formi, „Marina“ og „Sjódaði“ (sem er kafli úr *The Waste Land, Eyðilandinu*).²⁴

Í bókinni *Á hnotskógi* gerir Helgi grein fyrir hinu forna japanska formi tönkunnar sem hafi hvorki rím né háttfasta hrynjandi „sem svari til bragliða í vestrænu ljóði“.²⁵ Í þessari bók og einnig næsta þýðingasafni Helga, *Undir haustfjöllum*, eru líka þýðingar á mörgum fornum kínverskum ljóðum, sum þeirra eru mörgþúsund ára gömul, og þau eru öll þýdd í háttbundið form. Helgi gerir grein fyrir þeirri tilhögun þegar þýðingar hans á kínverskum ljóðum frá liðnum öldum voru gefnar út í sérstakri bók 1973. Þar segir að form kínverskra ljóða sé „mjög bundið samkvæmt fornri hefð“ og þótti sem fremur yrði komið til móts við það form með nokkurri fylgd við ljóðhefð Vesturlandamála.²⁶

Nokkru síðar (1976) birtust þýðingar Helga á fornum japönskum ljóðum einnig í sérstakri bók. Í báðum bókunum er formáli eftir Helga þar sem glögg kemur fram hversu vel hann hafði kynnt sér þennan fjarlæga kveðskap, eigindir hans og einkenni, og hann lýsir þeim vandkvæðum sem eru á því að þýða hann á mál Vesturlanda. Hann bendir á að japönsku stökurnar, tönkur og hækur, séu öðru fremur náttúru ljóð sem tengjast árstíðum, enda séu Japanar „allra þjóða mestir náttúru-dáendur“. Tanka er fimm ljóðlínur, 5, 7, 5, 7 og 7 atkvæði í línu. Í hæku eru aðeins þrjár ljóðlínur, 5, 7 og 5 atkvæði í

²³ „Sweeney meðal næturgala“ birtist í *Tímariti Máls og menningar*, 1. hefti 1954, en „Hljóðskraf um ódauðleika“ í bókinni *Afmæliskveðja til Ragnars Jónssonar* 1954. Bæði þessi ljóð komu svo í *Á hnotskógi* 1955. „Holir menn“ komu hinsvegar ekki á bók fyrr en í *Erlendum ljóðum frá liðnum tímum* 1982.

²⁴ Sjá um íslenskar Eliot-þýðingar grein Ástráðs Eysteinsonar og Eysteins Þorvaldssonar, „T.S. Eliot á Íslandi“, *Skírnir*, 182. árg., haust 2008, bls. 404–437.

²⁵ *Á hnotskógi*, Reykjavík: Heimskringla 1955 („Athugasemdir“, bls. 107).

²⁶ *Kínversk ljóð frá liðnum öldum*, Reykjavík: Heimskringla 1973; formáli, bls. 7–10, tilv. á bls. 10.

línu. Þýðingar Helga á tönkum og hækum eru án ljóðstafa. Í þessum knappa kveðskap er „andartakinu með nokkrum hætti teflt gegn hinu eilífa, hið smáa og hverfula metið við óendanleikann“.²⁷ Dæmi þess eru eftirfarandi þrjár tönkur:

Þegar ég hef kvatt
og yfirgefið autt hús,
kæra plómutré
við gluggann minn, ó, mundu
að bera blóm hvert vor.

Vatn úr fjallalind
í skugga hárrar furu
ber ég mér að vör
í lófa mínum. – Ekkert
jafnast á við sumarið!

Kyrrð næturinnar
ómar af gali gauksins.
En ég hef engan
sem ég gæti talað við
um það, nema skuggann minn.

Og þrjár hækur í enn færri orðum:

Í nótt kom vorið,
hvergi sér ský á himni,
þrestir ræðast við.

Vorilmur trjáanna
fær grjótið til að gægjast
undan snjófeldi.

Fuglinn flýgur upp
og stefnir út til eyja –
nú er hann horfinn.

²⁷ *Japönsk ljóð frá liðnum öldum*, Reykjavík: Heimskringla 1976; formáli, bls. 7–11, tilv. á bls. 9 og 10. Tönkurnar og hækurnar sem fylgja eru á bls. 30, 33, 45, 83 og 85.

Eftir að þessar þýðingar Helga birtust hafa nokkur íslensk skáld ort tönkur og hækur og er ljóst að þetta form hentar íslenskri ljóðagerð ágætlega.

Maddaman

Í öllu þessu bókmenntalega annríki var Helgi jafnan líka með hugann við íslenskar fornbókmenntir. Árið 1964 kom út bók hans um Völuspá. Helgi gaf bókum sínum gjarnan óvæntan titil. Og þessi nefnist *Maddaman með kýrhausinn* en það er sú kynjamynd sem Helgi bregður upp þegar hann líkir handritum Völuspár við brotið skrautker sem límt hefur verið svo óhönduglega saman að skreyting þess og öll hlutföll brenglast.²⁸

Völuspá er frægast íslenskra fornkvæða. Það hefur verið þýtt á fjöldamörg tungumál og útgáfur þess skipta hundruðum. Löngum hefur reynst örðugt að átta sig fyllilega á efni og formi Völuspár, einkum vegna þess að sumar vísurnar hafa aflagast og röð þeirra augljóslega ruglast í meðferð kynslóðanna áður en kvæðið var skráð á bókfell. Fræðimenn í mörgum löndum hafa öldum saman keppt um að skýra kvæðið, efni þess og tildrög – og reynt að ráða í upprunann. Sigurður Nordal gaf Völuspá út 1923 og fjallar jafnframt ítarlega um textann og skýrir hann. Sigurður leitast einnig við að lagfæra röð vísanna. Æ síðan hafa fræðimenn og útgefendur Völuspár í ýmsum löndum vitnað í þetta rit Nordals og skýringar hans. En enginn hafði séð ástæðu til að skýra kvæðið eða óreiðu þess betur þegar bók Helga Hálfðanarsonar kom út rúmum 40 árum síðar.

Helgi réðst ekki á garðinn þar sem hann var lægstur þegar hann tók að kryfja Völuspá í þeim tilgangi að endurreisa upphaflega gerð þessa mikla kvæðis og skýra ýmsa torræða staði í því. Til að ná árangri í þeirri viðleitni fór hann nýja rannsóknarleið. Hún var í því fólgin að grafast fyrir um ræturnar með því að kanna formið og nýta það til leiðbeiningar um efnisskipan. Í öllum fyrri útgáfum Völuspár höfðu blasað við augum þrjú stef sem endurtekin eru óreglulega í kvæðinu. Stef eru einkenni drápuforms, þau eru endurtekin skipulega og voru mikilvægt atriði formfestunnar í brag og stíl fyrir ritöld þegar öll miðlun skáldskapar byggðist á framsögn. Helgi ákvað að treysta á stefin til leiðbeiningar um gerð kvæðisins í öndverðu og reiknar með

²⁸ Helgi Hálfðanarson: *Maddaman með kýrhausinn*, 2. útg., Reykjavík: Mál og menning 2002, bls. 7.

því að það hafi upphaflega verið í reglulegu drápuformi. Við endurreisn kvæðisins verði að gæta þess að efnið njóti góðs af forminu svo að samræmi þess og efnisins verði sem eðlilegast.

Með því að nýta fulltingi hins reglubundna forms til hins ítrasta leysist úr flestum ráðgátum efnisins. Og niðurstöður athugana sinna um upprunalega gerð Völuspár setur Helgi fram í bók sinni í endurskipulögðum texta kvæðisins sem hann kallar „Tilgáta um upphaflega gerð“. Form og uppbygging þessa tilgátutexta leiðir í ljós að kvæðið hefur tekið stakkaskiptum. Það er hér í fullkomnu drápuformi: Innangangur, niðurlag (þ.e. „slæmur“) og þrír stefjabálkar þar sem stefjabyggingin er reglubundin. Vísurnar eru 60 að tölu og alstaðar jafnmargar innan hverra stefjamála. Allur er tilgátutextinn rökstuddur á skýran hátt. Efnisatriði kvæðisins eru hér í trúverðugra samhengi en áður. Þessi gerð Völuspár var gefin út í sérstakri bók árið 2006. Það var síðasta bók sem Helgi gekk frá til prentunar og er hún vitnisburður um viðfangsefni sem var honum sérlega hjartfólgið.

Jafnframt endurreisn formgerðarinnar skýrir Helgi fjölmargt í kvæðinu öðruvísi en áður hafði verið gert. Skýringarnar eru margar hverjar nýstárlegar og oftast nær sannferðugri en hinar hefðbundnu skýringar í Völuspár-útgáfum fyrr – og einnig síðar. Hann beitir bæði innsæi og hugkvæmni í textarýni, sýnir fram á hvernig orð og ljóðlínur hafa að öllum líkindum afbakast vegna misskilnings og misritunar í handritum, en hafa samt verið prentaðar æ og aftur – og eru prentaðar svo enn. Þessum afbökunum snýr Helgi til sennilegra skilnings og skáldlegra horfs og jafnan með rökstuðningi. Með fhygli og grannskoðun tekst honum meðal annars að úthýsa ýmsum aðskotalægum persónum úr kvæðinu: fjárglæfrakvendingu Gullveigu, þursameyjunum þremur, hörpuleikaranum Eggþé skessuhirði, sonum Mímis og herliði Vana í vígahug. Ágreiningur hlýtur þó alltaf að vera uppi um ýmsar ritskýringar, og Helgi tekur fram að textinn verði aldrei með fullkomnu öryggi hreinsaður af lemstrum og misskilningi í handritum.

Í þessu sambandi er vert að vekja athygli á því að í öllum hlutum Völuspár hyggur Helgi að samræðum og beinni ræðu svo að ljóst sé hver mælir tilsvör fram hverju sinni, en á það skortir í flestum útgáfum. Sigurður Nordal segir í sinni bók fortakslaust: „Kvæðið er allt lagt völu í munn“.²⁹ Helgi er á annarri skoðun. Dæmi um það er

²⁹ Sigurður Nordal: *Völuspá* (fylgirit *Árbókar Háskóla Íslands* 1922–1923), Reykjavík 1923, bls. 16.

miðstefið í kvæðinu, spurnarstefið: „Vituð ér enn eða hvað?“ sem útgefendur hafa útlagt hver á sinn máta en sumir virðast raunar ekki telja þörf á að skýra þetta mikilvæga tilsvár, né átta þeir sig á því hver það er, sem ber fram þessa áköfu spurningu hvað eftir annað. Skýring Nordals er þessi: „Á ég að hætta, – eða þorið þér að heyra lengra?“ Og hann ætlar völlum þessa spurningu. Að álit Helga er það hinsvegar Óðinn sem á þetta spurningarstef. Hann mælir það til völlumar sem hann er að knýja til spásagna – og það merkir blátt áfram: „Hvort veiztu fleira?“³⁰

Ýmsir fræðimenn höfðu talið líklegt að Völuspá væri sett saman úr fleiri kvæðum en ekki tekist að rekja þá hugmynd lengra. Helgi Hálfðanarson lætur ekki við það sitja, heldur dregur hann upp úr kafinu þrjú fullburða kvæði sem hann sýnir fram á að geymi nær allan efnivið Völuspár enda sé hún sett saman úr þeim að viðbættum fimm vísnum sem Völuspárhöfundur hefur aukið við til að tengja kvæðin saman og fullnægja drápuforminu. Helgi rekur slóðina til þessara kvæða eftir stefjunum þremur og með hliðsjón af þeim stíl sem einkennir hvert þeirra. Þessi þrjú frumkvæði birtir Helgi líka í bók sinni. Í þau vantar ekkert erindi úr Völuspá, einungis örfáar línur í tvö þeirra en hið þriðja virðist í fullri stærð. Kvæðin eru ekki einungis sjálfstæð að stíl og efni, heldur er hvert þeirra drápa í reglubundnu formi. Helgi hefur leitt kvæðin þrjú í ljós í nánnum tengslum við könnun sína á Völuspá og leitina að upphaflegri gerð hennar. Verður þá ljóst að Völuspárhöfundur hefur steipt kvæðunum saman án þess að hnika hverju þeirra nema lítillaga og farist það vel úr hendi.

Þessi frumkvæði eru að sjálfsgöðu staðfesting þeirrar þrískiptingar kvæðisins sem flestir hafa tekið eftir en ekki áttað sig á hvar rætur hennar liggja. Sumum kann að þykja sem Helgi sé fulldjarfur í endurgerð frumkvæðanna þriggja, sem hann nefnir „Ásaspá“, „Járnviðju-spá“ og „Mímisspá“. En hann rökstyður hugmyndir sínar vel þótt sannanir séu vissulega torveldar. Augljóst er að fyrsti þriðjungur Völuspár segir frá fortíðarviðburðum, miðhlutinn frá nútíð en síðasti þriðjungurinn er framtíðarspá. Þessi þrjú tímavíð einkenna frumkvæðin hvert og eitt. Helgi Hálfðanarson segir að það sé „engu líkara en þau gætu táknað orlaganornirnar þrjár, Urði, Verðandi og Skuld“.³¹

Að þessu athuguðu mætti spyrja um það hversvegna höfundur eða hönnuður Völuspár steipti þessum efniviði saman í þetta mikla

³⁰ *Maddaman með kýrhausinn*, 2. útg., bls. 62 og 77.

³¹ *Maddaman með kýrhausinn*, 2. útg., bls. 96.

kvæði. Augljóslega eru kvæðin þrjú hugmyndalega tengd; þau eru rammheiðin og fjalla um skyld efni, helstu goðsögur í heiðnum sið, um sköpun heims, örlög hans og guðanna og þar með mannkyns. Hin heiðna heimssýn býr í þeim öllum; þau geyma hugmyndaheim sem er að hverfa á tíð höfundar og hann hefur viljað varðveita. Þeir Sigurður Nordal og Helgi Hálfðanarson og margir fleiri eru sammála um að Völuspá hafi verið sett saman á mótum heiðins siðar og kristni, þ.e. nálægt árinu 1000. Og þá má augljóst vera að frumkvæðin þrjú gætu verið mun eldri.

Með könnun sinni og niðurstöðum vann Helgi Hálfðanarson verk sem allir aðrir höfðu talið ógerlegt – að grafast fyrir um upprunalega gerð Völuspár. Það verk vann hann af kunnáttu, innsæi og hugkvæmni og einstakri þekkingu á skáldskaparmálum. Undir bókarlok bendir hann á að í reynd hafi hann hvergi hróflað við handritunum að öðru leyti en því að færa til og endurraða brotum textans sem öllum beri saman um að ekki verði hjá komist, og að hann leggi mun minna til af leiðréttingum en útgefendur hafi yfirleitt látið sér nægja.

Þeir sem lesa *Maddömunna með kýrhausinn* hljóta að furða sig á því að enn skuli menn semja fræðirit og gefa út Eddukvæði án þess að minnst á þetta rit Helga Hálfðanarsonar um Völuspá. Allir útgefendur Völuspár hafa vissulega leitast við að skýra orð og inntak kvæðisins. En „tilfærsla brotanna“, þ.e. endurskipulagning kvæðisins, er mikilvægt og vandasamt viðfangsefni sem Helgi einn hefur til lykta leitt og það með athyglisverðum árangri. Hann greiddi úr óreiðu kvæðisins. Fyrir honum vakti að leysa kvæðið úr álögum eins og hann orðar það með sínum myndræna stíl í eftirmála *Maddömunnar*:³²

Nú er fríð mær og tigin sögð úr álögum leyst eftir langa vist í tröllahöndum. Var gengið á hólmi við forynjur þær, sem um hana slógu seiðhring sínum, ferlegir hausar sniðnir af bol og á eld varpað. Skal þeim tíðindum svo vel fagnað sem vert er.

Málrækt og þýðingar

Helgi Hálfðanarson skrifaði fjölda blaðagreina þar sem hann tjáði sig um margskonar menningarmálefni; má þar nefna borgarskipulag, skólamál, leikhúsmál, bókmenntir, bókmenntaverðlaun, tónlist, náttúruvernd, skógrækt og uppeldisáhrif sjónvarps. En sá málaflokkur sem

³² *Maddaman með kýrhausinn*, 2. útg., bls. 104.

segja má að hafi umfram allt annað átt hug og hjarta hans var íslenskt mál, notkun íslenskrar tungu, varðveisla hennar, merking, blæbrigði og nýbreytni í máli. Um málvernd og málrækt setti Helgi skýr markmið, eins og í öðrum hugðarmálum. Í grein árið 1980 skrifar hann:³³

Sá er tilgangur málræktar að gera orð tungunnar og sambönd þeirra að sem greiðastri brú frá einum mannhuga til annars, gera talað og ritað mál að sem nákvæmustum miðli þeirra erinda sem við eigum hvert við annað.

Til þess að málið megi sem best gegna því hlutverki er einkum tvennt mikilvægt: annars vegar sem mest fjölbreytni orðaforðans, og hins vegar traust varðveisla merkinganna.

Nokkrum árum síðar skrifar hann ennfremur:³⁴

Það sem öðru fremur varðar verndun tungunnar er varðveisla beygingakerfis, setningagerðar, hljóðkerfis, og ekki síst varðveisla sjálfs orðaforðans og hefðbundinnar merkingar hvers orðs. Ef merkingar orða fara að riðlast að ráði, gæti fátt orðið fremur til þess að rjúfa tímasamfellu málsins, sem brýnast er að vernda.

Í umræðum um íslenskt mál virtist Helgi stundum vera í hlutverki málverndarmannsins sem fékk að heyra þau mótrök að tungumálið sé félagslegur miðill samtímans, miðill sem taki stöðugum breytingum og lítt dugi að halda bara traustataki um fortíðarmyndir hans. Vissulega er það svo að lifandi málrækt er aldrei einvörðungu málvernd, enda lætur Helgi einnig eftirfarandi orð falla í þessari sömu blaðagrein:

Að sjálfsögðu má ekki misskilja orðið *málvernd* á þann veg, að málið eigi ekki að laga sig að nýjum þörfum á hverri tíð. Eðlilegur og sífelldur vöxtur málsins er einmitt eitt hið mikilvægasta viðfangsefni málverndar. Hitt er skaðlaust, að Íslendingar fyrri alda gætu ekki umsvifalaust skilið orðin *bíll* og *tölva*, ef það skyldi hvarfla að þeim að tína saman kjúkurnar og rísa úr gröf.

³³ „Samheitaþókk“, *Morgunblaðið*, 16. apríl 1980. Margt af því sem Helgi Hálfðanarson ritaði og rökræddi um íslenskt mál, m.a. tilvitnuð grein, var endurprentað í bókinni *Skýmsamleg orð og skætingur. Greinar um íslensk mál*, Sigfús Daðason tók saman, Reykjavík: Ljóðhús 1985.

³⁴ „Merkingar orðanna“, *Morgunblaðið*, 22. febrúar 1989.

Helga varð ekki röksemda vant í umræðunni um það hvernig íslenskri tungu yrði best sinnt, og var þó of hógvær maður til að benda á það hvernig hann leitaðist stöðugt sjálfur við að sýna fram á það með eigin verkum að málrækt er skapandi starf sem felur í sér sífella endurnýjun arfsins. Og það var síður en svo að hann teldi þennan arf ósnertanlegt góss sem best væri falið í umsjá sérfræðinga. Helgi var ódeigur að velta við steinum í forníslenskum kveðskap, eins og hér hefur komið fram, og jafnframt var kunnátta hans í íslensku máli – að fornu og nýju – hornsteinn að þýðingum hans á erlendum bókmenntaverkum frá ýmsum tímum yfir í okkar íslenska málheim.

Okkur kann að finnast það vera skemmtilegt dæmi um fjölbreytileika íslenskrar menningar að apótekari í litlum kaupstað við Skjálfsanda skuli vakinn og sofinn glíma við að koma fjölda klassískra skáldverka yfir á íslenskt mál. En það er ekkert sjálfsagt við þetta og frá að minnsta kosti einum sjónarhóli eru bókmenntaþýðingar Helga gríðarmikil tilraun, glíma við óvissuna, áhættusamt ferðalag, endalaus leit að réttum orðum á réttum stöðum, við aðstæður þar sem sjálft hugtakið „rétt“ virðist miklum vafa undirorpið. Og því fer víðsjarri að Helgi hafi ævinlega haldið sig við óbreytta tjáningarhætti eða orðaforða málsins eins og hann fann það fyrir. Um það eiga höfundar þessarar greinar svolitla sögu. Fyrir allmörgum árum vorum við að þýða skáldsögu úr þýsku þar sem meðal annars segir af lögfræðingi sem orðinn er heilsutæpur og allmjög bundinn við rúm sitt heima fyrir. Hann hefur í þjónustu sinni konu, Lení að nafni, sem annast hann og kölluð er „Pflegerin“ á þýsku. Hún er augljóslega ekki venjuleg vinnukona eða þjónustustúlka en þótt hún annist heilsutæpan manninn er hún ekki beinlínis hjúkrunarkona (þótt henni sé gefið það starfsheiti í sumum þýðingum). Þessi kona barst í tal þegar við þýðendur hittum Helga meðan á þýðingarvinnunni stóð og við kvörtuðum yfir því að íslenskan ætti ekkert orð um þessa persónu, þessa umönnunarmannesku, „Pflegerin“. Ekki leið á löngu uns Helgi hringdi í okkur. „Er hún ekki hlúkona þessi Lení?“ spurði hann. Mikið rétt; hún er hlúkona, og það nýstárlega en hárrétta starfsheiti fékk hún í þýðingunni, og ekki alveg laust við þá frísklegu kímní sem ávallt fylgdi Helga á réttum stöðum.³⁵

Sé málrækt brúargerð frá einum mannshuga til annars, eins og

³⁵ Franz Kafka: *Réttarhöldin*, þýð. Ástráður Eysteinnsson og Eysteinn Þorvaldsson, Reykjavík: Bókautgáfa Menningarsjóðs 1983, bls. 123 o.áfr. 2. útg., endurskoðuð, Reykjavík: Mál og menning 1995, bls. 85 o.áfr.

Helgi segir, eru þýðingar jafnframt brúargerð úr einu tungumáli yfir í annað og þar með samræða milli menningarheima. Sagt hefur verið að þótt gagnmerk skáldverk séu oft sérlega þétt samofin því tungumáli sem þau eru sköpuð úr, þá vísi tjáning þeirra ævinlega einnig út fyrir það mál, teygi sig út yfir landamæri þess – leiti, í einhverjum skilningi, að þýðanda sínum. En þýðandinn þarf að feta sig á móti verkinu. Það varð hlutskipti Helga um allnokkra hríð að feta sig á móti William Shakespeare.

Svolítið um Shakespeare

Þegar hnigin er nótt, fer Rómeó sömu leið og fyrir inn í garð Kapúletts. Júlía fer fram á svalirnar og rennir niður til hans vaðnum, og hann fetar sig upp til hennar. Þar fagnar hún í fyrsta sinni eiginmanni sínum, sem kominn er til að kveðja hana, ef til vill í hinnta sinn.

Nú fá þau stundar næði til að talast við um sinn hag. Rómeó kveðst halda rակeitt til grannborgarinnar Mantúu til þess að búa þar í haginn og bíða svo færís að ná Júlíu til sín, svo þau fái þrátt fyrir allt lifað þar saman í sælum hjúskap.

Þeim verður erfitt um skilnað, þó að dagur sé í nánd. Þau telja sér trú um að morgunroðiinn sé kvöldroði og kvak lævirkjans í morgunsárið sé söngur næturgalans. En þegar fóstra gerir Júlíu viðvart, að móðir hennar sé á leið til hennar, verða þau að kveðjast í skyndi, og Rómeó heldur brott sömu leið og hann kom.

Flestir munu átta sig á að hér erum við stödd í veröld Rómeó og Júlíu, ekki þó í leikritinu fræga um elskendurna, heldur í sögu sem Helgi Hálfðanarson setti saman og birti ásamt fleiri slíkum sögum eftir leikritum Shakespeares í bókinni *Á slóðum Vilhjálms*.³⁶ Í raun er sagan ekki síður skráð eftir þýðingu Helga sjálfs á leikritinu, en hún birtist fyrst á bók árið 1956. Leikritið var fyrst sett á svið í Iðnó árið 1964, þegar haldin var Shakespeare-hátíð á Íslandi í tilefni þess að fjórar aldir voru liðnar frá fæðingu skáldsins frá Stratford. Á þeirri hátíð voru sex leikrit Shakespeares flutt í íslenskum þýðingum í leikhúsum eða í útvarpi. Í útvarpi mátti heyra *Vetrarævintýri* í þýðingu Indriða

³⁶ Helgi Hálfðanarson: *Á slóðum Vilhjálms. Sögur eftir leikritum Williams Shakespeares*, Reykjavík: Mál og menning 1993, bls. 65.

Einarssonar, en hann hafði þýtt nokkur leikrit skáldsins snemma á 20. öld og tvö þeirra rötuðu, fyrst Shakepeare-verka, á íslenskt svið. 1964 var einnig útvarpað Óbellópýðingu Matthíasar Jochumssonar og Þjóðleikhúsið sviðsetti pýðingu hans á *Hamlet*, en auk þessara tveggja verka þýddi Matthías einnig *Macbeth* og *Rómeó og Júlíu* á sinni tíð. En 1964 verður ekki um villst að nýr íslenskur Shakespeare-þýðandi hefur stigið fram á sviðið; þrjár þýðingar hans eru leiknar það ár; *Ofviðrið* (*The Tempest*) í útvarpi, *Prettándakvöld* hjá Leikfélagi Akureyrar, auk áðurnefndrar sýningar á *Rómeó og Júlíu*, þessa lykilverks í ástarbókmenntum Vesturlanda.

Þegar þetta gerðist var liðið nokkuð á annan áratug síðan Helgi tók að þýða leikrit Shakespeares. Í greininni „Shakespeare á Íslandi“ sem birtist í *Skírni* árið 1988 fjallar Helgi Hálfðanarson um íslenskar Shakespeare-þýðingar, þar á meðal eigin þýðingar.³⁷ Hann segir frá því að 1951 hafi Lárus Pálsson leikari og leikstjóri beðið sig að þýða gamanleikinn *As You Like It* fyrir Þjóðleikhúsið. Þýðing Helga var sviðsett 1952, fyrst Shakespeare-leikrita í Þjóðleikhúsinu. Hún var flutt aftur í Þjóðleikhúsinu árið 1996. *As You Like It*, eða *Sem yður þóknast*, byggist eins og fleiri leikrit Shakespeares á vensla- og tengslaneti, þar sem endurtekningar, víxlanir og misgrip skarast við mismunandi hlutverk, gervi og grímur persónanna. Friðrik nokkur hefur sölsað undir sig lönd hins réttmæta hertoga, bróður síns, sem er í útleð í Arden-skógi þar sem í kringum hann hefur myndast nýtt samfélag. Þangað stefna, hvort í sínu lagi, kappinn Orlandó, sem einnig er fórnarlamb bróður-ofríkis, og dóttir hertogans, Rósalind, en þau hafa þó áður fengið mikla ást hvort á öðru.

Í leikritum Shakespeares er leiktextinn af þrennu tagi: í fyrsta lagi prósi, semsé óbundið talmál; í öðru lagi upphafnara talmál í bundnu formi, nánar tiltekið „blank verse“ eða „stakhenda“, með fimm allreglubundnum áhersluatkvæðum og í einstaka tilvikum endarími. Í þriðja lagi afmörkuð kvæði sem persónur mæla fram eða syngja. Öllu þessu er fyrir að fara í *Sem yður þóknast*. Söngljóðin þýðir Helgi eins og textinn leiki í huga hans og höndum og hið sama á við um prósan sem hér er oft þéttur, hraður og hnyttinn, einkum í samræðum Orlandós og Rósalindar þegar hann ber ekki kennsl á hana í dulargervi og telur sig vera að ræða við kynbróður sinn. Þannig gefst henni

³⁷ Helgi Hálfðanarson: „Shakespeare á Íslandi“, *Skírni. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, 162. árg., haust 1988, bls. 246–255. Stytt gerð greinarinnar birtist í *Molduxa*, bls. 145–152.

úrvalstækifæri til að veða hann og meta – og sannfærast um tilfinningar sínar.

Stakhendan hefur verið stærsta áskorunin fyrir Helga og sennilega var hagkvæmt fyrir hann að byrja að glúma við hana í þessu verki frekar en til dæmis harmleikjum á borð við *Hamlet* eða *Macbeth* þar sem stakhendan drottinnar yfir orðræðunni. Í slíkum ummælum felast þó engar efasemdir um að Helgi hafi frá upphafi gert sér glögga grein fyrir eðli stakhendunnar og verið þess fullviss að hann vildi endurskapa á íslensku þetta bundna form, þetta leikljóð, fremur en að fella hina klassísku leiktjáningu niður á „hversdagslegt“ svið prósans. Langflestar þekktustu leiklínur Shakespeares eru á stakhendu og þær missa flugið ef þær eru leystar undan kröfum formsins. Margir hafa heyrt þekktustu línurnar í *Sem yður þóknast*, allt eins þótt þeir hafi ekki lesið eða séð verkið. Þær hrjóta af munni hins þunglynda Jakobs sem er í fylgdarliði hertogans í skóginum:³⁸

Öll veröldin er leiksvið,
og aðeins leikarar hver karl og kona,
þau fara og koma á sínum setta tíma,
og sérhver breytir oft um gervi, og leikur
sjö þætti eigin ævi. [...]

En stakhendan er ekki aðeins farartæki hinnar formföstu visku. Galdur hennar felst oftast en ekki í því að hún leyfir talmáli og ljóðmáli að hljóma einum rómi, oft þannig að hinn pentajambíski bragur leikur undir tjáningu án þess að áheyrendur veiti því sérstaka athygli. Svona mælist Rósalind þegar henni hugkvæmist að dulbúast til að geta ferðast óhult til Arden-skógar:³⁹

Hvernig væri,
fyrst ég er meira en meðallag á hæð,
að klæða mig í karlmannsföt? og láta
biturt sax hanga hér við lærið á mér?
ég tek mér spjót í hönd; og – þó að hími
öll kvenleg hræðsla í hjartans felustað, –
þá geri ég mig svolalega á svipinn,

³⁸ William Shakespeare: *Sem yður þóknast*, í: *Leikrit I*, þýð. Helgi Hálfðanarson, Reykjavík: Heimskringla 1956, bls. 230.

³⁹ *Sem yður þóknast*, bls. 212.

rétt eins og margur karlmanns-kveifarbjálfinn
sem dylur óttann bakvið ygldar brúnir.

Hér sem endranær leynir texti Shakespeares á sér. Rósalind virðist viðurkenna kvenlegan ótta sinn, en áform hennar eru djörf í reynd og hún hnýtir í leiðinni í hið svokallaða sterkara kyn.

Eftir að Helgi lauk við *Sem yður þóknast* var hann beðinn að þýða *Júlíus Sesar* og *Draum á Jónsmessunótt* fyrir Þjóðleikhúsið og voru þau verk sett á svið 1953 og 1955. Þegar þar var komið sögu hafði Mál og menning samið við Helga um útgáfu á Shakespeare-þýðingum hans. Fyrst birtust *Draumur á Jónsmessunótt, Rómeó og Júlía* og *Sem yður þóknast* á bók 1956 og árið eftir *Ofviðrið, Hinrik IV* (fyrra leikrit) og *Júlíus Sesar*. Nokkur bið varð á framhaldinu en á áðurnefndu Shakespeare-ári, 1964, kom út þriðja bókin í útgáfu Máls og menningar á Shakespeare-þýðingum Helga, sú fjórða kom 1967, sú fimmta 1970 og sú sjötta 1975. Þá voru komin út 17 leikrit Shakespeares í þýðingu Helga. En Helgi var ekki hættur. Hann hafði greinilega ákveðið að þýða öll leikritin og árið 1982 kemur út fyrsta bindi nýrrar heildarútgáfu sem varð átta bindi alls; hið síðasta birtist 1991 og voru þá öll 37 leikrit Shakespeares komin út í þýðingu Helga: harmleikir, gamanleikir, söguleikir og leikrit sem erfitt er að flokka, eins og *Vetrarævintýri, Simlir konungur* sem og fantasían og rómansan *Ofviðrið*, sem oft er litið á sem kveðjuleikrit hins mikla blekkingameistara.

Vart er ofmælt að þetta þýðingarsafn sé eitt mesta ritverk íslenskrar bókmenntasögu og í rauninni hefur íslenskur menningarheimur varla áttað sig á þessu til fulls. Ástæðan er meðal annars sú að ekki hafa nema fá þessara verka verið í sviðsljósinu hér á landi svo neinu nemi og þá einkum *Draumur á Jónsmessunótt, Þrettándakvöld, Rómeó og Júlía, Hamlet, Lér konungur* og *Makbeð*. Skiljanlegt er að minni áhugi sé hér á landi fyrir söguleikjunum – kóngaleikritunum eins og þau eru stundum kölluð – þó að til dæmis *Ríkharður þriðji* hafi verið sviðsettur í Þjóðleikhúsinu. Hvað sem því líður: þarna eru allur þessi efniviður leiksviðsins, og hann er ekki aðeins efniviður leikhússins, því þetta eru margbreytileg bókmenntaverk, hlaðin fagurfræðilegu jafnt sem hugmyndalegu sprengiefni: Márinn dökki, Ópelló, hinn vanskapaði Ríkharður III, gyðingurinn og grimmdarokrarinn Sælökk í *Kaupmanninum í Feneyjum*, hinn demónski heimur Lés konungs þar sem valdagræðgin og vanþakklætið stíga svo trylltan dans að helst verður jafnað til ógnarlegrar kynlífsorgíu, enda má lesa myndmál í þá veru þrætt í gegnum verkið og varð það mikilvægt atriði í túlkun leikstjórans Hov-

hanness Pilikians sem setti *Lé konung* á svið í Þýðingu Helga í Þjóðleikhúsinu 1977. Mikil umræða varð um þessa sýningu og tók Helgi þátt í skoðanaskiptunum, enda ekki alls kostar sáttur við áherslur leikstjórans. Þessi fræga uppfærsla og allt í kringum hana er eiginlega sérstakt rannsóknarefni: Það var sannarlega ekki alltaf logn í kringum Helga, þótt hann hafi verið afburða kurteis og hófstilltur maður.

Hvað sem líður sviðsetningu á Þýðingu Helga á *Lé konungi* (eða öðrum verkum) er þess að geta að sem bókmenntaverk er hún spennandi og hröð, í senn læsileg og æsileg; frá upphafi er allt á heljarþröm og texti Helga er á einhvern furðulegan hátt skýr og skjótsstígur þótt hann sé krökkur af sturlun svo vart sér út úr augum – enda eru þau stungin úr einni aðalpersónunni. Semsé bókmenntaverk til lestrar ekki síður en sviðsverk. Þetta er athyglisvert, sé haft í huga að Helgi hóf að þýða Shakespeare sem leiktexta, og þá sérstaklega fyrir uppfærslur í Þjóðleikhúsinu. Þeir sem þetta rita áttu eftirminnilegar samræður við Helga um þýðingar leiktexta. Hann taldi að þýðing texta sem atlaður væri leiksviði væri ekki í nokkurri eðlisbundinni andstæðu við þýðingu textans sem bókmenntaverks. Leikstjóri og leikarar túlka textann að sínum hætti og hugsanlega breytir þýðandi verki sínu að einhverju leyti með hliðsjón af undirbúningi leikaranna. En Helgi leit svo á að textinn sem leikararnir flytja gæti einnig staðið jafngildur sem texti er lesendur nema af bók sér til ánægju – sem er annarskonar reynsla en að sitja í leikhúsi, þótt vissulega setji lesendur verkið einnig á svið í huga sér. Og þetta taldi hann eiga eins við um Shakespeare og önnur leikskáld, þótt líklegt megi telja að Shakespeare hafi eingöngu samið verk sín með leikflutning í huga en ekki lestrar-nautn. En það er nautn að lesa leikrit Shakespeares, hvort heldur frumtextann eða þýðingar Helga.

Á Íslandi er raunar fremur lítil hefð fyrir leikritum sem bókmenntaefni til lestrar, en leikrit Shakespeares eru meðal þess bókmenntaefnis sem mest og víðast er lesið í heiminum. Auk *Rómeó og Júlíu* ber þar hæst harmleikinn um Hamlet Danaprins og víst má hann teljast þekktasta verk skáldsins og það sem mest hefur verið hampað, einkum vegna túlkunar á hinni miklu tilvistarglímu titilpersónunnar, glímu sem mörgum hefur þótt sérlega nútímaleg, þótt fest sé á blað fyrir fjórum öldum, og ljóst er að frá *Hamlet* liggja ótal þræðir um nútímabókmenntir Vesturlanda. *Hamlet* virðist ekki vera meðal þeirra verka sem Helgi gerði snemma atlögu að; þýðing hans birtist ekki á bók fyrr en 1970 (og þá með *Lé konungi*), og hún var ekki sett á svið fyrr en tæpum tveimur áratugum síðar. Fyrir var þýðing

Matthíasar Jochumssonar, eins og áður sagði, og má margt fallett um hana segja. Hin fræga einræða Hamlets – lykilstund áðurnefndrar tilvistarglímu – hefst svo hjá Matthíasi:⁴⁰

Að vera eða ekki, það er þessi spurning.
Mun drengilegra að þola illrar auðnu
grjótflug og örvar, eða taka vopn sín
í móti hafsjó hörmunganna og gjöra
svo enda á þeim með valdi? – Deyja, – sofa, –
allt búið; – og að vita að værdin endar
allt sálarstríð og ótal þúsund þrautir,
sem holdið á og erfir, – þvílík afdrif
er vert að biðja um af hrærðu hjarta.

Lesandi spyr: Er hægt að gera miklu betur en þetta? Sjáum til. Margt hefur Helgi gert vel í þýðingum sínum en fátt betur en í þeirri íslensku gerð sem hann færði okkur af þessari einræðu. Og hún hefur seytlað inn í tungumálið. Til svolítils sannindamerkis um það skal tilfært tölvuskeyti sem öðrum höfundum þessarar greinar barst frá leikskóla snemma vors á þessu ári, viðvíkjandi klæðnaði barna á hlýnandi tíð. Efnisorð tölvupóstsins var: „Húfa eða ekki húfa, þarna er efinn.“ Svona hljóðar upphaf hinnar kunnar einræða í gerð Helga:⁴¹

Að vera, eða' ekki vera, þarna er efinn,
hvort betur sæmi að þreyja þolinmóður
í grimmu éli af örvum ógæfunnar,
eða vopn grípa móti bölsins brimi
og knýja það til kyrrðar. Að deyja, sofna –
og ekkert framar, láta svefninn sefa
kvöl hjarta síns og þúsund mannleg mein
sem holdið erfir, það er lokalausn
sem óska má af alhug. [...]

En Helgi Hálfðanarson var ekki aðeins þýðandi allra leikrita Shakespeares, sem og margra sonnetta hans og fleiri ljóða. Hann sá einnig í víðtækari skilningi um miðlun þessara verka á Íslandi; vann bein-

⁴⁰ William Shakespeare: *Leikrit*, þýð. Matthías Jochumsson, 2. útg., Reykjavík: Magnús Matthíasson 1939, bls. 178.

⁴¹ *Hamlet Danapríns*, í: *Leikrit* III, þýð. Helgi Hálfðanarson, Reykjavík: Almenna bókafélagið 1984, bls. 167.

línis að því að skapa samhengi og forsendur fyrir greiðari viðtökum þeirra í íslensku menningarlífi. Þetta gerði hann með þeim skýringum sem hann lét fylgja þýðingum sínum og með fjölda greina í dagblöðum og tímaritum – hann skrifaði meðal annars sérstakar greinar um flutning bundins máls í leikritum Shakespeares. Sumt af þessu efni birtist síðar í greinasafni Helga, *Molduxa* (1998). Um miðjan áttunda áratuginn tók Helgi að birta í *Tímariti Máls og menningar* þýðingar sínar á köflum úr kunnri bók um leikritin: *Shakespeare á meðal vor* eftir Jan Kott. Þeim þýðingum Helga hefur verið safnað á bók sem væntanleg er síðla árs 2009.⁴² Þá tók Helgi saman ýmsar lykiltilvitnanir í leikrit Shakespeares og birti í bókinni *Veröldin er leiksvið* árið 1996, en áður hafði hann skrifað sögur eftir tíu leikritum Shakespeares og birt í bókinni *Á slóðum Vilhjálms*, sem birtist árið 1993 og áður var vitnað til. Þessar sögur, á kliðmjúku og fallegu máli Helga, eru tilvaldar fyrir þá sem vilja fá notalegan inngang í heim leikritanna. En hápunkturinn í miðlunarstarfi Helga, fyrir utan sjálfar bókmenntaþýðingarnar, eru lokaorð hans í inngangi heildarsafns leikritanna, sem sé í fyrsta bindinu frá 1982. Hér má eiginlega heyra þrjár raddir í einni; bera má kennsl á brot úr valinkunnum textum enska meistarans, en reyndar eins og þeir birtast í þýðingu Helga; í þriðja lagi stendur þessi þýðandi upp frá verki sínu og nemur allt viðfangsefnið sem í sjónhendingu:⁴³

Skáldið mikla, William Shakespeare, var þegn sinnar þjóðar og barn síns tíma svo sem bezt má verða; en hann er dáður og hylltur um heim allan, fremur nú en nokkru sinni fyrr. Þó hátt sé liðið á fjórðu öld síðan hann brá á loft sprota snilldar sinnar, á hann enn jafn-brýnt erindi við hvert mannsbarn; því hjörtu mannanna eru söm við sig, og þar á hann sér vígðan vettvang. Sá sem gengur til móts við hann, kennir augnaráð hans á hug sínum, finnur sjónir hans líða um leyndustu fylgsmi sálar sinnar og lokka fram í sviðsljósið þann sannleik sem þar fer huldu höfði. Sá sem fylgir honum eftir, hvort sem hann svífur um bláan himin ástar og unaðar, eða kafar rautt vítismyrkur angistar og haturs, er djúptækri reynslu ríkari; sá sem sér honum

⁴² Þýðingin á Kott mun birtast í flokki *Lærdómsrita* Hins íslenska bókmenntafélags.

⁴³ Helgi Hálfðanarson: „Fáein orð um Shakespeare og samtíð hans“, í: William Shakespeare: *Leikrit I*, þýð. Helgi Hálfðanarson, Reykjavík: Almenna bókafélagið 1982, bls. 7–26, tilv. á bls. 25–26.

undir hönd, er skyggjari á sinn eigin heim, þessa haglegu smíð, jörðina, þetta veglega hvolfjald gulli drifíð, festinguna, og birtist honum þó skýrast alls sjálfur duftsins kostakjarni, maðurinn, í svip og háttum svo snjall og dásamur, prýði veraldar, afbragð alls sem lifir; honum opnast hið veggjumvíða leikhús, þar sem öll veröldin er leiksvið, og hver karl og kona fær sitt hlutverk, þar sem hver aldur á sína gleði, sína raun, þar sem ástin grær einsog grös í hlíð, þar sem feigðarköld frostsins nepja er hlýrri en bróðurþel sem brást; og hann heyrir máttuga rödd hans kalla fram úr fellum, lindum og vötnum sveitir álfa og vætta til þess að leika list hugarflugsins um stund og hverfa síðan á vit þess sem ekki er, svosem vor mikli hnöttur sjálfur mun hjaðna sem svipult hjóm og eftir láta hvorki ögn né eyðu. Hver sem um sinn gengur þessum töframanni á hönd, öðlast í svip nokkuð af kynngi hans og kenndum, finnur í sjálfum sér þelið sem draumar spinnast úr; því verður enginn samur eftir, sem notið hefur fylgdar hans um furðuheima sögu og ævintýrs, og um myrkviðu mannlegs hjarta.

Margvísleg miðlun arfsins

Sögurnar sem Helgi skrifaði eftir leikritum Shakespeares henta sem fyrir segir vel sem inngangur í heim leikritanna og geta þannig til dæmis komið sér vel fyrir unga lesendur (og ungir lesendur geta auðvitað verið á öllum aldri). Helgi hafði þegar nokkra reynslu af því að miðla þekktu efni frá fyrri öldum í formi stuttra aðgengilegra sagna. Alan Boucher, prófessor í ensku við Háskóla Íslands, tók saman tvö söfn slíkra smásagna og birtust þau í þýðingu Helga á fallegum bókum, *Við sagnabrunninn* (1971), og *Við tímans fljót* (1985). Í fyrri bókinni segir meðal annars af Bjólfi og Grendli, riddaranum Róllant, Hróa hetti, Ódysseifi, Míyasi kóngi, kaupmanninum í Bagdad og japönsku mánaprinsessunni.

Þannig spannar verk Helga alla miðlun heimsbókmenntanna, allt frá alþýðlegum endursögnum hverskonar verka úr ýmsum veraldarhornum til kröfuharðra þýðinga hinna virtustu bókmenntatexta. Og slíkur lykilmaður varð Helgi á heimsbókmenntaakrinum hér á Fróni að nauðsynlegt varð að fá hann til að þýða stórvirki sem samin voru á málum er honum voru lítt eða ekki aðgengileg.

Í nýlegum útvarpsþætti sagði Sveinn Einarsson leikstjóri og fyrrverandi leikhússtjóri frá því er hann fékk Helga til að þýða

Antígónu Sófóklesar fyrir Leikfélag Reykavíkur.⁴⁴ Helgi Þverneitaði í fyrstu, ekki síst vegna þess að hann væri ekki grískumaður, en svo fór að þýðing hans, í bundnu hexametursformi með hliðsjón af frumhættinum, var sett á svið í Iðó í leikstjórn Sveins árið 1970. Fleiri forngrísk leikrit fylgdu í kjölfarið, enn að áeggjan Sveins Einarssonar: *Oresteiu*-þrileikur Æskílosar, *Ödipús konungur* eftir Sófókles og *Medea* eftir Evrípídes. Fyrir útvarpið þýddi Helgi síðan *Alkestis* og *Bakkynjur* eftir Evrípídes. Verkum grísku harmleikjakáldanna þriggja í þýðingu Helga fjölgaði þannig smám saman, þótt Helgi streittist lengi vel á móti þessu hlutskipti sínu og legði áherslu á að honum blöskraði að „þykjast vera að þýða úr máli sem ég kynni ekkert í“, eins og hann komst sjálfur að orði. Fyrir vikið yrði hann að styðjast við ýmsar þýðingar á önnur mál.⁴⁵

Um þessar aðstæður mætti rita langt mál – en það verður ekki gert hér. Látið skal nægja að benda á að þótt það sé að sjálfstöðu ókostur fyrir þýðanda að vera ekki fluglæs á frumtexta verka sem þýdd eru, hefur svona verið ástatt í tilviki margra merkra bókmenntaþýðinga um aldir og víða um lönd; jafnvel þannig að þýðendur hafa ekki haft nokkurn aðgang að frumtextanum né getað spurt aðra um einstaka staði eða tjáningarhátt í þeim. En þýðingar eru flókið og breitt svið tjáningar og þetta hefur ekki komið í veg fyrir að þannig hafi margar merkar og mikilvægar þýðingar til orðið. Grískir harmleikir í þýðingu Helga eru í góðum félagsskap hér á landi og má þar ekki síst nefna *Paradísar missi* Miltons í þýðingu Jóns Þorlákssonar á Bægisá, en þennan enska ljóðabálk þýddi hann eftir danskri og síðar einnig þýskri þýðingu. Svo fór að lokum að birt var heildarsafn grísku harmleikjanna í þýðingu Helga – sjö leikrit Æskílosar, sjö eftir Sófókles og átján eftir Evrípídes – í einni mikilli bók sem út kom 1990: *Grískir harmleikir*. Vart þarf að orðlengja hversu mikilvæg þessi verk hafa verið í sögu heimsbókmenntanna.

Þótt nú hefðu komið út heildarsöfn Shakespeares og grísku harmleikjaskáldanna í þýðingu Helga, hafði hann ekki sagt sitt síðasta orð sem þýðandi heimsklassíkur leikbókmenntanna. Árið 1997 birtist hjá Máli og menningu bókin *Sígildir ljóðleikir*, sem hefur að geyma þýðingar Helga á fimm stórvirkjum í bundnu formi – leikljóði. Þau eru: *Lífið er draumur* eftir Spánverjann Calderón, *Kardinálar að kvöldverði*

⁴⁴ RÚV, Rás 1, 10. apríl 2009.

⁴⁵ Helgi Hálfðanarson: „Eftirmáli þýðanda“, *Grískir harmleikir*, þýð. Helgi Hálfðanarson, Reykjavík: Mál og menning 1990, bls. 1197.

eftir Portúgalann Julio Dantas, *Ofarlínn* og *Fedra* eftir Frakkana Corneille og Racine, og *Pétur Gautur* eftir nágranna okkar Henrik Ibsen. Þetta er eiginlega of gott til að vera satt, enda hefur þessi bók farið hljótt um grund. Og ekki hafa enn allar leikritapýðingar Helga verið prentaðar. Til dæmis þýðing hans á *Dauðadansi* Strindbergs sem flutt var í útvarpi fyrir allmörgum árum.

Um og uppúr 1990 – þegar Helgi var um áttætt en virtist búa við fulla starfsorku – koma út margar bækur á hans vegum með nýjum eða endurskoðuðum verkum. Á þessum árum veltu menn því gjarnan fyrir sér hvað Helgi tæki sér nú fyrir hendur næst eða væri með í vinnslu. Sumir gátu sér þess til að hann ynni nú að þýðingu *Canterbury Tales* eftir Chaucer – enda hafði hann eitt sinn þýtt brot úr því verki⁴⁶ – eða að heildarþýðingu á hinum *Guðdómlega gleðuleik* Dantes. En Helgi átti það til að koma mönnum á óvart og fáir gátu séð fyrir þá þýðingu sem birtist árið 1993. Þá kom nefnilega út trúarrit múslima, *Kóran*, í þýðingu Helga. Í stuttum eftirmála segir Helgi glettinn frá því að þýðandi bókarrinnar hafi „stundum kallað það sérgrein sína að þýða úr málum sem hann skilur ekki. Það mun vera af trúnaði við þá köllun, að hann tókst á hendur að leggja Kóraninn út á íslensku“, eins og hann kemst að orði.⁴⁷ Tíu árum síðar kom út endurskoðuð þýðing Helga á *Kóraninum* og þar hefur hann breytt ýmsu að höfðu samráði við íslenska múslima. „Það er von mín“ segir Helgi í eftirmála útgáfunnar frá 2003, „að þýðing þessi á *Kóran* falli sem flestum þeim í geð, sem aðhyllast íslam. Þeir sem játa aðra trú, eða enga, kynnu samt að geta litið á þetta verk sem arabískar bókmenntir, og þær ekki lítills háttar.“⁴⁸

Ljóðafordí

Hér að framan hefur nokkuð verið fjallað um ljóðapýðingar Helga, allt frá því er hann birti sínar fyrstu þýðingar á nokkrum kvæðum árið 1950. Næsta áratuginn þar á eftir birtast þessar þýðingar í bókunum *Handan um höf*, *Á hnotskógi* og *Undir haustfjöllum*, svo sem fyrr er frá greint. Á þessum árum fjölgar stöðugt þýðingum Helga á kín-

⁴⁶ Chaucer: „Sagan um hanann“, Helgi Hálfðanarson þýddi, *Nýtt Helgafell*, 2. árg., 4. hefti, 1957, bls. 150–154.

⁴⁷ „Athugasemd þýðanda“, *Kóran*, þýð. Helgi Hálfðanarson, Reykjavík: Mál og menning 1993, bls. 420.

⁴⁸ „Athugasemd þýðanda með 2. útgáfu“, *Kóran*, 2. útg., endurskoðuð, þýð. Helgi Hálfðanarson, Reykjavík: Mál og menning 2003, bls. 427.

verskum og japönskum ljóðum og svo fór að hann birti þær þýðingar í sérstökum bókum (1973 og 1976), sem hér hafa verið nefndar – að lokum komu þessar þýðingar svo út saman á einni bók, *Ljóð úr austri*, árið 1992. En tíu árum áður, 1982, hafði Helgi birt heildarsafn annarra ljóðapýðinga sinna og nefndi þá bók *Erlend ljóð frá liðnum tímum* – stórt og glæsilegt safn ljóða úr ýmsum stað; í raun mikið ferðalag: við förum fyrst til Færeyja, þaðan til Noregs og áfram um Evrópu og Norður-Ameríku, til Austurlanda nær og endum á Indlandi.⁴⁹ Í safni þeirra ljóða sem áður höfðu birst á bók hafa nú meðal annars best ljóð eftir Rilke, Keats, Eliot, Hóras og nokkur forngrísk skáld, auk flokks smáljóða eftir danska skáldið Piet Hein.

Í þessum safnrítum, annarsvegar ljóðunum frá Kína og Japan og hinsvegar *Erlendum ljóðum frá liðnum tímum*, birtist skýrar en fyrr sú skáldskaparmynd sem Helgi tók að draga upp um miðja tuttugustu öld og eftir það. Saman komin má segja að ljóðin feli jafnframt í sér andsvör við aðfinnslum sem fyrstu þýðingasöfn hans sættu. Þótt margir hafi frá upphafi tekið þýðingum Helga fagnandi höfðu aðrir sitthvað út á þær að setja.

Ein harðyrstustu ummælin sneru raunar að lofsyrðum um Helga fremur en beinlínis að þýðingum hans. Helgi Sæmundsson skrifaði ritdóm um *Á hnotskógi* í *Alþýðublaðið* 19. nóvember 1955 og fer lofsamlegum orðum um bókina og segir Helga vera „arfataka“ Magnúsar Ásgeirssonar. En þarna hitti hann á viðkvæman stað og þegar Hannes Sigfússon skáld skrifaði um bókina í *Birting*, viðurkennir hann að eiginlega sé ritdómur hans um ritdóm Helga Sæmundssonar fremur en bók Helga Hálfðanarsonar. Magnús, sem dáður var fyrir þýðingar sínar, var nýlátinn fyrir aldur fram og Hannes spyr: „Er öndvegi Magnúsar þegar skipað? Er tap vort bætt að fullu? Hefur íslenzkri ljóðlist bætzt nýr snillingur jafnskjótt og meistarinn kvaddi?“ Dómur Hannesar dregur dóm af þeim átökum um atómskáldskapinn sem staðið höfðu yfir og hann kýs að svara eigin spurningum neitandi með fullyrðingum um að smekkur Helga sé „bundinn horfnum sjónarmiðum.“⁵⁰ Í seinni tíð horfa þessi mál öðruvísi við. Það er ekkert eitt öndvegi í heimi þýðinga

⁴⁹ Enda nefndi Kristján Árnason grein sína um þessa bók „Hnattferð með Helga“. Greinin birtist fyrst í *Tímariti Máls og menningar*, 4. hefti 1983, en síðar í greinasafni Kristjáns, *Hjð fagra er satt*, ritstj. Þorsteinn Þorsteinsson, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands 2004, bls. 308–319.

⁵⁰ Hannes Sigfússon: ritdómur um *Á hnotskógi*, *Birtingur*, 4. hefti, 1955, bls. 40–42. Frá sjónarhóli atómskáldsins mætti raunar enn frekar segja að þýðingaraðferðir Magnúsar bæru vitni um „horfin sjónarmið“.

fremur en í bókmenntasögunni almennt. Helgi skipar annað öndvegi en Magnús, en hvor stendur með sínum hætti á mikilvægum landamörkum hefðar og nútíma, þótt menn hafi í hita leiksins stundum látið eins og hefðbundin vinnubrögð væru „horfin“.

Í jákvæðum ritdómi um fyrstu þýðingabók Helga, *Handan um höf*, hafði Drífa Viðar sagt að hún saknaði „einna mest nútímans í þessum ljóðapýðingum Helga Hálfðanarsonar og dálíttillar kímni.“⁵¹ Skorti kímni í þessari fyrstu bók, er deginum ljósara að Helgi átti eftir að bæta úr því, bæði í ljóðapýðingum og ekki síst í Shakespearetúlkunum sínum. Það er rétt hjá Drífu að í *Handan um höf* fer ekki mikið fyrir skáldskap sem helst hefur verið talinn varða braut nútímaljóðsins frá því um miðja nítjándu öld og fram á miðja þá tuttugustu. Úr þessu bætti Helgi rækilega í bókinni *Á hnotskógi* tveimur árum síðar, því þar eru Whitman, Rilke, Pound og Eliot komnir til skjalanna, auk þess sem benda má á að tjáningarháttur japönsku ljóðanna kallast mjög á við nútímaform vestrænnar ljóðlistar. Helgi virðist þó hafa verið óþarflega viðkvæmur fyrir gagnrýni í þessa veru, því að áratugum síðar lætur hann svo um mælt að hann hafi „að mestu látið hreinræktuð „nútímaljóð“ í friði [...]. Nógu margar eru eyðurnar frá fyrri tímum.“⁵² Raunin er hinsvegar sú að þegar Helgi tekur að birta þýðingar eru einnig margar „eyður“ frá síðustu hundrað árum – og þar vann hann þarft verk sem víðar, enda með afbrigðum fjölhæfur.

Alvarlegasta gagnrýnin sem fram kom á fyrstu bækur Helga tengist einmitt fjölhæfni hans. Í ritdómi um *Undir haustfjöllum* segir Baldur Ragnarsson að í þessari bók, eins og hinum fyrri, sé „tætínglegt val ljóða úr flestum heimshornum án nokkurrar meginstefnu“, bókina skorti „tilfinnanlega þá uppbyggilegu alvöru, sem aðeins fæst með samræmdum heildarsvip.“⁵³ Í dómi um *Á hnotskógi* lofar Jóhann Hannesson gildi einstakra þýðinga Helga en segir ljóðavalið „handahófskennt“ og „frumkvæðin mjög misjöfn að gæðum og enginn heildarsvipur á efni bókarinnar.“⁵⁴

Þótt segja megi að Helgi leiti víða fyrir sér í sínum fyrstu ljóða-

⁵¹ Drífa Viðar: ritdómur um *Handan um höf*, *Tímarit Máls og menningar*, 1. hefti, 1954, bls. 106–108, tilv. á bls. 108.

⁵² Helgi Hálfðanarson: „Halakleppur“, í bókinni *Í skugga lærviðar. Þrjátíu ljóð eftir Hóras*, þýð. Helgi Hálfðanarson, Reykjavík: Vaka-Helgafell 1991, bls. 79.

⁵³ Baldur Ragnarsson: ritdómur um *Undir haustfjöllum*, *Tímarit Máls og menningar*, 2. hefti, 1961, bls. 149–152, tilv. á bls. 149 og 150.

⁵⁴ Jóhann Hannesson: „Það sem hægt er, gerir hann af afburða snilld“ (ritdómur um *Á hnotskógi*), *Nýtt Helgafell*, 1. hefti, 1956, bls. 204–206, tilv. bls. 204–205.

söfnum, getur varla talist réttmætt að kalla val hans tætingslegt eða handahófskennt. Eftir á að hyggja sjáum við samsetta mynd fremur en sundurlausa. Og rétt er að taka fram að Helgi hefur ekki fyrst og fremst að leiðarljósi að fylla upp í eyður. Hann þýðir einnig ljóð sem aðrir hafa þýtt áður, en þau setur hann fram á íslensku að sínum hætti. Hann túlkar þannig ýmis og margbreytileg stef í ljóðlist heimsins sem honum eru hugstæð, af hvaða ástæðu sem það kann að vera. Í reynd má líkja þessu í grundvallaratriðum við iðju þess sem frumyrkir ljóð: viðfangsefnin og tilefnin eru misáberandi og misrismikil. Helgi hefur vissulega þýtt mörg ljóð sem talin hafa verið til helstu gimsteina heimsbókmenntanna; þau hafa höfðað til hans og hann hefur sannarlega skilað mörgum þeirra afburðavel inn í íslenskan málheim. En hann hefur leitað tjáningarleiða víða; ljóðsköpunin er grasrótastarf í sálarkirnunni og sköpunargleði Helga leitar uppi austurlensk smáljóð og alþýðlegar kímnivísur rétt eins og djúphugul og átakamikil kvæði þeirra skálda sem þykja setja hvað mestan svip á ljóðlistarsögu Vesturlanda, allt frá fornklassísku skeiði til okkar tíma.

Ort og rétt undir huliðshjálm

Nú verður söðlað um og vikið stuttlega að leikbrögðum Helga í ritlistinni, ef svo mætti orða hugmyndaríka kímni hans, sem er fágætt fyrirbæri í bókmenntum og opinberri umræðu. Hann brá stundum á það ráð að yrkja og ræða málin undir huliðshjálm.

Eins og áður segir hafði Helgi yndi af rökræðum og honum þótti miður ef enginn vildi yrðast við hann. Við slíkar aðstæður skarst Hrólfur nokkur Sveinsson stundum í leikinn með snúðugum andmælum. Helgi kynnir þennan sveitunga sinn og fermingarbróður á eftirfarandi hátt, og í kynningunni kemur strax fram það sem margsannaðist að jafnan voru þeir vinirnir ósammála:⁵⁵

Hrólfur er maður nefndur og er Sveinsson; hann er vinur minn. Einhverntíma sagði hann við mig, þegar við vorum saman á gangi: „Það bregst mér ekki, þegar skaparinn fann upp smekkin, hefur hann haft Hallgrímskirkju í huga. Fyrir bragðið þarf ég ekki annað en segja: Hókus Pókus, hún skal vera falleg; og um leið er hún orðin eitthvert fegursta hús í bænum.“

⁵⁵ *Morgunblaðið*, 3. maí 1980.

Hrólfur Sveinsson er semsagt tengdur Helga með svipuðum hætti og áður nefndur Magnús Björnsson, sem andmælti óbundnum ljóðum, en Hrólfur kemur til sögunnar nokkrum árum síðar. Jafnan voru þessir fóstbræður á öndverðum meiði og var það alltaf Hrólfur sem veitti Helga ofanígjöf, en Helga var hinsvegar gjarnt að hrósa Hrólfvi og fjalla um hann af vinsemd. Þótt Helga myndist miður ef enginn vildi rökræða við hann, kom fyrir að honum þóttu ekki öll skoðanaskipti ánægjuleg og málefnasnautt karp var honum ekki að skapi. Einhver fór til dæmis að atyrða Helga með ófyrirleitni fyrir skoðanir hans. Helgi svaraði ekki en hinsvegar skrifaði Hrólfur þá pistil til að hnykkja á ávirðingum í garð Helga og taka undir með andmælanda hans. Snerust vopnin þá þannig að undirtektir Hrólfis urðu til þess að gera ádeiluna á Helga skoplega. Þessar krókaleiðir voru ákjósanlegt bragð til að leiða hjá sér leiðindaþvarg með því að beita kaldhæðni.

Stundum kom ýmislegt spaugilegt fram í ákúrum Hrólfis. Hann átti það til að ruglast svolítið í ríminu, til dæmis þegar hann hneykslaðist á andúð á málslettum sem sjá mátti í grein Helga, „Uppblæstri“. Hrólfur bendir á tökuorðið „biskup“ sem talið sé gott og gilt og lýkur máli sínu um þetta orð með svofelldum rökstuðningi.⁵⁶

Ekki er mér kunnugt um neina hliðstæðu þess orðs, og var það þó tekið til að spóka sig í málinu löngu áður en Snorri Sturluson druknaði í sýrukerinu á Bergþórshvoli sællar minningar.

Síðar vitnaði Helgi sjálfur í þessi ummæli Hrólfis í öðru samhengi. Fyrir kom að málglæðir menn skrifuðu í blöð og reyndu með hrekkja-brögðum að trufla „vináttutengsl“ þeirra Helga og Hrólfis. En vopnin snerust ætíð í höndum slíkra aðsúgsmanna.

Hrólfur Sveinsson sýndi á sér fleiri hliðar. Árið 1984 tók að birtast í *Morgunblaðinu* kveðskapur eftir hann. Kvæði hans eru í traustu, hefðbundnu formi en efnistöð og hugblær allur með spaugilegum hætti og sérlega óhátíðlegur. Gat þar fyrst að líta „Vor-sonnettu“ sem endar svona:⁵⁷

Úr klaka-skurni skríður hráblaut jörðin,
svo skelfing nýfætt grey og ótútlegt,

⁵⁶ Hrólfur Sveinsson: „Gallerí Pissa“, *Morgunblaðið*, 7. ágúst 1982.

⁵⁷ *Lesbók Morgunblaðsins*, 28. apríl 1984.

en sólin kjassar kvikindið með spekt
og karar skelluberan lubba-svörðinn

svo sem hún hafi aldrei áður þekkt
indælli króga í guðs og sinni slekt.

Hið kyndugasta af kveðskap Hrólfs er „Kvæði um ástir samlyndra“, sem sagt er að hann hafi grafið upp af kistubotni norður í Hrútafirði.⁵⁸ Þetta er kímilegt kvæði, ort undir dróttkvæðum hætti, skráð með torkennilegri stafsetningu og uppfullt af kenningum sem alls ekki eru úr hinu forna skáldamáli, heldur ættaðar úr neyslukrami samtímans en stundum með fornu yfirbragði. Kvæðið er tekið saman og kenningar útskýrðar eins og venja er í fornritaútgáfum. *Gírskrölts-trunta* og *bremsu-brakjálkur* er bifreið, *gírskrölts-truntu-gláni* er bílstjóri, *hanastéls-tróða* og *sjússa-Sjöfn* er kona, *gjaldeyris-Baldr* er karlmaður, *klækja-dunkr* er brjóst, *klækja-dunks-þekill* er brjóstlögur og *klækja-dunks-þekill Gauts (Óðins)* er skáldskapur.

Árið 1993 gaf Mál og menning svo út *Ljóðmæli* eftir Hrólfi og ber kverið undirtitilinn *Mikið magn af limrum*. Í formála segir Hrólfur með nokkru yfirlæti að útlendingar hafi „reynt að þýða sum kvæðanna en ekki ráðið við það betur en svo, að þeir hafi neyðst til að kalla þau frumort.“ Síðan sneiðir hann að öllum þýðendum ljóða og segist telja „einmitt rétt að skylda þýðendur til að birta svo kallaðar þýðingar sínar sem sinn eigin frumkveðskap í stað þess að ljúga hvers konar leirburði upp á saklausa útlendinga.“⁵⁹ Í *Ljóðmælum* eru eingöngu limrur og eru skopeigindir þess kveðskaparforms vel nýttar í kveri þessu, til dæmis í limrunni „Markaðsbúskapur“ með gamansömum vísunum:

Egill fór vestur um ver
með vélskrokkað tilberasmér
og fékk fyrir það
þegar í stað
hausinn á sjálfum sér.

Eða í þessari sem nefnist „Ég, Hrólfur Sveinsson“:

⁵⁸ *Lesbók Morgunblaðsins*, 3. nóvember 1984.

⁵⁹ Hrólfur Sveinsson: *Ljóðmæli. Mikið magn af limrum*, Reykjavík: Mál og menning 1993, bls. 7. Með undirtitlinum minnir Helgi á gagnrýni sína á ofnotkun orðsins „magn“ (*mikið magn, meira magn* o.s.frv.). Sbr. „Meira magn af báðu“, *Morgunblaðið* 28. febrúar 1975.

Æ, ég er bannsettur bjálfi
 sem brúðlað hef eigin sjálfi.
 „Í hvað gæzt þú eytt
 því sem aldrei var neitt?“
 spyr frændi minn Helgi Hálfí.

Hér að framan var frá því greint að Helgi hefði neitað að gangast við laxveiðivísu sem hann var sagður hafa ort. Helgi taldi laxveiði einhverja auvirðilegustu iðju sem um getur en kveðst hafa gert það af greiðasemi við laxveiðimann að snúa á íslensku enskri „Veiðimannabæn“ sem átti að glæða veiðina, og það gerði Helgi svo rausnarlega að vísan „varð til á íslensku í tveimur gerðum samtímis“,⁶⁰ annars vegar:

Herra trúr, ég treysti þér
 að taki lax svo ægilegur
 að jafnvel sýnist sjálfum mér
 sannleikurinn nægilegur.

Og hinsvegar:

Vel mér, Drottinn, veiði þá
 sem vill ei nokkur trúa
 (nema í háði).
 Svo jafnvel mér sé eftir á
 engin þörf að ljúga
 (neitt að ráði).

Á vinnustað sínum í Kennaraháskólanum snaraði Helgi stundum fram vísu eða orti kíminn brag til skemmtunar meðal starfsfólksins. Stundum lét hann starfsfélagana yrkja í gegnum sig, ef svo mætti að orði komast. Hann var félagslyndur og jafnan glaður í bragði og lét sér annt um samstarfsfólkið. Um eitt þeirra kvað hann meðal annars þetta erindi:

Eitt er kurteist kvennaval
 kennt við sælan Laugardal;
 þar í garði frjáls og frí
 flögrar ein í bíkiní

⁶⁰ „Vegna Jóns úr Vör“, *Molduxi*, bls. 162.

og af trjánnum tínir ber,
títt við fuglinn gamnar sér;
hefur oft í hennar vist
hrakinn umrenningur gist.

Það er sjálf matráðskonan, Guðrún Sæmundsdóttir, sem hér er lýst svo fallega, en hún átti sumarhús og stóran trjágard austur í Laugardal. Eitt sinn var á þetta kvennað magnaður draugur vestan af Mýrum. Í brag um þann atburð eru þessar hringhendur:

Ljóðaglundur gerjast enn
görótt undanrenna,
þegar skunda Mýramenn
myrka stund til kvenna.

Mektar-draugur Mýrum frá,
mjög á taugum kvalinn,
upp úr haug fór enn á stjá
inn í Laugardalinn.

Kona fróð og kennd við spaug,
kunn sem ljóðasmiður,
köldu blóði kalinn draug
kveður óðar niður.

Fleira verður ekki rakið af þessum innanhúss-kveðskap en margt úr honum er varðveitt í handskrifuðu kveri er nefnist *Tárdæla*.

Enn hugað að arfi ljóða

Í safnritinu *Erlend ljóð frá liðnum tímum*, sem áður var vikið að, eru nokkur ljóð eftir eitt höfuðskáld Rómverja, Hóras. Helga fannst greinilega að hann ætti honum frekari skuld að gjalda og árið 1991 birtust 30 ljóð eftir Hóras í þýðingu Helga í sérstakri bók sem nefnist *Í skugga lárviðar*. Níu þeirra höfðu áður birst í bókinni *Erlend ljóð frá liðnum tímum*, en á meðal þeirra sem bæst hafa við er hið kunna ljóð „Carpe diem“ sem Helgi nefnir „Njótum dagsins“ og þýðir svo:⁶¹

⁶¹ *Í skugga lárviðar. Þrjátíu ljóð eftir Hóras*, þýð. Helgi Hálfðanarson, Reykjavík: Vaka-Helgafell 1991, bls. 22.

Spurðu' einskis þess um örlög vor
 sem ekki er leyft að hnýsast í:
 það æviskeið og endalok
 sem ætla goðin þér og mér.
 Reyndu' ekki að lesa Lífsins bók
 né leita skaltu á spámanns fund.
 Bezt er að allt sem bíður vor
 á bak við tímann leynist vel
 fremur en sé oss sjálfum ljóst
 hvort senda vill oss Júpíter
 þann vetur hinztan sem um sinn
 á sjávarhömrum brýtur hrönn.
 Því máttu hygginn hefja skál
 en hvergi stunda á langa von.
 Nú, sem ég örfá orð hef mælt,
 úr augskýrn hraður tíminn flaug.

Fjórum árum síðar, 1995, kemur enn bók með ljóðapýðingum Helga og þótt titillinn sé hógvær: *Nokkur þýdd ljóð*, er hér ýmsan dýr-grip að finna, til dæmis þetta stutta ljóð, „Til Anaktórú“, eftir grísku skáldkonuna Saffó:⁶²

Margur kallar fegurst á vorri foldu
 fáka, stríðsmenn, herskip á björtum sævi.
 Finn ég samt ei fegurra neitt en bros í
 falslausum augum.

Í bókinni eru ljóð eftir fleiri meistara forngrískrar sem og latneskrar skáldlistar og segja má að hér staðfesti Helgi það samband sitt við hina klassísku fornöld sem eflst hafði með árunum. En jafnframt má benda á hversu listilega Helgi tengir hér hefðarbraginn við nútímalegt ljóðform – og það gerir hann með ljóðstöfum og sveigjanlegri hrynjandi eins og hann átti vanda til (í þessu tilviki lætur hann sama ljóðstafinn hljóma í báðum vísuhelmingum). En hann minnir enn rækilegar á þær fjölbreytilegu víddir, sem hann bjó yfir, með pýðingum sínum á fjórtán óbundnum smáljóðum sem þarna birtast eftir

⁶² Helgi Hálfðanarson: *Nokkur þýdd ljóð*, Reykjavík: Mál og menning 1995, bls. 110. Eftirfarandi tilvitnanir í þessa bók er sóttar á bls. 125, 28, 82 og 20.

brasilíska erkibiskupinn og ljóðskáldið Helder Camara (1909–1999), þann mikla málsvara öreiga og talsmann andófs án ofbeldis.

Ef sólin væri
jafn-gráðug og þú,
þá kliðaði hvergi lind
né blikaði dög
á jörðu.

En mestan svip ber þessi bók þó af nítjándu aldar skáldum. Hér bætir Helgi við fimm nýjum Goethe-ljóðum og gerir þó enn betur við annað þýskt skáld, Heinrich Heine, því að bókin geymir sex af ljóðum hans. Ekkert erlent skáld hefur notið slíkrar hylli íslenskra þýðenda sem Heine.⁶³ Helgi þýddi alls 11 af kvæðum hans, en meðal þeirra sem birtust í *Nokkrum þýddum ljóðum* er „Ég á í heitu hjarta –“:

Lát hríðarbyl um hauður flæða!
Lát hagl og storm í blindni æða!
Þó hrikti fast í gátt og glugga,
mitt geð er engin þörf að hugga:
Ég á í heitu hjarta mér
himneskt vor – og mynd af þér.

Hann þýðir einnig ljóð eftir skáldkonuna Christinu Rosetti, þar sem er þetta erindi:

Syngdu' ekki, vinur, sorgaróð
sáran, þegar ég fer;
láttu' ekki gróa gullin blóm
né grátvið að höfði mér.
Yfir mig breiðist grundin græn,
í grasið mun regnið streyma.
Mundu mig, ef þér sýnist svo;
ef þér sýnist, skaltu gleyma.

Eitt af fyrstu þýddu ljóðunum sem Helgi birti á prenti var „Vort hálfa líf“ eftir Friedrich Hölderlin, eins og fram kom fyrr í þessari grein. Nú

⁶³ Sbr. Eysteinn Þorvaldsson: „Dýrlingur okkar allra. Heinrich Heine og Íslendingar“, *Skírnir*, 171. ár (haust 1997).

mætti ef til vill segja að Helgi Hálfðanarson hafi átt sér hálf líf sem þýðandi og ljóðaskýrandi, með þeim störfum öðrum er hann sinnti um dagana, sem lyfjafræðingur og kennari. Nær lagi er þó að segja að hann átti mörg líf að gefa okkur og hann jós stöðugt og af miklu örlæti af þeim nægtabrunnum. Svona hljóðar „Nótt“ eftir Hölderlin í þýðingu Helga, en ljóðið er að finna í áðurnefndri bók, *Nokkur þýdd ljóð*:

Borgin hvílist; hljóðna í húminu götur og stúgar;
ljóskerum búnir á braut bruna vagnar með gný.
Þreyttir halda menn heim til hvíldar frá dægursins glaumi.
Tekjur reiknar og tap tölvís hugur í ró
ánægður heima. En autt af eplum og blómum er torgið,
enginn kaupskapar ys, allur varningur brott.
Fjarlægt strengjaspil flögrar úr garði; að líkindum leikur
einhver ástfanginn sveinn, ellegar sá sem með hryggð
einmana hugsar til alls sem árin burt hafa hrifið.
Ilmur frá blómþéttum beð blandast gosbrunna klið
köldum og sífelldum. Kallar þá klukknaahljómur í rökkrið;
náttvörður hóglátum hug hrópar stundanna tal.
Léttur vindblær í lundi við laufþungum trjákrónum blakar.
Skarður máni við ský skuggamynd af vorri jörð
bregður á loft. Sjá! blökk og draumlynd er nóttin að nálgast
alsett stjörnum, en oss afhuga; fjarlæg og dul
vekur hún furðu, svo fögur og framandi dauðlegum mönnum,
ofar háfjalla hnjúk, heiðrík í sorg og í dýrð.

Eftir hildarleikinn

Fáein ljóð úr þýzku

Hannes Pétursson sneri á íslensku

GOTTFRIED BENN

(1886–1956)

Skuggi á steinvegg

Skuggi á steinvegg
af greinum sem golan bærir um hádag,
það er nægjanleg jörð,
og að því leyti sem að auganu snýr
nægjanleg hluttaka
í himinleiknum.

Hve langt hyggstu þá halda? Meinaðu
nýjum áhrifum nú
hina aðgangsfreku fastmótun –

liggja þögull,
líta sín eigin akurlönd,
óðalseignina gjörvalla,
virða fyrir sér lengi
valmúann framar öðru,
hinn ógleymanlega,
því hann kom með sumarið sjálf –

hvert er hann horfinn – ?

WALTER BAUER

(1904–1976)

Dálítið sem sýnt er aðkomumanni

„Sjáið þér, hérna lágu í þá daga hinir dauðu
og á torgunum alls staðar,
svertir og saman skroppnir af logum,
sérkennilega smáir orðnir, eins og innantómir pakkar,
lauflettir.
Eldstormar æddu fram hindrunarlaust.
Í lofti gnýr eins og ...
örðugt að lýsa þessu fyrir ókunnugum ...
gáið að því: borgirnar voru fullþroska.
Og síðan: í svona kjöllurum – skiljið þér?
Þaðan sem nú sprettur illgresi og köld nálykt tvístraðra tíma –
í þessum kjöllurum biðu menn.
Hvers? vilduð þér vita ... – Að maður slyppi.
Nú er rótt. Ekkert lengur. Ekkert hljóð.
Og þó voru þetta staðir biðarinnar eftir hel eða hlífð,
holur greftrunar í kyrrþey.
Fossandi vatn sem óvænt skall yfir
stytti biðina, reyndar ögn kvalafullt.
Hér sátu flestir
í svo sem óendanlegu námi undir annan heim.
Og prófið, stóðust menn það? spyrjið þér.
Nei.“

KARL KROLOW

(1915–1999)

Tíminn breytist

Engan er lengur að finna
sem litar með bláu
minnismerki ástúðleikans.
Gælur bjartra lokka
eru gleymdar og stráhattarnir.
Börn sem í lystigarði
léðu öxl sína þreyttum söngfuglum
uxu úr grasi.

Tíminn breyttist.

Ekki framar verður hann stökinn
ungum höndum.
Nú eru aðrar ljósaperur í lömpunum.
Tennisboltarnir skiluðu sér ekki
utan úr bláloftinu.
Guli sundklæðnaðurinn
dó fiðrildadauða.
Og öll umslög
mólnuðu í mjúkt dust.

Í stað þess fylla strætin ókunnugir
með farseðla í vösum sér.

MICHAEL GUTTENBRUNNER

(1919–2004)

Hinn sigraði

Af vötnum jarðar
hefur hann drukkið,
að mosagrænum uppsprettulindum
laut hann niður
skrælpurrum munn,
með dauðabeyg raunar
og þó fylltur áfergju.
Oft lá hann, örmagna,
endilangur,
og hamraði jörðina
með hjartslætti sínum.

HANS BENDER

(1919)

Heimferð

Í hermannakápu óvinar,
í hólkvíðum skóm,
að haustlagi,
á vegum þar sem laufið liggur strjált
heldur þú heim.
Hanarnir gala
gleði þína út í bláinn,
og hikandi staðnæmist
ökklinn
andspænis þöglum,
nýjum dyrunum.

GERHARD FRITSCH

(1924–1969)

Þegar að kvöldi kom

Þegar að kvöldi kom sáum við
að ekki var allt sem skyldi. Og höfðum þó
ráðagerðir uppi, miklar, að morgni dags,
hraðhentir og fóthvatir án efablendni.
Orð okkar voru sem rýtingsstunga,
tillit okkar færði fjöll úr stað,
mældi og skipaði niður á ný
löndum ókyrrleikans. Samt
þegar að kvöldi kom, sjá, þá var
allt til einskis.

Fjöllin horfðu við blá
eins og jafnan fyrr í fjarska sem var djúpur,
á ökrunum bálaði eldrautt kjarr,
klakandi froskum skaut upp úr riðandi
fold. Jörðina höfðum við
þungað böli. Við krupum niður
og biðum þess að yrði nótt.

Hún kom og breiddi
landakort sitt yfir
okkar óreistu húsabæi.

Einungis
heimsálfur englanna
létum við
óspilltar.
Huggun er það þegar við sundrumst
í duft.

GÜNTER GRASS

(1927)

Spámannafæða

Þegar engisprettur hernámu borg okkar,
mjólkurlaust varð í húsunum, dagblaðið kafnaði,
þá opnuðu menn dýflissurnar, létu spámennina lausa.
Nú héldu þeir eftir strætunum, 3800 spámenn.
Refsingarlaust fengu þeir að tala, næra sig ótæpt
á þessu grúa, hoppandi viðmeti sem við kölluðum pláguna.

Hver hefði við öðru búizt?

Brátt var mjólk aftur fánleg, dagblaðið dró andann,
dýflissurnar fylltu spámennirnir.

THOMAS BERNHARD

(1931–1989)

Sálmur

Það sem ég geri er gert af vanefnum,
 það sem ég syng er sungið af vanefnum,
 þess vegna átt þú tilkall til
 handa minna
 og raddar minnar.
 Ég mun iðja eftir fremsta megni.
 Uppskerunni heiti ég þér.
 Ég mun syngja söng þjóðanna sem fórust.
 Ég mun syngja um þjóð mína.
 Ég mun auðsýna ást.
 Einnig misindismönnunum!
 Með misindismönnunum og hinum berskjölduðu
 mun ég grundvalla ný heimkynni –
 samt er það sem ég geri gert af vanefnum,
 það sem ég syng sungið af vanefnum.
 Þess vegna átt þú tilkall til
 handa minna
 og raddar minnar.

Ljóðin í þessari syrpu voru frumprentuð á tímabilinu 1945–1960. Ég greip þau upp sem lítið sýnishorn þeirrar ljóðagerðar sem heimsstyrjöldin síðari ól af sér í þýzkum menningarheimi. Tvö skáldanna eru fædd í Austurríki (Guttenbrunner og Fritsch), eitt í Hollandi (Bernhard), eitt í fríríkinu Danzig (Grass), en hin í Þýzkalandi. Ljóðunum er raðað eftir aldri skáldanna.

H.P.

Ólafur Halldórsson

Af Stefáni frá Hvítadal og kvæði hans, Erlu

Handritastofnun Íslands, forveri Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, var á árunum 1962–69 til húsa í lessal handritadeildar Landsbókasafns í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Ég kom þar til starfa vorið 1963 og komst fljótlega í kynni við Vilmund Jónsson, áður landlækni, sem heita mátti að væri daglegur gestur í húsínu. Vilmundur hafði frá mörgu að segja, enda allra manna fróðastur, jafnt um menn sem mál-efni liðins tíma og líðandi stundar, og sagði afburðavel frá, enda verða spor hans víða rakin í skáldverkum síðustu aldar. Það kom stundum fyrir að ég hafði, að mér fannst, eitthvað merkilegt að segja konu minni þegar ég kom heim úr vinnunni og hún þakkaði fyrir með þessum orðum: „Nú hefurðu hitt Vilmund!“

Ekki man ég lengur aðdraganda að því, að Vilmundur sagði mér hvað varð til þess að Stefán frá Hvítadal orti kvæðið um Erlu, „Erla, góða Erla“, en það sem ég þykist muna af frásögn hans er þetta, sem að vísu er fjarri því að vera orðrétt eftir honum haft:

Hallbjörn Halldórsson prentari setti fyrstu ljóðabók Stefáns frá Hvítadal, *Söngva förumannsins*. Hann hafði tal af Stefáni þegar hann hafði að mestu lokið setningu og umbroti bókarinnar sumarið 1918 og sagði honum að kvæðin væru of fá og hann yrði að koma með að minnsta kosti eitt til viðbótar. Stefán taldi einhver vandkvæði á því, en Hallbjörn lét sig ekki, keypti brennivínsflösku og fór með Stefán í sólskini og sumarhita upp í lítið þakherbergi í Iðnó, setti hann þar við borð með pappír og ritföng og fulla flösku af brennivíni og sagði að hann færi ekki út fyrr en hann hefði ort að minnsta kosti eitt kvæði til viðbótar þeim sem hann var að ljúka við að setja. Þar sat Stefán í þessari herbergiskompu í birtu sólar og hita hásumardags og lauk hvorutveggju: brennivíninu úr flöskunni og kvæðinu um Erlu með sínu koldimma kvöldi og álfum sem þeystu úti um ísi lagða slóð.

Söngvum förumansins lýkur á átta blaða örk, og auðsætt að fagurkerinn, Hallbjörn Halldórsson, hefur ekki viljað hafa auðar blaðsíður aftast í bókinni. Hann hefur sett kvæðið um Erlu fremst í þessa örk og þar með losnað við auðar síður í lok bókar og útlit hennar orðið að hans skapi.

Ólafur Halldórsson

Málfríður frá Munaðar- nesi og Heine

Málfríður Einarsdóttir frá Munaðarnesi hélt lengi þeirri venju sinni að koma að sumarlagi til Kaupmannahafnar og dveljast þar í viku eða nokkrar vikur, eftir aðstæðum, og mun þá oftast hafa verið til húsa á Fríhafnargötu hjá Steinunni Ólafsdóttur, en tíður gestur hjá Jóni prófessor Helgasyni á Kjærstrupvej í Valby.

Það mun hafa verið á árunum 1953–57, líklega 1955 eða 1956, að ég kom sem oftast til þeirra hjóna, Steinunnar og Þórðar Jónssonar á Fríhafnargötu. Þá var Málfríður stödd þar og sýndi mér þýðingu sína á öðru og þriðja erindi kvæðis eftir Heinrich Heine, en fyrsta erindið var óþýtt og óárennilegt, og fékk hún mér þýska textann og spurði hvort ég vildi ekki reyna að þýða þetta erindi. Ég man ekki hvort ég lofaði henni neinu um það, en leist þó þannig á að ekki sakaði að reyna að ná efni og anda erindisins á íslensku. Það tókst mér, að mér þótti, svona nokkurn veginn, og skeytti því framan við erindin tvö sem Málfríður hafði þýtt og fékk henni vélritað. Hún sýndi Jóni Helgasyni blaðið, en ekki veit ég hvað Jón sagði um það við hana, en næst þegar ég hitti hann var hann stórhneykslaður á að ég skyldi ekki sjá og lagfæra galla á síðustu línu kvæðisins hjá Málfríði: „hverfast stjórnur yfir mér.“ Þarna hefði Málfríður látið mætast tvö orð, hið fyrra sem endaði á st og hið síðara sem byrjaði á st, sem væri óhæft, og gat Jón þess að hann hefði lengi átt í stríði við að venja Halldór Kiljan af þessum fjanda. (Orðalag hans hef ég ekki rétt eftir, enda man ég það ekki.)

Þetta kvæði Heines er í *Letzte Gedichte*, hér tekið með lítið eitt breyttri stafsetningu, eftir Heinrich Heine's *Gesammelte Werke*. Herausgegeben von Gustav Karpeles. Zweiter Band. Berlin 1887, bls. 568. Á eftir því set ég þýðingu okkar Málfríðar og leyfi mér að lagfæra gallann í síðustu ljóðlínu í texta Málfríðar:

Wo?

Wo wird einst des wandermüden
letzte Ruhestätte sein?
Unter Palmen in dem Süden?
Unter Linden an dem Rhein?

Werd' ich wo in einer Wüste
ingeschart von fremder Hand?
Oder ruh' ich an der Küste
eines Meeres in dem Sand?

Immerhin! Mich wird umgeben
Gotteshimmel, dort wie hier,
und als Totenlampen schweben
nachts de Sterne über mir.

Hvort?

Hvort mun þeim sem loksins lúinn
lýkur göngu fótasár
hvíld í sedrushlíðum búin,
hvíld á bökkum Jökulsár?

Mundi þar sem ljós að landi
lyftist alda og gnýr við strönd,
eða í gröf í gulum sandi
grafa lík mitt ókunn hönd?

Sama er mér, því guðs hin góða
grund mun álík þar og hér
og um næturhvolfið hljóða
hvirfing stjarna yfir mér.

Bragi Halldórsson

Ástir Hjálmars hugumstóra og Ingibjargar konungsdóttur í rímum síðari alda¹

Inngangur

Harmræn ástarsaga Hjálmars hugumstóra og Ingibjargar dóttur Yngva Svíakonungs og sögnin um bardagann í Sámsey er til í lausu máli í tveimur íslenskum sögum frá miðöldum: *Hervarar sögu og Heiðreks konungs* (1.–3. kafla í R- og H-gerð, en 1.–5. kafla í U-gerð) í skinnhandritum frá 14. og 15. öld ásamt sæg pappírshandrita frá síðari öldum og *Örvar-Odds sögu* (9.–15. kafla) í tveimur skinnhandritum frá síðari hluta 14. aldar og fjórum gerðum öðrum frá 15. öld til 17. aldar auk fjölda pappírshandrita frá síðari öldum. *Örvar-Odds saga* var í sífelldri endursköpun og allnokkur munur er á gerðunum. Þær yngri eru fullar af kímni og gáska sem eldri gerðirnar hafa síður þótt ekki séu þær lausar við gamansamar lýsingar.² Í *Örvar-Odds sögu* er frásögnin ítarlegri en í *Hervarar sögu og Heiðreks konungs* og segir einnig frá vikingaferðum Hjálmars og Örvar-Odds fyrir bardagann í Sámsey. Sá reginmunur er þó á sögunum tveimur að bardaginn í Sámsey á sér lengri aðdraganda í *Hervarar sögu og Heiðreks konungs*. Angantýr og bræður hans fara í henni til Svíþjóðar til að biðja um hönd Ingibjargar fyrir Hjörvarð bróður sinn en Hjálmar er þar fyrir og hefur náð ástum hennar og biðlar samstundis til hennar líka. Hún velur Hjálmar og það verður til þess að Angantýr skorar á Hjálmar

¹ Greinin er unnin upp úr hlutum úr MA-ritgerð minni við Háskóla Íslands í ágúst 2008: „*Misjafnt fljúga fuglarnir*.“ *Hjálmar hugumstóri og Ingibjörg konungsdóttir í rímum síðari alda* ásamt *Fylgríti* með texta rímnanna sem fjallað er um í ritgerðinni. Hér er einkum fjallað um hvernig efnismeðferð skáldanna breytist í tímans rás, m.a. vegna áhrifa frá rómantísku stefnunni.

² Sbr. Stephen A. Mitchell. *Heroic Sagas and Ballads*, bls. 109–113. R.C. Boer gaf út báðar gerðirnar í Leiden 1888 *Örvar-Odds saga*. Older Version og *Örvar-Odds saga*. Younger Version.

og Örvar-Odd til einvígis í Sámsey að vori.³ Vitaskuld koma þeir félagar til Sámseyjar á tilsettum tíma. Í *Örvar-Odds sögu* er enginn slíkur aðdragandi heldur koma Angantýr og bræður hans að þeim félögum í Sámsey, þar sem þeir eru í óðaönn að heyja sér við í skip sín, og leggja fyrirvaralaust til atlögu við þá enda hafði Angantýr haft spurnir af þeim áður og talið þá verðuga andstæðinga.

Fjöldi handrita er vitnisburður um vinsældir sagnanna tveggja meðal alþýðu öldum saman. Þessar sögur byggjast að nokkru leyti á eldri hetjukvæðum sem kunn voru víða um Norðurlönd á elstu tímum. Sögninni var einnig haldið lifandi í sænskum og dönskum ballöðum og norskum og færeyskum sagnakvæðum og sagnadönsum langt fram eftir öldum þótt einstök atriði í frásögninni séu ekki ávallt hin sömu. Hennar sér hins vegar lítil merki í varðveittum íslenskum sagnadönsum og vikivökum sem gefnir hafa verið út. Þeir Hjálmar og Angantýr eru þó að minnsta kosti nefndir á einum stað í viðkvæði í *Kappkvæði* sem hljóðar svo:

Ángantýr og Hjálmar
hjuggust þeir í ár.
Sundur var í brynjunni
hríngurinn blár.⁴

Aftur á móti eru dæmi um það frá 19. öld að sögnin um bardagann í Sámsey hafi lifað í leikjum stráka á Íslandi þegar þeir léku hann í gervi Arngrímssona, Örvar-Odds og Hjálmars hugumstóra. Það sýnir hversu hugstæð hetjusagan var alþýðu og má eflaust rekja til fornaldarsagnanna tveggja en síðast en ekki síst til rímna um hetjurnar.⁵

Saxi hinn málsþaki hefur einnig haft veður af sögninni um Angantý og sverðið Tyrfing (og heyrt hana ef til vill af vörum Íslendingum). Saxi tekur hana þó upp í talsvert annarri mynd frá Hlöðskviðu eða eftir eldri gerð hennar í 5. bók og að nokkru einnig í 6. bók *Danasögu* sinnar (*Gesta Danorum*, dönsk þýð. *Danmarks Krønike*) í frásögn af bardaga Fróða þriðja Danakonungs við Húna. Saxi fjallar um bardagann í Sámsey á svipuðum nótum og gert er í *Örvar-Odds sögu* en ástarsöguna vantar í frásögn hans. Hjá honum er megintil-

³ Sjá *Hervarar saga* og *Heiðreks*, bls. 192–193.

⁴ Sbr. *Íslenzkar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur* III:341.

⁵ Sjá *Íslenzkar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur* VI:349.

gangur þeirra Örvar-Odds og Hjálmars með komunni til Sámseyjar að afla viðar til að gera við eitt skipa sinna eins og raunin er einnig í *Örvar-Odds sögu*.⁶

Yfirlit yfir rímur um Hjálmar hugumstóra og Ingibjörgu

Ástarsögur eru fáar í fornaldarsögum, aðeins saga Hjálmars og Ingibjargar og *Friðþjófs saga frækna* geta talist hreinar ástarsögur.

Á fyrstu áratugum 19. aldar verður sögnin um Hjálmar hugumstóra og Ingibjörgu rímnaskáldum hugstætt yrkisefni. Það má efunarlaust í fyrstu rekja til útgáfu á *Rímum af Hervöru Angantýrsdóttur* eftir Ásmund Sæmundsson í Hrappsey árið 1777 en áreiðanlega einnig til útgáfu C.C. Rafns á fornaldarsögum á árunum 1829–1830. Þá urðu þessar sögur aðgengilegri en áður hafði verið þótt vissulega lifðu þær í huga fólks og sæg handrita meðal alþýðu.⁷ Þótt margir alþýðumenn hafi ekki haft ráð á að kaupa útgáfu Rafns þýddi það ekki að þeir hefðu ekki aðgang að sögunum. Þess eru jafnvel dæmi að sögur úr útgáfu Rafns væru skrifaðar upp til að eiga þær ávallt tiltækar til heimabruks. Þannig lokaðist hringurinn: saga í handriti → prentuð bók → aftur handrit. Alþýðuútgáfa Valdimars Ásmundssonar 1885–1889 var hins vegar á viðráðanlegu verði fyrir mun fleiri og varð svo feikilega vinsæl að hún var endurprentuð 1891.

Vitað er um fjölmörg skáld sem spreyta sig á hetju- og ástarsögninni um Hjálmar og Ingibjörgu og eru að allt fram til ársins 1960. Flestar rímurnar af þeim eru þó ortar á seinni hluta 19. aldar og víða má þá sjá gæta áhrifa frá rómantísku stefnunni. Sumar voru rímurnar prentaðar þegar um og eftir 1860 en þær voru þó ekki margar. Skáldin, sem yrkja inn í þessa hefð, eru sum hver þjóðkunn og fróðlegt að velta fyrir sér hvernig þau dreifðust um landið. Rímur og annar kveðskapur um efnið, eftir því sem næst verður komist, er eftirfarandi. Þó getur verið að fleira leynist í handritasöfnum.

- 1) *Rímur af Hervöru Angantýrsdóttur* eftir Ásmund Sæmundsson (á lífi 1649, látinn fyrir 1656), ortar um 1640, prentaðar í Hrappsey 1777. 20 rímur. Ásmundur var Eyfirðingur.

⁶ Sbr. Stephen A. Mitchell. „The fornaldarsögur and Nordic Balladry: The Sámsey Episode across Genres.“ *Fornaldarsagornas struktur och ideologi*, bls. 250.

⁷ Sjá nánar Matthew James Driscoll. „Fornaldarsögur Norðurlanda: The stories that wouldn't die.“ *Fornaldarsagornas struktur och ideologi*, bls. 257–267.

- 2) *Rímur af Hervöru og Heiðreki konungi* eftir Gísli Konráðsson (1787–1877), ortar fyrir Jón Espólm sýslumann og sagnaritara árið 1823, óprentaðar. 14 rímur. Gísli var Skagfirðingur en bjó síðast í Flatey á Breiðafirði.
- 3) *Hjálmarskviða* eftir Hjálmar Jónsson frá Bólu (1796–1875), ort skömmu fyrir 1836, prentuð í Reykjavík árið 1905, 2. útg. í *Rútsafni* IV, Reykjavík 1949. 75 erindi. Hjálmar fæddist í Eyjafirði en bjó lengst af í Skagafirði.
- 4) *Eftirmæli eftir Hjálmar hugumstóra* eftir Guðrúnu Þórðardóttur (1816–1896) á Gróustöðum og Valshamri í Geiradal, ortar fyrir árið 1852, óprentuð. 44 erindi. Guðrún var Barðstrendingur en flutti til Vesturheims árið 1883.
- 5) *Banaljóð Ingibjargar Ingadóttur* eftir Björn Friðriksson Schram (1843–1930), ef til vill ort 1857–58, óprentað. 48 erindi. Björn var Húnvetningur en bjó lengstum á ýmsum bæjum í Skagafirði.
- 6) *Rímur af Hjálmari hugumstóra* eftir Hallgrím „lækni“ Jónsson (1787–1860), ortar 1857, prentaðar á Akureyri árið 1859, 2. útg. Reykjavík 1909. 7 rímur, alls 703 erindi. Hallgrímur var Þingeyingur en fluttist um tvítugt í Skagafjörð.
- 7) *Ríma af Hjálmari og Ingibjörgu* eftir Sigurð Bjarnason (1841–1865), ort skömmu fyrir 1860, prentuð í Reykjavík 1865, 2. útg. Reykjavík 1890, 3. útg. Winnipeg 1898, 4. útg. Wynyard 1911, 5. útg. Reykjavík 1934. 230 erindi. Sigurður var Húnvetningur.
- 8) *Ríma um dauða Hjálmars hugumstóra* eftir Brynjólf Jónsson (1838–1914) frá Minna-Núpi, ort árið 1860, óprentuð. 77 erindi. Brynjólfur var Árnesingur.
- 9) *Hjálmarskviða* eftir Brynjólf Oddsson (1824–1887), ort fyrir 1869, prentuð í *Nokkrum ljóðmælum* í Reykjavík árið 1869. 46 erindi. Brynjólfur var Borgfirðingur sem stundaði lengstum bókbænd í Reykjavík.
- 10) *Bardagaríma Hjálmars og Örvar-Odds við Angantýssonu í Sámsey* eftir Gísli Brynjúlfsson (1827–1888), ort í okt.–nóv. 1869, óprentuð. 250 erindi. Gísli var Austfirðingur en bjó í Reykjavík og lengstum í Kaupmannahöfn.
- 11) *Ríma af Hjálmari og Ingibjörgu* eftir Einar Jónsson (1845–1880), ort árið 1870, skrifuð árið 1871, óprentuð. 158 erindi. Einar var Borgfirðingur.
- 12) *Hjálmar hugumstóri í fjörbrotunum* eftir Tómas Guðmundsson víðförla (1829?–1895), óvíst hvenær ort, óprentað. 101 erindi.

- Tómas bjó ýmist í Norður-Ísafjarðar- eða Austur-Barðastrandarsýslu.
- 13) *Hjálmarskviða hugumstóra* eftir Hans Natansson (1816–1887), óvíst hvenær ort, undir dróttkvæðum hætti, prentuð í *Ljóðmælum* skáldsins í Reykjavík árið 1891. 62 erindi. Hans var Húnavetningur.
 - 14) *Ingibjargarkviða* eftir Hans Natansson (1816–1887), óvíst hvenær ort, óprentuð. 33 erindi.
 - 15) *Hjálmarskviða* eftir Tómas Jónasson (1835–1883), óvíst hvenær ort, óprentuð. 15 erindi. Tómas var Þingeyingur.
 - 16) *Angantýr og Hjálmar* eftir Magnús Hj. Magnússon á Þröm (1873–1916), ort árið 1906 fyrir Áslaugu Gísladóttur, prentað á Ísafirði árið 1908. 221 erindi. Magnús var Álftfirðingur og bjó víða á Norðanverðum Vestfjörðum.
 - 17) *Hjálmar hugumstóri* eftir Helga Björnsson (1886–1956), prentað í *Örvum* í Reykjavík 1926. 53 erindi. Helgi var Borgfirðingur.
 - 18) *Hjálmar og Ingibjörg* eftir Guðmund Ingiberg Guðmundsson (1887–1961), ort 1960, óprentað. 64 erindi. Guðmundur var Reykvíkingur en langafi hans í móðurætt var Bólu-Hjálmar.
 - 19) *Sáravísur um Hjálmar hugumstóra*. Samantekt úr handritum Kára S. Sólmundarsonar (1877–1960) eftir að minnsta kosti sautján aðra höfunda frá ýmsum tímum allt til ársins 1932. Kári var Dalamaður.
 - 20) *Ríma af Hjálmari og Ingibjörgu* eftir Þórð Þórðarson Grunnvíkingur (1878–1913). Í mansöng 1. rímu sinnar telur Magnús Hj. Magnússon hann meðal höfunda sem ortu um efnið og er ekki ástæða til að rengja hann um það enda voru Magnús og Þórður nánir skáldbræður. Í handritum Þórðar, sem bárust Handritadeild Landsbókasafns árið 1998, finnst þessi ríma hins vegar ekki.⁸ Þrjár rímur eftir Þórð voru prentaðar í smáriti hans *Carmínu*, sem kom út í Reykjavík árið 1913, en þar er ekki ríman um Hjálmar og Ingibjörgu. Hún verður því að teljast glötuð nema annað komi á daginn síðar. Þórður var ættaður úr Jökulfjörðum.
 - 21) Glötuð ríma um efnið eftir Símon Dalaskáld Bjarnarson (1844–1916). Í mansöng 1. rímu sinnar telur Magnús Hj. Magnússon hann einnig meðal höfunda sem ortu um efnið. Ekki hefur höfundur þessarar greinar tekist að hafa uppi á þessari rímu

⁸ Sbr. Þórður Þórðarson Grunnvíkingur. *Aðfangaskrá Lbs. 15. okt. 1998.*

í handritasöfnum frekar en Finni Sigmundssyni. Símon var Skagfirðingur en flakkaði um landið og seldi rímur sínar og kveðlinga sem hann lét prenta.

Skylt efni kann að leynast í rímum sem ortar voru um Örvar-Odd, til dæmis í *Rímum af Örvar-Oddi* eftir Hafliða Finnbogason (1835–1887) sem ortar voru árið 1864 (*Lbs. 2456, 8vo* og *Lbs. 2956, 8vo*), alls 20 rímur. Í þessum rímum er hlaupið að mestu yfir þátt Hjalmar og ævintýri hans með Örvar-Oddi.

Þegar dreifing rímnaskáldanna um landið er skoðuð kemur ýmislegt forvitnilegt í ljós. Þar eru Skagfirðingar iðnastir, eða fjórir. Norðlendingar eiga alls tíu fulltrúa, Vestlendingar (með Reykjavík) og Vestfirðingar níu. Sunnlendingurinn er aðeins einn og Austfirðingurinn er líka aðeins einn en hann flutti ungur til Reykjavíkur og bjó þó lengstum í Kaupmannahöfn og orti sína rímu þar. Skipting skáldanna eftir uppruna og búsetu í landshlutum er ekki ólík því sem ætla má að bækur Hrappeyjarprentsmiðju hafi náð að berast. Yrkisefnið um Hjalmar hugumstóra er því greinilega langvinsælast á norðvestan- og vestanverðu landinu. Fæðingarstaðir og búseta kvæðamanna, sem koma við sögu á korti í *Silfurplötum Iðunnar*, er svo til sú sama.⁹ Finnur Sigmundsson tók einnig saman yfirlit yfir búsetu allra rímnaskáldanna sem eru um 480 í heild:

Þau eru úr öllum sýslum landsins, en þó er hlutur Norðlendinga mestur að höfðatölu. Mun láta nærri, að fjórar sýslur, Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Eyjafjarðarsýsla og Þingeyjarsýsla, eigi helming rímnaskáldanna, og skiptast þau nokkurnvegin jafnt á sýslurnar. Næst koma Múlasýslur, þá Borgarfjarðarsýsla, Dalasýsla og Snæfellssýsla.¹⁰

Talning mín kemur nokkurn veginn heim og saman við talningu Finns, að því undanskildu að hlutur Múlasýslu er mun betri en hjá mér en hlutur Vestfirðinga og Vestlendinga verri hjá honum.

⁹ Sjá *Silfurplötur Iðunnar*: 278–279. Þetta gæti gefið tilefni til kenningarsmiðar. Sagnaritun að fornu virðist hafa verið mest stunduð á norðvestanverðu landinu, hvað sem öðru líður er meirihluti söguviðs Íslendingasagna í þessum landshlutum. Skyldi nú svo vera að af þessu megi ráða að bókmenntaiðja og bóklestur á landinu myndi samfelli allt frá elstu tímum fram á okkar daga.²

¹⁰ Finnur Sigmundsson. *Rímnatal* I:ix.

Einstakar rímur um Hjálmar og Ingibjörgu

Rímur af Hervöru Angantýrsdóttur eftir Ásmund Sæmundsson

Rímurnar eru varðveittar í tíu handritum í Handritadeild Landsbókasafnsins og tveimur í Árnasafni. Eitt þeirra, *Lbs. 470, 4to*, er hugsanlega að hluta til eiginhandarrit.¹¹ Ásmundur tileinkaði þær Birni Pálssyni sem var sýslumaður Eyfirðinga á árunum 1640–1669 en Sigríður dóttir Björns var kona Jóns Torfasonar prests á Breiðabólstað í Fljótshlíð sem lét Árna Magnússon fá handritin að rímunum (*AM 612 b, 4to* og *AM 614 b, 4to*). Jón Helgason taldi að rímurnar væru ortar út frá U-flokki handrita sögunnar en þó ekki sjálfu aðalhandritinu U heldur glötuðu handriti sem hann nefndi u_3^* .¹² U er lakasta handritið en það var þó lagt til grundvallar í útgáfu Verelíusar af sögunni í Uppsölum árið 1672. Jón birtir það ekki sem aðaltexta í sinni útgáfu á sögunni heldur hefur R og H sem aðaltexta samhliða á síðu. U-textann gefur hann síðan út sérstaklega á eftir aðaltextunum. Handritið U barst með Jóni Rugmann til Svíþjóðar árið 1658 og hann segir að Páll Hallsson (Björnssonar sýslumanns) hafi skrifað það. Páll var innritaður í Hafnarháskóla árið 1647 og varð síðar prestur á Sjálandi. Handritið er fullt af villum og Jón Rugmann gefur því hraklega einkunn: „... kemur það svo til á Íslandi að sögur skrifast af viðvaningum og lítt fróðum, og fara því klausur stundum á víðisvang, frá sinni uppruna meiningu, eður ífrá hans meiningu sem fyrst hefur skrifað.“¹³ Rímur Ásmundar víkja oft talsvert frá sögunni eins og hún er í R og H en Ásmundur getur hafa haft annan og betri texta (ef til vill $u_3(?)$) fyrir framan sig til að yrkja út af en er í U eða stuðst við munnlega arfleifð sem hann hefur síðan leikið sér með að vild. Hér er að minnsta kosti ljóst að textafræðin veitir ekki öll svörin um uppruna rímnanna þótt vissulega sé hún hjálpleg. Jón Rugmann reyndi meira að segja – eftir minni! – að leiðrétta handritið á spássíu eftir rímum Ásmundar.

Í þessari grein er tekið mið af prentaða texta rímnanna eins og hann birtist í Hrappseyjarútgáfunni 1777 vegna þess að ætla má að sá

¹¹ Sjá nánar um handritin öll: Finnur Sigmundsson. *Rímnatal* I:223 og Jón Helgason. „Innledning.“ *Heiðreks saga: Hervarar saga ok Heiðreks konungs* bls. xxvi–xxix.

¹² Sjá nánar inngang Jóns, bls. xlviii–lx.

¹³ Tilv. fengin úr sama inngangi Jóns, bls. xxi.

texti hafi haft mest áhrif á rímnaskáldin sem á eftir komu. Rímurnar eru alls 20 en aðeins verður fjallað um fjórar fyrstu rímurnar og 15 fyrstu vísur fimmtu rímu sem varða efni þessarar greinar, alls 347 vísur.

Um höfundinn er fátt vitað en hann er talinn fæddur um 1580–1590. Hann var á lífi árið 1649 en látinn fyrir 1656. Helst verður ráðið af rímunum að hann hafi verið orðhvatur, lífsglaður og fátækur Eyfirðingur frá Samkomugerði, sem var um hans daga orðið „eyðistekkur“ (sbr. I 17), og verið allnokkuð við aldur, eins og fram kemur í mörgum mansöngsvísum (t.d. I 1), þegar hann orti rímurnar. Auðsýnt er að hann hefur verið ólærður alþýðumaður en hann hefur samt náð að heyja sér nokkur latnesk tökuorð sem hann grípur til í rímunum. Auk þess er svo að sjá af ýmsum mansöngsvísum að hann hafi borið takmarkaða virðingu fyrir jafnt geistlegum sem veraldlegum yfirvöldum, sbr. vísur þar sem Jón Helgason telur að Ásmundur hafi sett ofan í við Hall Björnsson lögsagnara sem vegna harðneskju sinnar var kallaður hinn harði. Óbilgirni hans má ráða af því að hann réttaði yfir frænku sinni áður en hún hafði náð að jafna sig eftir barnsburð:

X 5

Stendur innlendum virðum ver
að vinna á kvinnu skyldri sér,
einkum krenking ef hún ber
áður og þjáð í súta hver.

X 7

Gírugan ýring blóðs með bann
bar að varast hvern með sann,
þó vetur létist vera hann
vamma gamall sýslumann.

Í fyrstu rímu (I 8) nefnir Ásmundur fjandmenn sína og gæti þá ef til vill átt við Hall en ekki er vitað hvort hann átti í sökum við hann. Hann ýjar einnig að því fyrr í sömu rímu að hann gæti vel ort ákvæðavísu gegn fjandmönnum sínum en stilli sig þó um það:

I 5

Þó hefði eg soddan hróðrar snert
að hrífa nokkrum skyldi,
er sá sæll sem illt gat gert
og ekki heldur vildi.

Í formála *Hervarar sögu og Heiðreks konungs* ræður Jón af þessum vísu að rímurnar hafi verið ortar um 1640 því að Hallur var aðeins

sýslumaður í tæpt ár 1639. Þær eru til í eftirriti frá árinu 1656 og þar er talað um höfundinn sem „heitinn“.

Af fyrsta mansöngnum (I 1–21) má nokkuð ráða hver hugðarefni skáldsins eru. Að sið rímnaskálda afsakar hann iðulega fákunnáttu sína við meðferð skáldamjaðarins (t.d. I 2 og I 16) en liggur ekki á skoðun sinni um hvað sé eftirsóknarverðast í heimi hér:

I 11

Tel eg það fyrsta ljóðið lént,
líka drykk og fæði,
illum, góðum er það hent,
einninn föt og skæði.

I 14

Hóflegt gaman horskri þjóð
hamlar verra stundum,
bögur mínar býð því ljóð
blíðu gullhlaðs grundum.

I 12

Þætti vanta þó á eitt
þegn og lindi beðja
ef skildu ei af skemmtan neitt
er skatna mætti gleðja.

Í öðrum mansöng deilir hann á hræsni í trúmálum:

II 6

Mér sýnist betur sjá út rímur sumum tíðum
heldur en flapra hræsni meður
heilagt orð sem kannske skeður.

II 7

Er það fátt sem ekki nokkuð af þér lærið,
svo mun það um sögurnar varið
það sé ei minna en ekki parið.

Að öðru leyti er fjallað um skáldskapinn á sömu nótum og í fyrstu rímu og sömu sögu er að segja í mansöngvum þriðju og fimmtu rímu.

Í rímunum fylgir Ásmundur í meginatriðum U-gerð sögunnar sem við þekkjum þótt hann hafi samt talsvert umframefni, einkum í upphafi. Óbeinni ræðu breytir hann oftast í beina ræðu en oft bregður samt fyrir orðalagi sem er nánast orðrétt úr sögunni. Ásmundur setur efnid í leikrænan búning, hefur atriðaskiptingu stundum öðru vísi en í sögunni og vinnur þannig á sjálfstæðan hátt. Þetta spillir þó engan

vegin framvindu sögunnar. Fyrir kemur að Ásmundur leggur Örvar-Oddi í munn það sem sagan lætur Hjálmar segja og öfugt:

III 102

Mælti Oddur móti því í málasvifum:
„Þeir munu deyja þar, við lifum.

III 103

Við hvörja viltu heldur berjast Herjans vina,
Angantýr eða alla hina?“

III 104

Hjálmar svarar: „Hvört sem þykir hættumeira,
að þeim skal eg orustu keyra.“

III 105

„Þá afræður þú hið verra í þrautum erjast
við Angantýr ef ætlar berjast.

III 106

Af því hann hefur eitrad sverðið ofbítandi,
það má heita í hendi fjandi.“

III 107

Birti Hjálmar: „Brynjan mín svo bröndum hefti
að aldrei sár eg í henni hreppti.“

III 108

Skyrtu mína,“ skrafaði Oddur, „skalt hér líta
að ekkert járn má á hana bíta.“

III 109

Kóngborinn sig kvað hann Hjálmar kjörinn til láða:
„Á eg því fyrir okkur að ráða.“

Tvennt skilur þó einkum milli sögu og rímna þar sem frásögn þeirra er mun fyllri. Fyrri atriðið er að upphaf rímnanna á sér ekki samsvörun í handritum þegar segir frá uppruna Óðins og Álfs annars vegar og ætterni Goðmundar á Glæsisvöllum hins vegar. Það efni er í ætt við veraldarsögur miðalda og hefur snertifleti við *Prologus Snorra-*

Eddu. Ættir eru raktar frá sonum Nóa, þeim Kam og Jafet. Frá Kam er komið heiðið illþýði sem flúði af Kanaanslandi í Jötunheima og settist að norður í Gandvík í Risalandi. Af þessum fólum er Goðmundur á Glæsisvöllum kominn. Í ríki hans er Ódáinsakur þar sem sótt og elli bitur ekki á neinn. Eftir þetta verður ættarsaga Goðmundar samhljóða sögunni.

Höfundur, sonur Goðmundar, er faðir Arngríms sem sækir sér konuefnið Ámu úr Mann(a)heimum. Þau eiga Hergrím og hann sækir sér að konu Ögn úr Jötunheimum og þau eiga Grím sem síðar kallast Eygrímur og Starkaður Stórvirksson tekur í fóstur eftir að hafa fellt föður hans. Eygrímur gengur að eiga Bauggerði dóttur Starkaðar og Álfhildar Álfsdóttur. Þau setjast að í eyrni Bólms á Hálogalandi og eiga saman Arngrím, föður Angantýs og berserkjanna bræðra hans, sem Hjálmar og Örvar-Oddur berjast við.

Frá Jafet syni Nóa er komið frítt en heiðið fólk sem um síðir tekur sér bólfestu í Mann(a)heimum. Foringjar þessa liðs eru þeir Óðinn kóngur og Álfur kóngur en af honum segir í færeysku sagnakvæði, en þó er efnið þar með öðrum hætti þar sem hann tengist sögu Hálsrekka.¹⁴ Eftir það kom Tyrkja lið í Tróju til ríkis Óðins og batt við hann grið. Samgangur gerðist mikill með þessum þjóðum þar sem Óðinn nefndi Mann(a)heima. Þangað sóttu risar sér tíðum konur og þjóðirnar blönduðust. Óðinn tók sig síðan upp og margt lið með honum og fór norður til Svíaveldis með viðkomu í Saxlandi líkt og lýst er í *Prologus Snorra-Eddu*. Af Álfi er það að segja að hann sest að í Austurríki. Þetta efni í rímunum er umfram söguna.

Frá þeim Óðni og Álfi eru miklar ættir. Í því efni eru rímurnar og sagan samhljóða. Óðinn eignast soninn Sigurlama sem gengur að eiga dóttur Gylfa konungs í Svíaveldi og þau setjast að í Gardaríki. Þau eiga Svafurlama en hann gengur að eiga Fríði Þjassadóttur úr Jötunheimum og þau eiga saman Eyfuru móður Arngrímssona. Ör-lagasverðið Tyrfing hafði Svafurlami eignast með því að setja dvergum afarkosti til að smíða það en þeir leggja á það álög áður en þeir skjótast inn í stein sinn. Dóttir Álfs er Álfhildur sem gengur að eiga Starkað Stórvirksson eftir að hann hafði fellt Hergrím bónda hennar eins og fyrr var getið. Þeirra dóttir er Bauggerður sem gengur að eiga Eygrím í Bólms. Þeirra sonur er Arngrímur sem gengur að eiga Eyfuru og þeirra synir eru Angantýr og bræður hans sem berjast við Hjálmar og Örvar-Odd. Áður en að því kom hafði Angantýr kvænast

¹⁴ „Alvur kongur“, bls. 38.

dóttur Bjartmars jarls í Aldeigjuborg. Þar með hafa ættir Goðmundar, Óðins og Álfs tengst að endingu.¹⁵

Af framgreindri ættakningu leiðir að Arngrímssynir eru því hvorttveggja komnir af Jafet og Kam Nóasonum og fyrrnefndu illþýði, afkomendum Kams. Þetta ætterni skýrir hvorttveggja mennskt eðli þeirra og berserksganginn sem á þá rennur þegar svo ber undir.

Næst víkur sögunni að heitstrengingu Hjörvarðs Arngrímssonar í Bólum um að ganga að eiga enga aðra konu en Ingibjörgu dóttur Yngva konungs í Svíþjóð.¹⁶ Þangað fara þeir bræður bónorðsför en Hjálmar landvarnarmaður Yngva getur ekki með nokkru móti séð á eftir Ingibjörgu í sæng með Hjörvarði og hefur einnig upp bónorð við Ingibjörgu. Þar með hefst ástarsagan sem leiðir til einvígisins í Sámsey. Faðir Ingibjargar skýtur málinu til hennar og hún kys Hjálmar. Þessi þáttur sögunnar er ekki þaninn út eins og síðar verður hjá öðrum rímnaskáldum heldur er hann mjög samhljóða sögunni.

Annað atriði í framvindu frásagnarinnar, þar sem miklu skakkar milli sögu og rímna, er bardaginn í Sámsey sem lýst er í löngu máli (IV 11–62), mun nákvæmar en í sögunni og oft með miklum tilþrifum, svo sem berserksganginum á Arngrímssonum sem ekki eru beinlínis frýnilegir:

IV 12

Þjar skóku um eyjar veg,
æstum hvor var vundur,
grimmlega tóku að grenja mjeg
og geifluðu skjaldarrendur.

IV 45

Við atvik þetta ískraði sút
illskutrylldum mönnum,
tungur rétta allir út
og urguðu saman tönnum.

IV 42

Allir héldu um Óma bál
afmyndaðir að skoða,
gnöguðu skjöld en gnýðu stál
og gaus út úr þeim froða.

¹⁵ Það er með vilja gert að hafa endursögn ættartengslanna ítarlega þótt hún sé raunformáli að sögu Hjálmars og Ingibjargar. Henni er einkum ætlað að vera til skilningsauka í eitt skipti fyrir öll þegar fjallað verður um aðrar rímur.

¹⁶ Bústaður Yngva er ekki sá sami í sögunum. Í *Hervarar sögu og Heiðreks konungs* bíður Ingibjörg í festum í Uppsölum en í *Örvar-Odds sögu* í Sigtúnum. Þetta atriði má með öðru hafa til marks um hvorri sögunni skáldin ortu eftir.

Dánaróður Hjálmars (IV 63–70) er einnig í mörgu mjög á skjön við vísur sögunnar sem hér eru settar til hliðar til samanburðar en þær eru mun ítarlegri:

Ríma

„Sextán eru sár mér gerð,
svaraði Hjálmar Oddi,
„eggín ber í eitri herð
inn við hjartað loddi.

Hjálmur er bæði höggvinn minn,
hér með brynjan góða,
hleypur mæði í hjartað inn
heljar til að bjóða.

Fimmtán borgir forðum hér
fríðar átti á láðum
með orma torgir undi mér,
aldri þó í náðum.

Því skal hyggja af hýrri frú
og hrósa rauðum baugi,
verð eg liggja látinn nú
lífs andvana í haugi.

Aldrei lífs mig aftur sér
Ingibjörg mín kæra,
hringinn vífs af hendi mér
henni skaltu færa.

Fingra þvita foldin mig
fríðust síðast leiddi
á Agnarsfit svo elskulig
eins og hugurinn beiddi.

Góss af auði, gull og mey
gleðja mig nú eigi,
feigð og dauði í fálu þey
finn eg á þessum degi.

Dánaróður Hjálmars í U-gerð

„Sár hef eg sextán,
slitna brynju;
svart er fyrir sjónum,
seinka eg að ganga;
hneit mér við hjarta
hjör Angantýrs
hvass blóðrefill
herður í eitri

Átti eg á foldu
fimm tún saman,
en eg því aldrei
undi á láði;
nú verð eg liggja
lífs andvani,
sverði undaður
Sáms í eyju.

[...]

Dragðu mér af hendi
hringinn rauða,
færðu minni ungu
Ingibjörgu;
sá mun henni
hugfastur tregi
ef hún síðan mig
sér aldrei.

Hrafn og ernir austan að
um Sámsheiði fljúga,
bráðir kernar beint í stað
af blóði mínu sjúga.“

Hrafn flýgur austan
af hamars heiði,
flýgur honum eftir
örn í sinni;
þeim gef eg erni
efstum bráðir;
sá mun af blóði
bergja mínu.

Eins og glögg má sjá ber hér talsvert á milli. Ríman er mun fáorðari í flestum tilvikum en hún er þó á stöku stað með aukafni sem ekki er í sögunni.

Rétt er að minnast á eitt atriði að lokum. Í sögunni vildi Ingibjörg ekki lifa eftir Hjálmar og réð sér bana. Ásmundur hefur ekki fellt sig við það og grípur til mildari meðala að hætti *Órvar-Odds sögu* með því láta hana deyja af sorgum og bætir síðan við að þau hafi verið heygd saman.

Ásmundur yrkir undir fjölbreyttum bragarháttum og skiptir um bragarhátt í hverri rímu eins og venjan var. Skáldamál er einfalt, þ.e. heiti og kenningar mjög í anda „eddu reglu“ þar sem kenningar eru aðeins í tveimur liðum.

Jón Helgason gefur skáldinu Ásmundi ekki háa einkunn: „[...] metnaður þessa rímnaskálds eins og margra annarra var að kveða sem dýrast, og verður fátt eftir af orðalagi kviðunnar [þ.e. Hlöðs-kviðu] í hnoði hans.“¹⁷ Þetta er harður dómur sem byggist líklega fremur á forsendum textafræði en að veita því athygli hvernig Ásmundur umskapar efnið á sjálfstæðan hátt svo að úr verður dramatísk ríma með tíðum atriðaskiptingum og sviðslýsingum og lífflegum samtölum auk stórkarlalegra bardagalýsinga í gróteskum stíl.

*Rímur af Hervöru og Heiðreki konungi
eftir Gísli Konráðsson*

Sagnaþulurinn Gísli Konráðsson (1787–1877) bjó á Skörðugili í Seyluhreppi og víðar í Skagafirði en fluttist til Flateyjar á Breiðafirði árið 1852 og bjó þar til dauðadags. Hann var erfiðismaður mestan hluta ævinnar en sískrifandi þegar tóm gafst til frá daglegu amstri. Eftir

¹⁷ Jón Helgason. *Kviður af Gotum og Hínum*, bls. 151.

hann liggur sægur handrita í Landsbókasafni, jafnt frumsamið efni (einkum sagnaþættir og rímur) sem og uppskriftir rita annarra manna. Talsvert af efni eftir hann hefur verið prentað en annað ekki.¹⁸

Rímur af Hervöru og Heiðreki konungi voru ortar árið 1823 að beiðni Jóns Espólíns sýslumanns og sagnaritara, enda er hann mærdur í mörgum mansöngvum rímnanna. Gísli var náinn vinur Jóns í þrjú áratugi en hann hvatti Gísla til skrifta og lánaði honum bækur. Rímurnar eru 14 talsins og hafa ekki verið prentaðar en eru til í sjö handritum í Handritadeild Landsbókasafns, þar af fjórum eiginhandarritum. Hér verður aðeins fjallað um tvær þær fyrstu og 53 fyrstu vísurnar í þriðju rímu enda varða þær efni þessarar greinar, alls 255 vísur.

Í þessum rímum gefst kostur á að gægjast aðeins yfir öxl höfundar og sjá betur en hjá Ásmundi hvernig vinnubrögðum hans var háttað. Meginheimild Gísla er *Hervarar saga* og *Heiðreks konungs* en hann styðst við fleira. Geta má sér til að hann hafi fengið Uppsalaútgáfu Vere-liusar 1672 eða Kaupmannahafnarútgáfu Stefáns Björnssonar 1785 að láni hjá Jóni Espólín eða haft eitt eða fleiri handrit af sögunni undir höndum. Í handritum Gísla er *Örvar-Odds saga* (ÍB 384, 4to í uppskrift Páls Sveinssonar á Steinsstöðum) og hana hefur hann einnig notað. Rímur Ásmundar hefur hann líka þekkt enda ber hann lof á Ásmund í mansöng þriðju rímu:

III 5

Eru bundin bragarföng
Bifurs ker þó spennu
því Ásmundar öflgan söng
aldinn hér eg kenni.

III 7

Enn sanna flestir sinnar hér
síla bólmar funa,
langtum best hans yrkið er
ort um hólmgönguna.

III 6

Það mér hneigist helst í grun
– hræsnislaust er þetta –
hægt að eigi hönum mun
hróður traustar flétta.

III 8

Hyggjan mín hans heldur ljóð,
Hnikars sjáldrið þægsta,
og í sínum aldur móð
orustuskáld var frægsta.

¹⁸ Sjá nánar um helstu æviatriði Gísla í formála Jóns Torfasonar að *Húnvetninga sögu* Gísla, I:1–4. Gísli skrifaði einnig sjálfur ævisögu sína: *Æfisaga Gísla Konráðssonar*. Um rit Gísla sjá Páll Eggert Ólason. *Íslenskar æviskrár* II:66–67.

Það þótti aldrei tiltökumál hjá rímnaskáldum að eitt skáld færi í smíðju til annars. Í eldri gerð rímnanna (*ÍB 946, 8vo*) er vísa sem Gísli felldi út í yngri gerðinni (*Lbs. 2109, 8vo*). Hann hefur líklega talið skyldleikann við eina vísu Ásmundar of mikinn:

Ásmundur:

IV 45

Við atvik þetta ískraði sút
illskutrylldum mönnum,
tungur rétta allir út
og urguðu saman tönnum.

Gísli:

III 25

Heljarmönnum sylli sút,
sveigja leiftur næði,
gnístu tönnum, tungur út
teygðu af heiftaræði.

Gísli er fáorður um eigin hagi í mansöngvunum en þó kemur vel fram ást hans á fræðum og skáldskap:

III 3

Mín þó lundin geti' ei greitt
grundað óðar þrýði,
það er undur eg hvað heitt
elska ljóðasmíði.

III 4

Yndi búið er svo mér
óðs við nýta gaman,
meinum rúin öllum er
orð ef hnýti saman.

Svo vel vill til að Gísli lýsir sjálfur vinnubrögðum sínum við samningu rímnanna strax í mansöng fyrstu rímu:

I 8

Sjálfur penna blað á bar,
betrun sagna taldi,
óðs að störfum exemplar
eitt hið besta valdi.

En hann hefur haft fleiri „exemplör“ til hliðsjónar eins og fræðimanni sæmir. Tvær vísur hefur hann innan sviga svo að þær eru eins og hverjar aðrar neðanmálgreinar í fræðiriti:

I 63

(En sums staðar sögn af rann
svo til bera gerði:
Brjóst og iður buðlungs hann
beitu klyfi sverði.)

I 65

(Annars staðar telst það téð
til svo þetta gengi:
Hersforræði hilmir með
hefði Arngrímur lengi.)

Gísli sleppir forsögunni um ferðalag Óðins og Álfs eins og hún er hjá Ásmundi en dálæti hans á bardagalýsingum er svipað og hjá honum. Gísli fylgir einnig sögunni nákvæmar en Ásmundur, svo sem orðaskiptum Örvar-Odds og Hjálmars fyrir bardagann í Sámsey. Þar fylgir hann fyllri frásögn *Örvar-Odds sögu* enda átti hann söguna í handritum sínum. Þaðan hefur hann einnig *Dánaróð Hjálmars* sem meðal annars sést af því að hann segir „Tún eg átti fimm ...“ en í *Hervarar sögu* og *Heiðreks konungs* stendur „Fimmtán borgir forðum hér ...“. Engu að síður breytir hann aðeins röðinni í frásögninni sem hann styttr nokkuð en orðalagslíkingar leyna sér ekki. Til samantburðar eru textarnir birtir hér hlið við hlið en sleppt nafnaþulunni um bekkjarnauta Hjálmars við hirðina í Uppsölum:¹⁹

Vísur Gísla:

III 36–49

Sárin styrjar sextán ber,
sundur treyjan spanga,
svart er fyrir sjónum mér,
sé ég ei að ganga.

Mér því hneit við hugar flís
hjörs í grefa skarði
herður eitri Angantýs
unda refill harði.

Tún eg átti fimm alfrjó
fögrum hér á láðum,
en samt mátti' eg aldrei þó
una mér í náðum.

Öndu skerður, æða þurr,
auðs af megin hyggja,
hlýt eg sverði sundraður
Sáms- í -eyju liggja.

*Dánaróður Hjálmars
í Örvar-Odds sögu:*

Sár hefi ek sextán,
slitna brynju,
svart er mér fyr sjónum,
sékat ek ganga.
Hneit mér við hjarta
hjör Angantýs,
hvass blóðrefill
herðr í eitri.

Fregna eigi þat
á fold konur
at fyr höggum
hlífast létak.
Hlær eigi at því
at ek hliða gerðak,
snót svinnhuguð
Sigtúnunum í.

¹⁹ Seinna í greininni verður fjallað um önnur skáld og því er gagn að því að hafa báðar gerðir *Dánaróðs Hjálmars* til taks í meginmáli.

Fræga venju inndrótt á,
elur mjöður rekka,
göfgir menjum mæta hjá
mínum föður drekka.

Mörgum segg þó mæðu lér
mungát hreina gríðar,
sporin eggja eitruð mér
að helmeini sviða.

Hvarf mér fríðsta falda nyt,
faðm um herðar breiddi
er mig síðst á Agnafit
útanverða leiddi.

Falla mundi meiddur ég,
meyjan tjáði ljósa,
allar stundir elskuleg
eins og náði' eg kjósa.

Dragðu hring af hendi mér,
hnignum brátt í dauðann,
þennan Ingibjörgu ber,
bauginn átti' hún rauðan.

Þetta tregi þyngstur er
þöllu jarðar slanga,
mig aldregi síðan sér
silfri varðan ganga.

Söngvi hvarf eg fríðsta frá
fögrum síði snóta,
gaman djarfur indælt á
eystra viður Sóta.

Hvarf ek frá fögrum
fljóða söngvi,
ótrauðr gamans,
út með Sóta.
För skundaðak
ok fórk í lið
hinzta sinni
frá hollvinum.

Leiddi mik in hvíta
hilmis dóttir
á Agnafit
útanverða.
Saga mun sannast
er hún sagði mér
at ek aprt koma
eigi mundak.

Hvarf ek frá ungri
Ingibjörgu,
– skjótt réðum þat –
á skapadægri.
Sá mun fljóði
fastnæmr tregi
er vit síðan
séumst aldregi.

Ber þú til sýnis
– sá er minn vili –
hjálmm ok brynju
í höll konungs.
Hugr mun gangast
hilmis dóttur
er hún höggna sér
hlíf fyr brjósti.

Fór ólinur flein varinn,
flokki rann eg meður
frá hollvinum hinsta sinn,
– hérvist þannig skeður.

Átti ek á foldu
fimm ból saman
en því undak
aldri ráði.
Nú verð ek liggja
lítt megandi
sverði undaðr
Sámseyju í.
[...]

Austan flýgur hingað hrafn
hám af skógarviði,
eftir sígur örn á tafn
arnsúg dró á skriði.

Hrafn flýgr sunnan
af hám meiði
ok er eptir þar
örn í sinni.
Þeim gef ek erni
efstum bráðir.
Sá mun á blóði
bergja mínu.

Eg gef bráðir efstar þá
erni Lóðins dýnu,
bergir tjáður einnig á
æðablóði mínu.

Að lokum fylgir Gísli *Örvar-Odds sögu* og lætur Ingibjörgu deyja úr sorg.

Skáldamál Gísla er flóknara en hjá Ásmundi enda var Gísli vel heima í fornum kveðskap og kenningar eru oft margsamsettar.

Hjálmarksviða eftir Hjálmar Jónsson frá Bólu

Bólu-Hjálmar (1796–1875) þarf vart að kynna en hann er eitt merkasta alþýðuskáld 19. aldar. Hjálmar fæddist í Eyjafirði en bjó alla tíð í Skagafirði. Ævikjör hans voru hörð en andlegri reism hélt hann alla tíð. Stefán Einarsson lýsti honum eftirminnilega: „[...] Hjálmar var kolsvartur raunsær hrafn í hópi bláfugla rómantísku skáldanna.“²⁰ Þótt hann væri samtíðarmaður þeirra fór hann eigin leiðir í skáldskap. Myndvísir hans og frumleika er viðbrugðið en hann sækir fremur í fornan kveðskap en til nýjungamanna.

Ríma Hjálmars er ort skömmu fyrir 1836.²¹ Hún er 75 erindi og til í fjölda handrita í Landsbókasafni, þar á meðal eiginhandarriti frá

²⁰ Stefán Einarsson. *Íslensk bókmenntasaga*, bls. 295.

²¹ Sbr. Eysteinn Sigurðsson. *Bólu-Hjálmar*, bls. 75.

síðustu árum skáldsins sem hann ritaði undir: „Þetta kvæði er ort fyrir 40 árum síðan.“ Fyrirsögnin í handritinu er: „Kvæði um bardaga þeirra Örvar-Odds og Hjálmars ins hugumstóra í Sámsey, einnig banasöngur og útför Hjálmars og sigurvinning. Frumhending á auðveldasta máli.“²²

Fyrirsögn eldri gerðar, einnig í eiginhandriti, hljóðar hins vegar svo: „Fornkviða Hjálmars ins hugumstóra, kveðin upp að nýju úr fornu hendingamáli í rímuform seinni tíða.“²³

Ríman var fyrst prentuð í *Tvennum rímum* í Reykjavík árið 1905. Finnur Sigmundsson bjó hana síðan til prentunar í IV. bindi *Ritsafns Bólu-Hjálms* árið 1949 og aftur í nýrri útgáfu í II. bindi *Ritsafnsins* 1965 og skrifaði þá vandaðar skýringar.

Bólu-Hjálmar var óháður fyrirrennurum sínum um meðferð efnis og síðar fetuðu mörg skáld í fótspor hans. Mansöngurinn er aðeins hálf fyrsta vísa og í lokin eru þrjár vísur sem efturmáli. *Örvar-Odds saga* er fyrirmynd hans en henni fylgir hann afar frjálslega og dregur eingöngu út þátt Hjálmars og Ingibjargar. Forsögu bardagans í Sámsey sleppir hann alveg og virðist hafa gert ráð fyrir að lesendur eða áheyrendur þekktu hana því að hann vindur sér vafningalaust í viðureign Hjálmars og Angantýs og dregur ekkert úr í lýsingunni. Hlutur Örvar-Odds er látinn liggja milli hluta í sjálfum bardaganum en hann fær að njóta sín eftir fall Hjálmars þegar hann færir lík hans til Svíþjóðar. Ingibjörg er enn sem fyrr í bakgrunni þótt hennar þáttur sé að vísu aðeins meiri en hjá Ásmundi og Gísla. *Dánaróður Hjálmars* er þungamiðja rímunnar (18–47) og frá eigin brjósti leggur Hjálmar nafna sínum þessi orð í munn:

34

Mér að bana verður víf,
vann það ástin hreina,
fyrir hana að láta líf
loks er gleðin eina.

Við *Dánaróð Hjálmars* í *Örvar-Odds sögu* bætir hann langri nafnaþulu um bekkjarnauta Hjálmars og nefnir sextíu þeirra með nafni. Að lokum ber hann saman gæfu og gjörvuleik sinn og nafna síns:

²² Lbs. 467, 4to, II.

²³ Lbs. 467, 4to, I.

73

Flingrið málma fleins um gólf
frétti á hríða svæði:
Yngri Hjálmar öldum tólf
orti síðar kvæði.

74

Styttist klíðin stöku veik,
stefin gleymsku kafni,
gæfan síður gjörvuleik
get eg fylgi nafni.

Ríma Hjálmars er því afar sjálfstætt verk unnið upp úr fornaldar-sögunum tveimur og markar tímamót. Skáldamál hans er einfalt og auðskilið og bragarhátturinn leikur honum á tungu.

*Eftirmæli eftir Hjálmar hugumstóra
eftir Guðrúnu Þórðardóttur*

Guðrún (1816–1896) ólst upp í foreldrahúsum á Gróustöðum í Geiradal. Hún bjó ásamt manni sínum á Valshamri og er oftast kennd við þann bæ. Hjónin fluttu til Vesturheims árið 1883 og þar lést Guðrún. Að minnsta kosti tvö kvæði eftir hana birtust í blöðum²⁴ en kvæðasyrpur hennar eru mjög dreifðar í handritum á Landsbókasafni, meðal annars rímur af Aroni Hjörleifssyni og *Snældustólsríma*.²⁵ Fyrir fimm árum birtust á prenti ljóðabréf síra Jóns Sigurðsson á Söndum í Dýrafirði og Guðrúnar.²⁶

Ríma Guðrúnar er 44 vísur, ort einhvern tíma fyrir 1852 og hefur ekki verið prentuð.²⁷ Hún er ort undir ferskeyttum hætti, misdýrum, en þar má finna bæði hringhendur, víxlhendur, frumhendur og síðhendur vísur. Guðrún tekur efnið afar skáldlegum tókum í hárómantískum anda þar sem ástin og dauðinn er alþekkt minni. Elskendurnir sameinast að lokum í dauðanum eins og Helgi Hundingsbani og Sigrún Högnadóttir eða Tristran og Ísodd svo að þekkt dæmi séu nefnd. Líkt og Bólu-Hjálmar gerir hún ráð fyrir að það nægi að vísa til hetjusögunnar. Síðan skapar hún alveg nýtt verk. Hún hefur engan áhuga á bardaganum í Sámsey heldur byrjar rímuna þegar Örvar-Oddur kemur með lík Hjálmars til Svíþjóðar. Kvenlegar tilfinningar og harmur Ingibjargar fá nú loksins skýra rödd innan ástarsögunnar. Fyrst minnst hún afreka hetjunnar (3–9) en lítur síðan á blóðugt líkið

²⁴ Erfiljóð um Önnu Einarsdóttur í *Norðra*, 35.–36. tbl. 31. des. 1860 og um Jón Ormsson í 2. árg. *Norðanfara* 1. mars 1863.

²⁵ Sjá nánar Finnur Sigmundsson. *Rímnatal* II:57 og Páll Eggert Ólason. *Íslenskar æviskrár* II:199.

²⁶ Sjá Þórður Ingi Guðjónsson. „beitt sá hafði björtum andans vigri“, bls. 99–133.

²⁷ Í beinu framhaldi af þessari grein birtist hún á prenti í fyrsta sinn.

og hlýðir á Örvar-Odd tíunda hetjuskap Hjálmars fyrir hirðinni og flytja henni banaljód hans. Þá vill hún sjálf einnig „gala erfiljóð“ um Hjálmar (17–34) þar sem stefið „minna vegna“ er margendurtekið, með öðrum orðum Ingibjörg lítur svo á að Hjálmar hafi unnið allar sínar dáðir hennar vegna og orðið að gjalda fyrir með lífi sínu. En hann kvað einnig ljúf ljód hennar vegna (21) og hennar vegna gaf hann konum grið (20). Að lokum vill hún fylgja honum inn í himininn:

32

Veit eg lifir þægur þar
þó ei beitir skjóma
sem að himins heiðgeislar
helgan veita blóma.

33

Engin hræða ama ský,
önduðum fæðist gaman,
blíðheim gæfa búnum í,
best með næði saman.

Að svo mæltu springur Ingibjörg af harmi. Þá er komið að óvæntum þætti Örvar-Odds því að hann hlær þegar faðir Ingibjargar grætur hana:

37

Brjótur kylfa svo við segg
svar nam brýna ódeiga:
„Þú mátt, gylfi grár á skegg,
gremju þína eiga.

38

Hýrust frúin hnigin er
hels að opnu setri.
Sjáðu nú að ástin er
eiturvopni betri.“

Honum var þetta maklegt því að hann hefði áður átt að hugsa sig betur um og gefa Ingibjörgu strax „ægis ljóma apaldri“, þ.e. víkingnum góða (39–40). Oddur gengur síðan reiður burt til að gera haug og leggur Ingibjörgu í „kappans kné“.

Ríma Guðrúnar hafði mikil áhrif á hvernig rímur um efnið urðu eftir þetta því að hún hafði afrekað að gera Ingibjörgu sýnilega og ljá henni rödd í hetjusögunni.

*Banaljóð Ingibjargar Ingadóttur
eftir Björn Friðriksson Schram*

Björn (1843–1930) var ættaður úr Vatnsdal og ólst þar upp á Bakka í foreldrahúsum. Fulltíða bjó hann á ýmsum bæjum í Skagafirði en síðustu æviárin á Siglufirði.²⁸

Kvæði hans eru varðveitt í *Lbs. 3245, 8vo*, hreinskrift sem skrifuð var eftir árið 1915. Ríman er 48 vísur og hefur ekki verið prentuð. Bragarhátturinn er ferskeytt frumhending og skáldamál einfalt og auðskilið. Í síðustu vísu rímunnar kveðst höfundur hafa verið fjórtán ára þegar hann kvað hana, og er ríman þá ort á árunum 1857–1858, ef rétt er hermt, en um það má efast.

Mansöngurinn (1–6) er hugleiðing um „kraft ódauðleika hreinnar ástar mannsins“ (2). Sviðsetning sjálfrar rímunnar hefst nokkru fyrr en hjá Guðrúnu. Ingibjörg horfir löngunaraugum til hafs og þegar hún sér skip sigla að landi þykist hún þess fullviss „að væri þar vinur hjartakæri“ (13). En þar er þá kominn Örvar-Oddur sem leggur lík Hjálmars „há blíðum svanna“ (16). Hann færir henni hringinn og ber fram „hans deyjandi kvæði“ (17). Ingibjörg skiptir litum, grætur og „talar þá með sjálfri sér“ (21) dánaróð (22–38). Þá blasa við áhrifin frá Guðrúnu eins og samanburður á nokkrum vísum sýnir:

Guðrún:

18

Minna vegna hefur þú
hjalma og brynjur klofið.

19

Minna vegna léstu lönd
liggja í friðar blóma.

38

Sjáðu nú að ástin er
eiturvopni betri.

Björn:

30

minna vegna léstu líf,
linna jarðar viður.

31

minna vegna þoldir þú
þann hinn sára dauða.

40

nú má sjá hvað ástin er
eiturdörum betri.

Að svo mæltu hnígur Ingibjörg látin í faðm ástvinar síns (39). Nú hlær Örvar-Oddur ekki heldur grætur og leggur bæði líkin í haug (41).

²⁸ Sjá nánar Finnur Sigmundsson. *Rímnatal* II:26.

Elskendurnir ná að lokum saman og faðmast í haugnum (46) eins og hjá Guðrúnu.

*Rímur af Hjálmari hugumstóra
eftir Hallgrím „lækni“ Jónsson*

Hallgrímur (1787–1860) fæddist í Borgargerði í Laufássókn í Eyjafirði en ólst upp í foreldrahúsum að Lómatjörn í sömu sveit. Hann fluttist um tvítugt til Skagafjarðar og var orðinn bóndi árið 1816 á Keldum í Sléttuhlíð, þá kvæntur fyrri konu sinni.

Hallgrímur þótti gleðimaður, ölkær og kvenhollur. Kvennamál hans voru tíðum milli tannanna á fólki enda átti hann börn utan hjónabands. Í rímum verður honum oft tíðrætt um kvenfólk og samband sitt við konur. Um ævina fékkst Hallgrímur við lækningar og þótti happasæll sem lækni þótt hann hefði ekkert lært til þess starfs. Viðurnefni sitt hlaut hann fyrir þær sakir. Hann átti risjötta ævi, var löngum í fjárkröggum og bjó á ýmsum bæjum í Skagafirði og þar andaðist hann. Hann átti oft í brösum við sveitunga sína en um það efni hefur Margeir Jónsson skrifað í 4. bindi *Blöndu*.

Í lífanda lífi komu út á prenti þrennar rímur Hallgríms og árið 1856 einn bæklingur, *Lítill hústafla heilbrigðinnar eður fáeinar lífnaðarreglur og athugasemdir um meðhöndlun lífsins og heilsunnar*. Flestar rímur hans og kvæði eru til í fjölda handrita og nutu vinsælda.²⁹

Rímurnar af Hjálmari voru ortar árið 1857, prentaðar á Akureyri árið 1859 og endurútgefna í Reykjavík árið 1909. Þær eru sjö talsins, alls 703 vísur.


Hallgrímur nálgast hetjusöguna með allt öðrum hætti en fyrri skáld og því verður fjallað alltarlega um rímurnar. Í formála fyrri útgáfu, sem er sleppt í síðari útgáfu, gerir hann grein fyrir eftir hvaða sögu hann yrkir. Þar segist hann hafa *Hjálmars sögu* sem fyrirmynd.³⁰ Fyrst greinir hann frá að sagan hafi lengi hrakist um á Vesturlandi.

²⁹ Sjá nánar um Hallgrím: Finnur Sigmundsson. *Rímnatal* II:60–61 og mun ítarlegar Finnur Sigmundsson. „Formáli“, bls. xxv–xxvii.

³⁰ Ekki hefur mér tekist að finna handrit þessarar sögu í handritasöfnum. Samt er ekki útilokað að handrit hennar leynist einhvers staðar nema þá og því aðeins að Hallgrímur noti söguna sem bragð til að auka tiltrú á rímunum. Í útgáfum Billbergs 1690, Peringskiölds 1700 og Nordins 1774 er einhver *Hjálmars saga* sem þýdd var á latínu og sænsku. Hallgrímur kann að hafa haft undir höndum handrit í ætt við handritin sem voru lögð til grundvallar sænsku útgáfunum. Hér verður ekki greitt úr þessu vandamáli enda er það ekki helsta viðfangsefni greinarinnar.

Upphaflega hafi sjálfur Björn Hítðalakappi, nýkominn frá Garðaríki, sagt söguna í veislu á Jörfa. Bergur Sökkason (d. 1350) ábóti á Munkaþverá hefði síðar tekið til við þá þrifnaðarsýslu að skrifa söguna en löngu síðar hafi Teitur Arason (1687–1735) sýslumaður Barðstrendinga skráð „ævintýri“ upp úr henni handa föður sínum, Ara Þorkelssyni (1652–1730), sem var einnig sýslumaður Barðstrendinga. Síðan hafi fúi og mölur hrjáð handritið þar til Jón Sandaprestur skráði hana á ný og er þar líklega átt við síra Jón Sigurðsson (1787–1870) á Söndum í Dýrafirði, sama mann og orti ljóðabréf til Guðrúnar Þórðardóttur. Loks hafi Hallgrímur fengið hana að gjöf frá Ólafi Ásgeirssyni sem var „siðprúður seggur á Vesturlandi“ (I 19). Þar gæti verið átt við Ólaf Ásgeirsson (1808–1887) sem var bóndi á Kellingastöðum í Staðarsókn í Grunnavík samkvæmt Manntalinu 1835, þá 27 ára. Ekki er útilokið að Hallgrímur fari með rétt mál að einhverju leyti þótt ósennilegt verði að teljast að Björn Hítðalakappi eða Bergur Sökkason hafi þarna vélað um.


Eftir því sem næst verður komist er efni *Hjálmars rímna* Hallgríms aðallega fengið úr þremur sögum og rímum þremur eftir Ásmund Sæmundsson, Gísli Konráðsson og Bólu-Hjálmar eins og sýnt er hér:



Ekki er unnt að fullyrða að *Hjálmars saga* sé samin upp úr sögunum þremur. Hitt er víst að nokkrar persónur eru sameiginlegar sögunum fjórum, eða úr sama sagnaheimi. Af Koli kroppinbaki og ættmennum hans er sögð löng saga í rímum Hallgríms en rétt imprað á honum og skuggalegum sonum hans í *Þorsteins sögu víkingssonar*. Aftur á móti er ekkert sagt frá Þorsteini í rímum. Sturlungur starfsami hefur

skamma viðdvöl í rímum Hallgríms og flýr eiginlega af hólmi eftir einvígi en það er harla ólíkt honum samkvæmt sögu hans sjálfs. *Örvar-Odds sögu* er hins vegar fylgt alveg frá fyrsta fundi Hjálmars og Örvar-Odds en framganga Hjálmars í bardaganum í Sámsey er mun tilkomumeiri í rímunum en í *Hervarar sögu* og *Heiðreks konungs* og *Örvar-Odds sögu*. Í bardaganum er Örvar-Oddur nánast í hlutverki áhorfanda í rímunum. Líklegt er að Hallgrímur hafi einnig þekkt rímur Ásmundar því að báðir nefna þeir Örvar-Odd nokkrum sinnum Nadd-Odd. Gísli og Hallgrímur eiga það sameiginlegt að kunna einhver deili á Sóta víkingi og bæði Hallgrímur og Bólu-Hjálmar láta Arngrímssyni „urga tönnum“ svo að fátt eitt sé nefnt.

Í rímum Hallgríms er saga framættar Hjálmars rakin. Ættartala hans er eins og sýnt er hér:



Í stuttu máli eru helstu frásagnarliðir rímnanna þessir:

- 1) Kolor kroppinbakur fellir Týrus mikla Indíakonung.
- 2) Kolor beitir göldrum til að ná ástum Trönu.
- 3) Kapparnir af Hálogalandi, Herraudur, Hróaldur og Herfinnur, berjast við Kol og fella hann.
- 4) Herfinnur gengur að eiga Trönu sem er ófrísk.

- 5) Trana elur Kol krappa, son Kols kroppinbaks.
- 6) Framar, sonur Trönu og Herfinns, fæðist.
- 7) Kolur krappi fastnar sér Ingibjörgu Valdadóttur með ofbeldi.
- 8) Sturlaugur starfsami biður um hönd Ingibjargar.
- 9) Sturlaugur vegur Kol krappa.
- 10) Framar heyr einvígi við Sturlaug til að hefna hálfbróður síns. Einvígið stendur í þrjá daga en þá semja þeir grið sín á milli. Sturlaugur hverfur úr sögunni.
- 11) Framar gengur að eiga Ingibjörgu Valdadóttur og þau eignast Hjálmar.
- 12) Hjálmar fer fimmtán ára gamall í víking til Gardaríkis og hittir þar Trönu ömmu sína sem þá er orðin öldruð.
- 13) Dungaður konungur og berserkir hans herja á ríki Trönu en Hjálmar berst við þá og hefur sigur. Trana býður honum Gardaríki eftir sinn dag.
- 14) Hjálmar afþakkar og segist eiga annað ríki á Gautalandi.
- 15) Hjálmar herjar á Vindlandi og Póli.
- 16) Hjálmar fer til Inga konungs í Uppsölum, gerist landvarnarmaður hans og er elskaður og dádur af öllum landslýð.
- 17) Hjálmar fer í víking.
- 18) Á Eyrarsundi hittir hann Örvar-Odd. Þeir heyja einvígi í þrjá daga, semja þá með sér grið og gera með sér bræðralag.
- 19) Oddur fer til Uppsala með Hjálmari og gerist hirðmaður Inga. Allt er með friði og spekt þar í tíu ár.
- 20) Oddur og Hjálmar fara á sumrin saman í víking.
- 21) Ástir takast í leynum með Hjálmari og Ingibjörgu.
- 22) Arngrímssynir koma til Uppsala og síðan er framhaldið með svipuðu sniði og í *Örvar-Odds sögu*.

Hlutur Ingibjargar er rýr í rímunum eins og hjá fyrri karlskáldum en „banagælurnar“, sem Hjálmar í andarslitrunum biður Odd að flytja Ingibjörgu, eru mun lengri og tilfinningaþrungnari en í fyrri rímum. Endalok Ingibjargar eru þau að hún fellur örend í blóðuga arma Hjálmars og þau ná saman í dauðanum.

Margt í rímunum er í anda riddarasagna, til dæmis þegar sagt er frá athæfi Hjálmars í Uppsölum. Þar unir hann við yrkingar, söng, hörpuslátt, tafl og vín.

Mansöngvar rímnanna eru sérstaklega athyglisverðir því að þeir eru eins konar spegilmynd af hræringunum í samfélaginu á sjötta áratug 19. aldar. Þeir eru allir nokkuð langir og þar birtast ýmis hugð-

arefni fróðleiksfúss alþýðumanns og hann liggur ekki á skoðunum sínum. Í mansöng fyrstu rímu ákallar hann söngvagyðjuna og biður hana að vera sér til halds og trausts til að gleðja og skemmta. Þetta er í sjálfu sér algengt upphaf hjá rímnaskáldum en hitt vekur athygli að hann skuli eiginlega setja sig á sama bekk og Óvídís og Milton sem söngvagyðjan veitti innblástur. Í mansöng annarrar rímu segir hann frá draumi þegar ljóðagyðjan tekur að fræða hann með því að lyfta „tjaldi ljómandi frá einu spjaldi“ (II 2). Við blasa þá landakort heimsins og þar er margt að undrast eins og til dæmis Kínamúrinn. Að baki þessum draumi er eflaust lestur Hallgríms á *Almennri landaskipunarfræði* eftir Gunnlaug Oddsson dómkirkjuprest, Grím Jónsson amtman og Þórð Sveinbjarnarson dómsjóra. Sú bók kom út í þremur bindum á vegum Hins íslenska bókmenntafélags 1821–1827 og Hallgrímur hefur líklega heillast af landakortunum þar. Engu að síður hampar hann heilbrigðri skynsemi alþýðumannsins:

II 10

Minnar aldar menntavinir meina eg segi,
hvað yfir þeirra þekking stigi,
það sé tóm og einber lygi.

II 11

Trúa þeir að sálarsjón og sannleik fangi
vísdoms, heldur anda enginn,
utan maður skólagenginn.

Í mansöng þriðju rímu, sem er er inngangur að galdralistum Kols kroppinbaks til að ná ástum Trönu, birtist Hallgrími í svefni ein af menntagyðjunum. Hann spyr hana hvort trúa megi sögum af álögum, fornum spám, göldrum, seið og ýkjum í sögum. Hún svarar því til að ekki skuli hann efa sögur af þessu tagi. Sumum „fylgdi lýðum gáfa sú“ (III 5). Síðan rekur hún fjölmörg dæmi úr ritningunni, norrænum fornsögum, rómverskri sögu, draumspeki og egypskum dulfræðum þessu til sönnunar og niðurstaðan er þessi:

III 22

Ýkjur vitum allmargar
eru í ritum fornaldar,
en hins vegar eins ástatt
ótrúlega margt er satt.

Í mansöngvum fjórðu og fimmtu rímu vitjar gríska menntagyðjan Músa Hallgríms enn í draumi. Nú innir hann hana eftir ógnarumbrotum jarðsögunnar og ekki stendur á tvöfaldri kennslustund sem í fljótu bragði sýnist sótt í fyrrnefnda landafræði í 2.–4. kafla Gunnlaugs Oddssonar sem nefnist „Almenn jarðarfræði“ þar sem vitnað er til *Náttúrusögu* Plíníusar eldri og rita Tacitusar.

Í mansöng sjöttu rímu tekur Hallgrímur til varna fyrir rímahefðina sem öldum saman hafði glatt þjóðina. Fuglarnir hafi að vísu flogið misjafnt og hver hafi sungið með sínu nefi en enginn hafi samt lagt í vana sinn að skíta annan út eins og nú tíðkist (VI 9–11). Síðan svarar hann oföldum „alifuglum“ fullum hálsi og dregur þá sundur og saman í háði og hvetur „tittlingana“ til að halda áfram að kvaka þótt einhverjir „páfuglar gali útlendan óðarskammt“:

VI 12

Ei þeir taka útlensk lög
að æða með um himininn
því þeir eru æðir mjög
innlenda við tóninn sinn.

VI 15

Útlendan þó óðarskammt
ýtum gali páfuglar,
ykkar kvakið íslenskt samt
aldrei þagni, tittlingar.

VI 13

Himins fuglar, heyrið nú,
hjartanlega þess eg bið,
haldið stöðugt tryggð og trú
tónana ykkar gömlu við.

VI 16

Látið ykkur ljúft og tamt
að ljóða og kveða rímnagrey,
hegrinn lasti sundið samt
sjálfur ef hann kann það ei.

VI 14

Þó alifuglar tamdir títt
tóna brúki útlenska
og eftir þeirra skrafi skítt
að skeyta neitt um innlenda.

Í mansöng sjöundu rímu er hann enn með hugann við þetta efni og óttast að skammt muni þess að biða að „fargast fjörug fremdar art“ (VII 3). Yfirstandandi þjóðfélagsbreytingar eru honum þó ofar í huga. Þær muni ekki síst hafa áhrif á kvenfólkið sem nú sé tekið að þreytast á kvöldvökunum í sveitinni og vilji leita til kaupstaðanna eftir glansi og glysi, sem kosti sitt, og geri sér ekki lengur að góðu skemmtun sem hafa megi heima. Hann gerist þá ærið tvíræður:

VII 9

Við þá streitir starfið hönd,
stynja, söngla, morra,
vakan þreytir auga og önd,
ærið löng er dorra.

VII 12

Spegil meta sprund óreið,
spil og smekk í nefið,
þó má geta þess um leið,
þetta er ekki gefið.

VII 10

Eitt mun ráð það oss er lént,
engir hlaup það banna,
það sem bráðast sé þá sent
senn til kaupstaðanna.

VII 13

Þar til rökin þekkja má,
þetta brestur stundum,
heimatökin þægri þá
þykja flestum sprundum.

VII 11

Þar er kæti, þar er vín,
þar má fá í bolla,
staupa glæta gleður fín,
góð er þá þúnskolla.

VII 14

Hvað skal mér að minnast á
mjúka skemmtun fljóða,
Mönduls knerri fagra fá,
fjörið skemmt er ljóða.

Hallgrímur er ekki einn um það að skynja þær breytingar sem í vendum eru. Í sumum mansöngvanna kemur fram að Hallgrímur hefur áhyggjur af vaxandi „glysgirni“ kvenfólksins sem vill sækja í kaupstaðina eftir neftókbaki, þúnskollu og speglum og væntanlega líka erlendum fataefnum. Um sundurgerð í klæðaburði hafði hann áður ort *Rímu Gamalmuna og Nýjamóds*.³¹

Skáldamál Hallgríms stendur á gömlum merg því að ljóst er að hann kann sína Eddu þó að einstakar kenningar hans séu nokkuð klénar.

*Ríma af Hjálmari og Ingibjörgu
eftir Sigurð Bjarnason*

Sigurður (1841–1865) bjó á Bergsstöðum á Vatnsnesi. Hann var bráðger, hóf þegar á barnsaldri að yrkja, þótti hraðkvæður með ein-dæmum og iðinn að heyja sér alþýðufróðleik. Innan við tvítugt sótti hann vetrarvertíð í ýmsum verstöðvum við Faxaflóa en vor og haust sótti hann sjó við Húnaflóa. Vorið 1865 fórst hann í kaupstaðarferð til Borðeyrar. Snæbjörn Jónsson hefur skrifað lofsamlega um ævi hans og skáldskap³² og taldi hann til „eins hinna snjöllustu og ástsælustu

³¹ Sú ríma kom út í *Ritum Rímnafélagsins IX* í Reykjavík árið 1960.

³² Snæbjörn Jónsson. „Um rímuna og höfund hennar“, bls. 3–24.

alþýðuskálda sem Ísland hefur alið³³ en Snæbjörn annaðist 4. útgáfu rímunnar af Hjálmar og Ingibjörgu, og þá vönduðustu, árið 1934. Hann gaf einnig út *Ljóðmæli Sigurðar* árið 1941.

Víst er að ríma Sigurðar var ein allra vinsælasta ríman um Hjálmar og Ingibjörgu á 19. öld. Næstar henni að vinsældum voru ríma Bólu-Hjálmars og *Hjálmarskviða* eftir Brynjólf Oddsson. Ríma Sigurðar var ort skömmu fyrir 1860 og gefin út í Reykjavík árið 1865, einmitt af fyrrnefndum Brynjólfi sem fjallað verður um síðar. Ríman kom út öðru sinni í Reykjavík 1890. Tvívegis kom hún út í Vesturheimi, í Winnipeg 1898 og Wynyard 1911, og þá áttu systkini Sigurðar veg og vanda að útgáfunum en þau höfðu flust til Vesturheims ásamt foreldrum sínum. Ríman er 230–232 vísur eftir því við hvaða útgáfu er miðað.

Þótt Sigurður létist ungur náði hann að sjá einar rímur sínar á prenti, *Rímur af Bæringi fagra*, sem komu út á Akureyri árið 1859, en *Ríma af Hjálmar og Ingibjörgu* kom út sama ár og hann fórst og því hæpið að hann hafi séð þá útgáfu. Auk þess komu síðar út *Rímur af Án bogsvæigi* (Winnipeg 1919) en *Rímur af Sörla sterka*, sem ortar voru árið 1862, og *Ríma af Pýramus og Thisbe* hafa ekki verið prentaðar. Síðarnefndu rímuna orti Sigurður á átjándá ári út frá efni í *Ummyndunum Óvidíusar* og fetar þá sömu slóð og sjálfur Shakespeare.

Skáldfræð Sigurðar hefur umfram allt hvílt á rímu hans um Hjálmar og Ingibjörgu en hann var greinilega ekki ósnortinn af skáldskap rómantísku skáldanna. Eftir lestur á þýðingu Steingríms Thorsteinssonar á *Axel* eftir Tegnér orti hann lofkvæði til Steingríms og Tegnér³⁴ og í ýmsum kvæðum Sigurðar getur einnig að líta ljóðræna náttúruskynjun í anda rómantískra skálda samtíðarinnar. Þótt ríma Sigurðar sverji sig í ætt við hefðbundinn rímnakveðskap að miklu leyti (hvað varðar beitingu skáldamáls) eru það samt ljóðrænar lýsingar hans á ástum Hjálmars og Ingibjargar sem án efa hafa átt ríkan þátt í vinsældum hennar á síðari hluta 19. aldar. Hér er því rómantíkin farin að láta verulega á sér kræla innan rímnahéðarinnar. Svo vinsæl varð ríman að sagt var að fjöldi fólks í Borgarfirði og sjálfsagt víðar hafi kunnað hana utan að.

Ríman hefst á hógværum mansöng (1–7).³⁵ Þar kemur fram að efnið sækir Sigurður fremur í rímur fyrri skálda en fornaldarsögurnar

³³ Sama rit, bls. 10.

³⁴ Sama rit, bls. 21.

³⁵ Vísanúmerin eiga við ofangreinda útgáfu frá 1934.

tvær; það er með öðrum orðum ekki lengur þörf á því að sækja efnið í þær því að sagan er farin að lifa sjálfstæðu lífi í rímum. Samt biður hann þjóðina að halda ekki „að ég hróður ætli minn / eldri ljóðum betri“ (3) og jafnframt að misvirða ekki „kvæðalýti“ sín sem skýrist af ungum aldri höfundar (6).

Næst er farið hratt yfir afrek Hjálmars og Örvar-Odds (8–12) þar til þeir koma til Svíþjóðar til Hlöðs konungs sem á væna dóttur, Ingibjörgu, sem er svo lýst:

15
Dóttur eina öðling snar
átti, greina sögur;
eðalsteina ekran var
andlitshrein og fögur.

17
Kinnar slyngur reifði rar
rósahringur blóma;
heiti Ingibjargar bar
björkin fingra ljóma.

16
Prýði fjáð var frúar sál
fríðum skráð af glósum,
íðilfáðu brúna bál
blíðu stráðu ljósum.

18
Öðrum bar af fljóðum fjáls
fegurð rara' og blíða;
rjóða skara ekran áls
orðin var fulltíða.

Lýsingar á Ingibjörgu eru allar í svipuðum dúr þar sem hún er ímynd kvenlegs yndispokka og dyggða.³⁶

Næst er lýst á hjartnæman hátt hvernig ást elskendanna kviknar (19–22) áður en Angantýr og bræður hans koma og hefja upp bónorð við Ingibjörgu (23–33). Þá játar Ingibjörg ást sína á Hjálmari opinberlega fögrum orðum (36–39) og sú játning leiðir til einvígisáskorunar sem Hjálmar og Oddur taka (40–46) og búa sig til ferðar (47–53). Viðskilnaði elskendanna við Agnafit er síðan lýst í harmrænu samtali þar sem viðkvæmur feigðargrunur Ingibjargar brýst fram í ástleitnu augnaráði og tárur (54–81). Þetta er fyrra ris rímunnar. Sjóferðarlýsingin til Sámseyjar er einkar myndræn (84–86). Þessu næst er atburðum á Sámsey fyrir bardagann lýst nákvæmlega og inn á milli skotið samtölum Hjálmars og Odds, Angantýs og

³⁶ Athyglisvert er að Ingibjörg er dóttir Hlöðs konungs í rímunni (13) og bak við það faðerni kann að leynast einhver óljós endurómur frá *Hlöðskviðu*. Faðerni Ingibjargar er annars mjög á reiki í sögum. Hún er dóttir Ingjalds konungs í einni gerð *Örvar-Odds sögu*, Hlöðvers í einni gerð *Hervarar sögu* og stundum er hún sögð dóttir Yngva eða Inga bæði í sögum og rímum. Þetta faðernismál verður ekki útkljáð úr þessu.

bræðra hans og loks orðaskiptum Hjálmars, Örvar-Odds og Angantýs (87–127). Einvígi Hjálmars og Angantýs kemur næst en öðru hverju er vikið að Oddi og viðureign hans við berserkina (128–163). Helsærður flytur Hjálmar síðan dánaróð sinn til Ingibjargar þar sem hann tíundar afrek sín sem hann vann hennar vegna og rifjar um leið upp viðskilnað þeirra (167–189). Oddur heygir síðan lík þeirra bræðra eins og um hafði verið samið fyrir bardagann og flytur lík Hjálmars til Svíþjóðar og aftur er sjóferð lýst á myndrænan hátt (192–204). Þá vikur sögunni að Ingibjörgu þar sem hún situr og saumar skyrtu á langþreyðan ástvin sinn (205–210). Síðara ris rímunnar er þegar Oddur leggur lík Hjálmars við fætur Ingibjargar og flytur henni banaljód Hjálmars. Feigðarroði færast í kinnar hennar og hjartað springur af harmi (211–218). Oddur heygir síðan líkin saman og lokar haugnum með þessum orðum: „Unnist nú í náðum vel / nistis brú og rekkur“ (223). Rímunni lýkur loks með þremur vísnum (228–230) þar sem Sigurður greinir frá hvenær ríman var ort áður en hann siglir skáldskaparbat sínum á sker þagnarinnar á Bergsstöðum.

Óhætt er að fullyrða að hjá Sigurði rísi meðferð söguefnisins í rímum hæst á 19. öld. Skáldleg tök hans á efninu eru víða styrk því að sviðs- og atriðaskiptingar og samtöl eru hnitmiðuð og myndræn og gott flæði er í framvindu efnisins. Bragarhátturinn er ferskeytt hringhenda sem Sigurður hefur góð tök á og skáldamál hans er yfirleitt hnitmiðað þótt einstaka sinnum örli á hnökrum í kenningum sem eflaust má um kenna ungum aldri höfundar.

*Ríma um dauða Hjálmars hugumstóra
eftir Brynjólf Jónsson frá Minna-Núpi*

Brynjólfur (1838–1914) fæddist á Minna-Núpi í Gnúpverjahreppi og varð þar bóndi og fræðimaður. Hann ólst upp við sveitastörf og útróðra í Grindavík en varð snemma heilsulítill og lagði eftir það fyrir sig barnakennslu. Margt liggur eftir hann af sagnaþáttum, öðrum þjóðlegum fróðleik, þýðingum og skáldskap og hefur margt af því tagi verið prentað en annað er enn óprentað.³⁷

Ríman var ort árið 1860 og er varðveitt í eiginhandarriti Brynjólfs frá árinu 1899. Hún er alls 77 erindi og hefur ekki verið prentuð.

³⁷ Sjá nánar um Brynjólf og rit hans Páll Eggert Ólason. *Íslenskar æviskrár* I:280 auk handritaskráa.

Ríman er ófullgerð að hans eigin sögn en upphaflega hafði hann ætlað sér að yrkja út frá allri sögunni um Hjálmar og Ingibjörgu.

Bygging rímunnar er óvenjuleg því að hún hefst á *Inngangs-mansöng*. Strax í upphafsvísu veltir hann fyrir sér „Hvort mun rímna- enduð öld / ellegar hún sefur?“ Nú sé svo komið að „vífin gjörist óðum vandlátari en vóru fyrr“ á skemmtanir og þau geri sér ekki lengur að góðu „illa valið efni, sett / óvandlega' í bögur“ (2–3). Síðan spyr hann:

6

Hví þá flestir menntamenn
mótkast rímum veita,
sem þó voru', og eru enn,
almenn skemmtun sveita?

Við þessu á hann það svar að rímnahefðina þurfi að endurnýja og laga að breyttum tímum en ástæðulaust sé að leggja hana af:

12

Kvæðum hallast ættum að,
úti síst þau loka;
en um leið í annan stað
áfram rímum þoka.

13

Nýrrar aldar nýjan smekk
nýjar rímur beri;
og þá menntun áfram gekk,
eins þær líka geri.

Hér enduróma deilurnar um rímurnar eins og í rímum Hallgríms læknis og blaðagreinunum í *Norðanfara* á sjöunda áratug 19. aldar.

Hinn eiginlegi mansöngur (1–8) fjallar um hvers vegna skáldið velur sér sléttubönd sem bragarhátt í rímunni sjálfri og síðan færir Brynjólfur rímuna konu að sið rímnaskálda.

Brynjólfur gerir líkt og ýmis fyrri skáld ráð fyrir að sagan sé alþekkt og hana þurfi ekki að endursegja. Hann vindur sér því vafningalaust í *Dánaróð Hjálmars* (10–37) og gerir þá um leið ráð fyrir að allir þekki vísu Örvar-Odds sem er undanfari dánaróðsins í sögum. Hjálmar byrjar á að tíunda afrek sín og segist þar hafa frelsað „fimmtán borgir“ (17) eins og greint er frá í *Hervarar sögu og Heiðreks konungs* og að auki hafi hann verið „borinn talinn til / tveggja ríkja' á láði“ (18) eins og í rímu Hallgríms læknis. Hér lifir því sagan sjálfstæðu lífi í sagnaheimi rímnanna eins og hjá Sigurði og Guðrúnu. Hinsta fundi Hjálmars og Ingibjargar við Agnafit er lýst af mikilli angurværð þegar Ingibjörg spáði því að þau sæjust ekki framar.

Hjálmar ímyndar sér viðbrögð hennar þegar Örvar-Oddur færir lík hans heim til Svíþjóðar og leggur henni orð í munn:

32

„Tregar bíta,“ kveinar kær,
klofna bjarta naðnum
þegar líta Finnleif fær
fyrir hjartastaðnum.

Að dánaróðnum loknum haugsetur Örvar-Oddur lík Arngríms-sona og flytur lík Hjálmars til Svíþjóðar (38–53) þar sem Ingibjörg situr við að sauma skyrtu á Hjálmar (55). Oddur flytur henni „banakvæðin“ og viðbrögð hennar láta ekki á sér standa:

61

Nú er brostin von, sem vaf
vífum þreyða hagi,
frú er lostin angist af
eins og reiðarslagi.

63

Út af ríður falda fold,
fellur dáið niður,
sút af stríðu hvíldi hold
Hjálmars náinn viður.

62

Hitnar, þrengist, bólgnar blóð,
byrgjast salir anda,
svitnar, engist, fölnar fljóð,
feigðar kvalir granda.

64

Sveimaði' andi hvors til hins,
hlotnast yndi blíða,
heim að landi Ódáins
og með skyndi líða.

Elskendurnir fara saman til Ódáinslands og fá að unnast þar.

Brynjólfur hefur oftast góð tók á hinum dýra bragarhætti og skáldamál hans er einfalt og hnökralaust.

Hjálmarskviða eftir Brynjólf Oddsson

Brynjólfur (1824–1887) var ættaður frá Reykjum í Lundareykjadal. Prettán ára fór hann að heiman og er fátt vitað um næstu æviár hans þar til hann réðst sem bókbandslæringur hjá Agli Jónssyni í Reykjavík árið 1848. Á vinnustofu hans starfaði hann næstu fimm árin og heillaðist þá af mannfjöldanum og gáskanum á götum verðandi höfuðborgar. Hann varð fyrstur skálda til að yrkja um skrauthýsin í bænum og var þar með fyrsta Reykjavíkurskáldið löngu á undan Tómasi

Guðmundssyni. Hann dáðist að Dómkirkjunni, tónlistinni þar innan dyra og gleðileikjum skólapilta Lærða skólans. Nokkra skáldfrægð öðlaðist hann fyrir skop- og háðsrímu sína um brambolt danskra dáta sem hingað voru sendir vegna Þjóðfundarins árið 1851, *Dátarímu*, sem margir lærðu utan að þótt ekki hafi hún þá verið prentuð. Alla ævi hafði hann atvinnu af bókbandi og rak bókbandsstofu í Reykjavík. Í því starfi kynntist hann mörgum helstu menntamönnum og skáldum Reykjavíkur. Hann hafði miklar mætur á kvæðum Eggerts Ólafssonar og Sveinbjarnar Egilssonar en mestar þó á Jónasi Hallgrímssyni sem hann orti erfiljóð um enda valdi hann oft sömu bragarhætti og Jónas í kvæðum sínum. Sigurði Bjarnasyni kom hann á framfæri með því að gefa út rímu hans um Hjálmar og Ingibjörgu eins og áður var getið. Hann var fjálslyndur og einlægur ættjarðarvinur enda orti hann mörg hyllingarkvæði til Jóns Sigurðssonar. Náttúruskynjun rómantískra skálda birtist oft í kvæðum hans þegar hann yrkir um íslensk sumar- og vetrarkvöld. Brynjólfur var sjálfmenntað skáld en miklaðist aldrei af skáldgáfu sinni og var ánægður með sína „litlu ljóðadís“ enda gerði hann sér ekki grillur um að teljast til stórskálda.³⁸

Ekki er vitað með vissu hvenær Brynjólfur orti *Hjálmarskviðu* en það hefur verið fyrir árið 1869 því að hún var prentuð í *Nokkrum ljóðmælum* hans í Reykjavík það ár. Ríman er aðeins 46 erindi undir langhendum hætti og varð svo vinsæl að fjöldi manns kunnir hana og unni um langt skeið.³⁹

Höfundur segist í fyrirsögn rímunnar fylgja vísunum Hjálmars í *Hervarar sögu*. Ríman hefst þannig formálalaust á dánaróði Hjálmars án undanfarandi mansöngs og er einræða hans allt til loka. Hér er enn og aftur gert ráð fyrir að hetjusagan sé svo alkunn að ekki sé þörf á að rekja hana frá upphafi. Hjálmar tíundar í fyrstu afrekaskrá sína en þungamiðjan er samt skilnaður elskendanna við Agnafit:

17

Hvarf ég ungrri hlaðbeðs Gunni;
heilan fara þá mig það
er ég gekk að grárri unni
girður fáðum benjanað.

18

Sem frá heiðum himinbaugum
hitaskúrum niður slær,
ofan um fljóð af fögrum augum
féllu tárin kristallsskær.

³⁸ Jón Helgason biskup skrifaði ítarleg inngangsorð um Brynjólf í útgáfu séra Þorvalds Jakobsssonar og Snæbjarnar Jónssonar á úrvali úr ljóðum Brynjólfs árið 1941. Hér er stuðst við inngangsorð Jóns og þar má fá frekari fróðleik um skáldið.

³⁹ Sbr. formálsorð Snæbjarnar Jónssonar í sömu bók, bls. 4.

19

Menja Hlökkinn mörgum sinnum
– megn því tregi særði geð –
hvarmalaug af ljósum kinnnum
lokki gullnum þerrði með.

20

Á bak hvort öðru er við litum
á Agnafit, sem þyngst var neyð,
og fast bundin faðmlög slitum,
fór hvort okkar sína leið.

21

Oftar líta meyna mæru
mér er ei unnt um foldarstig
né hennar ástarauga skæru
unaðsgeislum verma mig.

22

Hlýtur nú að sannast saga,
er sagði mér hið kæra sprund,
að ég ei um ævidaga
oftar liti Svíagrund.

Huggun Hjálmars er að konungsdóttirin góða frétti að hann hafi fallið með frægð og hreysti en haft sigur engu að síður (25). Hann lætur í ljós þá ósk að mega kyssa Ingibjörgu hinsta sinni „bleikum vörum“ og þau megi síðar hittast á Gimli og þá vísar Brynjólfur beint til 65. vísu *Völuspár*:

29

Mætti bjóða blíðust meyjja
bleikum vörum hinsta koss,
í faðmi þeim ég fengi að deyjja
er fann ég lífsins kærsta hnoss.

30

Það óefuð er mín hyggja,
þó okkur skilji um jarðarsvið,
á Gimli í æðstum unað byggja
of aldurdaga munum við.

Síðan minnst Hjálmar félaganna við hirðina í Uppsölum og biður Örvar-Odd að færa Ingibjörgu tákni ástarinnar, hringinn sem hún dró á hönd honum við Agnafit, og ímyndar sér tár hennar og trega þegar hún fréttir að hann eigi aldrei afturkvæmt til Uppsala (37–39). Þessu næst kveður hann féлага sinn Örvar-Odd með árnaðaróskum og að síðustu sér hann örn fljúga að æti sínu en andi hans fleygir fjötrum sínum við dyr annars lífs (45–46).

Hjálmarksviða er létt og lipurlega kveðin. Brynjólfur notar hefðbundið en einfalt skáldamál sem hann hefur vel á valdi sínu þótt hann fari sparlega með það.

*Bardagaríma Hjálmars og Örvar-Odds
við Angantýssonu í Sámsey eftir Gísla Brynjúlfsson*

Gísli (1827–1888) var sonur dr. Gísla Brynjúlfssonar prests á Hólmu í Reyðarfirði og Guðrúnar Stefánsdóttur. Hann fluttist með móður sinni til Reykjavíkur 1835, settist í Bessastaðaskóla árið 1840, brautskráðist þaðan árið 1845 og hóf sama ár nám í lögfræði og málfræði við Hafnarháskóla. Hann var styrkþegi Árnasjóðs á árunum 1848–1877 og dósent í íslenskum fræðum við Hafnarháskóla frá árinu 1877 til dauðadags. Árum saman vann hann að skýringum við dróttkvæði sem eru til í handriti. Á því sviði var hann afar fróður.

Þekktasta rit Gísla er *Dagbók í Höfn* sem hann ætlaðist eflaust aldrei til að gefin yrði út. Dagbókin veitir einstæða innsýn í hugarheim ungs rómantíks sveimhuga og hrifnæms lestrarhests.⁴⁰

Gísli stóð að útgáfu *Norðurfara* á árunum 1858–1859 ásamt Jóni Thoroddsen. Síðar gaf hann út ljóðasafnið *Svövu* árið 1860 ásamt Benedikt Gröndal og Steingrími Thorsteinssyni. Á yngri árum var hann í skáldskap sínum undir sterkum áhrifum frá Byron lávarði sem Grímur Thomsen kynnti fyrir honum. Harmrænar ástir urðu honum iðulega yrkisefni og eflaust má það að einhverju leyti rekja til saklausra unglingaásta hans sjálfs. Hann náði aldrei að skipa sér í raðir fremstu rómantískra skálda þótt ekki hafi hann skort viljann til þess og Benedikt Gröndal skopaðist að skáldgáfu hans í *Dægradvöl*: „Hann var allur ekki annað en Romantik, en ekki skáld að því skapi.“⁴¹ Þegar leið á ævina varð Gísli sífellt fornyrtari og óaðgengilegri í ljóðagerð sinni eins og glöggt kemur fram í *Bardagarímummi*.⁴²

Ríma Gísla var ort í októbermánuði árið 1869. Hún er 250 erindi og hefur ekki verið prentuð. Gísli fetar í fótspor eldri skálda með því að fylgja fyrirmynd sinni allnákvæmlega en hún er fyrst og fremst *Örvar-Odds saga*. Í 162. og 163. vísu vitnar hann samt til einhverra annarra rímnaskálda sem ort höfðu áður um yrkisefnið, en nafngreinir aðeins Bólu-Hjálmar. Ýmsar nýjar upplýsingar koma fram hjá Gísla um Hjálmar hugumstóra. Hann telur sig vita nafnið á sverði

⁴⁰ Hér er stuðst við „Inngang“ Eiríks Hreins Finnbogasonar um æviatriði Gísla.

⁴¹ Benedikt Gröndal. *Dægradvöl*, bls. 301.

⁴² Hér er stuðst við „Inngang“ Sveins Yngva Egilssonar um skáldskap Gísla.

hans og nefnir það Leiftur (89), einnig rekur hann framætt Hjalmaris á annan veg en Hallgrímur læknir. Hja Gísla er Hjalmar Hringsson af ætt Vífils en óljóst er hvað hann hefur fyrir sér í því efni. Ríman er án mansöngs en aftur móti koma höfundarinnskot um söguefnið allvíða fyrir inni í sjálfri rímunni.

Ríman hefst á að segja frá Arngrímssonum og afrekum þeirra áður en þeir búast að heiman frá Bólum og fara til Sámseyjar. Þeir hafa haft spurnir af Hjalvari og Örvar-Oddi og vilja ólmir spreyta sig gegn þeim. Bónorð við Ingibjörgu kemur þar ekkert við sögu sem tilefni. Orðalaust salla Arngrímssynir niður skipverja Hjalmaris og Odds og brjóta skip þeirra í Munavogum meðan félagarnir höfðu gengið upp á eyna (1–31). Þeir verða áskynja þess sem gerst hefur, koma á vettvang og ræða sín á milli hverjir þessir ribbaldar séu sem geri svo mikinn óskunda (32–57). Angantýr ávarpar þá féлага og Oddur setur þeim einvígslög um að einn skuli berjast við einn í einu. Það samþykkir Angantýr og leggur til að sigurvegararnir skuli veita hinum föllnu virðulegan umbúnað eftir bardagann. Hjalmar og Oddur ræða síðan sín á milli hvor þeirra skuli kljást við Angantý (58–73). Þá hefst sjálfur bardaginn sem er meginefni rímunnar og vopnaskiptum er lýst í löngu máli og ekkert dregið undan hversu stórhöggar hetjurnar eru þar til Angantýr liggur dauður og Hjalmar hallast helsærður upp við þúfu. Oddur kastar þá á hann vísun um að hann hafi nú „hafnað fögrum liti“ (74–125). Hjalmar svarar í löngu máli með *Dánaróði* sínum sem styðst í smáatriðum við óðinn í sögunni. Ingibjörgu er að vanda lýst fagurlega en henni er ekki léð þar rödd (126–161). Oddur hefst því næst handa við að búa um líkin eins og um hafði verið samið (164–179), tekur síðan lík Hjalmaris á herðar sér og ber til skips. Siglingu Odds til Svíþjóðar er síðan lýst skáldlega þar sem Oddur syngur með sjálfum sér sorgarljóð um fall hetjunnar og dætur Ægis taka undir (180–196). Oddur flytur hina válegu fregn og færir Ingibjörgu hringinn og banaljóð Hjalmaris þar sem hún situr við að sauma skyrta á hann. Tíðindin verða henni ofviða og viðbrögðum hennar er lýst svo:

212

Leit á bauginn, blikna fór,
böl nam hjartað særa,
hné á augum höfgi stór,
hringa þöllin mæra.

213

Harmr smýgr hyggju lóð,
hafnaði máli tunga,
þögult hnígr heims frá slóð
hilmis jóðið unga.

214

Pegar leit hún höggna hlíf,
 héluga brynju Róða,
 sorgin beit hið besta líf,
 bliknaði mærin góða.

215

Hné við bólstri höll að mold
 hauðrs lindin rauða,
 örend fólst hin unga fold
 auðs í faðmi dauða.

Lokaþáttur rímunnar er hauggerð Odds, sorgin í höll Yngva konungs ásamt hugleiðingum Gísla um efnið (217–250).

Bragarhátturinn er frumhend ferskeytla sem oftast er hnökralaus þótt stundum bregði út af og innrím vanti. Gísli fyrir mál sitt og hefur í handriti eftir á strikað yfir innskotshljóðið *u* í endingum. Skáldamál er flókið og tyrfið en ber lærdómi höfundar fagurt vitni. Kenningar eru oft ærið langsóttar og margliðaðar en ofhlæði þeirra veldur því að of mikið hægir á framvindu sögunnar. Mér býður í grun að þarna hafi dróttkvæðaskýringum Gísla slegið inn og hann hafi viljað æfa sig í að smíða langsóttar kenningar en skáldskapurinn geldur óneitanlega fyrir þessa æfingu í að yrkja í anda fornskálda sem hann vitnar á stundum óbeint til. Vera má að Gísla hafi verið þetta ljóst, að minnsta kosti verður ekki séð að hann hafi gert tilraun til að koma rímunni fyrir almenningssjónir eins og öðrum skáldskap sínum. Ríman var heldur ekki birt í *Ljóðmælum* hans sem út komu að honum látnum árið 1891.

Ríma af Hjálmari og Ingibjörgu eftir Einar Jónsson

Einar (1845–1880) fæddist í Vestri-Leirárgörðum í Leirársveit. Fulltíða varð hann bóndi í Steinsholti í Leirársveit og seinna í Elínarhöfða á Akranesi. Hann kenndi sig ýmist við Vestri-Leirárgarða eða Elínarhöfða eins og kemur fram í handritum hans. Hann kom sér upp handskrifuðu einkabókasafni ásamt Halldóri bróður sínum eins og fleiri gerðu á 19. öld, ýmist eftir handritum, sem gengu milli manna til eftirritunar, eða prentuðum bókum. Þar ægir öllu saman og „villigardur“ hans stendur í fullum blóma. Þar eru hlið við hlið kvæði af ýmsu tagi eftir hann sjálfan, sálmar, rímur, fornaldarsögur, riddarasögur og margt fleira. Í kvæðum hans má víða sjá áhrif frá rómantískum skáldum, til dæmis Jónasi Hallgrímssyni.⁴³

⁴³ Tilefni þessarar rannsóknar á rímunum um Hjálmur var að ég fór að skoða handrit Einars langafa míns og komst þá brátt að því að hann var aðeins einn af mörgum sem ort höfðu um efnið. Árið 1981 átti föðuramma mín, Halldóra Jakóbína Guð-

Einar drukknaði ásamt þremur mönnum í uppsiglingu úr fiski-róðri á báti á Akranesi 10. mars 1880. Slysið sáú menn úr landi en fengu ekkert að gert þótt báti væri hrundið fram til bjargar. Halldóra kona hans horfði á slysið og varð skammlíf og lést tæpu ári síðar þri-tug að aldri.⁴⁴ Tveir synir þeirra voru þá á barnaldri. Þeir voru teknir til fósturs og ólust upp hjá Guðmundi móðurbróður sínum á Valda-stöðum í Kjós og konu hans, Katrínu Jakobsdóttur bónda á Valda-stöðum, sem gengu þeim í foreldra stað.⁴⁵

Ríman var ort árið 1870, Einar lauk við að skrifa hana 20. janúar 1871 og hún hefur ekki verið prentuð. Hún er 158 erindi og lipurlega ort undir reglulegri nýhendu.⁴⁶

Bygging rímunnar er hefðbundin. Hún hefst á mansöng (1–11) þar sem skáldið ákallar fagra konu að bera fyrir sig skáldamjöðinn því að nú þurfi það á öllum styrk að halda við yrkingarnar. Síðan kemur venjubundin yfirlýsing um vanmátt skáldsins til að feta í spor skáld-mæringa sem áður hafa fjallað um efnið. Engu að síður heldur skáldið

mundsdóttir (1891–1990) í Miðengi í Grímsnesi, við mig erindi og kallaði mig á sinn fund. Þá fékk hún mér í hendur handrit að ljóðum Benedikts afa míns, sonar Einars. Ég bjó þau síðar til prentunar í litlu fjölrítuðu kveri í telfni af ættarmóti í Miðengi. Að því loknu gaf ég handritin Landsbókasafni. Þegar amma mín hafði lokið þessu erindi vildi hún tala við mig í einrúmi og bað mig að halla aftur hurð-inni. Síðan sagði hún mér að ég skyldi ekki trúá öllu sem sagt væri um framsett mína. Þegar þau Halldór Ólafsson (1786–1813) og Ingigerður Stefánsdóttir (1772–1829), foreldrar Jóns föður Einars, fóru úr vist frá Magnúsi Stephensen á Leirá árið 1801, sama ár og Jón faðir Einars fæddist, hafi hann nefnilega „launað þeim ríkulega fyrir trúmennskuna og komið undir þau fótunum,“ eins og hún orðaði það. Fleira sagði hún ekki enda grandvör kona sem ekki var vön að fara með fleipur. Henni fannst skylt að einhver vissi þetta ættarleyndarmál svo að hún færi ekki með það í grófina. Af þessu gat ég ekki ályktað annað en að Jón hefði verið rangfeðraður og amma mín neitaði því svo sem ekki. Þar með var ég allt í einu orðinn að *stefánungi*, að vísu talsvert útþynntum með blóði úr öðrum áttum, hafi þetta verið rétt hermt hjá ömmu minni. Ég hef svo sem enga ástæðu til að rengra hana, ekki síst þegar hugað er einnig að aldursmun Halldórs og Ingigerðar enda slitnaði brátt upp úr sambandi þeirra.

⁴⁴ Frá sjóslýsingu segir í 32. árg. *Þjóðólfs* 23. mars 1880. Þar er Einari svo lýst: „Þar drukknaði Einar Jónsson 33 ára [svo], nýtur maður í mörgu, greindur vel, bók-námsmaður og skemmtinn, starfsamur og laglegur verkmaður, hann eptirskildi ekkju, 2 börn og lítul efni.“

⁴⁵ Sjá um framhald ættarsögunnar Bragi Halldórsson. „Um höfundinn og útgáfuna“, bls. 3–7 og Bragi Halldórsson. „Ráðstöfun guðs á heimsláninu“, bls. 12–16.

⁴⁶ Valgerður Kr. Brynjólfsdóttir skrifaði í meistaraþrófsritgerð sinni við Háskóla Íslands 2004, „*Meyjar og völd*.“ *Rímurnar af Mábíl sterku*, um að Einar hefði samið sögu og söguendi upp úr rímunum sem vantar söguendi. Katrín Kristinsdóttir, frænka mín, skrifaði einnig B.A. ritgerð við Háskóla Íslands 2006 um eina rímu Einars: „*Vélar margan veröldin*.“ *Rímur af Kjartani Ólafssyni kveðnar af Einari Jónssyni 1880. Umfjöllun og útgáfa*.“

ótrautt áfram og biður menn og konur að virða vilja sinn og hlýða rímunni um leið og skáldið færir það fögrum konum. Síðan hefst ríman sjálf um söguefnið (12–152). Lokakaflinn (153–158) er ávarp til kvenna um að þær misvirði ekki þótt skáldið hafi vandað óðinn miður en vera skyldi og þá gæti hvarflað að einhverjum að Einar hafi lesið *Lilju* Eysteins. Jafnframt felur skáldið nafn sitt í 155. vísu og greinir frá hvenær það hafi ort rímuna og skrifað upp (156–157). Einar er einn um það af rímnaskáldunum, sem er fjallað um í þessari grein, að fela nafn sitt í lok rímna. Nokkur skáld önnur segja hins vegar beint til nafns í lokin.

Meginefni rímunnar er byggt á *Hervarar sögu* og *Heiðreks konungs* og *Örvar-Odds sögu* en augljóst er að skáldið hefur þekkt vel rímu Guðrúnar Þórðardóttur og jafnvel rímur eftir fleiri skáld og þar koma Hallgrímur læknir og Bólu-Hjálmar helst til greina. Skáldið notar sögurnar jöfnum höndum en vinnur þó úr þeim á svipaðan hátt og Guðrún og Björn Friðriksson Schram. Engu að síður bætir Einar ýmsu við frá eigin brjósti með því að túlka söguefnið með sínum hætti þannig að til verður sjálfstætt verk. Í því efni vekur föðurnafn Ingibjargar strax athygli. Í *Hervarar sögu* og *Heiðreks konungs* er hún sögð Ingjaldsdóttir en Hlöðversdóttir í *Örvar-Odds sögu*. Í rímunni er hún aftur á móti sögð Ingadóttir og svo er einnig í rímunum eftir Hallgrím lækni og Björn Schram. Megináhersla er lögð á harmræna ástarsöguna. Ríman sver sig að því leyti vel í ætt hnitmiðaðra riddarakvæða eða jafnvel ballaða sem gjarnan hverfast um eitt tilfinningaþrungnið atriði. Hér er það dauðakossinn og síðan endanlegur sigur ástarinnar yfir dauðanum (143). Þessi lok rímunnar minna óneitanlega á lok *Tristanskvæðis* en það á einnig við um fleiri rímur. Af þessum sökum er ekki ástæða til að gera nákvæman samanburð á sögunum og rímunni því að skáldið hníkar til efnisatriðum úr sögunum að eigin vild og raðar þeim niður eftir því sem hentar meginmarkmiði frásagnarinnar.

Ríman hefst á skilnaði elskendanna við Agnafir (12–34). Þessi kafli byggir að nokkru leyti á *Dánaróði Hjálmars* í sögunum báðum með þeirri breytingu samt að hringurinn góði gegnir mikilvægu hlutverki í ástarsögunni, skilnaðargjöf Ingibjargar áður en hún kveður Hjálmar. Þetta á sér ekki stoð í sögunum en er algengt minni úr eldri rímum.

Næst tekur við lýsing á ferðinni til Sámseyjar og bardaganum þar (35–84). Hér styðst skáldið jöfnum höndum við sögurnar tvær og má víða finna orðalagslíkingar með þeim og rímunni. Ýmsum atriðum er þó breytt í þágu frásagnarinnar til að gera hlut Hjálmars sem mestan.

Samtal Örvars-Odds og Hjálmars að loknum bardaganum ásamt

kveðju hans í andarslitrunum til Ingibjargar er næsti kafli (85–116). Parna byggir skáldið á *Dánaróði Hjálmars* í sögunum báðum en bætir jafnframt miklu við frá eigin brjósti um fyrri afrek Hjálmars.

Þar næst segir frá för Örvar-Odds með lík Hjálmars heim til Uppsala þar sem hann flytur kveðju hans til Ingibjargar (117–130). Hér er að mestu fylgt frásögn *Örvar-Odds sögu* með hástemmdum og rómantískum viðbótum frá skáldinu um hugrenningar Ingibjargar sem þráir að ástvinur hennar snúi heill heim. Einræða Ingibjargar og ástaróður yfir líki Hjálmars (131–142) er hugarfóstur skáldsins sem þó hefur bersýnilega fengið innblástur frá rímu Guðrúnar. Samt á sér þetta nokkra stoð í drengskaparheitum þeim sem Hjálmar setti Örvar-Oddi í 9. kafla *Örvar-Odds sögu* fyrir því að þeir gerðu með sér félag.

Niðurlag harmsögunnar (143–152), þar sem Örvar-Oddur talar yfir líkum þeirra Hjálmars og Ingibjargar sem sprakk af harmi þegar hún vafði líkið örmum, er sótt í *Örvar-Odds sögu* með talsverðum viðbótum frá skáldinu sem sleppir þó harmahlátri Örvars-Odds í sögunni yfir líkunum. Í fornum sögum hlæja hetjur þegar þeim er mest harmakvöl í huga, öfugt við aðra menn. Ef til vill hefur rímnaskáldið ekki talið að það skilaði sér til áheyrenda á 19. öld að láta Örvar-Odd standa hlējandi yfir líkunum. Þeir gætu misskilið hlátur hetjunnar.

Augljósan skyldleika má greina við rímu Guðrúnar. Náinn skyldleiki milli rímna Einars og Björns Schram kemur hins vegar á óvart og ekki er alveg ljóst hvor hefur lært af hinum en augljóst er að báðir eru lærisveinar Guðrúnar. Að sögn Björns er hans ríma eldri ef því er trúað að hann hafi verið fjórtán ára þegar hann orti hana. Hér verða rakin nokkur dæmi sem afhjúpa þetta:

Guðrún:

32

Veit eg lifir þægur þar
þó ei beitir skjóma
sem að himins heiðgeislar
helgan veita blóma.

Björn:

13

Ástarhita heiðgeislar
hreyfðu bjarta mæri,
þóttist vita að væri þar
vinur hjartakæri.

36

Hér af drifi helfarar
harms er búin pína,
ástar hifins heiðgeislar
hljóta nú að dvína.

Eimar:

21

Ástarhita heiðgeisla
Hjálmar þeirri senda náði.
Ey sæljóma ágæta
aftur honum sama tjáði.

105

Ástarhita heiðgeislar
hrífa munu okkur bæði
ef að lítumst aftur þar.
Unum svo í besta næði!

*Hjálmar hugumstóri í fjörbrotunum
eftir Tómas Guðmundsson víðförla*

Um Tómas víðförla (1829?–1895) er fátt vitað með vissu. Hann er talinn upprunninn og attaður úr Geiradal og oft kenndur við Gróustaði þar í sveit. Ekki er þó kunnugt um að hann hafi verið skyldur Guðrínu Þórðardóttur. Líklegt má telja að hann hafi þekkt rímu hennar þó að ekki gæti áhrifa frá henni í verki hans. Eftir því sem best verður vitað var hann mikið á eirðarlitlu flakki um sveitir vestanlands og Húnavatnssýslu en mest þó um Vestfjarðakjálkann. Tómas fannst örendur milli bæja á Ströndum á jólaföstu árið 1895. Töluvert er til af skáldskap eftir hann sem varðveittur er í handritum annarra manna. Ein vísa og barnakvæði eftir hann hafa birst á prenti en auk þess skráði hann söguna af Þórði sakamanni í Þjóðsögum Jóns Árnasonar (IV:404–406).⁴⁷

Óvíst er hvenær ríman var ort. Hún er 101 erindi og hefur ekki verið prentuð. Auk hennar er til brot sem nefnist *Síðustu stef hetjunnar* en af því eru aðeins tvö heil erindi varðveitt.

Ríman er án mansöngs. Hún hefst formálalaust þegar Örvar-Oddur leitar Hjálmars eftir bardagann í Sámsey og ávarpar hann hel-særðan (1–5). Hjálmar hefur þá upp raust og flytur dánaróð sinn (6–62). Þennan óð túlkar Tómas á mjög sjálfstæðan hátt og bætir inn ýmsum minnum úr öðrum sögum. Til dæmis lætur hann Hjálmar rifja upp þegar hann þreytti eitt sinn sér til skemmtunar sund og kaf-færingar líkt og Kjartan Ólafsson í *Laxdehu*:

44

Foldar und þar flaut um grund
farveg bundin sínum,
þreytti' eg sund að létta lund
laufa þundum mínum.

45

Vatnið blátt þar brúsar hátt
brims við drátt úr hafi,
þegnar átta minn við mátt
megnuðu smátt í kafi.

⁴⁷ Sjá nánar um Tómas: Jóhann Hjaltason. „Tvær gamlar vísur“, bls. 94–99 og Ingvar Agnarsson. „Barnakvæði Tómasar víðförla“, bls. 69–62.

Tómas lýsir Hjálmarí sem eins konar Hróa hetti sem ekki rændi ríka til að festa auðinn við sig heldur til að gefa fátækum:⁴⁸

50

Þeygi blauður þels um stig
þegnum nauð af ýtti,
festi' eg auðinn ei við mig,
aftur snauðum býtti.

Lýsingar Hjálmaars á Ingibjörgu eru hjartnæmar og fallegar, eins og þegar hann lýsir augnaráði hennar sem varð til þess að hann tók ekki vinafundum annarra meyja:

21

Blómstraði hár um herðar þá
hreint sem báru logi,
iðaði kláru auga frá
ástartára bogi.

54

Vildu sprundin við oss mörg
vinafundum sæta,
ein þó mundi Ingibjörg
óra lundu kæta.

Huggun hans í „heljar dimmu“ er að geisli frá Glitni skín í gegnum helstríðið (28) og senn komi hann til æðri heima. Þá muni Baldur hinn góði gifta hann sinni heittelskuðu (58) og hann muni „upphefð ná / í Hliðskjálfar sölum“ (60).

Næst kemur til kasta Örvar-Odds sem er ekki árennilegur eftir fall féлага síns:

64

Benjar gnýja blárauðar,
bliki týnir vigur,
og nú sýnum Oddur var
ekki frýniligur.

65

Hugraun stranga hetja svinn
hlaut, því angur bitur,
brýrnar hanga hreint á kinn,
hagl um vanga þýtur.

Oddur efnir sín heit, heygir hina föllnu, flytur lík Hjálmaars til Svíþjóðar, leggur fyrir fætur Ingibjargar og les henni banakvæðið (66–84). Hún flytur þá sinn óð (87–91) og minnst þess að Hjálmar hafi metið meira meyjar ástir en lífið sjálft (88). Nú er komið að henni að efna sín tryggðamál (91–92):

⁴⁸ Líkingin er mín. Þess er tæpast að vænta að Tómas hafi þekkt söguna um Hróa hött því að þýðing Jóns Ólafssonar á henni kom út árið 1900 en þá hafði Tómas legið í gróf sinni í fjögur ár.

91

Hlýtur að vitna haf og lönd
happa boð um skýggðum,
aldrei slitna ástarbönd
okkar goðum vígðum.

92

Fyrst ei gleyma fæ ég þér
– föst eru stefnumálin –
ég til heima hinna fer,
heit sín efnir sálin.

Að svo mæltu hnígur hún örend (93) og Oddur heygir þau saman (94–97). Þessu næst fréttir Framar faðir Hjálmars, sem svo heitir eins og í rímum Hallgríms læknis, tíðindin norður til Hálogalands:

98

Frá þeim kórða Frey eg sný
falds og nýtri sólu,
þeirra norður Noreg í
náfregn ítar gólu.

100

Sárt það fellur víst að von,
vann þó smærst að gráta,
hann til elli syrgir son
sinn í stærsta máta

99

Framars þvingast fjörbreyting,
fleirum þyngist dómur,
þótti slyngum þjóðmæring
þetta kynngidómur.

Tómas lýkur síðan rímunni með einni vísu og minnir á að „margir segja misjafnt frá“ enda fer hann afar fjálslega með söguefnið og túlkar það með sínum hætti.

Ríman er létt og lipurlega ort, kenningar yfirleitt einfaldar og skýrar. Tómas fer einkar vel með hina dýru bragarhætti, en í rímunni eru ferskeytlurnar ýmist víxlhendar eða skothendar eða oddhendur hringhendur.

Hjálmarskviða hugumstóra eftir Hans Natansson

Foreldrar Hans (1816–1887) voru Solveig Sigurðardóttir og Natan Ketilsson sem var myrtur árið 1828 þegar Hans var ellefu ára. Eftir það bjó hann fyrst um sinn hjá móður sinni en var fljótlega látinn fara á flæking meðal vandalausra. Hann naut engrar bóklegrar tilsagnar í æsku annarrar en þeirrar að honum var kennt að að lesa og reikna. Fulltíða fór hann á nokkrar vertíðir á Suðurlandi. Hann kvæntist Kristínu Þorvarðardóttur, Jónssonar prests á Breiðabólstað. Þau reistu bú á Björnólfsstöðum í Langadal og bjuggu þar í sex ár. Þá fluttust þau

hjón að Hvammi í sömu sveit þar sem Hans var allengi hreppstjóri. Þar bjuggu þau í fimmtán ár. Síðast fluttust þau að Þóreyjarnúpi í Línakradal og þar lést Hans.

Hans var greindur hæfileikamaður að náttúruafari og bætti sér upp það sem hann fór á mis við í æsku. Hann varð þaullesinn í forn-sögum, kenndi sjálfum sér dönsku og leitaði hvarvetna eftir bókum til að lesa.⁴⁹

Óvíst er hvenær kviðan er ort en hún var prentuð í Reykjavík árið 1891 í *Ljóðmælum* skáldsins sem sonur þess annaðist og kostaði. Kviðan er 62 erindi og ort undir dróttkvæðum hætti en það er óvenjulegt.⁵⁰ Einnig telst óvenjulegt að Hans skiptir kviðunni í þrjá kafla: inngang án fyrirsagnar (1–35), Kviðu Hjálmars (36–50), Haugsetningu (51–60) og loks tvö lokaerindi (61–62). Í lifanda lífi voru prentaðar eftir Hans *Rímur af Sigurði snarfara*, gefnar út á Akureyri 1883. Hans ritaði sjálfur formála og kostaði útgáfuna.

Kviðan er án mansöngs og hefst við hirðina í Uppsölum þar sem Hjálmar og Örvar-Oddur dvelja í góðu yfirlæti. Arngrímssynir koma þangað og Angantýr hefur upp bónorð við Ingibjörgu fyrir hönd Hervarðar bróður síns (4). Þá er Hjálmar ekki seinn á sér að biðja Ingibjargar og minna Yngva konung á trúmennsku sína við hann (5–7). Málinu er skotið til Ingibjargar og ekki stendur á hennar svari:

7
Sjálfr kjósa mun ég ljósast
Hjálmar af ættum hilmis
hugstóran brands í órum.

8
Firn það eru ærin
ef ég væri gefin
þessum af kyni þussa,
þjóðar sem ræna blóði;
frétt hefðik flest er lýtti
af firum og Angantýri;
Arngríms burir án eiru
eyða frið, spilla gríðum.

Angantýr skorar þá Hjálmar á hólmi í Sámsey. Að vori kveður Ingibjörg Hjálmar kvíðafull:

⁴⁹ Hans Pétur Hansson, sonur skáldsins, gaf út *Ljóðmæli* föður síns í Reykjavík árið 1891 og ritaði æviágrip hans sem hér er stuðst við.

⁵⁰ Þótt kviðan sé ekki ort undir rímnaháttum heldur undir dróttkvæðum hætti tel ég hana vel eiga heima hér innan um rímur um efnið þótt Finnur Sigmundsson flokki hana ekki til rímnna í *Rímnatali* II:64.

12

Óa mér sporin grófu
ærin frá Angantýri
eitruð þér bana veiti.

Og þar með er hennar þætti lokið að sinni eftir að hún hefur gefið honum hring með kossi og saknaðartárum.

Næst tekur við siglingin til Sámseyjar, aðdragandinn að bardaganum þegar Arngrímssynir stráfella skipverja Hjálmars og Örvar-Odds, samtal Hjálmars og Odds um hvor þeirra skuli berjast við Angantý og loks bardaginn sjálfur. Í meginatriðum er hér farið eftir frásögn *Hervarar sögu og Heiðreks konungs* og einnig rímum Gísla Konráðssonar, Bólu-Hjálmars og Hallgríms læknis sem næsta víst er að Hans hefur þekkt en hann breytir lítið út af efninu. Eins og í sögunni lýkur bardaganum með því að Örvar-Oddur ávarpar Hjálmar: „Litbrugðinn álms er Agði, / of mæða sár þín skæðu“ (35).

Næsti þáttur er *Dánaróður Hjálmars* sem Hans nefnir Kviðu Hjálmars (36–50). Hér er allt einnig eftir bókinni og engar nýjar túlkanir á ferðinni. Hans tíundar öll nöfn sextíu bekkjarnauta Hjálmars við hirðina í Uppsölum (45–47) eins og Bólu-Hjálmar (38–43) og samanburður milli skáldanna sýnir að Hans sækir 37 nafnanna til Bólu-Hjálmars en býr önnur til þegar stuðlasetning og hendingar í hrynhendum hætti krefjast þess. Hans notar einnig orðið „banagælur“ um *Dánaróðinn* eins og Hallgrímur læknir.

Kveðja Hjálmars til Ingibjargar hljóðar svo:

42

Sér eg bjarta sól baugs virtu
sjónar steinum fyrir hreinu;
man ég þegar meyján fögur
mig við síðast skyldi blíða;
vospár grátin sagði sæta,
sorgartárin runnu í bárum;
að mér þrýsti bólgnu brjósti
bauga-hlíðin yndisfríða.

43

Ræst hafa orðin, er hún forðum
angurblið mér tjáði síðast,
sér mig aldrei auðsól milda
uns á sólar lifum bóli;
hér má bera sollin sárin
Sáms á eyju langt frá meyju;
hringinn fagra hlynur vígra
henni fær sem gaf mér kæra.

Í síðasta þættinum, Haugsetningunni, er Örvar-Oddur í aðalhlutverkinu (51–60). Hann færir lík Hjálmars til Svíþjóðar, færir Ingibjörgu hringinn og flytur henni óðinn. Hún fölnar, bliknar, stynur og

andast án þess að mæla (55–56). Oddur ályktar síðan um styrk brennheitrar ástar sem er öllum eiturvopnum skæðari:

58

Sjá nú hratt, hirðir drótt,
hversu sterk finnum merki,
að brennheit ást auðarristar
eiturdör styrkri gjörist.

Í lokavísunum tveimur afsakar skáldið fyrst hversu stírt sé kveðið (61) en greinir að lokum frá heimildum sínum:

62

Heimild til sögu höldum,
hlýt ég greina í flýti,
um hugprúða Hjálmars kviðu
og hreystiverk kappans merka:
Þáði' eg úr bindi blaða
brot nokkurt dimmt og rotíð;
skoða þá skræðu náði
er skráfærði Jón hinn lærði.

Hér kveðst Hans hafa haft við hönd brot úr rotinni skræðu „er skráfærði Jón hinn lærði“. Ekkert verður fullyrt með vissu hver „Jón hinn lærði“ var en ef til vill er hann sami maður og Hallgrímur læknir kvaðst hafa sem heimildarmann og nefndi „Jón Sandaprest“ sem hugsanlega hefur verið Jón Sigurðsson (1787–1870) prestur á Söndum í Dýrafirði sem var „vel lærður“ eins og víða er getið.

Hans bætir litlu við frá eigin brjósti en fetar venjubundna slóð innan rímnahéðarinnar að undanskildum hættinum. Tök hans á hinum dróttkvæða hætti eru styrk og skáldamálið er honum einnig tamt.

Ingibjargarkviða eftir Hans Natansson

Ingibjargarkviða var gefin út í vélrituðu fjölríti í Reykjavík 1930 en ekki er þess getið hverjir stóðu að útgáfunni þótt trúlegt megi telja að afkomendur skáldsins hafi þar staðið að verki. Eina eintakið í söfnum á Íslandi er nú varðveitt í Bókasafni Akraness.

Vel má hugsa sér að ríman sé ort síðar en *Hjálmarskviða hugumstóra*

og sé bragarbót skáldsins til að rétta hlut Ingibjargar sem var afar fyrirferðarlítill í Hjálmarskviðu. Skáldið fetar að þessu sinni þá slöð í túlkun að láta Ingibjörgu sjálfa tjá með eigin orðum tilfinningar sínar. Það leiðir hugann óneitanlega að rímum Guðrúnar Þórðardóttur, Sigurðar Bjarnasonar, Einars Jónssonar og Björns Schram þótt orðalagslíkingar séu ekki merkjanlegar við þær rímur.

Kviðan er 33 erindi og hefst á yfirlýsingu í þjóðernislegum anda um að tunga myndi þjóð. Í 2.–6. vísu er vikið að Ingibjörgu þar sem hún situr heima í Uppsölum við að sauma skyrtu á elskhuga sinn sem hún hugsar til löngunarfull, lítur til hafs og talar um upp úr eins manns hljóði:

6
Við sig tjáir björt á brá
bauga Gnáin þanninn:
„Bráðum má í faðminn fá
frægðarháa manninn.

7
Búinn hrósi, blíðu ör,
best þar hljómar vigur,
hrannar ljósa hefir bör
haft í rómu sigur.“

8
Gleðin fína farsæld ber,
forlög sín ei klagar:
„Bráðum mínir bjartir hér
brúðkaups skína dagar.

9
Nú er svarta sorgar él
sjatnað, fengin gleði.
Ástarhjarta í faðm ég fel
frægstum drengi á beði.“

Skipt er um svið og Oddur siglir til hafnar, leggur lík Hjálmars fyrir fætur konungsdóttur og þylur voveiflega frétt (10–19). Ingibjörg flytur þá sinn óð (21–28) sem lýkur með þessum orðum eftir að hún hefur látið eldheit ástartár drjúpa í sárin á líkinu eins og Sigrún Högnadóttir gerði forðum í Helgakviðu Hundingsbana II:

27
Nú með áum auka skal
óð af snilli frýju.
Þú í gljáum sólar sal
söngva stillir gígju.

28
Hjartans eigin elskan mín,
eyðist nauða mökkur,
glöð ég veginn geng til þín
gegnum dauða rökkur.

Að svo mæltu hnígur hún örend ofan á kaldan ná Hjálmars. Oddur horfir á furðu lostinn og grætur og af viðbrögðum hans ályktar skáldið að lokum:

33

Dæmið talda lýsir ljóst,
löngum sást það víða,
að helkaldan hermanns þjóst
hryggð og ástir þíða.

Þar með hafði Hans lokið endanlega ástarsögunni með því að gera þætti Ingibjargar einnig fullnægjandi skil.

Hjálmarks víða eftir Tómas Jónasson

Tómas (1835–1883) hóf lífsbaráttuna með tvær hendur tómar og var í vinnumennsku á yngri árum víða í Þingeyjarsýslum. Hann naut aldrei neinnar formlegrar menntunar en kenndi sér sjálfur dönsku og ensku og gerðist í framhaldi af því áskrifandi að leikritum Shakespeares, sennilega í danskri þýðingu. Hann varð loks bóndi á Hlíðar-enda í Bárðardal árið 1868 þegar hann giftist heimasættunni þar. Þjuggu hjónin þar til ársins 1874 en þá fluttust þau að Hróarsstöðum í Fnjóskadal.

Tómas var mikill áhugamaður um leiklist og samdi að minnsta kosti fjóra leikþætti sem sýndir voru víða í Þingeyjarsýslum og Eyjafirði og var vel tekið, þeirra kunnastur er *Yfirdómarrínn*.⁵¹ Á prenti birtust eftir hann í lifanda lífi kvæði og greinar í Akureyrarblöðum. Hann var félagsmálaforkólfur í sinni sveit og beitti sér fyrir stofnun framfarafélags og menntafélags. Finnur Sigmundsson birti þátt um hann í þjóðfræðiritinu *Ömmu* árið 1961. Fyrir rúmum þrjátíu árum birtust svo *Orðaleiksvísur* hans.⁵² Talsvert af kveðskap hans og öðru efni er til í handritum.

Óvíst er hvenær ríman er ort. Hún er stutt og hnitmiðuð, aðeins 15 erindi, ort undir hnökralausri hringhendu og skáldamál er einfalt og auðskilið. Hún hefst formálalaust á *Dánaróði Hjálmars*. Þetta gæti verið einræða í leikriti því að hvergi er minnst á að Örvar-Oddur sé nálægur. Hjálmar rekur líf sitt í örstuttu máli, minnst Ingibjargar en mikilvægast er að deyjja vel og kvíða ekki „skapaleiðardægri“ (1–12). Í 13.–14. vísu er skipt um svið og sjónum beint að hræfuglunum sem fljúga úr austri í átt að æti sínu. Lokavísan geymir síðan ályktun höfundar af sögunni:

⁵¹ Sjá nánar um Tómas: Jón Kr. Kristjánsson. „Tómas á Hróarsstöðum“, bls. 57–86.

⁵² Í *Súlum* 1973:98 og 190 og *Súlum* 1982:87–90.

15

Sennum leystur lífi frá
lífsafl reist þó vildi,
frægð og hreysti eina á
enginn treysta skyldi.

Angantýr og Hjálmur eftir Magnús Hj. Magnússon á Pröm

Magnús Hjaltason Magnússon (1873–1916) var fæddur í Álftafirði vestra. Faðir hans var fátækur barnakennari og móðir hans saumakona. Magnús ólst ekki uppi hjá foreldrum sínum heldur varð sveitarómagi og átti við verulega vanheilsu að stríða í æsku og háði hún honum alla ævi. Magnús ól allan sinn aldur á Vestfjörðum. Um hrakningasama ævi hans hafa margir skrifað, til dæmis Gunnar M. Magnúss og Sigurður Gylfi Magnússon.⁵³

Frægastur verður Magnús þó ávallt fyrir að vera aðalfyrirmyndin að Ólafi Kárasoni í *Heimsljósi* Halldórs Laxness. Til að undirbúa skáldsöguna lagðist Halldór í ítarlegar dagbækur Magnúsar í Landsbókasafni, og á útmánuðum árið 1936 ferðaðist hann einn fótgangandi um Snæfellsnes. Síðar fór hann um Vestfirði með Vilmundi Jónsýni heilan mánuð til að kynna söguviðinu. Hann skrifaði síðar í *Skáldatíma* árið 1963: „Ég var að leita að skáldi heimsins, Goethe afklæddum geheimráðinu, skáldi einsog það kemur fyrir af skepnumni, in puris naturalibus, og fann Ólaf Kárason Ljósvíking sem heimskir útlendingar halda að sé staðbundinn íslenskur heimatdichter!“⁵⁴

Eftir Magnús liggur töluvert af skáldskap, einar sex rímur auk smærri kvæða í syrpum sem hann nefndi rímur. Óvenjulega hrein-skilnar lýsingar í dagbókum hans munu þó halda nafni hans á lofti lengur en kvæðin. Í lífanda lífi kom hann aðeins rímunni af Angantý og Hjálmari út á prenti en ljóst var að hann ól með sér mikla skáldadrama. Það gekk ekki þrautalaust fremur en annað sem hann tók sér fyrir hendur enda mættu skáldskapartilraunir hans ekki alls staðar skilningi og oft kvartar hann undan því í dagbókum sínum. Samt voru margir sem kunnu að meta skáldskap hans og fengu hann til að skrifa upp eða yrkja fyrir sig gegn borgun við ýmis tækifæri og fyrir það naut hann oft vinsemdar og virðingar.⁵⁵

⁵³ Sjá nánar í heimildaskrá um rit þeirra.

⁵⁴ Halldór Laxness. „Ólafur Kárason hinumegin á hnettinum“, bls. 234.

⁵⁵ Sbr. Peter Hallberg. *Hús skáldsins* II, bls. 15.

Ríman *Angantýr og Hjálmar* var ort á Eyri við Skutilsfjörð að beiðni Áslaugar Gísladóttur sem var í vinfengi við skáldið. Ríman er 221 erindi og var prentuð á Ísafirði árið 1908 í prentsmiðju *Þjóðviljans* sem Skúli Thoroddsen rak en skáldið sjálf kostaði útgáfuna.

Ríman hefst á mansöng (1–14). Í upphafi nefnir Magnús að ríman sé ort að beiðni konu sem hann að lokum nafngreindir í 215. vísu. Í 2.–13. vísu nefnir hann mörg fyrri skáld sem ort höfðu um efnið, Bólu-Hjálmar, Hallgrím lækni, Gísla Konráðsson, Hans Natansson, Guðrúnu Þórðardóttur, Sigurð Bjarnason, sem hann metur umfram önnur skáld, Símon Dalaskáld, Tómas víðförla, Brynjólf Oddsson og fornvin sinn og skáldbróður, Þórð Þórðarson Grunnvíking. Um allar þessar rímur hefur þegar verið fjallað hér að framan nema rímur Þórðar og Símonar sem nú eru að öllum líkindum glataðar, að minnsta kosti hefur ekki tekist að hafa uppi á þeim í handritasöfnum. Af þessum tíu rímum gat Magnús hafa lesið fjórar í prentuðum útgáfum en hinar sex hefur hann áreiðanlega aðeins þekkt í handritum.

Í upphafi rímu hefur skáldið ættarsögu Arngrímssona og hvernig sverðið Tyrffingur komst að lokum í hendur Angantýs, eins og Hallgrími lækni gerir. Stafar miklum ljóma af helstu hetjum ættarinnar allt þar til Angantýr biður sér til handa Ingibjargar í Uppsölum. Þannig skerpir Magnús á ástarþríhyrningnum með því að láta hann (en ekki Hjörvarð eða Hervarð eins og sum skáld gera) og Hjálmar keppa um ástir konungsdótturinnar (15–69). Angantýr gerir hosur sínar grænar með því að telja upp afrek sín (70–72) en Hjálmar lætur ekki á sér standa og biður einnig um hönd snótarinnar (75–77). Vandamálinu er skotið til Ingibjargar og í svörum hennar fer mesti ljóminn af Angantý sem fram til þessa hefur verið lýst lofsamlega:

80

Happakunnum hirði stáls
helga sver ég eiða,
síst eg unni ástamáls
örögum runni Forná báls.

81

Mesti klunni mín sem bað
má því héðan fara,
jafnan kunnur illu að,
Yggs þó sunnu rjóði blað.

Angantýr hrósar tryggð hennar við Hjálmar (85) en kveðst ekki vilja fleira við hana tala en hann eigi aftur á móti eitt og annað vantalad við Hjálmar og býður honum til einvígis í Sámsey (86). Inn í þennan kafla rímunnar skýtur Magnús hugleiðingum um kosti og galla kvenna. Þar glittir ef til vill í heimilisböl hans sjálfs en hann bjó

við mikla afbrýðisemi sambýliskonu sinnar sem helli gjarnan yfir hann úr skálum reiði sinnar ef hún stóð hann að því að tala við aðrar konur á förnum vegi:

53

Hvar sem hreina ástin er
auðnu ljómar dagur,
dyggðin greinir glæstar ber
og gallameinin varla sér.

82

Illa reiðin ýtum fer,
eigi meyjum síður,
bein hún leið til lasta er,
lukku eyðir – því er ver.

Framhaldið er síðan kunnuglegt úr öðrum rímum og *Örvar-Odds sögu* þegar lýst er komu Arngrímssona til Sámseyjar (90–96). Næst vîkur sögunni til Hjálmars og Örvar-Odds í Uppsölum áður en þeir ferðbúast (97–101) og Ingibjörg kveður með fögrum orðum og játar Hjálmari enn ást sína (102–106) en hann reynir að hughreysta hana:

108

„Kvið ei Rínar ljóma lín
lífs ókomnum dögum,
mér mun skína frægðin frýn
og frétt sú krýna sálu þín.“

Að angurværum kveðjum loknum halda Hjálmar og Oddur af stað til sjávar en þá kemur óvænt úr penna skáldsins rómantísk og friðsæl náttúrulýsing þegar þeir spóka sig um fagrar grundir við klið söngfugla áður en þeir leggja frá landi:

119

Upp um skógar græna grund
gengu drengir spakir,
blómstur gróa' í ljósum lund,
ljúfan þróa yndisfund.

121

Gleðiþor í virðum vann
vekja dagar þessi,
auðnuspor því auka kann
endurborin náttúran.

120

Hópum saman sungu þar
sumarfuglar glaðir,
firttir ama ánauðar
allt sem lamar hyggjufar.

121

Þegar höldar hér um stund
höfðu friðar notið
fram að öldu löngum lund
leið sér völdu' um fagra grund.

Þessu næst tekur við myndræn lýsing á sjóferðinni til Sámseyjar (123–127) en þar taka Arngrímssynir til óspilltra málanna, leggja að skipum Hjálmars og gjöreya liði hans. Þá þykir þeim bræðrum lítið koma til orðsporsins, sem fer af þeim Hjálmari og Oddi, án þess þó að þeir hafi orð á því að þeir vilji helst drepa „skítkarlinn“ föður sinn fyrir að hafa logið að þeim um frægð þeirra félaga eins og segir í *Órvar-Odds sögu* (128–144). Hjálmar og Oddur sjá hvað gerst hefur og búa sig til bardaga og ræða að venju um hvor þeirra skuli fást við Angantý (145–157). Þá hefjast vopnaskipti og sjónum er ýmist beint að framgöngu Odds eða Hjálmars og ekkert dregið úr í bardagalýsingunum þar til Oddur ávarpar Hjálmar helsærðan og litfölvana (158–190). Hjálmar flytur þá „banaljód“ sín með kveðju til Ingibjargar og lætur verða sín síðustu orð að sál hans fljúgi glöð á fund Óðins (191–199). Oddur tekur lík Hjálmars á herðar sér og ber á skip en vanrækir að heygja Arngrímssyni, eins og hann gerir í sögunum tveimur og flestum fyrri rímum, heldur lætur nægja að hrinda líkum þeirra „í svalan sjó“ (204). Andlátskvæði Hjálmars flytur hann síðan fyrir Ingibjörgu (208) og hún hnígur látin ofan á lík ástvinar síns (209) en Oddur heygir þau saman með svipuðum orðum og sjást í rímu Guðrúnar Þórðardóttur:

Guðrún:

33

Engin hræða ama ský,
önduðum fæðist gaman,
blíðheim gæfa búnum í,
best með næði saman.

Magnús:

212

Engin kæla ama ský
ykkar fundi lengur,
Gimlis sælu söllum í
sálir dælar unnist því.

Lokavísurnar eru ávarp til Áslaugar Gísladóttur. Magnús nefnir stað og stund þegar ríman var ort á Eyri við Skutilsfjörð árið 1906 og segir til nafns.

Ríman er ort undir þríhendu stikluviki, og hefur Magnús gott vald á bragarhættinum ásamt skáldamálinu sem er einfalt og skýrt.

Hjálmar hugumstóri eftir Helga Björnsson

Helgi (1886–1956) var ættaður frá Staðarhöfða í Innra-Akraneshreppi og er kenndur við þann bæ í handritum Kára S. Sólmundarsonar. Hann lést í Reykjavík. Um ævi hans veit ég fátt annað. Ef eitthvað má ráða af rímum um ævi skáldsins verður helst ályktað af sjóferðarlýsingum að það hafi stundað sjómennsku ásamt búskap.

Ríman er 53 hringhend erindi og var prentuð í ljóðabók höfundar, *Örvum*, í Reykjavík árið 1926. Hún hefst á mansöng (1–5) þar sem skáldið minnst þess að hafa komið inn í mörg kotbýlin þar sem kvæði voru kveðin til að létta mönnum lundina og vinnuna á kvöldvökunni eftir lýjandi og strangan vinnudag:

3
Kom ég inn í kotin mörg,
kvæða ginning háður,
sat þar kynning söngva fjörg,
sögu- og vinnuráður.

5
Roðans vegi rennur hljóð
raun, þó sveigi bakið,
Sáms- að -eyju svífur ljóð,
sagnamegin vakið.

4
Hreysti bragna, hjörvagnýr
hreyfir magni laga.
Undrasagna ævintýr
ekur vagni Braga.

Ríman hefst formálalaust á bardaganum í Sámsey sem er nýlokið þegar Örvar-Oddur finnur Hjálmar allan blóði drifinn (6–10). Hjálmar flytur þá *Dánaróð* sinn (11–33), stiklar á stóru um afrek sín og rifjar upp kveðjustundina við Agnafit þar sem hann endursegir með eigin orðum ræðu Ingibjargar, hún talar með öðrum orðum í gegnum hann (22–25). Síðan biður hann Odd að skila kveðju til hennar ásamt hringnum og einnig til félaganna í Sigtúnum (26–33). Oddur gengur því næst frá lausum endum í Sámsey, tekur lík Hjálmars á herðar sér, ber það á skipsfjöl og lætur í haf. Býsna hratt hefur verið farið yfir sögu fram til þessa og greinilega er talið óþarft að fara út í smáatriði. Næst bregður aftur á móti svo við að skáldið dregur upp myndræna sjóferðarlýsingu sem freistandi er að tengja við reynslu höfundar af sjómanslífi, því hér virðist skáldið vera á heimavelli:

38

Akker vindur unni frá,
– eyjar sindur glitrar, –
síðan bindur segl á rá,
súðahindin titrar.

39

Óskaleiði enn er hlýtt,
alda' á freyðir borðum.
Hárið greiðir héluhvítt
hrönn á veiðistorðum.

40

Stefnið brýtur strauma-glit,
styrkur þrýtur boðum.
Oddur lítur Agnafit
undan hvítavoðum.

41

Blaktir voð á borðum sjós,
byrjar stoð á gengur.
Heldur gnoð að hafnarós
Hlés að boði drengur.

Oddur flytur í stuttu máli afrekaskrá Hjálmars, spyr Ingibjörgu hvort hún kannist við manninn, reynir að sefa sorg hennar með því að tjá henni að Hjálmar hafi fellt Angantý og getur að lokum eigin framgöngu (45–50). Rímummi lýkur svo með viðbrögðum Ingibjargar:

51

Skerta brynju og skarðan hjálm
skoðar minja-Gerður.
Tárin hrynja á trúarmálm,
tryggðin stynja verður.

53

Horfin sól og hallarauð
hreinust fjóla borgar,
fram af stóli fellur dauð
fyrir gjólu sorgar.

52

Andar blær á æviljós
eygló mæru spanga.
Fellur sær í feigðarós.
Fölva slær á vanga.

Í þessari rímu sést að söguefnið um Hjálmar og Ingibjörgu er að þrotum komið. Hefðin er þegar búin að tæma efnið, það lifir ferskt í huga rímnaunnenda. Tök skáldsins á bragarhættinum eru hnökralaus en skáldamálið er orðið mun einfaldara en áður hafði tíðkast, til dæmis eru hálfkenningar tíðari en verið hafði í eldri rímum.

*Hjálmar og Ingibjörg eftir Guðmund
Ingiberg Guðmundsson*

Það fer vel á því að ljúka umfjöllun um einstakar rímur með því að fjalla um rímu Guðmundar Ingibergs (1887–1961). Hann var Reykvíkingur en langafi hans í móðurætt var Bólu-Hjálmar. Þar með var hringnum lokað og þrjú hundruð ára rímnahefð um Hjálmar hugumstóra og Ingibjörgu hafði þar með runnið sitt skeið. Guðmundur stundaði sjómennsku og verkamannavinnu í Reykjavík og víðar. Ári áður en hann lést gaf hann Handritadeild Landsbókasafns handrit að rímu sinni. Annars virðist sögnin um Hjálmar hugumstóra og Ingibjörgu hafa verið honum lengi hugleikin því að í handriti Kára S. Sólmundarsonar með sáravísu er ein slík vísa eftir Guðmund sem hann orti árið 1932 að sögn Kára.⁵⁶

Ríman er 64 ferskeytt erindi. Hún var ort 1960 og hefur ekki verið prentuð.

Ríman hefst með tveggja vísna mansöng sem lýkur svo: „Kunnugt þjóðum efnið er / og það hljóðar svona.“ Síðan er stokkið beint til Uppsala og ástir Hjálmars og Ingibjargar kynntar í stuttu máli (3–9) en þá æðir jarlinn Angantýr inn í hallarsalinn og leitar ráðahags við konungsdóttur fyrir hönd elsta bróður síns. Enn er bónorðinu vikið til atkvæða Ingibjargar en hún kveðst hafa bundist Hjálvari áður (14). Þá skorar Angantýr Hjálmar og Odd á hólmi í Sámsey, heldur síðan til strandar og siglir heim til Bólmeyjar (16–20). Hjálmar og Oddur ferðbúast að vori og Ingibjörg kveður unnusta sinn við Agnafit með þessum orðum:

25

„Prálátt hjá mér hugboð finn,
hryggðin þá mér amar,
að eg fái, ástvin minn,
ekki að sjá þig framar.“

Hjálmar svarar:

⁵⁶ Sjá nánar um Guðmund Ingiberg: Finnur Sigmundsson. *Rímmatal* II:52–53 og Hjálmar Jónsson. *Ríksafi* IV. Reykjavík 1960.

26

„Leggja héðan hlýtt af stað,
hetjan réði spjalla,
„sanna gleði segi það
sigrá eða falla.

27

Hjör þó lýi hrausta mund,
hlífar knýi vigur,
aftur sný eg á þinn fund
eftir nýjan sigur.“

Hann kveður síðan Ingibjörgu með kossi en hún gengur sorgbitin til hallar. Þeir félagar láta síðan í haf og sjóferðinni er lýst:

29

Byrinn þeginn blés á voð,
bárur sveigja falda,
samt ódeigir seggir gnoð
Sáms til eyjar halda.

30

Kyljan heið var göngu greið
glyggs á meiði breiðum,
aldan freyðir, öslar skeið
á hvalreyðar leiðum.

Bardagi tekst óðar en þeir hafa stigið á land (31–44) og að lokum kveður Hjálmar stuttan *Dánaróð* sinn (45–48). Þá kemur til kasta Örvar-Odds að vanda og hefur hann hraðar hendur við að heygja berserkina og bera lík Hjálmars á skipsfjöl. Og aftur kemur myndræn sjóferðarlýsing:

53

Byr aðstoða sterkur má,
strekki voðar falda,
brjóstum gnoðar gjálpar á
geisla roðin alda

55

Sjórinn þvoði siglu stoð,
sauð brimfroðu mjöllin,
þöndust voðir, geistist gnoð
gegnum boðaföllin

54

Laut við gnoð, en leiðið þá
lék í voðum þrúðum,
springa boðar byrðing á,
bullar froða á súðum.

Oddur ber lík Hjálmars frá borði og leggur hjá Ingibjörgu, hún deyr og þau eru heygð saman:

58

Reis frá borði blíðu rík,
 bölið þorði líða,
 bleik var orðin lík sem lík
 lauka skorðin fríða.

60

Sundin varma blekkir brár
 bundin hvarmi og hjarta,
 stundi af harmi en hnigu tár
 hrundin armabjarta.

59

Sorgin þjáir, bliknar brá,
 blíðu þráin krafði,
 auðar Gnáin ástrík þá
 örmum náinn vafði.

61

Laut deyjandi að líksins hlið,
 líf fann stranda máttinn,
 Hrundin banda hneig þar við
 hinsta andardráttinn.

Guðmundur lýkur rímunni með því að dást að snilli sögunnar sem vert er að muna í lausu máli og bundnu (63), segir til nafns í síðustu vísunni og kallar sjálfan sig „ljóðs dverg“, væntanlega af tillitssemi við langafa sinn Bólu-Hjálmar.

Ríman er ort undir hringhendu mestan part en nokkrar vísur eru auk þess oddhendar. Guðmundur fer vel með bragarhættina og skáldamál hans er einfalt og auðskilið.

*Sáravísur um Hjálmar hugumstóra
 úr handriti Kára S. Sólmundarsonar*

Kári (1877–1960) ólst upp í Jörva í Haukadal í Dölum og bjó um hríð í Miðhúsum í Innri-Akraneshreppi. Hann fluttist til Reykjavíkur um 1930. Kári var mikill áhugamaður um hagyrðinga og rímnaskáld og safnaði ógrynni af vísum eftir aðra en var að auki síyrkjandi sjálfur. Til þess varði hann nánast öllum sínum tómstundum á efri árum og samdi þá drög að rímnaskrá sem hann seldi Landsbókasafninu en ánafnaði safninu kvæðasafn sitt eftir sinn dag.⁵⁷

Í safni hans má sjá hvernig söguefnið hefur endanlega skroppið saman í það eitt að Hjálmar telji upp sár sín og til þess láta skáldin hann beita ýmsum kostulegum talnakúnstum svo að þau verði á endanum sextán. Andlátsvísur Hjálmars eftir ýmsa höfunda sýna enn og sanna hversu útbreidd og vinsæl hetjusögnin hefur verið fram á miðja 20. öld. Þær kallast þannig líka á við frægar andlátsvísur forn-

⁵⁷ Sjá nánar um Kára: Finnur Sigmundsson. *Rímatal* II:100.

skálda eins og Þormóðar Kolbrúnarskálds, Jökuls Bárðarsonar og Þóris Jökuls Steinfinnssonar.

Í *Nýjum kvöldvökum* árið 1926 eru til dæmis prentaðar vísur eftir þrjá höfunda. Þar fylgir þeim eftirfarandi inngangur: „Það var fyrrum dægradvöl margra alþýðu hagyrðinga, að kveða sáravísur fyrir munn Hjálmaars hugumstóra og mun víða vera safn þeirra í sveitum, hjer birtist aðeins lítið sýnishorn“ (bls. 198).

Kári skráir stundum nákvæmlega stað og stund þegar nokkrir valinkunnir kvæðamenn hittust til að ræða áhugamál sín og yrkja nýjar sáravísur. Ófáar verða til í desember árið 1932 og í janúar árið eftir og fundarstaðir eru til dæmis Njálsgata 14 (heimili Kára), Bergþórugata 23, Laugavegur 32B, Njarðargata 7 og heimili Guðmundar Ingibergs í Kleppsholtinu. Þannig höfum við nánast skjalfest upp á dag hvernig, hvar og hvenær þessi gamla hetjusaga fjaraði að lokum út.

Glataðar rímur

Eins og áður var getið telur Magnús Hj. Magnússon Þórð Þórðarson Grunnvíking skáldbróður sinn og fornvin meðal skálda sem ortu um efnið. Í handritum Þórðar, sem bárust Handritadeild Landsbókasafns 1998, finnst þessi ríma hins vegar ekki og hún er heldur ekki í kvæðabók hans, *Carmínu*, sem kom út 1913.⁵⁸ Jafnframt segir Magnús í rímu sinni að Símon Dalaskáld Bjarnarson hafi ort um hetjusöguna en nú finnst hvorki tangur né tetur af rímu Símonar.

Kári S. Sólmundarson tíni einnig til sáravísur upp úr rímum eftir ýmsa aðra höfunda sem ortu um efnið. Því má fullyrða að ekki séu enn öll kurl komin til grafar og einhverjar rímur hljóti enn að leynast í handritasöfnum sem mér hefur ekki tekist að hafa upp á.

Að lokum má þess geta að um 1950 nægði ennþá í bókmenntaverki að vísa til Hjálmaars hugumstóra inni í rómantískri sveitasögu eftir Kristínu Sigfúsdóttur um ást í meinum þar sem elskendum er stíað sundur vegna stéttamunar. Smásagan nefnist *Æskudraumur* og birtist fyrst í ritsafni Kristínar á árunum 1949–1951. Hjálmar, bróðursonur prestskonunnar í sögunni, segir við fátæku og draumlyndu stúlkuna Álfdísi sem ekki hefur enn kynnst vonbrigðum ástarinnar en á eftir að brenna sig illilega: „Ég heiti Hjálmar, en það á nú ekki sem

⁵⁸ Sbr. Þórður Þórðarson Grunnvíkingur. *Aðfangaskrá Lbs. 15. okt. 1998.*

best við, því ég er ekki hugumstór.“⁵⁹ Hætt er við að þessi vísun fari fyrir ofan garð og neðan hjá nútímalesendum.

Niðurstöður

Helstu niðurstöður mínar eru að samfellt flæði hafi verið í sagnaheimi hetjusögunnar um Hjálmar hugumstóra allt frá elstu tímum fram á miðja 20. öld. Framan af voru skáldin allnokkuð bundin af því að fylgja annaðhvort *Hervarar sögu* og *Heiðreks konungs* eða *Örvar-Odds sögu* í meginatriðum. Þau hikuðu samt ekki við að hnika til röð atburða og bæta inn atriðum (einkum ýkjukennendum bardagalýsingum og samtölum) ef þeim þótti það henta betur þeirra frásögn. Bólu-Hjálmar reið hins vegar á vaðið með því að taka einvörðungu út þátt Hjálmars hugumstóra, yrkja um hann og laga efnið að vild í hendi sér. Eftir það tók rímnakveðskapur um efnið miklum breytingum á 19. öld og varð fyrir talsverðum áhrifum frá rómantískum skáldskap 19. aldar.

Guðrún Þórðardóttir, sem var eina konan sem orti um efnið, varð aftur á móti fyrst til að draga fram þátt Ingibjargar konungsdóttur og ljá henni líf og sjálfstæða rödd innan hetjusögunnar. Fram til hennar tíma hafði Ingibjörg staðið afskipt í skugga hetjunnar. Framlag Guðrúnar hafði mikil áhrif á ýmis önnur skáld sem fetuðu í fótspor hennar. Sömu sögu má segja um rímu Sigurðar Bjarnasonar sem greinilega var ekki ósnortinn af rómantískum skáldskap samtíðar sinnar. Þegar leið á öldina tók sögnin um Hjálmar og Ingibjörgu þannig smám saman að lifa sjálfstæðu lífi óháð fornaldarsögunum tveimur. Eitt skáld nam af öðru og vel má greina tengslanet milli þeirra þegar þau vitna í heimildir sínar og fyrri skáld sem ort höfðu um efnið.

Rímnaskáldin áttu þó í vök að verjast vegna þess að þau áttu óhægt um vik að koma verkum sínum á framfæri á prenti. Hefðin sem slík varð því að mestu að reiða sig á gamalgróna handritamiðlun. Auk þess sættu rímnaskáldin iðulega miklu ámæli fyrir að iðka hina fornu skáldskapargrein. Þess vegna reyndu þau mörg hver að blása nýju lífi í hefðina og laga sig að nýjum tímum. Því ríkti alls ekki stöðnun í rímnakveðskap eins og stundum er haldið fram í yfirlitsritum um bókmenntasögu. Hefðbundin bygging rímna með kaflaskiptingu í mansöng, efni sögunnar og lokaorð vék fyrir nýjum efnistöfum hjá mörgum skáldum. Rímnahefðin hlaut þó að lokum að lúta í lægra

⁵⁹ Tilv. er fengin úr *Napóleon Bónaparti og tólf aðrar smásögur 1880–1960*, bls. 45, sem Guðmundur Andri Thorsson sá um útgáfu á í Reykjavík árið 1987.

haldi fyrir prentækni, breyttum samfélagsháttum, nýjum bókmennta-
smekk, sem fylgdi m.a. frumsömdum og þýddum skáldsögum, og
nýrri afþreyingu af ýmsu tagi sem höfðaði betur en rímurnar til nýrra
og breyttra tíma.⁶⁰

HEIMILDIR

HANDRIT ÓPRENTAÐRA RÍMNA

- Björn Friðriksson Schram. „Banaljóð Ingibjargar Ingadóttur.“ *Lbs.* 3245,
8vo.
- Brynjúlfur Jónsson frá Minna-Núpi. „Ríma um dauða Hjálmars hugum-
stóra.“ *Lbs.* 1940, 8vo.
- Einar Jónsson í Elínarhöfða. „Ríma af Hjálvari og Ingibjörgu.“ *Lbs.*
2732, 8vo.
- Gísli Brynjúlfsson. „Bardagaríma Hjálmars og Örvar-Odds við
Arngrímssonu í Sámsey.“ *JFS* 303, 8vo.
- Gísli Konráðsson. „Ríma af Hervöru og Heiðreki konungi.“ *ÍB* 946, 8vo
og *Lbs.* 2109, 8vo.
- Guðmundur Ingiberg Guðmundsson. „Hjálmar og Ingibjörg.“ *Lbs.*
3868, 4to.
- Guðrún Þórðardóttir á Gróustöðum. „Eftirmæli eftir Hjálmar hugum-
stóra.“ *Lbs.* 2402, 8vo.
- . „Hjálmar og Ingibjörg.“ *Lbs.* 1881, 8vo.
- . „Ingibjörg Ingvadóttir.“ *Lbs.* 2129, 4to.
- . „Kviða Ingibjargar Ingvadóttur.“ *Lbs.* 3472, 8vo.
- Hjálmar Jónsson frá Bólu. „Hjálmarskviða.“ *Lbs.* 467, 4to, II (aðal-
handrit); *Lbs.* 467, 4to, I og III; *Lbs.* 1507, 8vo.
- Tómas Guðmundsson víðförli. „Hjálmar hugumstóri í fjörbrotunum.“
Lbs. 1883, 8vo.
- Tómas Jónasson. „Hjálmarskviða.“ *Lbs.* 3472, 8vo.
- Þórður Þórðarson Grunnvíkingur. *Aðfangaskrá* *Lbs.* 15. okt. 1998.
- Ýmsir höfundar í handriti Kára S. Sómundarsonar. „Sáravísur.“ *Lbs.*
3472, 8vo.

PRENTAÐAR FRUMHEIMILDIR

Ásmundur Sæmundsson. *Rímur af Hervöru Angantírsdóttur.* Hrapsey,
1777.

⁶⁰ Hannes Péturson komst að svipuðum niðurstöðum um lok rímnaskáldskaparins í
Kvæðafylgnum árið 1979, bls. 57. Einnig eru þessar niðurstöður ekki fjærri hug-
myndum Jónasar í rímnaritdómunum frá árið 1837.

- Brynjólfur Oddsson. „Hjálmarskviða.“ *Nokkur ljóðmæli*. Reykjavík: Brynjólfur Oddsson, 1869.
- . „Hjálmarskviða.“ *Ljóðmæli*. Þorvaldur Jakobsson bjó til prentunar. Reykjavík: Snæbjörn Jónsson, 1941.
- Hallgrímur Jónsson. *Rímur af Hjálvari hugumstóra*. Akureyri: Grímur Laxdal, 1859.
- . *Rímur af Hjálvari hugumstóra*. Reykjavík: Skúli Thoroddsen, 1909.
- Hans Natansson. *Ljóðmæli*. Reykjavík: Hans Pétur Hansson, 1891.
- . *Ingibjargarkviða*. Reykjavík, 1930. [Vélritað fjölrit.]
- Helgi Björnsson. *Örvar, ljóð og stökur*. Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg, 1926.
- Hjálmar Jónsson frá Bólu. „Hjálmarskviða.“ *Rímur. Ritsafn* II: 313–323 og 434–435. Ný úgáfa. Finnur Sigmundsson sá um útgáfuna. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja H.F., 1965.
- Heiðreks saga: Hervarar saga ok Heiðreks konungs*. Udgivet for Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur 48. Ved Jón Helgason. København, 1924.
- Hervarar saga og Heiðreks. *Fornaldarsögur Norðurlanda* I. Guðni Jónsson og Bjarni Vilhjálmsson sáu um útgáfuna. Reykjavík: Bókaútgáfan Forni, 1943.
- Magnús Hj. Magnússon. *Angantýr og Hjálmar*. Ísafirði: Prentað á kostnað höfundarins, 1908.
- „Sáravísur.“ [Eftir þrjá höfunda.] *Nýjar kvöldvökur* 1926, bls. 198.
- Sigurður Bjarnason. *Hjálmar og Ingibjörg*. B[rynjólfur] Oddsson og G[udmundur] Þormóðsson gáfu út. Reykjavík: Prentsmiðja Íslands, 1865.
- . *Hjálmar og Ingibjörg (Hjálmarskviða)*. Snæbjörn Jónsson gaf út og ritaði formála um rímuna og höfund hennar. Reykjavík: Snæbjörn Jónsson, The English Bookshop, 1934.
- Örvar-Odds saga. *Fornaldarsögur Norðurlanda* I. Guðni Jónsson og Bjarni Vilhjálmsson sáu um útgáfuna. Reykjavík: Bókaútgáfan Forni, 1943.
- Örvar-Odds saga*. Older Version. Útg. R. C. Boer. Leiden: E. J. Brill, 1888.
- . Younger Version. Útg. R. C. Boer. Leiden: E. J. Brill, 1888.

PRENTAÐAR EFTIRHEIMILDIR

- „Alvur kongur.“ *Føroya kvæði*. 6. bindi, bls. 38–97. Inngangur og úrtøk eftir Dánjal Niclasen. Þórshöfn: Bókagarður, 1999.
- Benedikt Gröndal. *Dægradvöl*. Ingvar Stefánsson sá um útgáfuna. Reykjavík: Mál og menning, 1965.
- Bragi Halldórsson. „*Misjafnt fljúga fuglarnir*“. *Hjálmar hugumstóri og Ingibjörg*

- konungsdóttir í rímum síðari alda. Ásamt Fylgiriti* [með texta rímnanna sem fjallað er um]. Ópr. ritgerð til M.A.-prófs í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands 2008.
- . „Ráðstöfun guðs á heimsláninu.“ *Ægisif reist Bergljótu Soffiu Kristjánsdóttur fimmtugri 28. september 2000*, bls. 12–16. Reykjavík: Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, 2000.
- . „Um höfundinn og útgáfuna.“ Benedikt Einarsson frá Miðengi. *Kvæði og stökur*, bls. 3–7. [Fjölrít.] Bragi Halldórsson bjó til útgáfu. Reykjavík, 1991.
- Driscoll, Matthew James. „Fornaldarsögur Norðurlanda: The stories that wouldn't die.“ *Fornaldarsagornars struktur och ideologi*, bls. 257–267. Handlingar frá einu symposium i Uppsala 31.8–2.9 2001. Ritstj. Ármann Jakobsson, Annette Lassen & Agnete Ney. Uppsölum: Uppsala Universitet – Institutionen för nordiska språk, 2003.
- Eiríkur Hreinn Finnbogason. „Inngangur.“ Gísli Brynjúlfsson. *Dagbók í Höfn*. Eiríkur Hreinn Finnbogason bjó til prentunar. Reykjavík: Heimskringla, 1952.
- Eysteinn Sigurðsson. *Bólu-Hjálmar*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1987.
- Finnur Sigmundsson. „Formáli.“ Stakar rímur frá 16., 17., 18. og 19. öld. *Rit Rímnafélagsins* 9. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar. Reykjavík: Rímnafélagið, 1960.
- . 1966. *Rímnatal* I–II. Reykjavík: Rímnafélagið, 1966.
- Gísli Brynjúlfsson. *Dagbók í Höfn*. Eiríkur Hreinn Finnbogason bjó til prentunar. Reykjavík: Heimskringla, 1952.
- Gísli Konráðsson. *Ævisaga Gísla Konráðssonar ens fróða. Skrásett af honum sjálfum*. Sögurit 8. Reykjavík: Sögufélag, 1911–1914.
- Guðrún Þórðardóttir. „Anna Einarsdóttir.“ [Erfiljóð]. *Norðri*, 8. árg. 35.–36. tbl. 31. desember 1860, bls. 140.
- . „Jón Ormsson.“ [Erfiljóð]. *Norðanfari*, 2. árg. 9.–12. tbl. 1. mars 1863, bls. 23.
- Gunnar M. Magnúss. *Ósagðir hlutir um skáldið á Þróm*. Reykjavík: Skuggsjá, 1973.
- . *Skáldið á Þróm. Ævisaga Magnúsar Hj. Magnússonar*. Reykjavík: Iðunn, 1957.
- Gunnlaugur Oddsson. *Almenn landaskipunarfræði*. 3. bindi. Kaupmannahöfn: Bókmenntafélagið, 1821–1827.
- Hallberg, Peter. *Hús skáldsins*. Síðara bindi. Helgi J. Halldórsson íslenzkaði. Reykjavík: Mál og menning, 1971.
- Halldór Laxness. „Ólafur Kárason hinumegin á hnettinum.“ *Skáldatími*, bls. 233–239. Reykjavík: Helgafell, 1963.

- . „Upphaf Heimsljóss.“ *Skáldatími*, bls. 226–232. Reykjavík: Helgafell, 1963.
- Hannes Pétursson. *Kvæðafylgslu*. Reykjavík: Iðunn, 1978.
- Hans Pétur Hanson. [Æviágrip Hans Natanssonar.] Hans Natansson. *Ljóðmæli*. Reykjavík: Hans Pétur Hansson, 1891.
- Ingvar Agnarsson. „Barnakvæði Tómasar víðförla.“ *Strandapósturinn*, 11. árg. 1977, bls. 69–72.
- Íslenzkar gátur, skemtunir, vikivakar og bulur* I–IV. Safnað hafa J[ón] Árnason og Ó[lafur] Davíðsson. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag, 1887–1903. [Í ritgerðinni er vísað til ljósprentuðu útgáfunnar frá 1964 sem út kom í tveimur bindum.]
- Jóhann Hjaltason. „Tvær gamlar vísur.“ *Strandapósturinn*, 10. árg. 1976, bls. 94–99.
- Jón Helgason biskup. „Inngangsorð um höfund ljóðmællanna.“ Brynjólfur Oddsson. *Ljóðmæli*, bls. 5–30. Þorvaldur Jakobsson bjó til prentunar. Reykjavík: Snæbjörn Jónsson, 1941.
- Jón Helgason prófessor. „Indledning.“ *Heiðreks saga: Hervoarar saga ok Heiðreks konungs* bls. i-lxxxix. Udgivet for Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur ved Jón Helgason. København, 1924.
- . *Kviður af Gotum og Húnum*. Reykjavík: Heimskringla, 1967.
- Jón Kr. Kristjánsson. „Tómas á Hróarsstöðum.“ *Súlu*, 12. árg. 1982, 23.–24. hefti, bls. 57–86.
- Jón Torfason. „Formáli.“ Gísli Konráðsson. *Húnvetninga saga* I, bls. 1–4. Reykjavík: Mál og mynd, 1998.
- Katrín Kristinsdóttir. „„Vélar margan veröldin.“ Rímur af Kjartani Ólafssyni kveðnar af Einari Jónssyni 1880. Umfjöllun og útgáfa.“ Ópr. ritgerð til B.A.-prófs við Háskóla Íslands 2006.
- Kristín Sigfúsdóttir. „Æskudraumur.“ *Napóleon Bónaparti. Smásögur 1880–1960*, bls. 38–51. Guðmundur Andri Thorsson sá um útgáfuna og ritaði inngang. Reykjavík: Mál og menning, 1987.
- Mitchell, Stephan A. *Heroic Sagas and Ballads*. Ithaca and London: Cornell University Press, 1991.
- . „The fornaldarsögur and Nordic Balladry: The Sámsey Episode across Genres.“ *Fornaldarsagornas struktur och ideologi*, bls. 245–256. Handlingar frá ett symposium i Uppsala 31.8–2.9 2001. Ritstj. Ármann Jakobsson, Annette Lassen & Agnete Ney. Uppsöllum: Uppsala Universitet – Institutionen för nordiska språk, 2003.
- Páll Eggert Ólason. *Íslenzkar æviskrár* I–V. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1948–1952.
- Saxo Grammaticus. *Danmarks Krønike*. 3. oplag. Oversat af Fr. Winkel Horn. Illustrationer af Louis Moe. København: Forlaget Sesam, 1996.

- Sigurður Gylfi Magnússon (tók saman). *Kraftbirtingarhljómur guðdómsins. Dagbók, sjálfssævisaga, bréf og kvæði Magnúasar Hj. Magnússonar, skáldsins á Þróm*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 2. Reykjavík: Háskóla-útgáfan, 1998.
- Silfurplötur Iðunnar*. Ritstj. Gunnsteinn Ólafsson. Reykjavík: Kvæðamannafélagið Iðunn og Smekkleysa, 2004.
- Snæbjörn Jónsson. „Um rímuna og höfund hennar.“ Sigurður Bjarnason. *Hjálmar og Ingibjörg (Hjálmarskviða)*, bls. 3–24. Snæbjörn Jónsson gaf út. Reykjavík: Snæbjörn Jónsson, The English Bookshop, 1934.
- . „Eiginhandarrit Sigurðar Bjarnasonar.“ Sigurður Bjarnason. *Hjálmar og Ingibjörg (Hjálmarskviða)*, bls. 65–68. Snæbjörn Jónsson gaf út. Reykjavík: Snæbjörn Jónsson, The English Bookshop, 1934.
- . „Formáli.“ Brynjólfur Oddsson. *Ljóðmæli*, bls. 3–4. Þorvaldur Jakobsson bjó til prentunar. Reykjavík: Snæbjörn Jónsson, 1941.
- Stefán Einarsson. *Íslensk bókmenntasaga*. Reykjavík: Snæbjörn Jónsson & CO. The English Bookshop H.F., 1961.
- Sveinn Yngvi Egilsson. „Inngangur.“ Gísli Brynjólfsson. *Ljóð og laust mál*. Sveinn Yngvi Egilsson bjó til prentunar og ritaði inngang. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2003.
- Tómas Jónasson. „Orðaleiksvísur.“ *Súlu*, 3. árg. 5. hefti, 1973, bls. 98 og 190.
- . „Kvæði.“ *Súlu*, 12. árg. 23.–24. hefti, 1982, bls. 87–90.
- Valgerður Kr. Brynjólfsdóttir. „„Meyjar og völd.“ *Rímurnar af Mábíl sterku*.“ Ópr. ritgerð til meistaraþrófs við Háskóla Íslands 2004.
- Þjóðólfr*, 32. árg. 23. mars 1880, bls. 39 [Frétt um sjóslys].
- Þórður Ingi Guðjónsson. „beitt sá hafði björtum andans vigri“. *Ritmennt* 9, 2004:99–133.

Guðrún Þórðardóttir

Eftirmæli eftir Hjálmar hugumstóra

Skýringar Braga Halldórssonar

Guðrún Þórðardóttir var frá Gróustöðum í Geiradal. Ort fyrir 1852 (eftir *Lbs. 2402, 8vo* og *Lbs. 2129, 4to* með stuðningi úr *Lbs. 1881, 8vo* og *Lbs. 3472, 8vo*)¹

1 Frá því glósa fer eg rétt
fornar greina sögur,
mundar ljósa mörkin nett
myndaði kvæðin fögur.

glósa: skrifa.

mundar (handar) *mörk* (skógur): kona.

2 Horfin vansa hýrust drós
hetju þráði bjarta,
ástar glansa lífsins ljós,
logaði glatt í hjarta.

drós: kona.

¹ Heiti rímunnar er ekki hið sama í handritum. Í *Lbs. 2402, 8vo* er það „Eftirmæli eftir Hjálmar hugumstóra“. Þessu heiti er haldið hér. Þetta handrit er elst og er í stórri bók sem nefnist „Rímnabók og ýmsra kveðlingar, skrifað í hasti árið 1852 af Bjarna Jóhannesarsyni.“ Ríman er aðeins 37 erindi í þessu handriti (vísur 24–30 vantar). Texta þess er fylgt hér svo langt sem hann nær en fyllt upp í eyður með þremur öðrum handritum. Hér er því óhjákvæmilegt að taka mið af fleiri handritum en lesbrigða úr öðrum handritum er ekki getið hér (þau má öll sjá í *Fylgiriti* MA-ritgerðar minnar, BH).

Lbs. 2129, 4to nefnist „Safn af ljóðmælum ýmislegrs efnis og eftir ýmsa höfunda. Fimmta bindi, byrjað þann 10da janúar 1886 af Sigmundi Matthíasson [svo] á Fjarðaröldu við Seyðisfjörð.“ Hér er ríman 44 erindi. Heiti rímunnar er hér „Ingibjörg Ingvadóttir kveðið af Guðrúnu Þórðardóttur skáldkonu“.

Lbs. 1881, 8vo nefnist „Ljóðsafn ort af ýmsum. XII. bindi. Skrifað hefir Halldór Jónsson 1895.“ Halldór frá Miðdalsgröf (1871–1912) skrifaði mörg stór handrit með samtíningi eftir ýmsi skáld. Hér er ríman greinilega hreinskrift eftir fleiri en einu handriti (e.t.v. 2402 og 2129). Það sést m.a. af því að vísur 3, 35 og 44 eru á lausum miða og stundum eru lesbrigði skrifuð fyrir ofan einstök orð. Vísur eru líka stundum númeraðar eftir á þegar ljóst er að þær hafa verið fyrst skrifaðar í rangri röð. Þetta handrit er nær samhljóða *Lbs. 2129, 4to*. Heiti rímunnar er hér „Hjálmar og Ingibjörg“.

Lbs. 3472, 8vo er 1. bindi handrita Kára S. Sólmundarsonar (1877–1960) sem hann skrifaði á árunum 1931–33. Þar nefnist ríman „Kviða Ingibjargar Ingvadóttur“.

- 3 Þannig ræddi bauga brú
blíðu máls af tali:
„Heiðri gæddur heldur þú
heim í konungs sali.
_____”
bauga (hringa) *brú*: kona.
- 4 Best mun skýra frægðum frá
fremdar hýsir branda,
gyllta svíra glóir á
gota hnísu landa.
_____”
hýsir branda (sverða): hermaður.
svíri: háls, (hér) höfuð, stefni, trjóna.
goti (hestur) *hnísu landa* (sjávar): skip.
- 5 Vænstan held eg vininn nú
vera bráðum kominn,
hefur fellda þrjóta þú
þann og skæða vominn.
_____”
vomur: raumur, ógeðfæld persóna.
- 6 Hefur skorið brynjur bert
blóði drifin höndin,
konungborinn kjörinn ert
konungs yfir löndin.
- 7 Hetjan snjalla heiður ber,
hatar hnjóð og styggðir
svo að allir unna þér
um Svíþjóðar byggðir.
_____”
hnjóð: álas, ámæli.
- 8 Það skal hvetja þanka bert
þér til snjallra dáða
því þú hetja æðsta ert
allra norðurláða.
_____”
norðurláð: Norðurlönd.
- 9 Meinin sóast mótlætis
meður blóma dáðum
þegar eygló indælis
okkur ljómar báðum.“
_____”
eygló: sól.
indæli: unaður, yndi.
- 10 Heiðurs klára hadda Gná
hröð að eftirlitum,
sorgar bára svört og há
svam að brúðar vitum.
_____”
hadda (hára) *Gná* (sendimær
Friggjar): kona.
svam (þt. af *svímma*): synti.
- 11 Heljar broddur bana sár
þrjóstið skar og iður,
lagði Oddur krafta knár
kappann snara niður.
- 12 Döglings hýra dóttir sér
– dróst að meiri voðinn –
liðinn víra álfur er
allur blóði roðinn.
_____”
döglingur: konungur.
víra (vopna) *álfur*: hermaður.
- 13 Angurs fálmar eitruð skálm
inn í hjartað bera
þegar Hjálmars hún sá hjálm
höggvinn bjartan vera.
_____”
skálm: sverð.
- 14 Fyrst eldinga girtur glóð
grérinn fangar trega,
brynju, hringinn, banaljóð
bar fram sköruglega.
_____”
glóð eldinga: sverð.
grér(i): maður.

- 15 Frá berserkjum felldur þar,
flóðs og dreyra valinn,
hreystiverkin hetjunnar
he[y]rði hún öll upp talin.

dreyri: blóð.
valur: hinir föllnu á vígvelli.
- 16 Ástin megna í brjósti brann,
brúðar titrar öndin,
sinna vegna hefði hann
heljar bitru gröndin.

megn: mikill.
grand: tjón.
- 17 Hóf að tala hilmirs jóð,
hjartað berst og stynur:
„Eg vil gala erfljóð
um þig, besti vinur.

hilmir(x)s (konungs) jóð (barn):
konungsbarn.
gala: kveða.
- 18 Undrum gegnir ef að nú
er mitt hjarta sofið.
Minna vegna hefur þú
hjálma og brynjur klofið.
- 19 Fleins í regni fjörug hönd
fögrum beitti skjóma.
Minna vegna léstu lönd
liggja í friðar blóma.

fleins (odds) regn: orusta.
skjómi: sverð.
- 20 Hjörs við megna hretviðrið
hetjum byltir snjöllum.
- 21 Gladdi þegn og fögur fljóð
frægðar hetjan rara.
Minna vegna léstu ljóð
ljúft af vörum fara.

fljóð: kona.
rar: sjaldgæfur, undarlegur,
góður. Tökuorð úr dönsku
rar svipaðrar merkingar.
- 22 Æ var kærust unan mín
æsku þægra daga
þá hljóðskæra harpan þín
háttum skipti braga.

þægur: geðþekkur.
harpa: (hér) tákni skáldskapar.
- 23 Það skal fregna fylkir skír
fljóð er hrjáð og kvalið.
Minna vegna hefur hýr
hér á láði dvalið.²

fylkir: konungur.
skír: hreinn, bjartur.
- 24 Þó þú, Hjálmar, særður sért
sextán eiturskeinum
heyri álma Yggjar bert:
Ann eg kappa hreinum.

Yggjar (ft. af Yggur: Óðinn) álma
(boga): menn.

² Næstu vísur, 24–30, eru ekki í *Lbs.* 2402, 8vo. Hér er því fylgt *Lbs.* 2129, 4to sem aðaltexta með stuðningi úr *Lbs.* 1881, 8vo og *Lbs.* 3472, 8vo.

- 25 Álfinn skjalda einn eg kýs,
yndis þræði vega
þó að baldin banadís
breytti hræðilega.
álfur skjalda: hermaður.
banadís: valkyrja.
- 26 Allt til friðar eflist mér
– að þeim miðar dómi –
þó að liðinn liggi hér
laufa viður frámi.
laufa (sverða) *viður*: hermaður.
frómur: ágætur, réttlátur.
- 27 Eitrað bandið bana vírs
brjósti þrengir mínu
eins og brandur Angatýrs
aftraði lífi þínu.
bana vír (vopn): sverð.
brandur: sverð.
- 28 Ást og trú mér gæfan gaf
geðs um fráma vega,
há þér búa héðan af,
hetjan blómalega.
- 29 Svo var brandur bitri þinn
borinn sterkri mundu,
við skiljandi vininn minn
verð eg enga stundu.
mund: hönd.
- 30 Heyri gotna sveit um sinn,
svipt er hryggð úr geði,
blóði flotna faðminn þinn
fell eg í með gleði.
gotna (manna) *sveit*: menn.
- 31 Er það kærust unan mín³
– andar kvöl má svía –
þar hljóðskæra harpan þín
hætti kveður nýja.
svía: minnka, draga úr.
- 32 Veit eg lifir þægur þar
þó ei beitir skjóma
sem að himins heiðgeislar
helgan veita blóma.
skjómi: sverð.
- 33 Engin hræða ama ský,
önduðum fæðist gaman,
blíðheim gæfa búnum í,
best með næði saman.
blíðheim ... búnum: Merking er
óljós – Hér hafa leshættir úr
öðrum handritum skýrari
merkingu.
- 34 Hinsta stundin lífsins lér
lof um þig að vanda,
allar syngi meður mér
meyjar Norðurlanda.“
- 35 Harmi sprungin hnígur mey
hels að ljótu gini,
látin, þrungin auðar ey
arms að spjóta hlyni.
auðar ey: kona.
spjóta hlymur (viður): hermaður.
- 36 Angurs þrætur allar sló
íta knáa og lina.

³ Frá og með þessari vísu tekur *Lbs. 2402*, *8vo* við aftur sem aðaltexti. Í því handriti er hún númer 24 og röð vísna talin frá þeirri tölu.

- Öðling grætur, Oddur hló
yfir náum vinar.
———
ítar: menn.
öðling (nf.): öðlingur, konungur
- 37 Brjótur kylfa svo við segg
svar nam brýna ódeiga:
„Þú mátt, gylfi grár á skegg,
gremju þína eiga.
———
brjótur kylfa: hermaður.
nam (hjálparsögn) *brýna*: brýndi.
gylfi: konungur.
- 38 Hýrust frúin hnigin er
hels að opnu setri.
Sjáðu nú að ástin er
eiturvopni betri.
- 39 Lífs í blóma lifandi
lifðu á beðju Grana
ef ægis ljóma apaldri
áður gæfir hana.
———
beðja (rekkja) *Grana* (hests Sigurðar
Fáfnisbana): jörð.
ægis (hafs) *apaldur* (stórt tré): skip;
ljómi skips: víkingur, sæfari.
- 40 Harmur nakinn hjartað sker
hryggðar fjötrar vaður.
Vel er maklegt þetta þér,
þengill fjörgamlaður.“
———
vaður: band, kaðall.
þengill: konungur
- 41 Á burt reiður Oddur gekk,
ei var spaug að sjá hann,
höggvers meiða marga fékk,
myndaði haug ósmáan.
———
höggver: ormsheiti, alg. í rímna-
kenningum. Orðið er e.t.v.
afbökun úr *haugvarður*, eiginlega
,sá sem ver eða verndar hauga'
og virðist merking orðsins hér
helst sú; *meiður* (tré) þess
sem ver haug: hermaður.
- 42 Þjuggu sveittir býli nás
bestu sölum fegra,
ei var neitt á úlfa bás
annað heiðurlegra.
———
býli nás (líks): haugur.
úlfa bás: jörð.
- 43 Bar í fjörgur baug og fé
burða knáa hetja,
Ingibjörgu í kappans kné
kátur náir setja.
———
fjörgur: fjörugur, glaður.
burða knár: sterkur.
náir: nær.
- 44 Drengur byrgir dáins rann
dyggur liðs með skörum,
lengur syrgir hún ei hann
hauðurs undir spjörum.
———
dáins rannur (hús): haugur.
hauðurs (lands) *spjarir* (föt):
grassvörður.

Njörður P. Njarðvík

Úr hugarfari

Hugarfar
er fleyta innst
í fórum mínum

og undir ljóða-
seglum sínum

siglir beint
að huga þínum

*

Það er svona
þetta líf
og því ég segi:

Fótasár
þó fari vegi

fagna skal ég
hverjum degi

Birkið
latur bærast
fyrir björtum vindi

líkt og væri
veifað hendi –

vinum þessa
kveðju sendi

*

Hestar slengja
hófadyn
um hálfan dalinn

Hann liggur þar
í lofti falinn

og latur óma
fjallasalinn

Helgi Skúli Kjartansson

Að kenna kölska

Rækallinn sjálfur í Sturlungu?

Hversu skal kenna kölska?

Í Skáldskaparmálum Eddu svarar Snorri ámóta spurningum. „Hvernig skal Krist kenna?“ spyr hann og stendur ekki á svörum, studdum dæmum úr skáldskap 11. og 12. aldar.¹ En á kölska² eyðir Snorri ekki einu orði, enda er hans sjaldgetið í fornum skáldskap og ekki í kenningum nema örfáum og það löngu eftir daga Snorra.³

Djöfull og andskoti eru að fornu og nýju einna algengust heiti kölska en mjög eru þau ólík að uppruna.⁴ *Djöfull* var alþjóðaorð síns tíma, komið úr grísku gegnum latínu (*diabolus*) og engilsaxnesku. *Andskoti* er hins vegar sér-norrænt heiti, haft um hvers konar mótherja eða andstæðinga en heimfært upp á kölska sér í lagi. Orðið er valið sem hliðstæða eða eins konar þýðing annars alþjóðaorðs, nafnsins *Satan*, sem er hebreskt að uppruna en auðvitað komið til Norðurlanda gegnum grísku og latínu (*Satanas*) og merkir „óvinur“. Hliðstæð íslenskun er raunar til á heitinu djöfull þótt ekki hafi hún náð að vaxa fyrirmynd sinni yfir höfuð. Það er orðið „rækall“, fyrst þekkt frá Jóni Guðmundssyni lærða 1649.⁵ Upprunaleg mynd orðsins er talin

¹ *Snorra-Edda*, Skáldskaparmál, 51. kafli, fært til nútímaritháttar.

² Eins og ég kys að nefna hann í þessari grein, einkum af því að það hljómar vel í fyrirsögn. *Kölska*-nafnið er þekkt frá því um 1600 (elsta dæmi Orðabókar Háskólans úr þýðingu eftir sjálfan Guðbrand biskup) og mun merkja „hinn köllsugi“, þ.e. spottgjarni, meinyrti. Að merkingu stendur það því nærri heitinu *rækallinn* sem mjög kemur við sögu hér á eftir.

³ Rudolf Meissner, *Die Kenningar der Skalden. Ein Beitrag zur skaldischen Poetik* (Bonn/Leipzig, Kurt Schroeder, 1921), bls. 395. Kenningarnar eru fremur hversdagslegar, lýsing frekar en líkingar: *skemmda flytir, girndar andi, flerðar meistarinn* og e.t.v. *jarðar eyðir*.

⁴ Um orðsifjar er hér stuðst við uppfléttirit, ekki síst Ásgeir Blöndal Magnússon, *Íslensk orðsifjabók* (Reykjavík, Orðabók Háskólans, 1989) undir *andskoti, djöfull, kölski, rægikarl, rækall, Satan*.

⁵ Orðabók Háskólans, ritmálssafn, <http://lexis.hi.is/>>Ritmálssafn>Orðaleit>rækall.

rægikarl þó hún komi ekki fyrir í textum fyrr en síðar, en á frummálinu, grísku, merkir djöfull einmitt „rógberi“. Þessar orðsifjar má draga saman eins og hér er sýnt:

Fjögur heiti kölska á íslensku

	frummál	latnesk mynd	merking	þýðing
Satan	hebreska	Satanas	óvinur	andskoti
djöfull	gríska	diabolus	rógberi	rægikarl

Af heitunum fjórum eru *Satan*, *djöfull* (einnig í merkingunni „púki, ári“) og *andskoti* vel þekkt úr fornmáli, *rægikarl* hins vegar ekki og er því óljóst um aldur þess. Svo mikið er þó víst að lærðum mönnum á kristna vísu hefur alla tíð verið ljóst hvað alþjóðaheitin merktu, djöfull ekki síður en Satan,⁶ svo að þýðingin „rægikarl“ gæti þess vegna verið gömul.

Í forn-íslenskum kveðskap⁷ kemur kölski, eins og fyrr segir, heldur seint fram á sjónarsviðið. Þar finnst á einum stað heitið *Satan* (eða Sátán eins og þarf að lesa bragarins vegna), *djöfull* einnig á einum stað en fremur í merkingunni „púki“, hvort tveggja í ungum helgikvæðum (Heilagra meylla drápu og Máriaúvísun III). *Andskota* bregður fyrir, bæði í dróttkvæðum og eddukvæðum, í almennu merkingunni „mót-herji“, og á einum stað um kölska; mun það vera elsta dæmið um að þeirrar persónu sé getið í bundnu máli íslensku.

Hér er *Sturlu saga* til frásagnar. Sögusviðið er Tunga (síðar Deildartunga) í Reykholtssdal vorðið 1180. Jörðin var hluti af arfi sem þeir deildu um, Páll prestur í Reykholti og Böðvar Þórðarson í Görðum á Akranesi, goðorðsmenn og helstu höfðingjar í héraðinu. Böðvar hafði

⁶ Þá vitneskju gátu menn t.d. sótt til Ísidórs eða þeirra fjölmörgu höfunda sem byggðu á alfræði hans, *Etymologiae*. (Hana má t.d. skoða á: <http://penelope.uchicago.edu/Thayer/L/Roman/Texts/Isidore/> – Isidorus Hispalensis, *Textus Latinus ex editione Oxoniensi 1911.*) Í áttundu bók, „Um kirkjuna og klofningsflokka [sectis]“, kafla 11, „Um goð heiðingja [gentium]“, fjallar Ísidór um þessi heiti, djöful í grein 18 og Satan í grein 19. Segir þar m.a.: „Graece vero diabolus criminator vocatur“ og „Satanas in Latino sonat adversarius“, þ.e. að djöfull merki „sakar-áberi“ og Satan „andstæðingur“ (orðið *andstæðingur* er raunar bein eftirmynd latínu-orðsins).

⁷ Um orðaforða kveðskapar á fornmáli er hér farið eftir vefnum *Scaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages*, <http://skaldic.arts.usyd.edu.au/> >Words.

lagt undir sig jörðina og fór Páll þangað stefnuför til að undirbúa næsta þátt málaferla á Alþingi. Báðir voru fjölmennir og fylgdu þeim m.a. tengdasynir þeirra, Páli Guðmundur dýri úr Öxnadal en Þórði Hvamm-Sturla úr Dölum; þeir voru goðar og uppgangsmenn í sínum héruðum. Ekki varð af vopnaviðskiptum heldur komu menn stefnum sínum fram, einnig menn Þórðar, en þeir fóru að ráði Sturlu að „stefna þeim jafnmörgum stefnum og finna slíkt til er sýndist“. Síðan bregður sagan upp augnabliksmynd:

Frá því er sagt að Sturla gekk að Jóni Þorvaldssyni, bróður Guðmundar hins dýra (móðir þeirra var Þuríður dóttir Guðmundar lögsögumanns). Sturla mælti við hann: „Heill þú, Jón.“ Mennt spurðu hví hann kveddi hann en eigi Guðmund. Sturla svarar og kvað þenna mann víðfrægastan að endemum. Jón var skáld; hann kvað þetta:⁸

Karl es staddr hjá Sturlu,
stendr hann fyr[ir] réttendum,
þrumir andskoti[nn] undir,
orðslægr, goða bægi.⁹

Hér er samhengið við fyrstu sýn ekki alls kostar augljóst. Sturla heilsar Jóni þessum til að láta bera sem mest á því að hann virðir Guðmund dýra ekki viðlits, en auðvitað lægi beint við að þeir heilsuðust, jafntignir menn sem þarna eru staddir hvor með sinn flokk fylgismanna. Í vísunni hæðist Jón að Sturlu með því að þykjast afsaka hann. Það sé eðlilegt að þeir heilsist, Jón og Sturla, því að hvorugur sé þarna sem sjálfstæður höfðingi heldur í annars liði. Jón

⁸ *Sturlunga saga. Including the Islendinga saga ... I*, útg. Guðbrandur Vigfússon (Oxford, Clarendon Press, 1878), bls. 80, fært til nútímaritháttar. – Guðbrandur fylgir texta-gerð Reykjavíkjafjarðarbókar sem að jafnaði mun fara nær frumtexta Sturlungu en gerð hinnar betur varðveittu Króksfjarðarbókar. Af þessum setningum er texti Króksfjarðarbókar, sem flestar útgáfur fylgja, nokkuð greinilega styttr (átta orðum sleppt sem samhengis vegna má vera án); af öðrum orðamun er sá helstur að nefna skáldið Þórarinsson, hvort sem það er ritvilla eða leiðrétting.

⁹ Vísan er tekin af vef *Scaldic Poetry ...* (<http://skaldic.arts.usyd.edu.au> >poems > Lausavísa (Jón Lv) – 1), stafrétt en bætt við innan hornklofa endingum sem virðast eiga stoð í handritum, a.m.k. eins og Finnur Jónsson les þau (*Den norsk-islandske skjaldedigtning. A – Text efter håndskrifterne I* (Kaupmannahöfn, Rosenkilde og Bagger, 1967; frumútg. 1912), bls. 536); hvorug brýtur gegn bragarhættinum.

er þar kominn með goðanum bróður sínum. Og Sturla stendur á sama hátt við hliðina á sínum fyrirliða, þessum „karli“ sem „staddur er hjá“ honum.

Nærtækast (og algengast, að ég hygg) er að skilja „karl“ þennan og „andskotann“ sem sömu persónu, þ.e. kölska. Hann „þrumir undir bægi“ (sem var reglulegt þágufall af *bógur* í merkingunni „öxl, upp-handleggur“¹⁰) goðans, Sturlu. Sem sagt „býr honum í brjósti“ eða eitthvað slíkt. Þannig er hann ekki sýnilegur viðstöddum en þó í raun „staddur hjá Sturlu“ rétt eins og Guðmundur dýri hjá Jóni. Þannig afsakar skáldið mannasiði Dalagoðans, en með þeirri svívirðilegustu afsökun sem hugsast getur: að hann láti stjórna af hinum vonda sjálfum.

Sú skýring er til líka að „karlinn“ sé Óðinn fremur en Satan sjálfur: „Karl [or *Óðinn / Satan*] stands next to Sturla ...“, og er ádeila Jóns skálds þá tengd þeirri ásökun, sem Sturla mætir strax í næsta kafla sögunnar, að Óðinn sé sá „er þú vilt líkastur vera“.¹¹

Raunar er ekki víst að áheyrendur vísunnar hafi gert afskaplega mikinn mun á kölska og Óðni samkvæmt Ásatrúnni eins og kristnir Íslendingar voru farnir að túlka hana. En sú túlkun gat fundið sér þjá nokkuð ólíka farvegi.

Samkvæmt þeim fyrsta var heiðnin það skásta sem fólki bauðst fyrir tíð kristinnar. Góður heiðingi var því guðrækinn á sinn gallaða hátt, eins og Ingólfur landnámsmaður, en eins og sannaðist á Hjörleifi fóstbróður hans var varhugavert að vanrækja trú sína, þá eins og síðar.

Í annan stað mátti líta á heiðnina sem eins konar spegilmynd réttar trúar, hofin t.d. lík kirkjum með altari, helgimyndum og föstum tekjum, blóði fórnardýra stökkt á söfnuðinn líkt og vígðu vatni

¹⁰ Út frá nútímaframburði væri frestandi að lesa hér saman „hjá Sturlu, ... goða bægi“. Sturla væri „goða bægi“ af því hann amast við goðorðsmönnum, í svipinn Guðmundi dýra en hafði líka átt í frægum útistöðum við nágrannagoða sína á Vesturlandi. En í máli Jóns skálds voru tvö ólík æ; gerandanafnið bægi (sem er til í skáldskap) hefði verið skothent á móti slægur en bragarháttur krefst hér aðalendingar og þá kröfu uppfyllir þágufallið bægi af bógu. Handrit Sturlungu eru of ung til að rithátt þeirra sé að marka um þessa aðgreiningu en bragurinn sker úr.

¹¹ Guðrún Nordal, *Tools of Literacy. The Role of Skaldic Verse in Icelandic Textual Culture of the Twelfth and Thirteenth Centuries* (Toronto, Univ. of T. Press, 2001), bls. 152. Í „karlinum“ sér hún „clearly a cloaked and ingenious reference to the pagan Óðinn“. Hún skilur hins vegar „andskotann“ í 3. vísuorði sem kölska, „the devil“, en til greina kæmi, ef skáldið vísar til Óðins á annað borð, að hann sé líka kallaður andskoti.

o.s.frv. Þannig á titið hafði Loki verið eins konar Satan í goðheimum, og vill Snorri að skáldin nefni hann í samræmi við það: „Hvernig skal kenna Loka? ... bölvasmiður, hinn slægi ás, rægiandi og vélandi goðanna, ráðbani Baldurs ...“¹²

Loks var hægt, og langeðlilegast eftir kristinni hefð, að sjá í heiðninni illt eitt; hún sé í rauninni ekki annað en blekkingavefur kölska. Þá var það Óðinn sjálfur sem gjarna mátti minna á Satan. „Einn veldur Óðinn / öllu bölvi / því að með sífjungum / sakrúnar bar,“ er afsökun launmordingjans í Helga kviðu Hundingsbana. „Hvað skal hans tryggðum trúa?“ spyrja sjálf Hávamál, og gildir þá einu hve dýran eið hið brigðula goð hefur unnið. Þar¹³ er fólki einnig ráðlagt, í hans nafni, að „gjalda lausung við lygi“. Þá hafði Óðinn, að vitni Lokasennu, lagt í vana sinn að gefa „hinum slævurum sigur“. Ásökun sem kvæðið lætur hann ekki bera á móti þó hann svari með gagn-ásökun í næstu vísu – rétt eins og Hvamm-Sturla ráðlagði tengdaföður sínum að svara stefnum í sömu mynt og hirða ekki um réttmæti málstaðarins. Ekki furða þótt óvinum Sturlu dytti í hug að bendla hann við goð lyga, blekkinga og kaldra ráða. Að líkjast Óðni og lúta leiðsögn kölska, þar var skylt skeggið hökunni. Um að leggja þá að líku er eitthvert skýrasta dæmið frá Oddi Snorrasyni, latínuhöfund, presti og munku sem einmitt var samtímamaður Jóns skálds. Hann segir á einum stað þjóðsögu af Ólafi Tryggvasyni þar sem Óðinn sjálfur kemur í dulargervi á fund konungs til að vinna lymskulegt illvirki sem þó verður ekki framgengt. Leggur Oddur konungi í munn þá skýringu „að fjandinn hefir brugðist í líki Óðins og vildi blekkja oss“.¹⁴

Eins og títt er um dróttkvæðin er ekki alveg gefið hvernig vísa Jóns á að raðast saman. Sá sem „stendur fyrir (= í vegi fyrir) réttindum“, þ.e. hindrar framgang réttvísinnar, það getur verið „karlinn“ eða Sturla. Og sá sem er sagður „orðslægur“ í fjórðu línu, það gæti verið andskotinn í þriðju línu, „hann“ (þ.e. Sturla) í annarri línu eða „karlinn“ í þeirri fyrstu. Eins og háttað er stíl dróttkvæðaskálda er allt eins

¹² Skáldskaparmál, 16. kafli.

¹³ Reyndar ekki í sama kvæðishluta, en Hávamál verður að líta á sem safn eða samsteypu efnis sem ekki er nema sumt frá upphafi tengt Óðni. Safnandinn hefur þó talið við hæfi að kenna það allt við hann.

¹⁴ *Færeyinga saga. Ólafs saga Tryggvasonar eptir Odd munk Snorrason* (Íslensk fornrit XXV, útg. Ólafur Halldórsson), (Reykjavík, Hið ísl. fornritafélag, 2006), bls. 249–253, tilv. bls. 253 (fært til nútímaritháttar). Í annarri gerð sögunnar (neðri texti á sömu bls., sjá einkum bls. 249) er enn meira gert úr því að þarna hafi kölski sjálfur verið á ferð, en hæpið er að rekja það til Odds eða samtíðar hans.

líklegt að stakt lýsingarorð eigi við fjarlægt nafnorð eins og nálægt og hafa útgefendur vísunnar tekið þetta upp með ólíkum hætti. Athyglisverð er skýring Magnúsar Finnbogasonar, sem mjög lagði sig eftir lestri dróttkvæða: „Orðslægur karl (djöfullinn) er staddur hjá Sturlu.“¹⁵ Þetta hygg ég sé hárrétt lesið enda rétt lýsing – hvort sem átt er við kölska sjálfan eða Óðin sem fulltrúa hans. Og athugum að *slægur* gat ekki aðeins merkt „lúmskur“ heldur „skæður, skaðvænn“, sbr. slægan hest.

Skáldin höguðu máli sínu ógjarna svo að áheyranda yrði merking vísunnar ljós jafnóðum. Íþrótt þeirra snerist um að setja hlustandann í óvissu, jafnvel um margt í senn, en gefa honum síðan vísbendingar um ráðningar, helst nær lokum vísufjórðungs eða -helmings. Fyrsta línan, „Karl er staddur hjá Sturlu,“ á væntanlega alls ekki að vera skiljanleg ein sér, enda mætti það fyrr vera kunnugleikinn að sjá strax kölska (eða Óðin) í svo hversdaglegu orði. Nei, hér er gáta sem skáldið opnar, hlustandinn bíður eftir lausn, eða vísbendingu öllu heldur, og fær hana undir lokin: þetta er ekki hvaða „karl“ sem er heldur „karl orðslægur“.

Jafnvel þetta er furðu knöpp vísbending fyrir lausavísu sem væntanlega hefur átt að vera nokkurn veginn skiljanleg við fyrstu tilraun. Kenningar voru að vísu oft langsóttari en þetta, en þær féllu líka í kerfi sem fólk átti að kunna, vita t.d. hvernig vatn (og alls konar orð og orðasambönd um vatn, vötn eða sjó) var notað til að tákna gull og þar fram eftir götunum. Af Óðinskenningum var líka til fjölsungið kerfi en ekki fellur „orðslægur karl“ inn í það.

*Ef*herflokkarnir í Deildartungu 1180 voru hins vegar vanir heitinu *rægikarl* um kölska (og þá hugsanlega um Óðin líka þegar hann kom fram í þess háttar hlutverki), *þá* verður skiljanlegt hvernig þeim var ætlað að kveikja á perunni þegar opnunin „karl ...“ lokaðist loksins sem „karl ... orðslægur“. Hvaða *karl* átti þetta eiginlega að vera? Jahá, *rægikarl*inn.

Vísa Jóns skálds er þannig vísbending – engin fullnaðarsönnun en viss röksemd þó – um að orðið *rægikarl* í merkingunni „kölski“ sé u.þ.b. 500 árum eldra en fyrsta skjalfesta dæmið. Við getum líkt þessu dæmi í Sturlungu við steingerving sem er raunar ekki af risaeðlu heldur af fótspori hennar. Þá ætti hún samt að hafa verið til.

¹⁵ „Vísaskýringar“, *Sturlunga saga* I, útg. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn (Reykjavík, Sturlunguútgáfan, 1946), bls. 583.

Njörður P. Njarðvík

Staðir

Á Snæfellsnesi

Lyfta brúnum
Ljósufjöll
á lygnum degi

Betra á vorið
bjarta eigi

en brosi sól
og vindur þegi

Stykkishólmur

Stykkishólmur
stendur út við
stilltan fjörð

og lengra í suðri
leggja skörð

leiðir yfir holt
og börð

Í Skutulsfirði

Skerst í fjöllin
skjannahvítur
Skutulsfjörður

Hátt á dal
við hrundar vörður

horfir yfir landið
Njörður

Í Skálavík

Alda kemur
æðandi
úr opnu hafi

Höfuð skreytt
með hvítu trafi

hefur upp úr
djúpu kafi

Í Miðvík við Aðalvík

Brönugrasið
bregður sínum
bleika lit

Neðar skartar
fífa á fit

Fellur sólargeisli
á Rit

Á Hornströndum

Naumt er látið
lítið pláss
á lífsins hillu

fólkið eins og
fugl á sylu

floginn inn úr
hafsins villu

Í Borgarfirði eystra

Dag einn setti
Drottinn hérna
dyr á fjöllin

Opin stendur
hamrahöllin

Hurðarlaus
þar krókna tröllin

Í Öräfasveit

Öräfasveit
er öðrum sveitum
undarlegri:

Jökulskjöldur
skín á gjögrri –

skúmur yfir sandi
á flögri

Kristján Árnason

Samspil máls og brags í íslenskum kveðskap

Sagt frá rannsóknarverkefni

Á undanförunum árum hafa nokkrir fræðimenn unnið saman að rannsóknum á íslenskri bragfræði með aðferðum sem teljast kannski nokkurt nýnæmi í sögu íslenskrar óðfræði eða bragfræði, sem reyndar er orðin býsna löng, þegar rakið er aftur til Háttalykils hins forna. Ritstjórn *Sónar* hefur farið þess á leit við mig að greina stuttlega frá þessu verkefni og er það mér einkar ljúft, og full ástæða til að kynna þetta fyrir lesendum ritsins.

Heildarmarkmið

Markmið verkefnisins, eins og farið var af stað með það, er að skapa grundvöll til rannsókna á brageinkennum íslenskra skáldskaparforma með nútímalegum aðferðum og með hliðsjón af hugmyndum, sem þróast hafa, ekki síst í málvísindum, um samband máls og brags.¹ Rannsóknin beinist ekki síst að hljóðlegum þáttum bragformanna, en einnig er sjónum beint að setningalegum einkennum. Heildarstefnan er að draga saman mikið magn upplýsinga, sem muni geta varpað ljósi á ýmsar spurningar varðandi þróun og einkenni kveðskaparformanna og málfræðilega og bókmenntalega þætti þeirra. Í enn víðara samhengi er stefnt að því að bera einkenni og þróun íslensks kveðskapar saman við þróun í öðrum löndum, ekki síst í Skandinavíu, en einnig á þýskri og enskri grund. Í fyrstu atrennu hefur sjónum ekki síst verið beint að eddukvæðunum, sem þegar eru komin inn í gagnagrunn, en einnig er komin af stað vinna við dróttkvæði og rímur.

Auk þess sem þetta er áhugavert frá almennu málfræðilegu og óðfræðilegu sjónarmiði, er þess vænst að þær upplýsingar, sem dregn-

¹ Sbr. t.d. Halle & Keyser (1971), Kiparsky (1977), Fabb (2002), Fabb & Halle (2008).

ar verða saman og túlkaðar með aðferðum tölfræði, hljóðkerfisfræði, setningafræði og bragfræði, geti varpað ljósi á ýmis bókmenntasöguleg vandamál. Þannig verður til dæmis fróðlegt að bera saman einkenni einstakra verka (kvæða og vísna) og kann það að leiða til tilgátna eða niðurstaðna varðandi aldur og höfundareinkenni verkanna, sem vissulega geta haft bókmenntasögulega þýðingu. Svo ekki sé minnst á eilífðarspurningar eins og þá hvort Egill hafi ort allt það sem honum er eignað.²

Hvað eddukvæðin varðar verður til dæmis unnt að bera upplýsingar, sem fást með þessari rannsókn, saman við verk Bjarne Fidjestøl, sem miðaði að því að gera rannsókn á einkennum eddukvæða, m.a. með það í huga að reyna að tímasetja einstök kvæði. Því verki var ekki lokið af hálfu höfundar, en hann hafði leitast við að beita tölfræðilegum rökum með því að vísa til tíðni tiltekinna bragfræðilegra og mállegra einkenna, sem t.d. höfðu verið rannsökuð af Hans Kuhn. Má þar nefna svonefnd Kuhns-lögmál, sem Kuhn taldi að sýndu mun milli kvæða sem fjalla um erlend efni (*Fremdstofflieder*, s.s. *Atlakviðu*) og kvæða sem fjalla um innlent efni (t.d. *Prymskviðu*), en einnig notkun fylliorðsins *of/um* og stuðlun við *v* á undan *r*. Þess er vænst að upplýsingar úr þessari rannsókn muni geta varpað ljósi á þessa þætti, eins og vikið verður að hér á eftir.³

Auk undirritaðs hafa allmargir fræðimenn tengst þessu verkefni með einum eða öðrum hætti, meðal annars tveir ritstjórar *Sónar*, Þórður Helgason og Kristján Eiríksson. Um þessar mundir eru það helst Bjarki M. Karlsson, Þórhallur Eypórsson, Haukur Þorgeirsson, Heimir Freyr Viðarsson, Eiríkur Kristjánsson og Inga Rósa Ragnarsdóttir sem leggja verkinu lið. Auk þess tengjast þessar rannsóknir doktorsverkefni Ragnars Inga Aðalsteinssonar, sem snýst um sögu stuðlasetningar í íslenskum kveðskap.⁴

Gagnagrunnurinn Greinir

Til verkefnisins hafa fengist styrkir frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og frá Rannís. Á árinu 2008 fékkst Rannís-styrkur undir fyrirsögninni *Bragkerfi, setningakerfi og hljóðkerfi í eddukvæðum* (verkefnisstjóri Kristján Árnason), og við úthlutun 2009 fékkst þriggja ára styrkur

² Sbr. t.d. Jónas Kristjánsson (2006).

³ Fidjestøl (1999), Kuhn (1933).

⁴ Sbr. t.d. Ragnar Ingi Aðalsteinsson (2004, 2009).

undir yfirskriftinni: *Samspil bragkerfis, hljóðkerfis og setningagerðar* (verkefnisstjóri Þórhallur Eyþórsson), og er sú vinna í gangi. Úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands hafa fengist styrkir síðastliðin þrjú ár. Þessir styrkir tengjast sérstökum rannsóknaráhuga verkefnisstjóranna, en Kristján hefur lagt sig eftir að rannsaka bragkerfi og tengsl mállegra og braglegra þátta, svo sem stuðla og hrynjandi, en Þórhallur hefur stundað rannsóknir á setningaformum í eldri germönskum málum, t.d. gotnesku. Í báðum þessum verkefnum hefur Bjarki Már Karlsson séð um tölvumálin.

Konungsbók eddukvæða

Styrkfé hefur hingað til verið varið til að safna kveðskapartextum í gagnagrunn og var byrjað á eddukvæðum. Texti Konungsbókar eddukvæða er fenginn frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Þeir sem þar á bæ hafa haft umsjón með textanum eru Guðvarður Már Gunnlaugsson, Haraldur Bernharðsson og Vésteinn Ólason. Þessi véltæki texti er unninn í samvinnu við Menota (Medieval Nordic Text Archive). Um er að ræða bæði stafréttan og táknréttan texta, auk texta með samræmdri stafsetningu (miðað við málstigið á 13. öld), og á hann að vera vandaður að öllu leyti. Og ekki er síður mikilvægt að textinn, sem fæst frá Árnastofnun, er lemmaður, þ.e. greindur í flettur eða uppflattiorð, orðflokkagreindur og markaður með málfræðilegum upplýsingum á XML (Extensible Markup Language). Ætlunin er að setningafræðigreiningin og braggreiningin tengist orðflokkagreiningunni sem fyrir er.

Gagnagrunnurinn snýst um að safna tvenns konar upplýsingum. Annars vegar er um að ræða bragfræðileg atriði eða breytur og hins vegar málkerfislegar breytur. Bragfræðilegu breytur taka til bragformanna; t.d. stuðlasetningar (hvar eru stuðlar?), risa (hvaða atkvæði eða orð bera ris) og fjölda bragliða, orða og atkvæða í línunum. Hinar almennu málfræðilegu breytur lúta að máleinkennum textans, hljóðkerfiseinkennum (s.s. atkvæðapunga og flokkun stuðla), beygingareinkennum og setningafræðilegum einkennum, svo sem mismunandi orðaröð í ólíkum tegundum setninga.

Þegar þetta er ritað má segja að lokið sé innlestri og bragfræðilegri greiningu eddukvæðanna. Þar sem mörkun beint í XML er afar seinleg var valinn sá kostur að hanna sérstakt innsláttarviðmót, sem sérfróðir menn geta notað (án þess að beita XML-táknum). Þegar hefur verið gengið frá þessu viðmóti hvað varðar stuðlasetningu, mörkun

risa og „vindandinnar fornu“ (sem Ólafur Hvítaskáld nefnir svo, þ.e. þegar stuðlað er við *v* sem síðar hvarf úr orðum eins og *vreiðr*). Bjarki M. Karlsson þróaði þetta viðmót og er afar fljótlegt að skrá upplýsingar í gagnagrunninn; sumt er algerlega vélrænt, svo sem atkvæðagreining, þar sem atkvæði eru flokkuð sem létt eða þung samkvæmt gamalli hljóðdvöl, en annað er unnið af sérfróðum starfsmönnum með aðstoð tölvu.

Hrynjandi eddukvæðanna er greind þannig að sérfróður starfsmaður fer yfir texta hvers kvæðis og merkir við þá staði þar sem gera má ráð fyrir að ris standi. Þannig er langlína eins og |*Þrymr sat á | haugi | þursa | dróttinn* mörkuð svo að ris eru talin vera á orðunum *Þrymr*, *haugi*, *þursa* og *dróttinn*. Með hliðstæðum hætti eru stuðlar markaðir á orðunum *Þrymr* og *þursa*. (Gert er ráð fyrir því að í einstökum, jafnvel mörgum, tilvikum geti verið vafamál hvernig skilja beri hrynjandina og hvort telja eigi að orð beri hljóðstaf, og er þá hægt að einkenna einstök atkvæði sem „vafaatkvæði“, með tilliti til styrks eða stuðlunar, ellegar heilar línur sem vafalínur.)

Atkvæðapungi samkvæmt fornum hljóðvalarlögmálum, þ.e. greinarmunur milli léttra áhersluatkvæða eins og í *tala* og *vana* og þungra eins og í *tála* og *vanda*, skipti máli í bragnum. Þar sem þetta einkenni fylgir tilteknum vel skilgreindum reglum er hægt að greina það vélrænt á grundvelli texta sem ritaður er með samræmdri stafsetningu. Þar hefur Bjarki hannað algóritma sem greinir vélrænt, en sérfræðingur fer síðan yfir alla vélrænu greininguna og lagfærir það sem rangt er greint, sem raunar er mjög sjaldgæft.

Þessar upplýsingar um braglega og hljóðkerfislega þætti, þ.e. stuðla-setningu, ris og atkvæðapunga, verða síðan tengdar öðrum málfræðilegum upplýsingum með XML-kóðum, bæði þeim sem fyrir eru í Konungsbókargrunninum frá Árnastofnun og þeim sem bætt er við með setningafræðigreiningunni. Með því móti fást t.d. upplýsingar um hvaða orð og setningarhlutar standa í risi, hvaða orð taka þátt í stuðla-setningu og hvort þau hafa þung eða létt atkvæði. Á grundvelli þessa verður síðan hægt að taka saman tölfræðilegar upplýsingar um allt safnið og einstök kvæði eða kvæðaflokka. Einnig er hægt að tengja upplýsingar um setningagerð við þá orðhlutamörkun sem fyrir er í XML-kerfinu sem fékkst með Konungsbókartextanum.

Dróttkvæða- og rímnatextar

Næstu skref í uppbyggingu gagnagrunnsins eru að taka inn texta dróttkvæða og rímna. Sumarið 2009 unnu Eiríkur Kristjánsson og Inga Rósa Ragnarsdóttir að því að búa valda dróttkvæðatexta undir færslu inn í gagnagrunninn. Annars vegar var hugað að vali á textum og hins vegar gerð tilraun með að greina einstaka texta bragfræðilega.

Vitað er að textafræðileg vandamál varðandi dróttkvæðin geta verið býsna snúin, þar sem fjölmargt í þeim kveðskap hefur trúlega brenglast frá því það var ort og þar til það komst á bókkfell. Hér er því mikil vinna fyrir höndum, og ekki fulljóst hversu miklu efni verður á endanum komið fyrir í grunninum. Borið var niður á þremur stöðum í fyrstu atrennu. Tekið var fyrir trúarkvæðið *Geisli* eftir Einar Skúlason frá 12. öld og greint bragfræðilega. Meðal annars var höfð hliðsjón af því að kvæðið hefur nýlega verið gefið út í 7. bindi ritraðarinnar *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages, Poetry on Christian Subjects*.⁵ Í sama bindi er *Lilja*, sem einnig hefur verið frumgreind, en hún er sem kunnugt er ort undir hrynhendum hætti. Þar sem Einar Skúlason hefur verið talinn með áhrifameiri skáldum á 12. öld lá beint við að huga að kveðskap hans, og þar sem *Lilja* er eitt af mestu verkum sem fylgja hrynhendum hætti og fyrir lá nýleg útgáfa á henni var talið fýsilegt að huga að hugsanlegum vandamálum sem upp kynnu að koma varðandi greiningu háttarins. Í þriðja lagi var ákveðið að skoða kveðskap Sighvats Þórðarsonar frá 11. öld og er nú búið að frumgreina allan kveðskap hans fyrir utan lausavísur. Textarnir voru valdir og undirbúnir í samráði við Kjartan Ottosson, prófessor í Ósló, sem er vel kunnugur eldri kveðskap og textafræðilegum álitamálum sem honum fylgja.

Vonir hafa verið bundnar við að hafa megi mikið gagn af þeirri nýju heildarútgáfu dróttkvæða sem minnst var á og hefur hún m.a. komið að notum við skoðun á trúarkveðskapnum. En niðurstaðan er þó sú, að í fyrstu atrennu sé handhægast að styðjast við útgáfu Finns Jónssonar í *Skjaldedigtningun*. Þótt útgáfa Finns sé barn síns tíma virðist hún enn sem komið er langbesta heimildin um texta flestra dróttkvæða. Vinnureglan verður því sú að byggja á textum Finns, en leita

⁵ Clunies-Ross (2008).

að öðrum sjónarmiðum og túlkunum í yngri verkum, svo sem útgáfum Fornritafélagsins og auðvitað þeim textum sem síðar koma í heildarútgáfunni sem fyrr var vísað til.

Einnig verða rímnatextar færðir inn í Greini, og mun Haukur Þorgeirsson, sem vinnur að doktorsverkefni um rímur, leggja þar til efni. Þegar hafa verið lagðir til textar úr tveimur gömlum rímnaflokkum, *Ormars rímum* og *Þrændlum*.

Við greiningu á hljóðkerfislegum og bragfræðilegum einkennum dróttkvæða og rímna verður beitt svipuðum aðferðum og við greiningu eddukvæða. Þótt um sé að ræða ólíka bragarhætti eru vissir þættir sameiginlegir, t.d. fylgir stuðlasetning hliðstæðum reglum, og margt er líkt í notkun ríms og hrynjandi.

Greining dróttkvæða

Svo sem kunnugt er eru ýmis álitamál uppi um eðli og greiningu dróttkvæðaformsins. Um langa hríð hafa menn stuðst við flokkun hryngerða eftir kerfi sem Eduard Sievers setti fram á 19. öld, en hefur verið útfært af öðrum fræðimönnum svo sem Hans Kuhn og Kari Ellen Gade.⁶ Samkvæmt því er gert ráð fyrir að dróttkvæðar línur séu eins konar lengdar eddukvæðalínur og sé því hægt að greina þær með hliðstæðum aðferðum. Þar eru hins vegar ýmis álitamál, og tillhneigingin í þessari rannsóknarhefð hefur verið að fjölga hryngerðunum, sem áttu að vera fimm grunngerðir með takmörkuðum fjölda undirgerða, þannig að yfirsýn verður erfiðari. Hugmynd að einfaldara kerfi, sem byggði að hluta til á hugmyndum Williams Craigies, hefur verið sett fram af Kristjáni Árnasyni og er þeirri aðferð beitt í vinnunni sem hér segir frá.⁷ Meginhugmynd þessarar greiningar er að þrjú ris séu í hverri línu og að grundvallarhrynjandinn sé trókísk, þ.e. með réttum tvíliðum, en að skipulegar undantekningar leyfist, t.d. þannig að braglína geti hafist á tveimur risum hlið við hlið. Sá grundvallarmunur er talinn vera á hrynjandi eddukvæða og dróttkvæða, að hrynjandi eddukvæðanna ræðst af talningu orðáherslna, sem miðast við styrk út frá setningahrynjandi, en að hrynjandi dróttkvæðanna miðist við talningu missterkra atkvæða innan orða⁸.

Til að veita innsýn í aðferðina við greiningu á hrynjandi drótt-

⁶ Sievers (1893), Kuhn (1983), Gade (1995).

⁷ Craigie (1900), Kristján Árnason (1991/2000).

⁸ Sbr. Kristján Árnason (2002a).

kvæðanna má taka dæmi af tveimur fyrstu Víkingarvísu Sighvats Þórðarsonar.

1 |Langr bar |út enn |unga
 |jǫfra |kund at |sundi
 |(þjóð |uggði sér |síðan)
 |sæ|meiðr (konungs |reiði);
 |kan\$k til |margs, en, |manna
 |minni, |fyrsta |sinni
 |hann rauð |œstr fyr |austan
 |ulfs |fót við sker |Sóta.

2 |Þar vas |enn, es |önnur
 |Á|%leifr (né svik |fólusk)
 |odda |þing í |eyddri
 |Ey|%sýslu gekk |heyja;
 |sitt |öttu fjör |fótum
 |(fár |beið ór stað |sára)
 |enn, þeirs |undan |runnu,
 |all|valdr, búendr |gjalda.

Hér er hrynjandi vísanna greind með einföldum hætti, þannig að táknuinu < | > er skotið inn þar sem gera má ráð fyrir risi, en einnig eru sett inn sérstök merki sem tákna orðhlutaleg vensl; annars vegar er táknið < \$ > sett inn í 5. línu fyrri vísunnar til að tákna að þar myndi veikluð mynd fornafnsins *ek* viðhengi eða hengil, sem hengdur er á sagnmyndina, og hins vegar er táknið < % > sett inn í samsettu orðin *Aleifi* og *Eysýslu*. Þetta er gert vegna þess að slík atriði geta skipt máli bragfræðilega og einnig þegar kemur að setningagreiningu textans.

Þrátt fyrir ýmiss konar ágreining virðast flestir fræðimenn á því að meginreglan sé sú að hver lína í dróttkvæðum hætti hafi þrjú ris, en breytilegt sé hvar þessi ris koma. Eitt af því sem talið er hamla því hvar ris koma er atkvæðapungi, en grundvallarreglan er sú í eldri kveðskap að einungis þung atkvæði geta borið ris, þótt einnig sé leyft að risið sé klofið, sem kallað er. Eins og sjá má er reglulegt að ris séu á fyrsta og næstsíðasta atkvæði í línu, en breytilegt er hvar miðrisið kemur. Algengast er að það sé í þriðju stöðu, eins og í *Langr bar |út enn |unga* og *jǫfra |kund at |sundi*. En einnig er algengt að greint sé ris í annarri stöðu, eins og í *sæ|meiðr konungs |reiði*) og *|all|valdr, búendr*

|*gjalda*. Meðal þeirra álitamála sem sérstaklega verður hugað að í þessu verkefni er hvort og hversu oft sé ástæða til að gera ráð fyrir risi í fjórðu stöðu í dróttkvæðri línu. Dæmi um línur þar sem slíkt kæmi til álita er fyrsta línan í fjórðu Víkingarvísu Sighvats Þórðarsonar, sem hér er sýnd ásamt síðlinu:

4 |Enn |kvóðu gram |Gunnar
|galdrs |upphöfum |valda

Hér er stuðull í fjórðu stöðu, og spurningin er hvort hér skuli gera ráð fyrir risi eða ekki, eins og raunar er gert í þeirri greiningu sem hér er sýnd. Spurningin er hvort óhjákvæmilegt sé að stuðlar standi í einhvers konar risi, en um það hafa verið skiptar skoðanir. Línur af þessari gerð verða sérstaklega skoðaðar.

Sýna má hvernig hrynhendur háttur er greindur með dæmi af fjórða erindi Lilju:

4 |Fyrri |menn, er |fræðin |kunnu
|forn og |klók af |heiðnum |bókum
|slungin, |mjúkt af |sínun |kóngum
|sungu |lof með |danskri |tungu.
|Í |þvílíku |móður|máli
|meir |skyldumz eg en |nökkurr |þeira
|hrærðan |dikt með |ástar|orðum
|alls|valdanda |kóngi að |gjalda.

Hér eru risin táknuð með sama hætti og í dróttkvæðum og eddukvæðum, og sett inn merki til upplýsingar um orðhlutagerðina þegar þurfa þykir, t.d. í fimmtu línunni, þar sem frumhendingin í *þvílíku* tengist yfir orðhlutaskil (jafnvel orðaskil). Þessi lína er greind svo sem hún hefjist á tveimur risum líkt og við höfum séð dæmi um í dróttkvæðum línunum. En vissulega eru mörg álitamál um hvernig greina beri, og verður það skráð í gagnagrunninn, væntanlega með því að merkja sérstaklega við þær línur sem vafi leikur á um. Þessu til viðbótar verða settar inn upplýsingar um stuðla og rím hliðstætt því sem gert er í eddukvæðunum.

Greining rímnahátta

Hrynjandi rímna hefur minna verið rannsökuð en hrynjandi eddukvæða og dróttkvæða, en megintilgátan, sem unnið er eftir í þessu verkefni, er sú að hana megi greina með hliðstæðum aðferðum og hrynjandi dróttkvæða, enda fylgi hún á margan hátt sömu reglum. Í hvorri tveggja hrynjandinni eru talin missterk atkvæði frekar en missterk orð.

Sem dæmi um greiningu rímnatexta með hliðstæðri aðferð má taka fyrstu vísurnar úr fyrstu rímu Ormars rímna í texta sem fenginn er frá Hauki Þorgeirssyni, en doktorsverkefni hans snýst einmitt um tengsl máls og bragar í rímnakveðskap:

- 1 |Brúðum |færi' eg |Berlings |fley
|brátt með |nýjum |óði,
|gildan |ætla' eg |geira |þey
að |geysa' af |vizku |stóði.
- 2 |Höldar |fá þar |hirð er |kát
|harða |sorgar |hlekki,
|það eru |ferleg |firna |lát
|finnt mér |til þeira |ekki.

Hér eru risin táknuð með < | > og til viðbótar þessum hrynreðu upplýsingum verða svo rímnatextarnir markaðir, hvað varðar stuðla og rím, með sömu aðferðum og aðrir textar. Þessar upplýsingar verða færðar inn í gagnagrunninn með sömu aðferð og í eddukvæðum og dróttkvæðum. Fróðlegt verður að bera saman formeinkenni rímna, dróttkvæða og eddukvæða, hvað varðar hrynjandi, línu- og vísna- lengd, og ekki síður þróun rímmynstra og stuðlareglna.

Setningafræðileg greining

Ljóst er að setningagreining kveðskaparins, ekki síst dróttkvæðanna, er ærið viðfangsefni og er vinna við hana skammt á veg komin. Ekki er ástæða til að ætla annað en að hægt verði að beita þar hliðstæðum aðferðum og í greiningu eddukvæðanna, en yfirumsjón með þeim verkþætti hefur Þórhallur Eypórsson. Vinnan verður sama eðlis, þótt hún geti orðið seinlegri.

Eins og fram hefur komið er sá texti Konungsbókar eddukvæða, sem fékkst frá Árnastofnun, flettugreindur (lemmaður) og með málfræðilegum upplýsingum, og hvað eddukvæðin varðar gengur verkefnið, sem hér um ræðir, út á að bæta inn upplýsingum um setningaformgerð, greina frumlög og andlög, gerðir sagnliða og nafnliða o.s.frv.

Setningafræðileg greining kveðskaparins er ekki síst flókin vegna þess að oft er orðaröð þar með öðrum hætti en í óbundnu máli. Þetta á við um eddukvæðin og rímurnar, og svo sem kunnugt er enn frekar um dróttkvæðin. Meðal annars vegna þessa hefur verið ákveðið að skrá setningafræðilegar upplýsingar með vísun til svokallaðrar „dependency grammar“, sem ef til vill mætti kalla stigvenslamálfræði. Þessi aðferð við setningagreiningu leggur ekki upp úr því að gera grein fyrir venslum orða í setningum með trjám sem endurspeglar orðaröð. Tengsl orða eru greind eftir stigvenslum en ekki orðaröð eða stofnhlutum. Sambönd orðanna eru skilgreind eftir því hvernig eitt orð „stýrir“ öðru (t.d. forsetning nafnorði, sögn andlagi og lýsingarorð nafnorði). Þess konar greining hentar vel þar sem orðaröð er ekki föst, og með því móti má greina dróttkvæðar vísur, án þess að gera ráð fyrir að til sé einhver ein rétt orðaröð eða samantekt á vísunni.

Komið hefur verið á samstarfi við norskt rannsóknarverkefni: *Pragmatic Resources in Old Indo-European Languages*, skammstafað PROIEL, sem snýst um greiningu á textum Nýja testamentisins og þýðingar á því yfir á elstu indó-evrópsk mál. Stjórnandi þessa verkefnis er Dag Haug, dósent við Óslóarháskóla, og hefur hann komið hingað til samráðs.⁹ Í þessu verkefni eru textarnir greindir í setningarhluta og formfestir með aðferðum stigvenslamálfræðinnar, en þar sem orðaröðin er ekki fastbundin í mörgum eldri indóevrópskum málum hentar hún vel til greiningar á þeim textum, ekki síður en eddukvæðum, rímum og dróttkvæðum.

Gera má ráð fyrir að unnið verði þannig að sérfræðingur marki textann í sérstöku viðmóti eins og við greiningu brageinkenna eddukvæðanna, og sú mörkun síðan tengd við þá orðhlutalegu mörkun sem fyrir er í XML-kerfinu sem fékkst með Konungsbókartextanum. Sem dæmi um það sem stefnt er að eru upplýsingar eins og þær sem koma fram í eftirfarandi töflu sem sýnir greiningu á fyrstu vísu Þrymsviðu:

⁹ Heimasiða verkefnisins hefur slóðina: <http://www.hf.uio.no/ifikk/proiel/events.html>.

Reiðr var þá Vigþórr
 adj V adv S
 er hann vaknaði
 C S-pr V
 ok síns hamars
 & O [poss.refl N]
 um saknaði,
 F V
 skegg nam at hrista,
 O V (S) I Vi
 skör nam at dýia,
 O V (S) I Vi
 réð Iarðar burr
 V S [G N]
 um at þreifaz.
 F (S) I Vi

Hér tákna S frumlag, V umsögn, O andlag, C tengilið, F fylliorð, en tekið skal fram að ekki er víst að þessi tákn verði notuð í hinni endanlegu greiningu sem gerð verður í samvinnu við PROIEL-verkefnið. Þegar þessar upplýsingar um setninga- og orðhlutagerð liggja fyrir verða þær tengdar bragfræðilegum upplýsingum um hrynjandi, stuðla og hendingar ásamt hljóðkerfislegum upplýsingum, svo sem um atkvæðagerð og hljóðgildi.

Tilgangur verksins og dæmi um árangur

Megintilgangur þess verkefnis, sem hér er sagt frá, er að draga saman upplýsingar um málleg og bragfræðileg einkenni íslensks kveðskapar frá ýmsum tímum og af ýmsum gerðum. Því er ætlað að bæta skilning á samspili brags og málkerfis, en einnig má ætla að þær upplýsingar sem nást fram geti varpað ljósi á ýmsar spurningar varðandi aldur einstakra verka og formgerð þeirra. Til dæmis er þess vænst að hægt verði að skýra betur en gert hefur verið hingað til muninn á bragarháttum eins og ljóðahætti og fornyrðislagi og hvort beri að gera ráð fyrir málhætti sem sérstökum bragarhætti eða hvort hann telst afbrigði af fornyrðislagi.¹⁰ Sérstakan áhuga vekja vandamál

¹⁰ Sbr. Kristján Árnason (2002a og 2006a).

sem tengjast setningagerð og orðaröð. Meðal þess sem spurt verður um er með hvaða hætti og af hvaða ástæðum orðaröðin í kveðskap er önnur en í lausu máli. Eldri fræðimenn eins og Hans Kuhn og William Craigie héldu því fram að orðaröðin í eddukvæðum og dróttkvæðum mótaðist að hluta til af hljóðkerfislegum aðstæðum, þannig að ólíkar orðmyndir (t.d. sagnorð og nafnorð) hegðuðu sér ólíkt hvað varðar stöðu í risum og hnigum.¹¹ Þessi lögmál hafa verið tengd nöfnum fræðimannanna, svo talað er um Kuhns-lögmál og Craigies-lögmál. Á grundvelli þessara „lögmála“ hafa síðan verið settar fram röksemdir um aldur kveðskapar, sbr. röksemdir Jónasar Kristjánssonar fyrir því að Höfuðlausn geti verið eftir Egil Skallagrímsson, sem byggir m.a. á því að Craigies-lögmál gildi þar.¹² Markmið verkefnisins er m.a. að kanna nánar hvernig þessi „lögmál“ hegða sér, hversu traust þau eru, og hvernig þau tengjast ólíkum bragformum. Og stærsta spurningin er hvernig stendur á þeim, þ.e. hvernig má útskýra þau með tilvísun til mállegra og braglegra lögmála.

Ein meginspurningin varðar orðaröð í dróttkvæðum. Því er stundum haldið fram að orðaröð í dróttkvæðum vísun sé algerlega frjáls. Þótt það sé engan veginn svo ríkir þar býsna mikið frelsi, og þá vaknar spurningin um hversu mikið frelsið sé og hvers eðlis takmarkanir þess séu, t.d. varðandi stöðu sagnar í braglínu eða vísuhelmingi.

Ekki er tímabært að greina frá beinum niðurstöðum, enda verkefnið enn í gangi. Sem dæmi um fróðlega tölfræði, sem varpað getur ljósi á einkenni ólíkra kvæða og kveðskaparflokka, má þó nefna að í Þrymskviðu er meðalfjöldi atkvæða í stuttlínu u.þ.b. 4,4, en í Atlakviðu er hann u.þ.b. 5,5. Ólíklegt er að þessi munur sé háður tilviljun, og þegar þessi tölfræðilegi munur er tengdur öðrum upplýsingum, svo sem því að nærri 50% langlína í Atlakviðu hafa þrjá ljóðstafi en innan við ein af hverjum 25 í Þrymskviðu, vakna spurningar um hvort eðlilegt sé að tala um eitt og sama bragformið eins og venja er. Þá má auðvitað spyrja hvort þetta geti verið vísbending um misjafnan aldur.

Annað dæmi um árangur og niðurstöður vinnunnar á þessu ári, auk gagnagrunnsins, sem nú er kominn vel á veg, má geta þess að komin er út bók hjá forlaginu Peter Lang þar sem birtast valdir fyrir-

¹¹ Kuhn (1933), Craigie (1900).

¹² Sbr. Jónas Kristjánsson (2006), Kristján Árnason (2009) dregur í efa almennt gildi Craigies-lögmáls í kviðuhætti og runhendu með sams konar hrynjandi (þ.e. tveggja rísa línur), þótt vissulega finnst ekki dæmi sem stríða gegn því í Höfuðlausn, eins og Jónas bendir á.

lestrar frá ráðstefnu sem haldin var í Reykholti í júní 2008 undir titlinum: *Versatility in Versification: Multidisciplinary Approaches to Metrics*. Ritstjórar eru Tonya Kim Dewey og Frog.¹³

Í þessari bók eiga þrír fræðimenn, sem tengjast þessu verkefni, greinar, þeir Ragnar Ingi Aðalsteinsson, sem fjallar þar um samband stuðlasetningar og orðflokka, Þórhallur Eypórsson, sem fjallar um vitnisburð kveðskapar um setningafræðilega stöðu sagnmynda, og Kristján Árnason sem fjallar um Kuhns-lögmál og Craigies-lögmál í fornum íslenskum kveðskap.

HEIMILDIR

- Clunies-Ross (ritstj.) 2008. *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages. Vol. 7. Poetry on Christian Subjects*. Brepols Publishers, Turnhout – New York.
- Craigie, W.A. 1900. On some Points in Skaldic Metre. *Arkiv för nordisk filologi*. XVI:34–84.
- Dewey, Tonya Kim og Frog (ritstj.) 2009. *Versatility in Versification. Multidisciplinary Approaches to Metrics*. Berkeley Insights in Linguistics and Semiotics 74. Peter Lang, New York.
- Fabb, Nigel. 2002. *Language and Literary Structure: The Linguistic Analysis of Form in Verse and Narrative*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Fabb, Nigel & Morris Halle. 2008. *Meter in Poetry. A New Theory*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Fidjestøl, Bjarne. 1999. *The Dating of Eddic Poetry*. Bibliotheca Arnarnagnæana XLI. Den Arnarnagnæanske kommission, Kaupmannahöfn. [Útgáfu annaðist Odd Einar Haugen].
- Finnur Jónsson (útg.). 1912–1915. *Den norsk islandske skjaldedigtning, udgiven af kommissionen for det Arnarnagnæanske legat I–II, A–B*. Gyldendalske boghandel. Nordisk forlag, København.
- Gade, Kari Ellen. 1995. *The Structure of Old Norse Dróttkvætt Poetry*. Islandica XLIX. Cornell University Press, Ithaca.
- Halle, Morris og Samuel J. Keyser. 1971. *English Stress: Its Form, Its Growth, and Its Role in Verse*. Harper & Row, New York.
- Jónas Kristjánsson. 2006. Kveðskapur Egils Skallagrímssonar. *Gripla* XVII:7–35.
- Kiparsky, Paul. 1977. The Rhythmic Structure of English Verse. *Linguistic Inquiry* 8:189–247.

¹³ Dewey og Frog (2009).

- Kristján Árnason 1991/2000. *The Rhythms of Dróttkvætt and other Old Icelandic Metres*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Kristján Árnason. 2002a. Ferhend hrynjandi í fornyrðislagi og ljóðahætti. *Gripla XIII*:33–60.
- Kristján Árnason. 2002b. Kuhn's Laws in Old Icelandic Prose and Poetry. *Journal of Germanic Linguistics* 14(3):201–241.
- Kristján Árnason. 2006. The rise of the quatrain in Germanic: musicality and word based rhythm in eddic metres. Í B. Elan Dresher og Nila Friedberg (ritstj.) *Formal Approaches to Poetry: Recent Developments in Metrics*. Mouton de Gyuter, Berlín. (Bls. 151–169.)
- Kristján Árnason. 2009. On Craigie's Law and Kuhn's Law in Nordic poetry. Í: Tonya Kim Dewey & Frog (ritstj.) *Versatility in Versification. Multidisciplinary Approaches to Metrics*. Peter Lang, New York. (Bls. 39–60.)
- Kuhn, Hans. 1933. Zur Wortstellung und -betonung im Altgermanischen. *Beiträge zur Geschichte der deutschen Sprache und Literatur* 57:1–109.
- Kuhn, Hans. 1983. *Das Dróttkvætt*. Carl Winter, Heidelberg.
- Ragnar Ingi Aðalsteinsson. 2004. *Frá Braga til Steins. Nokkrar athuganir á stuðlasetningu í íslenskum kveðskap*. MA-ritgerð, Háskóla Íslands.
- Ragnar Ingi Aðalsteinsson. 2009. Alliteration and grammatical categories. Í: Tonya Kim Dewey og Frog (ritstj.) *Versatility in Versification. Multidisciplinary Approaches to Metrics*. Peter Lang, New York. (Bls. 91–102.)
- Sievers, Eduard. 1893. *Altgermanische metrik*. Max Niemeyer, Halle.
- Þórhallur Eypórsson. 2009. The syntax of the verb in Old Icelandic: Evidence from poetry. Í: Tonya Kim Dewey og Frog (ritstj.) *Versatility in Versification. Multidisciplinary Approaches to Metrics*. Peter Lang, New York. (Bls. 52–72.)

Hólmsfríður Bjartmarsdóttir

Fjögur ljóð

Vetur

Sængin er hvít eins og umhverfið úti,
alhvít skafrenningsmynd.
Ég beygi hnéin og bý til úr sænginni
brattan og fallegan tind.
Vindurinn úti vegalaus æðir,
víða snjókornið fer.
Sængurfatanna hlýlegu hæðir
í hamra rúmgafslsins ber.

Sumar við Skjálfaða

Í skýjunum myndaðist fallegur, faxprúður hestur
fæturta taldi ég snöggvast og þeir voru átta.
Í Bjargakrók veit ég að hrafninn minn svartir er sestur.
Sól skín í norðri, bráðum er mál að háttu.

Í Heljunni sýnist þó dvergmurtan viljug að vaka,
vasklega smágerða kóðið í skorpunni stekkur.
Hásumardagurinn alls engan enda mun taka
því upprisa sólar byrjar þegar hún sekkur.

Þögnin hún varir svo örlítið augnablik, þá
upphjást kórar í lómanna söngleikjahöll.
Ég ætla að vaka hér úti í nótt til að sjá
Óðin hleypa á skýi yfir Kinnarfjöll.

Vör

Lifandi er skógurinn að laufga sig á ný.
Látlaus streyma skýin yfir tindinn.
Lifandi er vatnið og leikurinn í því
og léttar dansa starirnar við vindinn.

Haust

Fullur máni ljær frostbunkum hamranna ljós.
Fjaran skín eins og hreistur á nýgengnum laxi.
Hver einasti pollur er útsprungin hélurós,
hvert einasta strá hefur puntað sig silfurfaxi.
Hljóðlega koma öldur af svörtum sjónum
en sandurinn marrar dálítið undir skónum.

Haukur Porgeirsson

Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages – ritdómur

Þegar þessi grein er skrifuð eru komin út tvö bindi af hinnu nýju heildarútgáfu dróttkvæða, *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages*. Hér verður aðeins fjallað um sjöunda bindið, *Poetry on Christian Subjects*¹, og einkanlega seinni hluta þess en hann inniheldur kristileg kvæði frá 14. öld.

Uppbygging útgáfunnar

Alls er fyrirhugað að nýja útgáfan verði níu bindi. Fyrstu tvö bindin eru í tveimur bókum hvort og ef þeirri aðferð verður haldið mun safnið að endingu verða átján bækur, hver um það bil 500 blaðsíður. Það verður því mikill munur á henni og fjöggra binda heildarútgáfu Finns Jónssonar. Munurinn á efnistökinum er enda talsverður. Útgáfa Finns hefur fyrir hverja vísu: a) stafréttan texta þess handrits sem lagt er til grundvallar, b) lesbrigði sem skipta máli úr öðrum handritum, c) leiðréttan texta með samræmdri stafsetningu, d) samantekt á vísunni ef orðaröðin er torskiljanleg og e) danska þýðingu eða endursögn. Hin nýja útgáfa hefur: a) leiðréttan samræmdan texta, b) lesbrigði úr handritum, c) samantekt á vísunni, d) upptalningu á þeim stöðum í fyrri útgáfum þar sem vísan finnst, e) enska þýðingu og f) textafræðilegar athugasemdir og bókmenntalegar skýringar. Hér hefur sem sagt ýmsu verið bætt við en aðeins einu sleppt – stafréttum texta meginhandritsins. Hann geta lesendur þó sótt í viðaukaefni útgáfunnar á netinu.

Það dylst engum að nýja útgáfan hefur mikið að bjóða umfram eldri útgáfur. Til dæmis mun það eflaust nýtast erlendum fræðimönnum vel að enska þýðingin fer mun nær frumtextanum en hin danska

¹ Clunies-Ross 2007. Hér eftir aðeins vísað til með blaðsíðutali.

þýðing Finns gerði. Svo að dæmi sé tekið af handahófi er kenningin *hlynr Draupnis dögguar* þýdd með orðunum „maple of Draupnir’s <ring> dew [GOLD > MAN]“ (bls. 956) og fær lesandinn þá nokkra innsýn í verkan skáldamálsins. Í þýðingu Finns er kenningin einfaldlega þýdd með orðinu „mand“ (Skj B2:579). Sú hætta er þó vissulega fyrir hendi að lesendur nýju útgáfunnar mikli fyrir sér myndauðgi skáldanna. Hið algenga orð *heljarmenn* er t.d. skrifað með stórum staf og þýtt „[t]he men of Hel <ruler of the underworld> [WICKED MEN]“ (bls. 884) en það er nú e.t.v. ekki víst að Hel Lokadóttir hafi staðið skáldinu svona lifandi fyrir hugskotssjónum.

Það er handhægt að fyrri útgáfna hverrar vísu sé getið en ég velti þó fyrir mér hvort ekki hefði mátt spara pláss með því að hafa þessar upplýsingar í einu lagi fremst við hvert kvæði. Eins þykja mér samantektirnar nokkuð frekar til fjörsins að standa við hverja einustu vísu. Svo að dæmi sé tekið hljóðar 53. vísu Hugsvinnsmála svo (bls. 393): „Þolinmóðr þú skalt vera / við þegna lið; / svá gerir sá, er vill hæverskan sið hafa.“ Samantekt þessarar vísu hljóðar svo: „Þú skalt vera þolinmóðr við þegna lið; svá gerir sá, er vill hafa hæverskan sið.“ Þetta bætir ekki miklu við. Það hefði dugað að prenta samantektir við þær fáu vísur í Hugsvinnsmálum sem hafa torskiljanlega orðaröð en hinar hefði nægt að setja í aukaefnið á vefnum.

Mikill fengur er í hinum bókmenntalegu og textafræðilegu skýringum sem fylgja hverri vísu og það eru fyrst og fremst þær sem valda því að útgáfan spannar svo mörg bindi. Þessi styrkur útgáfunnar er þó einnig að því leyttinu til veikleiki að heildarsafnið verður stórt og geysilega dýrt, raunar varla á færi einstaklinga að eignast.

Stafsetning og frágangur

Það er vandaverk að samræma stafsetningu og oft getur niðurstaðan orkað tvímælis. Mér finnst þess vegna mikill missir að stafréttum texta meginhandritsins og þreytandi að þurfa sífellt að slá honum upp á vefnum. Ég tek hér eitt dæmi. Í 50. vísu *Heilagra meylla drápu* kemur fyrir vísuorðið *signað fljóð, er Skotland tignar*. Útgefendur² gera þarna svohljóðandi athugasemd: „Here the stem vowel of *tignar* ‚praises‘ is

² Tiltekinn fræðimaður er skrifaður fyrir hverju kvæði en í raun koma alltaf margir að hinum endanlega texta; einn les yfir með tilliti til bragfræði, annar athugar samantektirnar og svo framvegis. Ég læt því duga að tala um útgefendur sem eina heild.

short to give *aðalhending* with *sign*-, but in 54/1 the poet accords it its normal long <ǫ>³. Við skoðum þá vísu 54 og finnum línuna *Tíu þúsundir tignar meyja*. Orðið *tignar* tekur þarna ekki þátt í *aðalhendingu* svo að það er ekkert í bragreglunum sem sker úr um stofnsérhljóðið. Lesandinn gerir sér þá ef til vill í hugarlund, miðað við fyrri fullyrðinguna, að handritið sem farið er eftir geri greinarmun á /i/ og /í/ og að hér standi í því tákni fyrir hið síðarnefnda. En sá sem gerir sér leið í vefútgáfuna til að staðfesta þennan skilning kemst að því að hann er rangur – handritið gerir engan slíkan greinarmun.

Í formála sjöunda bindisins segja útgefendur okkur að ætlunin sé að samræmd stafsetning 14. aldar kvæða í útgáfunni sé samkvæmari sjálfri sér og í betra samræmi við mál 14. aldar en raunin var í útgáfu Finns (bls. lxvii). Þetta er göfugt markmið en því miður hefur það að mestu leyti mistekist. Gamlar myndir er víða að finna innan um ungar og langt því frá að fulls samræmis sé gætt. Skulu hér nokkur dæmi gefin. Í *Gyðingsvísu* koma fyrir orðmyndirnar *Hamðis* og *stökkvir* sem ekki eru í samræmi við mál 14. aldar eða stafsetningarstefnu útgáfunnar. Af öðrum orðmyndum, sem eru í ósamræmi við stafsetningarstefnuna, má nefna *hit* (bls. 648), *fylgðarmenn* (bls. 623), *skelfður* (bls. 961), *sæmð* (bls. 620) en annars alltaf *sæmð* í sama kvæði, *fældi* og *strengt* eru saman í vísu á bls. lv sem er svo á bls. 894 með annarri stafsetningu, *fældi* og *strengt*. Orðið sem nú er ritað *hvorki* kemur þrisvar sinnum fyrir en er aldrei stafað eins heldur ýmist *hvorki* (bls. 586), *hvörki* (bls. 642) eða *hvárki* (bls. 917).

Ýmiss konar sérkennilegt misræmi skýtur upp kollinum. Í Lilju er *ffandi* alltaf skrifað með *a* nema í vísu 23 en þar kemur fyrir vísuorðið *bandi riett ins nezta ffanda* (bls. 589). Ekki veit ég hvers vegna útgefandinn notar *a* einmitt þegar orðið er rímbundið við *and*. Að sama skapi er skrýtið að orðið *drottinn* er alltaf skrifað með *o* nema í vísu 16 þar sem það er rímbundið við *ótt*. En í vísu 75 er það einnig rímbundið við *ótt* en er þó skrifað með *o*. Hefði ekki verið eðlilegra að skrifa *drottinn* út í gegnum kvæðið þar sem orðið er tvisvar rímbundið með *ó* en aldrei með *o*?

Það er meinlaust, en þó dálítið álappalegt, þegar ekki er sama stafsetning á samantektinni og vísunni sjálfri. Svo að dæmi séu tekin úr Lilju stendur á tveimur stöðum *lyftum* í vísu en *lyptum* í samantekt hennar (vísur 50 og 57). Í einni vísu (60) stendur *að* í vísu en *at* í

³ „Hér er stofnsérhljóðið í *tignar* ‚lofar‘ stutt til að gefa *aðalhendingu* við *sign*-, en í 54/1 gefur skáldið orðinu sitt venjulega langa <ǫ>“, bls. 922.

samantekt og í annarri (91) stendur *lít* í vísu en *lyt* í samantekt. Hvort tveggja mun reyndar prentvillan fyrir *lít* og reyndar er önnur prentvillan komin nokkuð til ára sinna því að hún er einnig í útgáfu Finns. Einkennilegust er samt samantektin á vísu 50 en þar verður orðið *eilífliga* í vísunni að *æfniliga* í samantektinni.

Prentvillur skjóta þannig upp kollinum í þessari bók eins og öðrum. Það er auðvitað meinlaust og nálega óhjákvæmlilegt að í ensku skýringunum komi fyrir einstaka prentvillan (t.d. *a honourable* bls. 783). Verra er það og getur valdið ruglingi þegar norræn orð eða nöfn eru misrituð eða látin standa í aukaföllum (t.d. *Árnorr Þórðarson* bls. liv; *Ári Þorgilsson* bls. 177; *Gíslí*, bls. 294; *Helgi Ólaffson*, *Guðmundr Ólaffson*, *Jón Eiríksson* bls. 295; *Jón Hallson* bls. 557; *Jón Árason* bls. 558; *Páll Hallson* bls. 657; *Magnus Már Lárusson* bls. 908; *Selárdal* bls. 556; *Grenjarðarstað* bls. 557; *þreknennin* (fyrir *þreknenninum*) bls. lix; *visa* bls. xxxiv; *steffamel* bls. xxxiv og 560; *myndin* (fyrir *mundir*) bls. 953). Hið er þó langverst þegar prentvillur eru í sjálfum texta kvæðanna. Þetta er því miður óheppilega algengt í þessari útgáfu. Við skulum líta á tvær vísur úr Lilju. Ég hef fettletrað orðmyndir sem ég ræði fyrir neðan.

54 **Höfuðdrottningin**, harmi þrungi,
hneigð og lút, er **skálf** af sútum,
færdiz nær, þá er fell ór sárum
fossu blóðið niðr á krossinn.
Þrutnar brjóst, en hjartað hristiz;
hold er klökt, en andin snöktir;
augun tóku að drukna drjúgum
döpr og móð í tára flóði.

55 Rödd eingilsins kvenmann kvaddi;
kvadda af eingli drottinn gladdi;
gladdiz mær, þá er föðurinn fæddi;
fæddann sveininn reifum klæddi.
Klæddan með sier laungum leiddi;
leiddr á **krossin** faðminn breiddi;
breiddr á krossinn gumna græddi;
græddi hann oss, en helstríð mæddi.

Orðið *höfuðdrottningin* er í andstöðu við stafsetningarstefnu útgáfunnar en þar er í flestum tilfellum ekki tvíritað samhljóð á undan öðru samhljóði; til dæmis er réttilega ritað *megindrotningin* í vísu 86. Þar sem

ritað er *færdiz*, *Prutnar*, *fæddann* og *krossin* ætti greinilega að standa *færdiz*, *Prútnar*, *fæddan* (sbr. *Klæddan* í línunni fyrir neðan) og *krossinn* (sbr. línuna fyrir neðan). Mér þykir einnig líklegast að *skálf* í annarri línu eigi að vera *skalf*. Þegar prentvillupúkinn fer af stað er samt erfitt að vera viss um nokkurn hlut – vel má vera að útgefendur telji *skálf* vera rétta mynd á 14. öld. Eins gæti lesanda fyrirgefist að telja – innan um villurnar – að *andin* í línu 6 sé misritun fyrir *andinn* en ef til vill er hér um kvenkynsorð að ræða (tvímynd við *önd*). Aðrar prentvillur sem ég finn í Lilju eru *litillæti* (52), *eingin* (fyrir *einginn*) (59), *giengu* (sem ætti einna helst að vera *gieingu* samkvæmt stafsetningarstefnu ritsins) (67), *dauðin* (82), *liet* (fyrir *liett*) og hin kostulega orðmynd *Álmáttigr* (100). Ég hef ekki leitað að prentvillum í öðrum kvæðum en af þeim sem ég hef fundið af tilviljun má nefna *lístarorðum* (bls. 948), *naudsýn* (bls. 786), *Ókunnmann* (bls. 389) *brúðrinn* (bls. 766), *páskamorginn* (fyrir *páskamorgin*) (bls. 785) og *nott* (bls. 946). Því miður fer ekki hjá því að hringlanda-háttur og ónákvæmni í stafsetningu veiki nokkuð traust lesandans á útgáfunni. Lesandinn hlýtur einnig í enn ríkari mæli að sakna vand- aðrar stafréttar útgáfu.

Einkennilegasta stafsetningarákvörðunin hlýtur þó að vera að rita *é* sem *ie* og að gera ráð fyrir sama tvíhljóði í orðum sem hefjast á *ge* eða *ke* (bls. lxxvi). Þannig er ritað bæði *liet* fyrir *lét* og *giet* fyrir *get* og á þetta að vera nákvæmari framsetning á máli 14. aldar en áður hefur tíðkast. Þetta er því miður alls ekki rétt og virðist byggjast á einhverjum misskilningi á málfræði Noreens. Atkvæði eins og *lét* voru alla tíð löng en atkvæði eins og *get* voru alla tíð stutt. Þessi orð höfðu ekki sama sérhljóð fyrr en eftir hljóðdvalarbreytingu og lesandanum er enginn greiði gerður með því að þau séu stafsett á sama hátt, sérstaklega ekki í útgáfu á kveðskap þar sem lengd atkvæða skiptir miklu máli. Þegar í handritunum stendur *giet* er það merki um framgömun á upphafssamhljóðinu en ekki tvíhljóðun á sérhljóðinu.

Einu orðin sem fá að halda *é* í þessari nýju stafsetningu eru nöfn af erlendum uppruna. Þannig er ritað *Pétur* (t.d. bls. 926) og *Andréas* (t.d. bls. 856) vegna þess að útgefendur telja að í þessum orðum séu engin merki um tvíhljóðun (bls. lxxv). Þetta kemur mér nú spáskt fyrir sjónir. Stafsetning nafna er að vísu iðulega íhaldssöm en við lauslega leit í íslenska fornbréfasafninu⁴ finn ég *andriesson* í bréfi frá 1383 (63.2) og *pietur* í bréfi frá 1441 (281.1). Eflaust eru til eldri dæmi og fyrirfram finnst mér sú kenning ólíkleg að þessi orðflokkur hafi setið hjá þegar

⁴ Stefán Karlsson 1963.

é tvíhljóðaðist alls staðar annars staðar en hafi síðan sjálfur tvíhljóðast einhvern tíma seinna. Þetta þyrfti að minnsta kosti að styðja einhverjum rökum.

Söguleg málfræði

Útgefendur treysta mjög á norræna málfræði Adolfs Noreen sem fyrst kom út 1884. Því miður vantar stundum upp á að seinni tíma rannsóknir í íslenski málsögu séu teknar til greina. Ég tek hér þrjú dæmi.

Á fjórtánda öld kemur í íslensku upp sníkjuhljóð í samhljóðaklösunum *sl*, *sn* og *sm*. Þetta sníkjuhljóð hefur áhrif á stuðlasetningu þannig að skáld sem hafa hljóðbreytinguna í máli sínu hika við að stuðla þessa klasa við *s*. Af nafngreindum 14. aldar skáldum má sjá að Þormóður Ólafsson og Arngrímur Brandsson (d. 1361 eða 1362) stuðla óhikað að fornum hætti en Árni Jónsson og Einar Gilsson virðast vera menn nýja tímans. Þetta einkenni í stuðlasetningu getur hjálpað til við að aldursgreina kvæði. Til dæmis má sjá að *s*-stuðlun að fornum hætti er aldrei notuð í *Vitnisvísun*, *Mariúgrát*, *Heilagra meylla drápu* eða *Mariúvísun* I–III. Hins vegar kemur hún tvisvar eða þrisvar fyrir í *Brúðkaupsvísun* (eftir því hvort tiltekin leiðrétting Jóns Helgasonar er samþykkt eða ekki) sem útgefendur eru einmitt í miklum vandræðum með að tímasetja og fræðimenn hafa skipað til bekkjar allt frá 13. öld til seinni hluta 15. aldar (bls. 528). Þarna gefur stuðlasetning kvæðisins vísbendingu um aldur en því miður sýna útgefendur engin merki um að þekkja þau fræði.⁵

Í *Mariúvísun* II kemur fyrir vísuorðið *sonu elr hver kvón* þar sem *sonu* og *kvón* mynda aðalhendingu. Þetta skýra útgefendur þannig að *on* rími við *ón* vegna þess að sérhljóðalengd hafi verið á reiki á tímabilinu þegar kvæðið var ort (bls. 707, 702, lxxv). Þessi skýring getur varla verið rétt. Hreinn Benediktsson (1979) sýndi fram á að orðið *son* rímar reglulega við orð með fornu *vá* og setti fram skýringu á þessu fyrirbæri og hinn málfræðingur þróun *vá*.

Í íslenski stafsetningu allt til 17. aldar er gerður greinarmunur á *lld* (sem komið er af eldra *ld*) og *ld* (sem komið er af eldra *lð*) og fram að þeim tíma ríma orð með þessum hljóðum ekki saman í skáldskap.⁶ Þannig rímar *ölld* við *kölld* og *fföld* við *völd* en fyrri orðin ríma ekki við seinni orðin. Útgefendur ritsins sem hér er rætt um virðast ekki gera

⁵ Sjá Ragnar aðalsteinsson 2005, Þorsteinn G. Indriðason 1990, Maverick 1968.

⁶ Jakob Benediktsson 1960.

sér grein fyrir þessu og í samræmdri stafsetningu þeirra er þessi greinarmunur ekki gerður (og enn hlýtur lesandinn að sakna stafrétta textans). Lítum á eitt dæmi þar sem þetta atriði verður þeim að fótakefli. Í *Heilagra meylla drápu*, sem er undir Liljulagi, kemur fyrir vísuhelm-ingur sem hljóðar svo, samkvæmt texta meginhandrits: *Meina fjöld og þrautir / mærin tók á líkam skæran*. Hér er greinilegt að fyrra vísuorðið er gallað – það er of stutt og það vantar hendingu og stuðul. Útgefendur leiðrétta það svona: *Meina fjöld og þrautir mildust*. Greinilegt er að þessi leiðrétting á bæði að bæta við stuðli og hendingu en raunar gerir hún hvorugt. Bæði er að í Liljulagi verður annar stuðullinn alltaf að vera í þriðja risi og svo hitt að *fjöld* rímar ekki við *mildust*. Þessi leiðrétting er reyndar fengin að láni úr útgáfu Finns en þegar Finnur ekur fram af björgum er engin ástæða til að aka á eftir.

Hvað eru dróttkvæði?

Efnistökunum í dróttkvæðaútgáfu sinni lýsti Finnur Jónsson með orðunum „alle ikke til ‘Sæmundar Edda’ hørende kvad i det gamle nordiske sprog fra den ældste tid til omtrent år 1400“ (Skj A1:v) og vísaði þar til Konráðs Gíslasonar. Afmörkunin í nýju útgáfunni er orðuð næstum nákvæmlega eins.⁷ Í báðum tilfellum er þess látið ógetið að það eru ekki aðeins eddukvæðin sem eru utan við útgáfuna heldur einnig rímurnar, þar með taldar rímur sem vitað er með fullri vissu að voru ortar fyrir 1400.

Það er svo löng hefð fyrir því að skipta norrænum kveðskap í tvennt, eddukvæði og dróttkvæði, að menn gleyma ef til vill hversu tilfallandi og merkingarlítill þessi skipting er. Eddukvæðin eru ef til vill þokkalega heildstæður flokkur en dróttkvæði (d. ‚skjaldedigting‘, e. ‚skaldic poetry‘) í þeim skilningi sem lagt var upp með í útgáfu Finns og hinni nýju útgáfu eru eitthvert hið sundurleitasta safn af kvæðum sem hugsast getur. Þar eru saman lofkvæði um konunga, frásagnar-kvæði um sögulega, forsögulega og goðsögulega atburði, nafnaþulur, lausavísur, trúarlegur heiðinn kveðskapur og kristin helgikvæði svo að eitthvað sé nefnt og það á tímabili sem nær yfir a.m.k. fimm aldir.

⁷ „[A] new edition of the known corpus of Norse-Icelandic skaldic poetry, including runic inscriptions in metrical form. In practice this means that we are editing all known poetry from that supposed earliest until c. 1400 and which does not belong to the Codex Regius of the Elder Edda and manuscripts containing related texts, such as AM 748 I 4°.“ Sjá „Introduction to the project“ á vefútgáfunni.

Af bragarháttum má nefna dróttkvæðan hátt og afbrigði hans, forn-yrðislag, kviðuhátt, ljóðahátt og runhendu.

Sú ákvörðun var skiljanleg á dögum Finns og Konráðs að halda eddukvæðunum utan við heildarútgáfu norræns kveðskapar. Þau höfðu þá alloft verið gefin út og mikið um þau skrifað en mörg önnur kvæði voru óútgefin eða aðeins til í mjög ófullkomnum útgáfum. En á okkar dögum eiga þessi rök ekki lengur við. Ég hlýt þess vegna að spyrja mig hvort nú hefði ekki verið tækifæri til að losna við þetta merkingarlitla hugtak, „dróttkvæði“, og ráðast í staðinn í heildarútgáfu á öllum norrænum kvæðum að eddukvæðunum meðtöldum. Slík útgáfa hefði varla þurft að vera nema svo sem tveimur bindum stærri en sú sem nú stendur yfir. Annar möguleiki hefði verið að miða útgáfuna við bragarhætti og taka til dæmis aðeins kvæði undir dróttkvæðum hætti og skyldum háttum.

Einnig má velta fyrir sér hvers vegna mörkin séu dregin við árið 1400 frekar en t.d. 1350 eða 1450. Því má svara sem svo að einhvers staðar verði mörkin að liggja og 1400 sé ekki verri markalína en einhver önnur. Þetta er rétt svo langt sem það nær. En ef mörkin eru aðeins tilfallandi og til hentugleika verða menn að gæta þess að gefa þeim ekki meira gildi en þau eiga skilið. Það er ekkert rof í íslenskum kveðskap við árið 1400 enda er kveðskapur 15. aldar mjög líkur kveðskap 14. aldar. Tungumálið sjálft breytist mjög lítið. Skáldin halda áfram að yrkja helgikvæði og rímur í líkum stíl og fyrir. Gamli bragarhættir eru áfram notaðir þótt nýir bætist einnig í flokkinn. Skáldamálið lifir góðu lífi með fornum heitum og kenningum.

Raunar er iðulega mjög erfitt að tímasetja kvæði frá þessum tíma og í nýju útgáfunni er viðurkennt að sum kvæðin sem tekin eru með geti allt eins verið frá 15. öld. Þannig segir útgáfan okkur að málið á *Máruvísun III* sé í samræmi við að kvæðið sé frá því seint á 14. öld eða snemma á 15. öld og að málið á *Vitnisvísun af Máriu* og *Máruvísun I-II* sé enn unglegra (bls. 718–19).

En hvar sem mörkin eru dregin og hvernig sem kvæði eru valin saman í útgáfu verður alltaf að gera þá kröfu að ekki sé lítið á útgáfuna sem lokað safn kvæða sem aðeins eigi að bera saman við önnur kvæði í safninu. Útgefendur verða að vera reiðubúnir að grípa til samanburðar við önnur kvæði frá svipuðum tíma sem af einhverjum ástæðum hafa ekki verið valin inn í útgáfuna.

Rímur 14. aldar

Hættan við að gefa út kristinn kveðskap 14. aldar sem hluta af heildarútgáfu „dróttkvæða“ er að hann verði í of ríkum mæli settur í samhengi við eldri kvæði en í of litlum mæli við helgikvæði 15. aldar eða rímur frá fjórtánda öld. Hér langar mig að benda á nokkra staði þar sem nota hefði mátt rímur sem samanburðarefni en læt duga að taka dæmi úr þremur kvæðum.

Í *Mariúvísur I*, níundu vísu, er orð sem í handriti er ritað „Glodana“ og það skildi Finnur Jónsson sem Glóða-Ná. Í nýju útgáfunni er þetta ekki tekið gilt, m.a. vegna þess að „það er ekki ljóst hver *Ná* á að vera. Það er engin fletta í *LP* [Lexicon Poeticum], en væntanlega á þetta að vera seintilkomin mynd sem annars kemur hvergi fyrir af gyðjuheitinu *Gná*“ (bls. 685). Það er nú ekki svona dularfullt hver *Ná* er og heldur fjarri sanni að það nafn komi hvergi fyrir. Í *Ordbog til rímur* eru talin á fjórða tug dæma þar sem *Ná* kemur fyrir í kvenkenningum, sum úr rímum sem munu vera eldri en *Mariúvísur I*.

Í 23. vísu sama kvæðis virðist vísað til konu með orðunum „brúðr baugstalls“. Þar sem þetta er ekki eðlileg kvenkenning endurgerði Finnur Jónsson vísuorðið þannig að fyrir komi „brú baugstalls“. Í nýju útgáfunni er þessari kenningu hafnað á þeim forsendum að orðið *brú* komi „aldrei fyrir sem stofnorð í kvenkenningum“. En aftur leiðir *Ordbog til rímur* í ljós að orðið er algengt sem stofnorð í kvenkenningum þegar í elstu rímum.

Í *Drápu af Mariúgrát*, 35. vísu, kemur fyrir vísuorð sem hefur reynst ritskýrendum tormelt og kallað á endurbætur á textanum. Nýja útgáfan fer hér nýja leið og reynir að víkja minna frá handritinu en aðrir hafa gert. Stjórnurnar merkja staði þar sem handritatextinn hefur verið leiðréttur.

Síðan huldi lík í leiði
láða* runna* hilmis sunnu

Samkvæmt handritinu ætti að standa *láðar* og *runnar*. Útgefendur skilja þetta svo að láð (lönd) sunnu séu himinninn, runnar himinsins séu englar og hilmir englanna sé Kristur. Þetta er raunar síst verri túlkun en eldri skýringar. Útgefendur útskýra aðra textaleiðréttinguna með orðunum, „The ms. reading *láðar* is ungrammatical (the

noun *láið* ‚land‘ is n.)“⁸ (bls. 783). Hér hefði aftur verið þess virði að fletta upp í *Ordbog til rímur* því að þar kemur í ljós að *láið* er iðulega kvenkyns í fornum rímum og með eignarfallið *láiðar*. Leiðréttingin er því ónauðsynleg.

Þegar kemur að *Katrínardrápu* erum við í áhugaverðri stöðu því að þar vitum við beinlínis að höfundurinn var rímnaskáld. Bæði í *Katrínardrápu* og *Völsungs rímum* nefnir skáldið sig *vitulus vates*. Varla getur verið um öruggari vitnisburð að ræða að bæði þessi verk séu eftir sama höfund en einnig eru talsverð líkindi í stíl kvæðanna. Það er til dæmis greinilegt að *vitulus* þessi hefur verið einhver mesti edduhestur sinnar samtíðar.

Þegar tvö kvæði eru kunn eftir sama höfund hlýtur að vera hægt að ætlast til að skýringar við annað þeirra taki mið af hinu. Sá rit-skýrandi, sem tæki sér fyrir hendur að fjalla um *The Hollow Men* eftir T. S. Eliot en hefði aldrei lesið *The Waste Land* eftir sama höfund, þætti sennilega dálítið sérvitur.

En það er skemmst frá því að segja að í nýju dróttkvæðaútgáfunni er aldrei vísað til *Völsungs rímna*, né nokkurra annarra rímna, í skýringum við *Katrínardrápu*. Oft væri þó mjög eðlilegt að beita slíkum vísunum en ég læt duga að taka dæmi af einni vísu. Í vísu 38 fylgir nýja útgáfan útgáfu Finns með því að leiðrétta textann á tveimur stöðum þannig að til verði mannkeningin *plátu þrýðir* og gullkenningin *Iðja mál*. Þótt útgefendur fylgi hér Finni er greinilegt að þeir hafa efasemdir enda nefna þeir að gullkenningar eins og *Iðja mál* séu fremur sjaldgæfar og að orðið *pláta* komi aldrei fyrir í dróttkvæðum þótt það þekkest í lausamálstextum (bls. 955). Hér hefði lesendum verið akkur í að fram kæmi að gullkenningar af þessum toga eru býsna algengar í rímum og að í *Völsungs rímum* kemur einmitt fyrir *Iðja rödd*. Einnig væri eðlilegt að nefna að orðið *pláta* kemur fyrir í elstu rímum, jafnvel í mannkeningum. Til dæmis er talað um *plátu runn* í *Friðþjófsrímum*.⁹

Sérkennilegustu athugasemdirnar sem útgefendur gera við *Katrínardrápu* eru um orðið *öglir*. Þetta orð hefur tvær merkingar, ‚haukur‘ eða ‚ormur‘ og eru þær álíka algengar í rímum (sjá *Ordbog til rímur*). Í *Katrínardrápu* kemur orðið fjórum sinnum fyrir og greinilegt er að það merkir þar alltaf ‚ormur‘ en útgefendurnir þýða það alltaf rang-

⁸ „Lesháttur handritsins *láiðar* er málfræðilega rangur (nafnorðið *láið* ‚land‘ er hvorugkyns)“, bls. 783.

⁹ Hér er ekki úr vegi að nefna að Finnur Jónsson (1924:52) stakk upp á að *Friðþjófsrímur* væru eftir *vitulus vates*.

lega ‚hawk‘. Þetta er alveg óskiljanlegt því að í ritskýringum sést að þeir átta sig á að orðið merkir hjá skáldinu ‚ormur‘ (bls. 960). Þessa merkingu orðsins virðast útgefendur telja einhvern einkamisskilning þessa eina skálds, kalla þetta „gallaðar kenningar“,¹⁰ „afhjúpandi misskilning á kenningakerfinu“¹¹ og til marks um að „vitneskju á því hvernig á að mynda kenningar ... fór hnignandi“.¹² Nú getur vel verið að það sé eldra að *öglir* merki ‚haukur‘ en ‚ormur‘ en að telja merklingarbreytingu á þessu eina orði til marks um misskilning á sjálfu kenningakerfinu eða hnignunarmerki á skáldskapnum get ég alls ekki fallist á. Þetta virðast einna helst vera leifar af hinum gamalkunna skilningi á íslenskri bókmenntasögu að hið eldra sé alltaf hið betra.

Yngri helgikvæði

Ekki er að efa að mikið má upp úr því hafa að bera helgikvæðin í nýju dróttkvæðaútgáfunni saman við helgikvæðin í útgáfu Jóns Helgasonar á íslenskum miðaldakvæðum. Hér verður látið duga að nefna tvö dæmi.

Í skýringum við *Heilagra meylla drápu* halda útgefendur því fram að samsetta orðið *fræðagjörð* sé *hapax legomenon*, þ.e.a.s. orð sem hvergi annars staðar komi fyrir. Útgefendur eru þó ekki algjörlega af baki dottnir við að skýra orðið og benda til samanburðar á að í vísu, sem á að heita ort af berserki nokkrum á 10. öld, komi fyrir orðasambandið *spillir fræða*. Hér hefði nú verið nærtækara að fara nokkra áratugi fram í tímann en margar aldir aftur í leit að samanburðarefni. Í kvæði sem nefnist *Gimsteinn* kemur þetta meinta *hapax* fyrir í vísuorðinu *fræðagjörð með fögrum orðum*.¹³

Í *Drápu af Mariugrát* er vísuorð sem í útgáfu Finns Jónssonar hljóðar *hafða ek rétt, sem edik krafði*. Í nýju útgáfunni er bent á að tvíkvætt orð með stuttu fyrra atkvæði sé ekki bragfræðilega heimilt á þessum stað og *edik* því leiðrétt í *edikið* (bls. 780). Útgefendur segja að orðið komi annars hvergi fyrir nema í prósa en það er ekki rétt – það er bæði að finna í *Gimsteini* (50.7)¹⁴ og í *Píslarvísu* (26.4). Í báðum

¹⁰ „defective kennings“, bls. 941.

¹¹ „revealing misunderstanding of the kenning system“, bls. 932.

¹² „It is also possible to observe that some poets' knowledge of the conventions of kenning formation (see below) was slipping“, bls. liv.

¹³ Jón Helgason 1936–1938, I.2:305.

¹⁴ Að vísu koma í *Gimsteini* fyrir vísuorð sem brjóta í bága við forna hljóðdvöl en þau eru í miklum minnihluta.

Þessum kvæðum er orðið í stöðu þar sem þess er að vænta að fyrra atkvæði tvíkvæðs orðs sé langt. Þetta bendir til að ekki sé rétt að bæta greini við orðið í Maríugráti. Ef til vill hefur orðið verið borið fram *édik* að fornu en ítarlegri rannsóknir þyrfti áður en nokkuð væri um það fullýrt.

Lokaorð

Hér hefur verið bent á nokkur atriði í nýju dróttkvæðaútgáfunni sem sá sem þetta skrifar hefði heldur kosið að væru öðruvísi. En enginn má skilja þessi skrif svo að í útgáfunni séu tómar ambögur eða að ritstjórum hennar séu sífellt mislagðar hendur. Þvert á móti er hér ærið margt sem fengur er að. Sérstaklega sýna útgefendur natni og elju við að tengja kristinn íslenskan kveðskap við helgirit í lausamáli og samtímabókmenntir í Evrópu. Margt fleira mætti hrósa þeim fyrir þótt hér hafi sjónum verið beint að veikari hliðum verksins. Það er ljóst að þrátt fyrir nokkrar missmíðar mun enginn sem fjallar um fornan kveðskap í framtíðinni geta gengið framhjá *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages*.

HEIMILDIR

- Clunies Ross, Margaret. 2007. *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages. Volume VII: Poetry on Christian Subjects*. Turnhout, Brepols.
- Skj = Finnur Jónsson. 1912–1915. *Den norsk-islandske Skjaldedigtning A I–II, B I–II*. København.
- Finnur Jónsson. 1924. *Den oldnorske og oldislandske litteraturs historie III*. København.
- Ordbog til rímur* = Finnur Jónsson. 1926–1928. *Ordbog til de af Samfund til udg. af gml. nord. litteratur udgivne rímur samt til de af Dr. O. Fjiriczek udgivne Bósarimur*. København.
- Finnur Jónsson. 1931. *Lexicon poeticum antiquæ linguae septentrionalis: ordbog over det norsk-islandske skjaldesprog*. København.
- Hreinn Benediktsson. 1979. Relational Sound Change: ‘vá’ > ‘vo’ in Icelandic. *Linguistics Method. Essays in Honor of Herbert Penzl*. The Hague.
- Jakob Benediktsson. 1960. Um tvenns konar framburð á ld í íslenzku, *Íslenzk tunga* 2:32–50.
- Jón Helgason. 1936–1938. *Íslenzk miðaldakvæði. Íslenske digte fra senmiddelalderen I.2–II*. København.

- Maverick, George V. 1968. Alliteration and Consonant Phonology in Icelandic. *Scandinavian Studies* 40:319–325.
- Ragnar Ingi Aðalsteinsson. 2005. Ljóðstafurinn s í íslenskum kveðskap. *Són* 3:59–86.
- Stefán Karlsson. 1963. *Íslandske originaldiplomer indtil 1450*. Editiones Arnarnagnæanæ A, 7. København.
- Þorsteinn G. Indriðason. 1990. Að stuðla við sníkjuhljóð. *Mímir* 29:8–20.

Leiðréttingar við 6. hefti Sónar

Í 6. hefti Sónar, bls. 58 hefur fallið niður orðið „ekki“ í upphafslínu annarrar vísu Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum. Rétt er línan:

Hvað tók ég það að mér! Nei, alls ekki það!

Þá er sú prentvilla á bls. 65 að í annarri línu að ofan stendur „afhæfi“, á að vera „athæfi“.

Á blaðsíðu 77, í 6. línu að neðan stendur „stjórnaði kórum“, á að vera „stjórnaði kórnum“.

Tvær meinlegar villur hafa skotist inn í þriðju línu fyrsta erindis í sonnettunni „Jakob Hallgrímsson“ á blaðsíðu 126. Þar stendur:

Þú hafðir djarfur mig til dáð stutt.

Rétt er línan og erindið í heild:

Nú ertu horfinn, hjartavinur kæri,
hinsta kveðja þín er veröld flutt.
Þú hafðir mig til dáða djarfur stutt
og drengilega sem ég barn þitt væri.

Beðist er velvirðingar á villum þessum.

Helga Birgisdóttir

Ljóð sem bíta, öskra,
strjúka og hvísla

Ljóðaútgáfa ársins 2007

Sæll Grein Hauks
Þorgeirssonar heitir

Skaldic Poetry of
the Scandinavian Middle
Ages - ritdómur

Hannes Pétursson

Eftir hildarleikinn

Fáein ljóð úr þýzku, snúin á íslenzku

GOTTFRIED BENN

(1886-1956)

Skuggi á steinvegg

Skuggi á steinvegg
af greinum sem golan bærir um hádag,
það er nægjanleg jörð,
og að því leyti sem að auganu snýr
nægjanleg hluttaka
í himinleiknum.

Hve langt hyggstu þá halda? Meinaðu
nýjum áhrifum nú
hina aðgangsfreku fastmótun -

liggja þögull,
líta sín eigin akurlönd,
óðalseignina gjörvalla,
virða fyrir sér lengi
valmúann framar öðru,
hinn ógleymanlega,
því hann kom með sumarið sjálft -

hvert er hann horfinn - ?

Eftir hildarleikinn

Fáein ljóð úr þýzku

Hannes Pétursson sneri á íslensku

GOTTFRIED BENN

(1886-1956)

Skuggi á steinvegg

Skuggi á steinvegg
af greinum sem golan bærir um hádag,
það er nægjanleg jörð,
og að því leyti sem að auganu snýr
nægjanleg hluttaka
í himinleiknum.

Hve langt hyggstu þá halda? Meinaðu
nýjum áhrifum nú
hina aðgangsfreku fastmótun -

liggja þögull,
líta sín eigin akurlönd,
óðalseignina gjörvalla,
virða fyrir sér lengi
valmúann frammar öðru,
hinn ógleymanlega,
því hann kom með sumarið sjálf -

hvert er hann horfinn - ?

Hannes Pétursson sneri á íslensku

Eftir hildarleikinn

Fáein ljóð úr þýzku

GOTTFRIED BENN

(1886-1956)

Skuggi á steinvegg

Skuggi á steinvegg
af greinum sem golan bærir um hádag,
það er nægjanleg jörð,
og að því leyti sem að auganu snýr
nægjanleg hluttaka
í himinleiknum.

Hve langt hyggstu þá halda? Meinaðu
nýjum áhrifum nú
hina aðgangsfreku fastmótun -

liggja þögull,
líta sín eigin akurlönd,
óðalseignina gjörvalla,
virða fyrir sér lengi
valmúann framar öðru,
hinn ógleymanlega,
því hann kom með sumarið sjálft -

hvert er hann horfinn - ?

Hannes Pétursson

Eftir hildarleikinn

Fáeinum ljóðum úr þýzku, snúið á íslenzku

GOTTFRIED BENN

(1886-1956)

Skuggi á steinvegg

Skuggi á steinvegg
af greinum sem golan bærir um hádag,
það er nægjanleg jörð,
og að því leyti sem að auganu snýr
nægjanleg hluttaka
í himinleiknum.

Hve langt hyggstu þá halda? Meinaðu
nýjum áhrifum nú
hina aðgangsfreku fastmótun -

liggja þögull,
líta sín eigin akurlönd,
óðalseignina gjörvalla,
virða fyrir sér lengi
valmúann frammar öðru,
hinn ógleymanlega,
því hann kom með sumarið sjálft -

hvert er hann horfinn - ?